



# HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2014





**Formaður:**  
Guðrúnur Aadnegard  
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001 - 2010. Sat í varastjórn frá 2000-2001.



**Gjaldkeri:**  
Guðmundur Jónsson  
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012 - 2014.



**Ritari:**  
Bergur Guðmundsson  
Ritari frá 2010. Var meðstjórnandi frá 2007 - 2010. Sat í varastjórn frá 2004 - 2007.



**Varaformaður:**  
Örn Guðnason  
Varaformaður frá 2012.



**Meðstjórnandi:**  
Fanney Ólafsdóttir  
Meðstjórnandi frá 2010. Sat í varastjórn frá 2006 - 2010.



**Varamaður:**  
Anný Ingimarsdóttir  
Varamaður frá 2011.



**Varamaður:**  
Gestur Einarsson  
Varamaður frá 2014.



**Varamaður:**  
Jóhannes Ó. Kjartansson  
Varamaður frá 2014.



**Framkvæmdastjóri:**  
Engilbert Olgeirsson  
Framkvæmdastjóri frá 1991.

## Ársskýrsla 2014

**Umsjón með útgáfu:** Engilbert Olgeirsson. **Prófarkalestur:** Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Guðrúnur Aadnegard, Jóhannes Sigmundsson, Lísa Thomsen, Þorgeir Vigfússon og Örn Guðnason.

**Ljósmyndir:** Engilbert Olgeirsson og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK. **Hönnun og umbrot:** Guðmundur Karl Sigurdósson. **Prentun og fjölföldun:** Prentmet Suðurlandi.

**Upplag:** 250 eintök. **Forsíðumyndir:** Frá Unglingalandsmóti UMFÍ á Saudárkróki, þar sem HSK vann fyrirmyndarbikarinn.



Frá fundi stjórnar HSK með aðildarfélögum sem starfa í Rangárbíngi ytra.

## Efnisyfirlit

### Skýrsla stjórnar:

3. Ávarp formanns HSK
6. Ársreikningur
10. Verkefnasjóðsreikningur
10. Framlög úr héraði
11. Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2012
12. Kjör íþróttamanns HSK Greinargerðir um íþróttamenn einstakra íþróttageina
14. Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi  
Ársskýrsla HSK kemur út árlega  
Annað kynningarstarf
15. Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2014  
Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminna  
HSK fréttir í Sunnlenska í 15 ár  
Heimasíða HSK, www.hsk.is

### Fundur og þing:

16. 92. héraðsþing HSK
18. Stjórnarfundir HSK  
Fundað með forystu aðilar félaga  
Fundur stjórnar HSK með forystu UMFÍ  
Fundur með starfsfólki UMFÍ  
Stefnumótunarfundur um framtíð landsmóta UMFÍ  
Kynningarfundur um MOVE WEEK  
Sambandsráðsfundur UMFÍ
19. Vorfundur Ungmennafélags Íslands
20. Heimsókn forystu ÍSÍ  
Málþing um fjármál hreyfingarinnar  
Formannafundur ÍSÍ  
Þing sérsambanda

### Samstarfsverkefni:

21. Félagsmiðstöðin Sel Leikjanámskeið HSK  
HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir
22. Skila þarf Felixskýrslunni árlega  
Getraunir - tekjulind og efling félagsstarfs  
Lottótækjur jukust um 16% milli ára
23. Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska  
Gönguverkefni HSK 2014

23. Nítján vinnustaðir á sambandssvæðinu tóku þátt í „Hjólað í vinnuna“  
FSu í 3. sæti í „Hjólað í skólann“
24. Heildarstigatafla HSK

### Ýmsar upplýsingar:

25. Lög HSK
26. Aðildarfélög og formenn félaga
27. Gull- og silfurmerki HSK  
lökendur félaga 12.650 í 24 greinum
28. Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunanúmer félaga
29. Íþróttaiðkendur félaga
30. Íþróttamaður HSK frá upphafi
31. Matmenn HSK
32. Sleifarhafar HSK
32. Fréttapunktur frá ÍSÍ
34. Fréttapunktur frá UMFÍ
36. Styrkir úr íþróttasjóði  
Ferðasjóður íþróttafélaga  
Tvö ný félög sækja um aðild að HSK
37. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

### Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

38. Kjörnefnd HSK  
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK  
Unglingalandsmótsnefnd HSK

### Skýrslur nefnda og ráða:

41. Almenningsíþróttanefnd  
Badmintonnefnd  
Blaknefnd
42. Borðtennisnefnd
43. Bríddsnefnd  
Fimleikanefnd  
Frjálsíþróttaráð
46. Glímuráð
50. Golfnefnd  
Handknattleiksnefnd  
Hestaiþróttanefnd  
Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK
51. Íþróttanefnd fatlaðra
52. Knattspyrnufélag  
Körfuknattleiksnefnd  
Skáknefnd
53. Starfsíþróttanefnd  
Sundnefnd
54. Sögu- og minjanefnd

### Skýrslur aðildarfélaga:

55. Akstursíþróttafélag Hreppakappa  
Golfklúbbur Ásatúns  
Golfklúbburinn Flúðir
56. Golfklúbburinn Geysir  
Golfklúbbur Hellu
57. Golfklúbbur Hveragerðis
58. Golfklúbbur Kjögabergs
59. Golfklúbbur Selfoss
60. Golfklúbburinn Tuddi  
Golfklúbburinn Úthlíð
61. Golfklúbbur Þorlákshafnar  
Golfklúbburinn Þverá
62. Golfklúbbur Öndverðarness  
Hestamannafélagið Geysir  
Hestamannafélagið Logi
63. Hestamannafélagið Sleipnir  
Hestamannafélagið Smári
64. Hestamannafélagið Trausti  
Íþróttafélagið Dímon
65. Íþróttafélagið Garpur  
Íþróttafélagið Gnýr
66. Íþróttafélagið Hamar
67. Íþróttafélagið Milán HSK
68. Íþróttafélagið Mímir  
Íþróttafélagið Suðri
69. Knattspyrnufélag Árborgar  
Knattspyrnufélag Rangæinga
70. Knattspyrnufélagið Ægir
71. Lyftingafélagið Hengill  
Skotfélagið Skyttur  
Torfærklúbbur Suðurlands
72. UBH  
Umf. Baldur  
Umf. Biskupstungna
73. Umf. Dagsbrún  
Umf. Eyfellingur  
Umf. Eyrarbakka  
Umf. Framtíðin
74. Umf. Gnúpverja
75. Umf. Hekla
76. Umf. Hrunamanna  
Umf. Hvöt  
Umf. Ingólfur
77. Umf. Laugdæla
78. Umf. Merkiðvöllur  
Umf. Samhyggja  
Umf. Selfoss
80. Umf. Skeiðamanna  
Umf. Stokkseyrar
81. Umf. Trausti  
Umf. Vaka  
Umf. Þór
82. Umf. Þórsörk
83. Myndir úr starfinu



## Skýrsla stjórnar: Ávarp formanns HSK

Enn eitt starfsamt ár er að baki hjá okkur í HSK og tímabært að líta til baka og rifja upp helstu þætti úr starfsemi. Á síðasta héraðsþingi vorum við full bjartsýni enda spennandi verkefni fram undan hjá félögum innan HSK. Á liðnu ári voru félögin með mörg járn í eldinum og hver stórvíðburðurinn tók við af öðrum. Ekki ætla ég að nefna öll þessi verkefni hér, þau eru tíuðud í ársskýrslunni sem hér liggur frammi.

Eins og áður unnust mörg afrek á árinu og íþróttafólkið blómstraði í leik og starfi.

### Af hverju héraðsþing?

Íþróttaiðkun er hluti af menningu okkar og stór þáttur í lífi flestra fjölskyldna, barna og unglunga. Til að halda úti kröftugu starfi íþróttafélaganna þarf hugsjón sem lítur að því að láta gott af sér leiða, samfélaginu til heilla.

Þegar héraðsþing eru haldin er það til að rifja upp hvað gerst hefur frá síðasta þingi, ræða það, koma með athugasemdir um hvað betur hefði mátt fara og leggja svo fram tillögur um framtíðina. Með þær tillögur í farteskinu fer svo nýkjörin stjórn ásamt nefndarmönnum HSK að vinna úr, á komandi kjörtímabili. Afar brýnt er að þingfulltrúar taki virkan þátt í þingunum og leggi sitt af mörkum til þess að efla enn frekar kröftugt starf íþróttahreyfingarinnar á Suðurlandi. Öflugt grasrótarstarf er lykill að farsælu starfi. En það getur líka verið gott að leiða hugann að því hvað aðrir hafa sett fram í stefnumörkun varðandi íþróttamál. Við getum á héraðsþingum velt því fyrir okkur, hvernig þeir aðilar sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfinu hafi staðið sig.

Margir hafa haft á orði að sérhvert starf sé háð vananum, sé fyrirjábanlegt og bjóði ekki uppá nýmæli. Þannig á það ekki að vera, heldur á fjölbreytileikinn að vera í fyrirrúmi og við eigum að vera að fást við ný og spennandi verkefni á hverjum degi. Á þingum fræðumst við, eigum samræður og skiptumst á skoðunum, íþrótt- og æskulýðsstarfi til heilla.

Við, sem skipum forystusveit íþrótt- og æskulýðsmála, höfum væntanlega öll skoðanir á því hvernig hlutirnir eigi að ganga fyrir sig og er það vel. En til að hafa áhrif er ekki nóg að hafa skoðun. Við þurfum að koma skoðunum okkar á framfæri og vinna þeim brautargengi, teljum við þær til þess fallnar að bæta það sem fyrir er. Við getum velt fyrir okkur og haft skoðun á því til hvers við ætlumst af íþróttafélögum okkar og einnig því hvort markmið félaganna séu í takt við þarfir og þá ekki síður óskir foreldra og iðkenda.

Við eigum að grípa tækifærin á héraðsþingum, þetta raðirnar og taka höndum saman til að efla enn frekar starfsemi á sambands-svæðinu. Við þurfum að ná eyrum sveitarstjórnarmanna og stjórnvalda og fá þau til þess að tryggja þessum mikilvægum samfélagsþáttum nægjanlegt fjármagn til þess að hér blómstri sem aldrei fyrr öflugt menningar- og íþróttastarf. Höfum hugfast, að lykillinn að því að ná árangri, er samstaða.



Guðrún setur málþingið Sveitt að safna peningum.

### Markmið íþróttastarfs

Aðildarfélög HSK hafa rekið öflugt forvarnar- og fræðslustarf og lagt með því sitt á vogar-skálarnar til að skapa börnum þroskavænleg skilyrði. Með öflugu forvarnarstarfi er stuðlað að bættri velferð barna og ungmenna og auknum lífsgæðum þeirra. Standa þarf vörð um íþrótt- og félagsstarfið og meta samfélagslegt gildi þess, samhliða markaðslegum ávinningi.

Rannsóknir í dag sýna okkur, að sífellt fleiri vilja stunda hreyfingu í skipulögðu starfi íþróttahreyfingarinnar. Heilbrigð þjóð afkastar meiru og skilar meiri arðsemi. Íþróttaiðkun almennings fer sífellt vaxandi samhliða auknum þrýstingi á breytt lífsmynstur vegna velferðarvandamála þjóðarinnar. Margir iðkendur hafa ekki áhuga á keppnisíþróttum, engu að síður er mikilvægt að koma til móts við þarfir þeirra ekki síður en þeirra sem kjósa keppnisíþróttir. Þegar við leiðum hugann að almennri lýðheilsu og aukinni hreyfingu landans sjáum við að hún fer vel saman við markmið íþróttahreyfingarinnar. Aukin hreyfing á að vera á ábyrgð hvers og eins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti fram stefnumótun í íþróttamálum haustið 2011. Stefnan birtist m.a. í íþróttalögum, framlögum á fjárlögum til íþróttamála og áherslum mennta- og menningarmálaráðherra hverju sinni. Þar var þess getið að stefna í íþróttamálum væri sameiginleg stefnumótun þeirra aðila sem bera ábyrgð á málaflokknum þ.e. ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin. Hún byggðist á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf á Íslandi skuli skipulagt af frjálsum félags-samtökum og var vísað til Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga og deilda um land allt. Sérstök áhersla var lögð á að auka hreyfingu barna og unglunga á öllum skólastigum. Vitnað var til þess að fjölmargar rannsóknir hefðu sýnt fram á nauðsyn þess að

bæta og breyta lífsstíl fólks, í því sambandi gegndi skólakerfið leiðandi hlutverki sem áhrifavaldur á hreyfingu og þekkingu á gildi íþróttar. Horft var til framtíðar við mótun stefnunnar og tekið mið af því sem áunnist hefði á undanförunum árum. Sett voru fram skýr markmið og bent á leiðir til að framfylgja þeim. Stefnan átti að gilda frá 2010 – 2015 og þá skyldi hún endurmetin.

Ekki vantaði að markmið væru sett fram í stefnunni og stuðst var við lagaskyldur sem ríkið hefur samkvæmt íþrótt- og alþjóðalögum og samningum sem tengjast málefnum stofnana og frjálsra félagsamtaka sem fara með íþróttamál í landinu. Vinna átti að eftirfarandi markmiðum: Bæta umhverfi og skipulag íþróttastarfs og því skipaður verðugur sess í íslensku þjóðlífi. Efla átti almenningsíþróttir og auka þátttöku landsmanna í íþróttum og almennri hreyfingu. Efla átti íþróttaiðkun barna og unglunga í skóla og frjálsu félagsstarfi íþróttahreyfingarinnar. Ennfremur átti að efla keppnis- og afreksíþróttir. Flestir áttu að fá tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kusu, hvort heldur til ánægju, heilsuþótar eða með afreksárangur í huga. Rannsóknir og menntun á sviði íþróttafraeða átti að efla. Taka átti til hendinni og gera íslenskt íþróttalíf laust við lyfjamisnotkun. Jöfn tækifæri allra átti að hafa í huga við uppbyggingu íþróttastarfs, hvort sem um var að ræða æfingar eða keppnir. Til að fylgja stefnunni eftir voru sett markmið, undirmarkmið, leiðir og ábyrgðaraðilar með hverjum málaflokki fyrir sig. Einnig var lagt til að fylgst yrði með framvindu íþróttastefnunnar með úttektum, rannsóknum og tölfraeðilegum mælingum eftir því sem átti.

Ég velti því fyrir mér hvort við höfum sofið of værdarlega á verðinum miðað við það sem að ofan greinir. Auðvitað hefur margt áunnist eins og almenningsíþróttir og aukin þátttaka



landsmanna í íþróttum og almennri hreyfingu. Fjölmargar ráðstefnur varðandi íþróttamál hafa verið haldnar og fjölmargar greinar ritaðar um það hvert við stefnum í íþróttamálum þjóðarinnar. Þrátt fyrir að margt jákvætt hafi áunnist í þessum málaflökki tel ég að því miður hafi ekki náðst að fylgja stefnunni eftir á öllum sviðum. Töluverður niðurskurður hefur orðið varðandi íþróttir barna og ungmenna í skólum og hvað varðar eflingu keppnis- og afreksíþróttar eru uppi deilur. Afar mikilvægt er að ríki og sveitarfélög leggi áherslu á að stóraka hreyfingu í skólum og skapi aðstæður til þess gegnum námskrá. Tryggja verður fjármagn til að efla þennan þátt enn frekar. Mikilvægi þess að stunda hreyfingu daglega er óumdeilanlegt. Kannað hefur verið að hreyfistundir inni á milli almennra kennslustunda getur bætt einbeitingu og úthald nemenda. Sýnt hefur sig að nemendum með ýmsar sérþarfir eru þessar hreyfistundir sérstaklega mikilvægar. Það er helst núna á síðustu metrunum sem ríkisvaldið, að mínu mati, er að leggja fram fjármagn svo framfylgja megi umræddri stefnu betur. Ég minnst þess að þegar fulltrúi ríkisins kynnti á formannafundi ÍSÍ 2011, stefnumótunina, höfðu margir fundarmanna áhyggjur af því að það kæmi til með að skorta fjármagn til að framkvæma stefnuna, ég held að því miður hafi sú orðið raunin. Margir höfðu á orði að stefnan væri full af fögnum fyrirheitum, en lýstu jafnframt áhyggjum sínum af því hvernig framfylgja ætti henni svo viðunandi teldist.

Mörg sveitarfélög á Suðurlandi búa vel, hvað aðstöðu til íþróttaiðkunar varðar. Við mörg íþróttafélög hafa verið gerðir þjónustusamningar og fyrir það ber að þakka.

En höfum í huga að þrátt fyrir göfug markmið mennta- og menningarmálaráðamanna er það skýrt skv. lögum að sveitarfélögin eigi að sjá um uppbyggingu íþróttamannhreyfinga.

Við teljum okkur vita að holl hreyfing, þar með taldar íþróttir, stuðli að heilbrigðari þjóð, jafnt líkamlega sem andlega. Því er afar nauðsynlegt að skapa íbúum landsins alls skilyrði til líkamsræktar og styðja við þá aðila sem vinna að málefnum er tengjast henni.

Öllum ættu að vera ljósir samfélagslegir hagsmunir aukinnar hreyfingar. Aukin hreyfing felur í sér umtalsverða fjárhagslega forvörn gegn auknum útgjöldum heilbrigðiskerfis framtíðar. Í dag deila fáir um að almenn velliðan sé viðbótarlífsgæði sem þátttakendur uppskera.

Margir tengja hugtakið „forvarnir“ við óafturkræf útgjöld. Sem betur fer hafa hin síðari ár æ fleiri gert sér grein fyrir að forvarnir tengjast fremur skynsamlegri fjárfestingu til framtíðar en útgjöldum. Tilgangur forvarna er að takmarka afleiðingar vandamála sem annars yrðu samfélaginu mun kostnaðarsamari en forvörnin sjálf og þarf því ekki flókna hagfræði til að sjá arðsemi fjárfrelaga til forvarna. Rannsóknir sýna að þátttaka ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi er ein besta forvörnin sem til er.

Ég held að flestir sem koma að íþróttamálum á Íslandi geti tekið heilshugar undir orð Eiríks Stefáns Ásgeirssonar, formanns Samtaka íþróttafrelttamanna sem hann lét falla í hófi á kjöri á Íþróttamanni ársins í Gullhörmum í Reykjavík þann 3. janúar 2015. Í réðu sem hann flutti varð honum tíðrætt um stöðu afreksfólks í



Sunnlendingar á sambandsráðsfundi, Örn, Guðríður og Sabína landsfulltrúi UMFÍ.

íþróttum. Eiríkur gat þess að íslenska ríkið leggði fram nokkra tugi milljóna ár hvert í svokallaðan Afreksmannasjóð. Sá sjóður er hugsaður til þess að mæta þeim mikla kostnaði allra íslenskra afreksmanna í íþróttum. Þeir íþróttamenn sem fá úr sjóðnum fá aldrei eyri sjálfir heldur eingöngu endurgreiðslur fyrir útlögðum kostnaði við æfinga- og keppnisferðir. Af þessu leiðir að íslenskir afreksmenn þurfa að finna aðrar leiðir til að geta framfleytt sér og látið drauma sína ganga eftir, stefni þeir að því að koma sér í fremstu röð á heimsvísu. Eiríkur vitnaði einnig í orð Þráins Hafsteinsonar, yfirþjálfara frjálsíþróttadeildar ÍR. Þráinn telur að ef efnilegur íþróttamaður ætli að verða afreksmaður í öðru en fótbolta eða handbolta þurfi sá hinn sami jafnframt að taka ákvörðun um að vera launalaus og fjárhagslega háður foreldrum eða öðrum nákomnum meðan á afreksferlinum stendur. Af þeim sökum eru þessir einstaklingar illa staddir fjárhagslega að ferli loknum og væntanlega án þeirra réttinda sem aðrir telja sjálfsögð á hinum hefðbundna atvinnumarkaði.

Þó svo að hrúnið hafi komið illa við marga á Íslandi er sorglegt til þess að hugsa hvernig búið er að afreksfólki okkar. Þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu þeirra hefur ótrúlegum fjölda afreksmanna tekist að standa fremstir meðal jafningja á heimsvísu. Eiríkur bendir á að það sé mikill breytinga þörf í þessum efnum. Nú þurfi íslensk stjórnvöld að hugsa upp á nýtt aðkomu sína að afreksíþróttum og gera sér grein fyrir því að Ísland er mörgum áratugum á eftir nágrannaríkjum sínum og reyndar flestum vestrænum ríkjum varðandi afreksíþróttir. Ég held að við getum öll verið Eiríki sammála um að breytinga er þörf og löngu tímabærar.

#### Unglingalandsmót

Sem fyrr sendi HSK fjölmenna og vaska sveit ungmenna á 17. Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki. Eftir mótssetningu var haft á orði við mig að að ungmenni HSK hefðu borið af jafnt í klæðnaði sem háttsemi. Í mótslok fengu HSK félagar afhentan Fyrirmyndarbikarinn, en hann er veittur því héraðssambandi/félagi sem sýnir góða umgengni

á keppnisstöðum, tjaldsvæðum sem og öðrum svæðum mótsdagana. Við setningu móttanna er horft til háttvissi og þrúðrar framgöngu við inngöngu á setningu sem og framkomu m.a. í keppnum. Fyrirmyndarbikarinn var veittur HSK í fjórða sinn og eiga keppendur, fjölskyldur þeirra og unglíngalandsmótsnefnd HSK þakkir skildar fyrir sitt framlag á móttinu. Sem fyrr styrkti Arionbanki þátttakendur HSK með myndarlegum hætti og gengu allir HSK félagar inn á völlinn í bláum jökkum merktum sambandinu og Arionbanka. Fyrir þennan stuðning þökkum við. Sömuileiðis þökkum við Ungmennafélag Laugdæla fyrir lán á samkomutjaldi sem reist var á tjaldsvæðinu og kom í góðar þarfir. Mótið tókst vel, skipulag og framkvæmd til fyrirmyndar enda aðstaða til íþróttaiðkunar góð á Sauðárkróki. Keppendur frá HSK voru 110 og tóku þátt í flestum greinum mótsins en keppt var í 17 keppnisgreinum og hafa þær aldrei verið fleiri. Keppnislið HSK stóð sig frábærlega og var sambandinu og félögum sínum til sóma. Á móttinu var lögð áhersla á vináttu og var hún þema mótsins og margt í boði sem tengdist vináttu.

#### Landsmót UMFÍ 50 +

Mikilvægt er að íþróttir og íþróttaiðkun höfði til fjölbreytts hóps og sé snar þáttur í daglegu lífi og lífsháttum og þar með hluti af lífstíl íbúa. Umræða í þjóðfélaginu um hreyfingu almennt hefur á liðnum árum orðið æ háværari og vel til fundið að fólk sem komið er yfir fimmtugt sé gefinn kostur á að hittast og keppa. Líta má á Landsmót UMFÍ 50 + sem lið í að svara kallinu og hvetja til hreyfingar. Mótið var að þessu sinni haldið á Húsavík, í júní, og sem fyrr mætti öflugur hópur keppenda frá HSK sem stóð sig afar vel eins og við var að búast. Dagskrá mótsins endurspeglar flesta þætti og gildi sem íþróttir standa fyrir.

#### Fundur og þing

Eins og áður sóttu fulltrúar HSK hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum.



Fundarfólk í einum vinnuhópnum á stefnumótunarfundi um landsmót.

UMFÍ, í samstarfi við HSK, boðaði til vinnufundar og stefnumótunarvinnu vegna landsmóta UMFÍ. Fundurinn var haldinn í Selinu á Selfossi, 19. mars 2014. Á fundinum var óskað eftir álit og hugmyndum fundargesta um hvernig landsmót UMFÍ, landsmót 50+ og unglíngalandsmótin ættu að þróast og í hvaða farveg þau eigi að fara. Fjórlegar umræður sköpuðust og ýmsar góðar tillögur litu dagsins ljós.

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn í Grindavík í maí 2014. Formaður HSK sótti fundinn fyrir hönd HSK. Formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir fór í stuttu máli yfir þau fjölmörgu verkefni sem unnið er að innan hreyfingarinnar en þau eru í stöðugri þróun í takt við tíðarandann og þarfir samfélagsins. Gaman er að geta þess hér að samþykkt var tillaga er lítur að Vetrarlandsmóti UMFÍ. Stefnt er að því að halda fyrsta mótið á Ísafirði 5.–7. febrúar 2016, fyrir aldurshópin 10–14 ára.

Formaður HSK sótti fund UMFÍ 12. júní 2014 til að fylgja eftir umsóknum varðandi Landsmót UMFÍ 50+ árið 2016 og Unglíngalandsmót UMFÍ 2017. Þrjú sveitarfélög á okkar svæði höfðu samband við stjórn HSK og sýndu áhuga á því að fá til sín mót og koma að umsókn með HSK um að halda umrædd mót. Sveitarfélagið Ölfus óskaði eftir því að fá til sín bæði mótið, Sveitarfélagið Árborg vildi fá unglíngalandsmót og Hveragerðisbær vildi fá 50+ mótið. Stjórn HSK ákvað að senda inn samtals fjórar umsóknir til UMFÍ vegna mótanna tveggja. Því miður fengum við ekki umrædd mót á okkar sambandssvæði og er það miður þar sem þeir aðilar sem sóttu um státa allir af frábærri aðstöðu til mótahalds.

Héradssambandið Skarphéðinn hélt málþing um fjármál hreyfingarinnar 29. október síðastliðinn í Selinu á Selfossi undir yfirskriftinni „Sveitt að safna peningum“. Undanfarin ár hefur verið erfitt að afla fjármagns til að halda úti öflugum starfi og miðað við það er aðáunartvert að fylgjast með kröftugu starfi íþróttafélaga á svæðinu og þeim sem þar hafa verið fremstir í flokki og leitt starfið, þeim til mikils sóma. Mjög góð mæting var á málþingið sem þótti takast vel. Góðar og gagnlegar

umræður spunnust að loknum erindum um ýmis mál er lúta að fjármögnun og fjármálum innan hreyfingarinnar. Öllum fyrirlesurum færum við okkar bestu þakkir fyrir skemmtileg og gagnleg erindi.

Við fengum góða gesti í heimsókn 22. október 2014. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Örvor Ólafsson verkefnastjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ heimsóttu Héradssambandið Skarphéðinn. Heimsóknin hófst í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar. Eftir ítarlega skoðun á glæsilegum íþróttamannvirkjum, golfvelli og svæði hestamanna í Þorlákshöfn var haldið til Hveragerðis og íþróttamannvirki þar skoðuð. Eftir mannvirkjaskoðun á Selfossi var fundað með fulltrúum úr stjórn og varastjórn HSK og fulltrúum frá Umf. Selfoss, þar sem ýmis hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar voru rædd og skipt á skoðunum og hugmyndum.

Formaður HSK sótti árlegan formannafund ÍSÍ í nóvember 2014 sem haldinn var í íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal. Formannafundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sérsambanda, héradssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi hreyfingarinnar og verkefni á milli þinga. Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála ÍSÍ. Í upphafi fundar minntust fundargestir látinna félaga úr íþróttahreyfingunni. ÍSÍ bauð fundargestum síðan til kvöldverðar í Café Easy að loknum fundi. Á undan formannafundinum var haldinn opinn hádegisfundur þar sem Kjartan Freyr Ásmundsson kynnti niðurstöður úr meistararitgerð sinni, Skipulag íþróttamála - Getur íþróttahreyfingin gert betur? Fyrir hönd HSK sátu þann fund formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri sambandsins. Haldinn var fundur íþróttahéraða í tengslum við formannafundinn þar sem fjallað var um þau mál sem brenna á forystufólki íþróttahreyfingarinnar. Kynntur var vefur Smáþjóðaleikanna sem haldnir verða á Íslandi 1. til 6. júní 2015. Smáþjóðaleikarnir eru stærsta verkefni sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur tekið að sér. Reikna má með að um

2500 manns komi að leikum með einum eða öðrum hætti og því afar brýnt að fá til starfa sjálfbóðaliða og aðstoða þannig íþróttafólkið okkar til þess að ná markmiðum sínum. Enn á ný er gott að hafa í huga að meginmarkmið sjálfbóðaliðastarfs er að leggja sitt af mörkum og fá með því tækifæri til vaxtar og reynslu sem nýtist í viðfangsefnum daglegs lífs.

Formaður og framkvæmdarstjóri HSK þáðu boð Samtaka íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands í tengslum við kjör Íþróttamanns ársins 2014. Hófið fór fram í Gullhörmum, Grafarvogi, Reykjavík, laugardaginn 3. janúar 2015.

### Ýmis verkefni

Á liðnu starfsári hefur HSK tekið þátt í fjölmörgum verkefnum ÍSÍ og UMFÍ og ber þar helst að telja: Fjölskyldan á fjallið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Hreyfivikan Mowe veek, Forvarnardagurinn, Flott án fíknar, Hættu að hanga, Komdu að hjóla, synda eða ganga og Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var á Selfossi dagana 14. – 18. júlí. Enn á ný var metfjöldi ungmenna í skólanum og komu þátttakendur af Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. 30. Íþróttahátíð HSK fór fram í Þorlákshöfn 14. júní 2014. Keppt var í frjálsum íþróttum 14 ára og yngri og einnig kepptu börn tíu ára og yngri í héraðsleikum.

Bryddað var upp á þeirri nýjung að halda fundi viðsvegar um sambandssvæðið á þessu starfsári og voru þeir hugsaðir sem samráðs- og upplýsingafundir félaganna og stjórnar HSK. Fyrsti fundur var haldinn á Hellu og síðar var fundað á Laugarvatni. Í upphafi fundanna kynnti forysta HSK helstu verkefni sambandsins og fulltrúar félaganna kynntu helstu verkefni sem unnið er að á þeirra svæðum. Ýmis mál voru rædd á og voru allir sammála um að fundir sem þessir væru gagnlegir og upplýsandi.

### Lokaorð

Á Suðurlandi er rekið metnaðarfullt íþrótt- og æskulýðsstarf. Hér hefur ríkt metnaður á sviði íþróttar og uppbyggingu íþróttamannvirka og árangur ekki látið á sér standa. Við getum öll verið sammála um að heilbrigð og hæfileikarík æska er ein mesta auðind sem byggðarlög geta eignast, í þeim eiginleikum felast vegvisar til nýrra sigra, fyrirheit um heill og farsæld inn í framtíðina.

Áfram getum við litið björtum augum til framtíðarinnar en verum minnug þess að við megum hvergi slaka á til að tapa ekki þeim stöðugleika sem héradssambandið býr við. Höfum í huga að það er ekki aðeins stjórnin sem kemur að starfinu. Með okkur starfa frábærir liðsmenn af mikilli trúmennsku og með mikla reynslu og þekkingu. Við höfum einnig með okkur í liði öflugan styrktaraðila sem hafa stutt starf HSK með margvislegum hætti og veitt ómetanlega aðstoð. Stjórn, framkvæmdarstjóra og öllu því góða fólki sem setið hefur í hinum fjölmörgum nefndum færi ég minar bestu þakkir, sem og keppendum/iðkendum og fjölskyldum þeirra, ykkar er heiðurinn að farsælu starfi HSK.


**Guðríður Aadnegard, formaður HSK**




# Ársreikningur HSK 2014

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2014. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2014 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2014. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2014 með undirskrift sinni.

Selfossi, 24. febrúar 2015,

  
Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK

  
Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðar, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2014. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 24. febrúar 2015,

  
Ásta Laufey Sigurðardóttir

  
Brynja Hjálmtýsdóttir

## Rekstrarreikningur HSK 2014

	Skýr.	Rauntölur 2014	Áætlun 2014	Rauntölur 2013
<b>REKSTRARTEKJUR</b>				
Framlög og styrkir	1	27.102.565	21.650.000	23.490.555
Tekjur af mótum	2	355.150	410.000	16.850.269
Auglýsingatekjur	3	450.000	450.000	450.000
Aðrar tekjur	4	5.083.574	4.870.000	7.172.045
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>32.991.289</b>	<b>27.380.000</b>	<b>47.962.869</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>				
Laun og verktakagreiðslur	5	8.195.836	8.125.500	7.929.546
Fundir og þing	6	450.614	600.000	703.704
Áhöld og tæki	7	0	100.000	293.126
Þátttaka í mótum	8	0	0	1.907
Kostnaður v/mótahalds	9	349.388	450.000	15.693.232
Rekstur mannvirkja	10	400.000	400.000	550.000
Rekstur skrifstofu	11	983.379	800.000	760.260
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	1.339.641	1.050.000	1.097.481
Önnur gjöld	13	20.028.297	15.782.500	20.698.012
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>31.747.155</b>	<b>27.308.000</b>	<b>47.727.268</b>
<b>Hagnaður án fjármagnsliða</b>		<b>1.244.134</b>	<b>72.000</b>	<b>235.601</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</b>				
Vaxtatekjur		591.312	400.000	404.951
Vaxtagjöld		0	0	-3.246
Þjónustugjöld		-74.072	-92.000	-127.324
Fjármagnstekjuskattur		-118.256	-80.000	-76.889
<b>Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls</b>		<b>398.984</b>	<b>228.000</b>	<b>197.492</b>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<b>1.643.118</b>	<b>300.000</b>	<b>433.093</b>



## Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>EIGNIR</b>			
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir		5.892.773	5.795.356
<b>Fastafjármunir alls</b>		<b>5.892.773</b>	<b>5.795.356</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
Viðskiptakröfur		241.700	598.620
Handbært fé		11.927.886	9.577.848
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>12.169.586</b>	<b>10.176.468</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>18.062.359</b>	<b>15.971.824</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Óráðstafað eigið fé		16.069.241	15.538.731
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<b>1.643.118</b>	<b>433.093</b>
<b>Eigið fé alls</b>		<b>17.712.359</b>	<b>15.971.824</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>		<b>0</b>	<b>0</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Viðskiptaskuldir		350.000	0
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>350.000</b>	<b>0</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>18.062.359</b>	<b>15.971.824</b>



## Skýringar á ársreikningi HSK

	Rauntölur	Áætlun	Rauntölur
	2014	2014	2013
<b>1. Framlög og styrkir</b>			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.834.187	1.500.000	1.594.293
Lottó	23.017.220	18.000.000	19.830.402
Getraunir	681.148	650.000	639.100
Framlag frá sveitarfélögum	1.570.010	1.500.000	1.426.760
<b>Framlög og styrkir alls</b>	<b>27.102.565</b>	<b>21.650.000</b>	<b>23.490.555</b>
<b>2. Tekjur af mótum</b>			
Þátttökugjöld	355.150	410.000	405.869
Landsmótshald			16.444.400
<b>Tekjur af mótum alls</b>	<b>355.150</b>	<b>410.000</b>	<b>16.850.269</b>
<b>3. Auglýsingatekjur</b>			
Útgáfa	110.000	110.000	110.000
Heimasíða	80.000	80.000	80.000
Aðrar auglýsingatekjur	260.000	260.000	260.000
<b>Auglýsingatekjur alls</b>	<b>450.000</b>	<b>450.000</b>	<b>450.000</b>
<b>4. Aðrar tekjur</b>			
Skattar aðildarféлага	3.377.613	3.050.000	3.055.678
HSK þing	320.000	320.000	317.500
Leikjanámskeið	330.000	450.000	420.000
Leigutekjur v/skrifstofu	200.000	200.000	200.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	512.145	700.000	673.900
Tekjur v/Landsmóts			2.238.600
Bóksala			8.500
Aðrar tekjur	343.816	150.000	257.867
<b>Aðrar tekjur alls</b>	<b>5.083.574</b>	<b>4.870.000</b>	<b>7.172.045</b>
<b>5. Laun og verktakagreiðslur</b>			
Laun starfsmanna	5.314.455	5.275.000	5.184.878
Tryggingagjald	541.596	532.500	530.220
Lífeyrissjóður	533.697	543.000	517.087
<b>Laun alls</b>	<b>6.389.748</b>	<b>6.350.500</b>	<b>6.232.185</b>
<b>Bifreiða- og aðrir styrkir</b>			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.417.288	1.400.000	1.309.561
Dagpeningar	388.800	375.000	387.800
<b>Bifreiða- og aðrir styrkir alls</b>	<b>1.806.088</b>	<b>1.775.000</b>	<b>1.697.361</b>
<b>Laun og verktakagreiðslur alls</b>	<b>8.195.836</b>	<b>8.125.500</b>	<b>7.929.546</b>
<b>6. Fundir og þing</b>			
Stjórnarfundir	230.991	70.000	95.374
Þing ÍSÍ			10.870
Þing UMFÍ			213.329
Vorfundur UMFÍ		50.000	27.705
Þing HSK	144.085	340.000	330.210
Nefndafundir HSK	75.538	40.000	26.216
Sambandsráðsfundur UMFÍ		100.000	
<b>Fundir og þing alls</b>	<b>450.614</b>	<b>600.000</b>	<b>703.704</b>





	Rauntölur 2014	Áætlun 2014	Rauntölur 2013
<b>7. Áhöld og tæki</b>			
Skrifstofuáhöld	0	100.000	278.195
Önnur áhöld	0		14.931
<b>Áhöld og tæki alls</b>	<b>0</b>	<b>100.000</b>	<b>293.126</b>
<b>8. Þátttaka í mótum</b>			
Sjúkrakostnaður	0	0	1.907
<b>Þátttaka í mótum alls</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1907</b>
<b>9. Kostnaður v/mótahalds</b>			
Verðlaunapeningar	287.245	300.000	300.470
Húsa- eða vallarleiga	7.200	50.000	137.635
Annar kostnaður vegna mótahalds	54.943	100.000	89.435
Landsmótshald			10.050.842
Landsmótshald, hlutdeild félaga			4.475.494
Landsmótshald, hlutdeild verkefnasjóðs			639.356
Framkvæmd Landsmóts alls			15.165.692
<b>Kostnaður v/mótahalds alls</b>	<b>349.388</b>	<b>450.000</b>	<b>15.693.232</b>
<b>10. Rekstur mannvirkja</b>			
Selið	400.000	400.000	550.000
<b>Rekstur mannvirkja alls</b>	<b>400.000</b>	<b>400.000</b>	<b>550.000</b>
<b>11. Rekstur skrifstofu</b>			
Sími	340.223	350.000	354.134
Ritföng	160.720	75.000	50.879
Prentun	41.245	100.000	113.814
Póstkostnaður	10.545	15.000	14.725
Kaffikostnaður og risna	16.193	10.000	4.707
Tölvukostnaður	216.883	100.000	79.616
Annar skrifstofukostnaður	197.570	150.000	142.385
<b>Rekstur skrifstofu alls</b>	<b>983.379</b>	<b>800.000</b>	<b>760.260</b>
<b>12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla</b>			
Útgáfa ársskýrslu	443.163	450.000	434.398
Málþing	90.114		
Heimasíða	94.204	150.000	188.078
Heimildarmynd um landsmót	350.000		
Leikjanámskeið	362.160	450.000	475.005
<b>Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls</b>	<b>1.339.641</b>	<b>1.050.000</b>	<b>1.097.481</b>
<b>13. Önnur gjöld</b>			
Lottógreiðslur til félaga	16.455.742	12.960.000	14.193.116
Unglingalandsmótsþátttaka	847.857	700.000	737.990
Landsmótsþátttaka			3.253.857
Þátttaka á landsmóti 50+	102.245		
Verkefnasjóður HSK	2.315.733	1.752.500	1.990.405
Umhverfissjóður UMFÍ	76.450	70.000	68.365
Ýmis kostnaður	230.270	300.000	454.279
<b>Önnur gjöld alls</b>	<b>20.028.297</b>	<b>15.782.500</b>	<b>20.698.012</b>



## Verkefnasjóður HSK

### Rekstrarreikningur 2014

#### Tekjur:

Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	2.195.084	1.905.636
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	120.649	84.769
Hlutdeild í hagnaði Landsmóts	kr.		639.356
Vaxtatekjur	kr.	73.634	59.109
Ósóttir styrkir frá 2013	kr.	7.500	82.500

#### Tekjur alls:

**2.396.867**      **2.771.370**

#### Gjöld:

Styrkir 2014, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	2.162.500	2.250.000
Fjármagnstekjuskattur	kr.	14.726	11.821
Bankakostnaður	kr.		
Rafrænt umsóknareyðublað á www.hsk.is	kr.		97.262

#### Gjöld alls:

**2.177.226**      **2.359.083**

#### Rekstarhagnaður ársins

**219.641**      **412.287**

### Efnahagsreikningur 31. desember 2014

#### Eignir

Í sjóði 31.12.2014	kr.	3.484.810	3.167.669
--------------------	-----	-----------	-----------

#### Eignir alls:

**3.484.810**      **3.167.669**

#### Skuldir og eigið fé :

Eigið fé frá fyrra ári	kr.	2.717.669	2.305.382
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	219.641	412.287
Ógreiddir styrkir á árinu	kr.	547.500	450.000

#### Skuldir og eigið fé alls:

**3.484.810**      **3.167.669**

## Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2014

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árneseinga	15.427*	4.165.290 (270 kr. á íbúa)	1.064.000	68,97 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.708	461.160 (270 kr. á íbúa)	153.900	90,11 kr.
Rangárþing ytra	1.553	419.310 (270 kr. á íbúa)	150.000	96,59 kr.
Ásahreppur	193	52.110 (270 kr. á íbúa)	52.110	270,00 kr.
Rangárþing ytra**	1.553		150.000	96,59 kr.

\*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2014.

\*\* Rangárþing ytra greiddi framlag ársins 2015 fyrir áramót og er því tekjufært 2014.

**Greiðsla alls úr héraði 2014: 1.570.010**



## Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2014

Alls bárust 53 umsóknir til sjóðsins í ár. Sjóðsstjórn ákvað að hækka viðmiðunartölur talsvert frá því sem verið hefur undanfarin ár. Nú var opnað á að veita afreksstyrki úr sjóðnum og þá var ákveðið að veita styrki til útbreiðslustarfs. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandsvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

### Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	20.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis (engin umsókn að þessu sinni)	15.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands	10.000 kr. á einstakling að hámarki
Keppnisferðir erlendis	2.500 kr. á einstakling að hámarki
Nýjungar í starfi/sérstök verkefni	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Útbreiðsluverkefni	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50 % af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki:	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afreksfólk	50.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

### Verkefni sem hljóta ekki styrki úr sjóðnum eru:

Val í úrvalshópa og úrtökumót, búningakaup, áhaldakaup og búnaðar vegna íþróttaiðkunar, keppnishald og þátttaka í mótum innanlands, laun starfsmanna, kostnaður vegna þjálfunar, s.s vegna samstarfsverkefna og styrktar- og/eða afreksþjálfunar, æfingaferðir innanlands, almennur rekstrarkostnaður, skógræktarverkefni. Sjóðsstjórn ákvað að veita ekki styrki til sömu verkefna og hafa áður fengið styrk úr sjóðnum. Þá eru ekki veittir styrkir til mannvirkjagerðar, sbr. reglugerð.

Félag/deild/ráð/nefnd	Heiti verkefnis	Úthlutun
Aðalstjórn Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna 2014	40.000
Aðalstjórn Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna 2015	40.000
Aðalstjórn Umf. Selfoss	Varðveisla sögulegra heimilda	40.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið ÍSÍ 3. stig	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaramenntun FSÍ námskeið 1A	70.000
Fimleikadeild Selfoss	Þátttaka iðkenda á Evrópumótinu í hóp fimleikum	120.000
Fimleikadeild Selfoss	Þátttaka iðkenda í æfinga- og keppnisferð á vegum landsliða	20.000
Frjálsíþróttadeild Selfoss	Fjóra Signý Hannesdóttir frjálsíþróttakona	50.000
Frjálsíþróttadeild Selfoss	Keppnisferð á heimsleika barna- og unglunga í Gautaborg	45.000
Frjálsíþróttadeild Selfoss	Þátttaka á námskeiðum	20.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Partille Cup 2014	75.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	4.fl.ka á Partille-cup	80.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Fyllum pallana	40.000
Íþr.f. Hamar, blakdeild	Landsliðsverkefni	22.500
ÍF Milan	Nýstofnun Íþróttafélagsins Milan	40.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni	80.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Keppnisferðir erlendis	22.500
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni	200.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Menntun dómara í knattspyrnu	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Kynningarverkefni knattspyrnudeildar	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Sameinumst Sunnlendingar	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Keppnisferð meistaraflokks og 2. flokks kvenna	87.500
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Menntun þjálfara	130.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Keppnisferð til Svíþjóðar	42.500
knattspyrnufélag Rangæinga	Þjálfaranámskeið fyrir þjálfara KFR	70.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Verkefni um afreksþjálfun yngri flokka	40.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Auka menntun þjálfara Ægis 2014-2015	60.000
Mótokrossdeild Umf. Selfoss	Kynning á mótokross	40.000
Selfoss/Ægir	Keppnisferð 3. fl. karla til Svíþjóðar	77.500
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni	80.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Keppnisferðir erlendis	17.500
Umf. Hekla	Heimasíða	40.000
Umf. Hekla	Landsliðskona í fimleikum	20.000
Umf. Hekla	Þjálfaranámskeið í blaki	10.000
Umf. Hekla	Efling frjálsra íþróttá á Hellu	40.000
Umf. Hekla	Fimleikar á Hellu	40.000
Umf. Hrunamanna	Unglingalandsliðsmenn	45.000
Umf. Laugdæla	Barna- og unglíngastarf UMFL	40.000
Umf. Selfoss	Hátíðar- og sögusýning Umf. Selfoss	40.000
Umf. Vaka	Ferðastyrkur á EM í keltneskum fangbrögðum	22.500
Umf. Vaka	Ferðastyrkur vegna æfingabúða og Hálandaleika í Skotlandi	22.500
Umf. Vaka	Ferðastyrkur vegna æfingabúða og Hálandaleika í Skotlandi	22.500
Umf. Vaka	Efling skákíþróttarinnar í Flóahreppi	40.000

Samtals

2.162.500



# Íþróttamaður HSK 2014

Líkt og undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2014 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefnir stjórn sambandsins íþróttamenn í fimm greinum, þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð.

## Íþróttamaður HSK 2014

### Knattspyrnumaður HSK

**Dagný Brynjarsdóttir, Umf. Selfoss.**

Dagný var lykilleikmaður í úrvalsdeildarliði Selfoss sem náði sínum besta árangri frá upphafi og spilaði m.a. til úrslita í bikarkeppni KSÍ. Hún skoraði 9 mörk fyrir liðið í 14 leikjum. Dagný hefur átt fast sæti í landsliði Íslands sem náð hefur frábærum árangri undanfarin ár. Hún hefur leikið 48 A-landsleiki og skoraði í þeim 11 mörk. Auk þess á hún að baki 27 landsleiki með U17, U19 og U23 landsliðunum.

Dagný hélt til Bandaríkjanna í ágúst og vann tvo titla með Florida State í ameríska háskólaboltanum. Hún var fyrirlíði liðsins, spilaði 21 leik og skoraði í þeim 16 mörk. Hún var jafnframt valin besti leikmaður ársins hjá Soccer America og lenti í öðru sæti yfir virtustu verðlaun háskólaíþróttu, The MAC Herman Trophy. Dagný gekk í byrjun árs 2015 til liðs við stórlíð Bayern München og leikur með þeim í þýsku deildinni. Þar er hún í hópi fremstu knattspyrnukvenna í heiminum í dag.



### Akstursíþróttamaður HSK

**Snorri Þór Arnason, Torfærklúbbi Suðurlands.**

Snorri Þór er án efa einn af betri öikumönnum í torfæru á Íslandi í dag. Hann sýndi sumarið 2014 oft á tíðum flottan akstur og mikil tilþrif. Snorri Þór náði að verja Íslandsmeistaratiðilinn í sínum flokki, auk þess sem hann náði öðru sæti í Evrópumeistarmótinu (Nez Cup) 2014 eftir harða baráttu. Snorri Þór hefur lagt mikið af mörkum við að byggja upp mótorsport hér á landi.



### Badmintonmaður HSK

**Axel Örn Sæmundsson, Ungmennafélaginu Þór.**

Axel Örn var á árinu valinn til æfinga með unglíngalandsliðinu í flokki U19, en hann hefur áður æft með U15 og U17. Axel Örn keppti á mörgum mótum á árinu, tók gríðarlegum framförum og stóð sig með stakri þryði. Axel Örn er þrúður íþróttamaður og góð fyrirmynd annarra, jafnt innan vallar sem utan, íþróttamaður sem tekur sigri jafnt sem og ósigri með jafnaðargeði.



### Blakmaður HSK

**Hilmar Sigurjónsson, Íþróttafélaginu Hamri.**

Hilmar gekk til liðs við Hamar haustið 2014 þar sem hann er bæði leikmaður og þjálfari. Hann spilaði blak með KA, Aftureldingu, Stjórnunni og HK, áður en hann fór í Hamar. Hilmar er sterkur leikmaður og var m.a. í landsliðinu í blaki sem tók þátt í undankeppni fyrir Evrópumeistaramót smáþjóða. Hann er jafnframt í landsliðshópnum fyrir Smáþjóðaleikana á Íslandi 2015.



### Briddsmaður HSK

**Gunnar Björn Helgason, Umf. Selfoss.**

Gunnar Björn náði þeim fágæta árangri að vinna „Suðurlandsþrennuna“ 2014, þ.e. að sigra í HSK-móttinu í tvímenni og Suðurlandsmóttunum í sveitakeppni og tvímenni. Hann varð einnig Íslandsmeistari í tvímenni ásamt Magnúsi E. Magnússyni, sem var mesta afrekið á árinu. Gunnar Björn býr í Reykjavík og spilar mikið þar en hefur líka spilað talsvert hjá Bridgefélagi Selfoss undanfarin ár.



### Fimleikamaður HSK

**Konráð Oddgeir Jóhannsson, Umf. Selfoss.**

Konráð hefur á síðustu árum tekið miklum framförum og þroskast í afreksmann í fimleikum. Hann náði frábærum árangri með blönduðu félagsliði Selfoss, en liðið vann til verðlauna á Norðurlandamóti unglínga í hópfimleikum. Hann keppti einnig með unglíngalandsliði Íslands á Evrópumóttinu í hópfimleikum á Íslandi, þar sem liðið hafnaði í 3. sæti í samanlögðum stigum og rétt missti af 2. sætinu.



### Frjálsíþróttamaður HSK

**Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Samhygð.**

Kristinn Þór hefur undanfarin ár bætt árangur sinn á hverju ári og er í dag einn besti millivegalengdahlupari landsins. Hann varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi bæði utanhúss og innanhúss og sigraði í 800 m hlaupi í bikarkeppni FRÍ innanhúss á árinu. Kristinn Þór keppti á nokkrum alþjóðlegum mótum á árinu. Þar ber helst að nefna þátttöku hans á Heimsmeistaramóttinu innanhúss í Pólland og þá var hann einnig í landsliði Íslands sem keppti í Evrópukeppni landsliða í Georgíu.



### Golfmaður HSK

**Fannar Ingi Steingrímsson, Golfkl. Hveragerðis.**

Fannar Ingi varð á árinu Íslandsmeistari í höggleik og holukeppni 15–16 ára. Hann keppti á Eimskipsmótarröðinni og endaði í 17. sæti á heildarstigalistanum. Fannar Ingi var í úrvalsliði landsbyggðarinnar sem keppti við Reykjavíkúrval. Hann var einnig í sveit GHG sem vann 3. deild í sveitakeppni GSÍ. Fannar tók þátt í nokkrum alþjóðlegum mótum á árinu og var valinn í afreksþóp GSÍ fyrir árið 2015.



### Glimumaður HSK

**Marín Laufey Davíðsdóttir, Umf. Samhygð.**

Marín Laufey vann á árinu Bergþórskjöldinn í fimmta sinn. Hún náði frábærum árangri á EM í keltneskum fangbrögðum þar sem hún varð Evrópumeistari bæði í backhold og gouden og var kosin fangbragðakona mótsins. Hún fór einnig fyrir sínu liði sem sigraði Bændaglímu Suðurlands sl. vor ásamt því að sigra tvöfalt í 1. umferð meistaramótaraðar GLÍ sl. haust.



### Handknattleiksmaður HSK

**Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Umf. Selfoss.**

Hrafnhildur Hanna spilaði á árinu sinn fyrsta landsleik með A-landsliðinu í undankeppni HM þar sem hún var í hlutverki leikstjórnanda. Hún á auk þess að baki fjölda landsleikja með yngri landsliðum Íslands. Hún gegnir lykilhlutverki í meistaraflokkliði Selfoss sem hefur verið á mikilli uppleið í Olisdeildinni. Um áramóttin var hún markahæsti leikmaður deildarinnar með 78 mörk.





### Hestaíþróttamaður HSK

**Bjarni Bjarnason, Hestamannafélaginu Trausta.** Bjarni og Hera frá Þóroddsstöðum sigruðu í 250 m skeiði á landsmóti hestamanna á Hellu og settu Íslands- og heimsmet 21,76 sek. Hann varð auk þess Íslandsmeistari í 250 m skeiði og bætti Íslandsmetið um 1/100 úr sek. Hann varð einnig Íslandsmeistari í 100 m skeiði. Bjarni var tilnefndur á lokahófi Landssambands hestamanna sem besti skeiðknappinn á árinu.



### Íþróttamaður fatlaðra

**Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra.** Hulda setti Íslandsmet í kúluvarpi í flokki 20, kastaði 9,34 m og í kringukasti í flokki 20, kastaði 26,78 m. Hún setti einnig Íslandsmet í réttstöðu, hnébeygju og bekkpressu og var stigahæsta konan á Íslandsmóti ÍF í lyftingum. Auk þess að keppa hérlendis tók hún þátt í mótum á Ítalíu og í Þýskalandi þar sem hún komst á verðlaunapall. Hulda er í úrvalshópi Íþróttasambands fatlaðra í frjálsíþróttum.



### Júdámaður HSK

**Þór Davíðsson, Umf. Selfoss.** Þór keppti til úrslita á Reykjavík judo Open en varð að láta í minnipokann fyrir Tagir Khaibuzhev, Evrópu-, heims- og Olympíumeistara. Þór varð Íslandsmeistari í 100 kg flokki og náði að auki 3. sæti í opnum flokki. Á Norðurlandamóti sem fór fram í Finnlandi í maí vann Þór bronsverðlaun. Þór er fastamaður í íslenska júdólandslíðinu, góður félagi og er duglegur að miðla af þekkingu sinni og reynslu.



### Kraftlyftingamaður HSK

**Rósa Birgisdóttir, Umf. Selfoss.** Rósa keppti á klassísku kraftlyftingamóti á Ísafirði í febrúar, varð þar í fyrsta sæti og stigahæst kvenna í hnébeygju. Hún keppti einnig á Norðurlandamóti í Keflavík í ágúst, varð í öðru sæti og setti Íslandsmet í hnébeygju. Hún keppti svo á dómara/æfingamóti í september og varð í fyrsta sæti þar. Þess má geta að Rósa á nú þegar tuttugu Íslandsmet í kraftlyftingum.



### Körfuknattleiksmaður HSK

**Ragnar Á. Nathanaelsson, Umf. Þór.** Ragnar átti gott keppnistímabil með Þór í Domino's deildinni áður en hann gerðist atvinnumaður með Sundsvall Dragons í sænsku úrvalsdeildinni. Hann lék sitt annað landsliðsár með A-landslíði karla, en Ísland tryggði sér m.a. sæti á lokamóti EM í körfuknattleik, EuroBasket, í fyrsta sinn í sögu KKÍ. Landsliðið var valið lið ársins af samtökum Íþróttaféttamanna í byrjun janúar 2015.



### Lyftingamaður HSK

**Einar Alexander K. Haraldsson, Lyftingafélaginu Hengli.** Einar Alexander náði góðum árangri á jólamóti Lyftingasambands Íslands og skoraði hæst félagsmanna á Sinclair skalanum eða 247,2 stig. Hann hafnaði í 9. sæti yfir alla og 5. sæti í sínum þyngdarflokki.



### Mótorkrossmaður HSK

**Elmar Darri Vilhelmsson, Umf. Selfoss.** Elmar Darri keppti á Íslandsmeistaramóti í mótorkross 2014 og sigraði 4 af 5 keppnum sumarsins. Hann er fyrsti Selfyssingurinn úr mótorkrossdeild UMFS til þess að verða Íslandsmeistari í 85cc flokki. Hann hefur einnig keppt fyrir hönd UMFS á Unglingalandsmótum UMFÍ og alltaf náð á verðlaunapall. Á veturna æfir og keppir Elmar Darri á snjóbretti þar sem hann hefur unnið í „border-cross“.



### Skákmaður HSK

**Björgvin Smári Guðmundsson, Umf. Heklu.** Björgvin hefur, auk þess að leiða kröftugt starf skáklélags Selfoss og nágrennis, farið fremstur manna í keppnum félagsins og verið þeirra sigursælastur. Hann hefur einnig vakið athygli fyrir að leiða þróttmikil barna- og unglingastarf í Flóa og allt austur í Rangárföring sem fætt hefur af sér efnilega framtíðarskákmennt Suðurlands alls.



### Skotíþróttamaður HSK

**Guðmundur Gestur Þórisson, Skotíþróttafélagi Suðurlands.** Guðmundur er ötull keppnismaður og mótahaldari og um leið afbragðs skytta. Guðmundur Gestur er vel að titlinum skotmaður HSK kominn, en hann hefur unnið óeigingjarn starf í þágu SFS.



### Starfsíþróttamaður HSK

**Ingólfur Guðnason, Íþróttafélaginu Suðra.** Ingólfur keppti á Héraðsmóti HSK í Aratungu í ágúst í fuglagreiningu og jurtagreiningu. Hann náði frábærum árangri á móti, er hann varð í 2.-3. sæti í jurtagreiningu með 18 stig af 20 mögulegum. Í fuglagreiningunni sigraði hann með alls 24 rétt greinda fugla af 25 mögulegum. Ingólfur er vel að sér um lífríki Íslands og er vel að því kominn að vera valinn starfsíþróttamaður HSK árið 2014.



### Sundmaður HSK

**Dagbjartur Kristjánsson, Hamri Hveragerði.** Dagbjartur vann til verðlauna í öllum greinum sem hann keppti í á sundmótum HSK á árinu. Hann varð í 4. sæti í 50 m skriðsundi í Super Challenge hluta Gullmóts KR. Á Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ) varð Dagbjartur í 4. og 5. sæti í sínum þremur greinum. Hann tók einnig þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ, keppti þar í 7 greinum og lauk keppni í 1., 2. og 3. sæti.



### Taekwondamaður HSK

**Daníel Jens Pétursson, Umf. Selfoss.** Daníel Jens varð Íslandsmeistari 2014 í sínum þyngdarflokki og var valinn karlkynskeppandi mótsins. Þá vann hann gullverðlaun á NM 2014 á Íslandi. Þar vann hann Thomas Bruvik, margfaldan heims- og Evrópu-meistara, með 12 stigum gegn 6. Daníel lenti í 9. sæti á Paris open G1 2014 sem er gífurlega góður árangur á fyrnasterku móti. Í sumar tók Daníel 3. dan gráðu og svokallað WON dan próf sem stendur yfir í 24 klst.





# Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag - Íþróttafélagið Dímon

Unglingabikar HSK - Umf. Baldur

Foreldrarstarfsbikar HSK - Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Hamars

Öðlingur ársins - Guðni Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi

## Unglingabikar HSK 2014

Unglingabikar HSK hlýtur Ungmennafélagið Baldur í Hraungerðishreppi. Það hefur um árabíl tíðkast að Ungmennafélagið Baldur haldi utanum framkvæmd hins árlega þorrablóts í Þingborg og hefur samkoman jafnan verið ein helsta tekjulind félagsins.

Þó félagar í Umf. Baldri séu á ýmsum aldri hefur það tíðkast að þorrablótsundirbúningurinn hefur nær alfarið verið á herðum unglunga í félaginu, flestra á aldrinum 14-20 ára. Mikil vinna er lögð í að búa til skemmtiatriði, oft bæði myndband og leikrit á sviði, með öllu því markverðasta sem gerst hefur í sveitinni árið á undan. Þá sjá ungmennafélagar um alla matseld sjálfir. Hráefni er verslað af aðilum í héraði ef hægt er og heill dagur fer í að undirbúa matinn, enda mikil vinna fyrir 200 manna samkomu.

Með þessu verkefni hefur Umf. Baldur sýnt að með áhuga og samtakamætti eru unglungum allir vegir færir, og hefur félagið í kjölfar þessa starfs eignast marga efnilega einstaklinga, bæði í leiklist, félagsmálum og á öðrum vettvangi. Hér er á ferðinni ræktun lýðs og lands og er félagið vel að því komið að varðveita Unglingabikar HSK næsta árið.

## Foreldrarstarfsbikar HSK 2014

Knattspyrnudeild Hamars hlýtur foreldrarstarfsbikar HSK 2014 fyrir öflugt foreldrarstarf. Foreldrarstarf yngri flokka Hamars er til fyrirmyndar. Foreldrar krakkanna eru ótrúlega jákvæður og samheldin hópur. Þeir eru duglegir að mæta á viðburði barna sinna og eru góðar fyrirmyndir á leikjum og í keppnum. Foreldrar hvetja liðin á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Einnig eru þeir ávallt tilbúnir til að aðstoða þjálfara og aðra ef þörf krefur. Foreldrar sjá alfarið um fjáraflanir flokkanna fyrir stóru mót sumarsins. Þar standa allir saman og taka þátt af áhuga. Skipað er í foreldraráð í byrjun hvers

tímabils sem sér síðan um utanumhald í kringum fjáraflanir og hefur það verið gert með glæsibrag. Mikil fjölgun hefur verið í yngri flokkum knattspyrnudeildar Hamars eftir að Hamarshöllin kom til sögunnar. Með fleiri börnum fylgir meira umstang sem foreldrar hafa tæklað vel.


Einnig hafa foreldrar tekið vel á móti nýjum foreldrum í starfinu.

Gaman er að sjá hversu margir foreldrar eru tilbúnir að taka þátt í fjáröflunum fyrir knattspyrnudeildina. Síðasta haust var farið í dósasöfnun og líklega hafa aldrei mætt jafn margir foreldrar og þá. Einnig var haldið stórt fótboltamót í Hamarshöllinni fyrir jól sem heppnast mjög vel. Mótið hefði ekki verið hægt að halda nema með hjálp foreldra sem stóðu vaktir í sjoppusölu, sáu um dómgæslu og unnu ýmis önnur störf á mótinu. Á komandi sumri fara krakkar úr Hamri á öll stærstu fótboltamótin sem í boði eru. Foreldrar hafa fyrir löngu hafið skipulagningu og fjáraflanir fyrir þau.

## Öðlingur ársins 2014

Öðlingur ársins er Guðni Guðmundsson á Þverlæk.

Guðni hefur frá unga aldri stundað heilsurækt og hreyfingu. Hann var við nám í íþróttaskólanum á Haukadalveturinn 1950-1951 og á unglingsárum og fram yfir tvítugt æfði og keppti hann með vaskri sveit Umf. Ingólfs í sinni heimasveit. Hann keppti aðallega á millifélagamótum, en einnig á á héraðsmótum Skarphéðins á Þjórsártúni. Um 1960 tók hann að sér að þjálfra sveitunga sína og síðar tók hann þátt í keppni í glímu á Laugalandi sem nefndist Kaupfélagsbikarinn, þá 44 ára gamall. Guðni tók þátt í því að endurvekja Skjaldarglímu Skarphéðins 1978, en hann var þá formaður glímunefndar HSK.



Guðni Guðmundsson, öðlingur ársins.

Guðni og Margrét kona hans hafa undantekningarlítið tekið þátt í verkefninu Fjölskyldan á fjallið frá því að það hófst árið 2002. Þar hefur Guðni ávallt sett saman vísur, sem glatt hafa göngumenn og aðra.

Í rúman áratug hefur Guðni staðið fyrir umfangsmikilli dósasöfnun og styrkt góð málefni, s.s. Hagakirkju, bókarstöð HSK og Íþróttafélagið Garp. Upphæðin sem Guðni safnaði með dósasöfnun meðfram vegum á sambandssvæðinu til styrktar 100 ára sögu HSK var 557.350 kr. Það eru óteljandi kílómetrar og klukkustundir sem hann hefur lagt að baki í þetta frábæra framtak sitt. Hann hefur vakið aðdáun víða fyrir þessa óeigingjörnu og óserhliðnu vinnu sína, sem verður lengi í minnum höfð.

Guðni hefur undanfarin tvö sumur tekið þátt í Landsmóti 50+, ásamt konu sinni og dóttur. Guðni gerði sér lítið fyrir og setti HSK met í 100 metra hlaupi í flokki 80-84 ára á mótinu á Húsavík sl. sumar.

Af þessu sést að Guðni er vel að því kominn að vera útnefndur öðlingur ársins.

## Ársskýrsla HSK er heimildarit

Ársskýrsla HSK kemur út á héraðsþingi ár hvert og hefur gert árlega frá árinu 1966 eða í 48 ár. Ársskýrslur HSK frá árinu 1966 – 2008 hafa verið bundnar inn í gott bókband og eru varðveittar á skrifstofu HSK. Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði.

Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 250 einstökum á árinu og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnese-

og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Undanfarin ár hefur skýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.



Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

## Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auk þess kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga HSK, aðalfundum sérráða HSK og nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.



F.v. Guðríður Aadnegard, Þórir Haraldsson, Þorbjörg Vilhjálmisdóttir og Helgi Kjartansson.

## Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2014

Á héraðsþinginu á Borg árið 2014 var veitt eitt gullmerki HSK og tvö silfurmerki HSK. Líkt og í síðustu ársskýrslum HSK er birt greinargerð um þá sem hljóta gull- og silfurmerki HSK.

### Gullmerki:

#### Þórir Haraldsson

Þórir Haraldsson hefur um áratugaskeið starfað fyrir hreyfinguna og tekið virkan þátt í störfum HSK, UMFÍ, Umf. Vöku og Umf. Selfoss.

Hann hóf ungar að sinna störfum í forystu hreyfingarinnar, en hann var kosinn formaður Umf. Vöku árið 1983, þá aðeins 18 ára gamall. Það sama ár var hann ráðinn framkvæmdastjóri HSK og var framkvæmdastjóri HSK sumrin 1983 – 1987. Hann var jafnframt framkvæmdastjóri Gauksins sem haldinn var í Þjórsárdal á árunum 1983 – 1987. Síðar varð hann formaður í öðru aðildarfélagi HSK, Umf. Selfoss á árunum 2004 – 2008.

Hann hefur einnig tekið virkan þátt í störfum UMFÍ og hefur átt sæti í stjórn og nefndum þar um árabíl, en hann var varaformaður samtakanna á árunum 1987 – 1995.

Hann hefur gegnt ýmsum ólaunuðum trúnaðarstörfum fyrir HSK í gegnum tíðina, t.a.m. var hann formaður framkvæmdanefndar Landsmótsins á Laugarvatni 1994. Nú síðast var hann formaður framkvæmdanefndar landsmóta UMFÍ á Selfossi, vegna stórmóta þar árin 2012 og 2013. Undir styrki stjórn og forystu Þóris tókust mótin frábærlega. Þórir fór fyrir hópi hundruða sjálfbodaliða sem gerðu okkur kleift að halda mótin með jafn miklum myndarskap og raun ber vitni.

### Silfurmerki:

#### Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson hefur um árabíl tekið virkan þátt í störfum HSK. Hann hefur frá unga aldri stundað glímu og var m.a. Skjaldarhafi Skarphéðins árið 1997 og 1998. Þess má geta að hann tók fram glímuskóna á Landsmóttinu 2013 og gerði sér lítið fyrir og varð Landsmótsmeistari í glímu í þriðja sinn. Helgi var í glímunefnd HSK 1992 – 1997 og átti sæti í varastjórn Glímuráðs HSK 2009 – 2013. Hann átti sæti í varastjórn HSK 2008 – 2010. Þá var hann um tíma framkvæmdastjóri Glímusambandsins.

Helgi tók virkan þátt í störfum Umf. Hvatar, síns æskufélags í Grímsnesinu og frá því að hann flutti í Tungurnar um aldamótin hefur hann tekið þátt í störfum Umf. Biskupstungna og var formaður félagsins frá árinu 2010 - 2014.

#### Þorbjörg Vilhjálmisdóttir

Þorbjörg Vilhjálmisdóttir var valin landsmótsmaður HSK á Landsmóti UMFÍ á Selfossi 2013, en þann titil ber sá sem hefur að mati stjórnar HSK unnið ótulllega að undirbúningi þátttöku HSK á landsmóti UMFÍ. Hún átti stóran þátt í því að lið HSK í íþróttum fatlaðra mætti fjölmenn til leiks.

Þorbjörg er formaður íþróttanefndar fatlaðra hjá HSK og hefur um árabíl tekið virkan þátt í störfum Íþróttafélagsins Suðra, sem er íþróttafélag fatlaðra á Suðurlandi. Hún var formaður félagsins frá 2006 – 2012. Þorbjörg, eða Obba eins og hún er kölluð, hefur tekið virkan þátt í störfum Íþróttasambands fatlaðra, sem þjálfari og fararstjóri með lið frá ÍF á keppnir hér á landi og erlendis.

## Þakkar til þeirra sem styrktu starfseminu

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfbodavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar ofl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

## HSK fréttir í Sunnlenska í 15 ár

HSK og Sunnlenska fréttablaðið hófu samstarf við að birta fréttir af vettvangi HSK á sérstakri síðu í blaðinu í byrjun árs árið 1999 og hefur þetta verið afar farsælt samstarf allar götur síðan.



Vikulega hefur heilsíða verið helguð fréttum frá HSK. Þá hefur fréttum frá UMFÍ og ÍSÍ verið gerð góð skil, svo og fréttum frá aðildarfélögum sambandsins. Rétt er að geta þess að fréttum af árangri keppenda félaganna eru gerð góð skil á almennri íþróttasiðu í blaðinu.

Síðurnar eru um 800 talsins og eru nú ómetanleg söguheimild um störf hreyfingarinnar á síðustu 15 árum.

Þetta samstarf hefur vakið mikla athygli á landsvísu og hafa margir horft öfundaraugum til sambandsins, en ekki eru dæmi um að önnur héraðssambönd fái víðlíka fréttuumfjöllun í héraðsfréttablaðum landsins.

Forysta HSK þakkar eigendum og starfsfólki Sunnlenska fyrir og nú fyrir frábært samstarf.

## Heimasíða HSK, www.hsk.is

Heimasíðan sem nú er í notkun var opnuð 10. október 2005. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og byggir hún á WebAccess vefumsjónarkerfinu. Nánari upplýsingar um vefkerfið má sjá á [www.web-access.biz](http://www.web-access.biz)

Aðildarfélög HSK geta enn fengið tilboð í gerð heimasíðu fyrir félög sem byggir á sama kerfi og heimasíða HSK. Þau félög sem hafa áhuga geta haft samband Jón Ágúst Reynisson eiganda Kubba ehf. í síma 899 5530.

Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostun síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn.

Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á [hsk@hsk.is](mailto:hsk@hsk.is) og verður þeirra þá getið á umræddu viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er [www.hsk.is](http://www.hsk.is).



## Fundir, þing og ráðstefnur

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

### 92. héraðsþing HSK

92. héraðsþing HSK haldið í Félagsheimilinu Borg 8. mars 2014

Guðriður Aadnegard formaður HSK setti þingið klukkan 10:00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hún minntist látinna félaga úr hreyfingunni, þeirra Ólafs Rafnssonar, Þórs Vigfússonar og Sigurðar Guðmundssonar.

Tónlistaratriði. Bjarki Bragason á Ökrum í Grímsnesi spilaði verk eftir sjálfan sig á píanó.

Þingforsetar voru kjörnir þeir Hörður Óli Guðmundsson Umf. Hvöt og Valgeir Backman Íþróttafélaginu Kristborgardóttir Umf. Hvöt. Í kjörnefnd voru kjörin þau Antonía Helga Guðmundsdóttir Umf. Hvöt formaður, Fanney Ólafsdóttir stjórn HSK og Friðrik S. Þórarinnsson Íþr.f. Dímon.

Gestir þingsins: Jóhannes Sigmundsson, heiðursformaður HSK, Árni Þorgilsson, fyrrverandi formaður HSK, Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, stjórn ÍSÍ, Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, Unnur Brá Konráðsdóttir 4. þingmaður Suðurkjördæmis, Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningsshrepps og Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningsshrepps.

#### Skýrsla stjórnar.

Guðriður Aadnegard, formaður HSK flutti skýrslu stjórnar. Hún fór yfir starf HSK á síðasta ári en þar ber fyrst að nefna 16. Unglinglandsmót sem haldið var á Höfn í Hornafirði. Guðriður fór yfir mikilvægi starfsins og hvað þátttaka barna og unglunga í félags- og íþróttastarfi styrkir félags- og siðgæðisþroska barna og ungmenna.

Stærsta verkefni ársins var að halda 27. landsmót UMFÍ. Vel heppnað mót, skipulag og framkvæmd þess öll til fyrirmyndar enda aðstaða til íþróttaiðkunar góð á Selfossi. Mótið var haldið í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og okkur til fullþingis nutum við aðstoðar sjálfboðaliða. Á Suðurlandi var einnig haldið landsmót UMFÍ 50+ í Vík í Mýrdal fyrri hluta júnímánaðar. Eins og áður sóttu fulltrúar HSK hefðbundna fundi og þing sem haldin voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum og er fjallað nánar um þá í ársskýrslu HSK. Guðriður vill að stjórnvöld hugsi til þess hve öflugt starf íþróttahreyfingarinnar er í þágu forvarnarstarfs og hvetur alla til að virkja börn og unglunga í íþróttir. Að lokum sagði Guðriður að stjórn HSK hafi ætíð lagt sig fram um að gæta aðhalds í öllu sínu starfi. Framtíðin væri björt en ekki mætti slaka á í



Íþróttamenn greina, eða fulltrúa þeirra ásamt formanni HSK.

starfi og að félagsmenn HSK verði að halda ótrauðir áfram. Undir ræðu Guðriður veitti hún eftirfarandi aðilum heiðursviðurkenningu frá HSK: Þórir Haraldsson hlýtur gullmerki fyrir störf innan HSK. Helgi Kjartansson og Þorbjörg Vilhjálmsdóttir hljóta silfurmerki fyrir störf innan HSK. Þá hlaut UMF. Hekla unglingsbikar HSK fyrir öflugt barna og unglingsstarf. Frjálsíþróttadeild UMF. Þórs í Þorlákshöfn hlýtur foreldrarstarfsbikar HSK og öðlingur ársins er Kristín Stefánsdóttir úr UMF. Vöku.

Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK, gerði grein fyrir reikningum ársins 2013 sem lágu fyrir þinginu. Hann fór í gegnum helstu lykiltölur og útskýrði reikningana. Rekstrartekjur voru 47.962.869 kr., rekstrargjöld 47.727.268 kr., fjármagnstekjur 197.492 kr., hagnaður var 433.093 kr. og lottótekjur 19.830.402 kr. Að lokum fór Engilbert yfir hvernig Lottótekjum er úthlutað.

Örn Guðnason, varaformaður HSK og gjaldkeri framkvæmdanefndar Landsmóts UMFÍ 2013 fór yfir hvernig landsmótið gekk síðastliðið sumar og að útkoma fyrri landsmóta hafi ekki alltaf verið eins góð og eftir landsmót 2013. Örn nefnir þar landsmótið á Laugarvatni í því samhengi og tók það langan tíma að rétta við fjárhaginn eftir það mót. Þá sé líka létt verk að vera gjaldkeri landsmóts þegar niðurstaðan er eins góð og raunin varð. Rekstrartekjur voru 16.444.400 kr. og rekstrargjöld voru 16.444.400 kr. Að lokum þakkar Örn samstarfsmönnum í framkvæmdanefnd fyrir gott starf.

Umræður um skýrslu stjórnar. Gunnar Þorgeirsson oddviti Grímsnes- og Grafningsshrepps lýsir ánægju sinni með að 92. héraðsþing HSK sé haldið að Borg og það

sé sveitarfélaginu sannur heiður. Hann vonar að fundargestir hafi það sem allra best og njóti dagsins. Þórir Haraldsson þakkar fyrir að vera sámdur Gullmerki HSK. Einnig þakkar hann fyrir vel unnin störf á liðnum landsmótum og þá sér í lagi Sveitarfélaginu Árborg og öllum þeim sjálfboðaliðum sem hafa lagt sitt að mörkum. Það sé stór þáttur í hallalausum landsmóti. Jóhannes Sigmundsson, heiðursformaður HSK, þakkar fyrir góða skýrslu og rifjar upp gamla tíma. Hann hafði orð á því að það vanti að nefna að haldið var vísnakvöld á landmóti 2013. Kristinn Guðnason fer með gamanmál. Hann þakkar einnig góða skýrslu og hvetur menn til að taka til máls. Þröstur Guðnason þakkar fyrir veglegt og gott ár, góða skýrslu og gott þing.

Ávörp gesta, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, færði kveðjur frá stjórn UMFÍ og þakkaði fyrir að fá að sitja héraðsþing HSK. Einnig þakkaði Helga fyrir frábæra ársskýrslu HSK. Þá lýsti hún góðu samstarfi við landsmótin og að upplifunin hafi verið einstök í kringum mótin síðustu sumur. Enn og aftur er sjálfboðaliðum þakkað það gríðarlega starf sem þeir hafi gengt í gegnum tíðina og mikilvægi þess. Helga Guðrún sagði frá stefnumótunarvinnu sem er í gangi innan UMFÍ vegna landsmótshalds. Hún fór einnig yfir málefni Prastalundar og að búið væri að selja Prastalund. Einnig sagði hún að íþróttabandalögin hafa sótt um aðild að UMFÍ, en ekki er alveg komin sátt um það en unnið er að því og niðurstaðan um það verður lögð fram síðar. Undir ræðu sinni veitti hún eftirfarandi aðilum starfs- og gullmerki UMFÍ. Gullmerki UMFÍ hlaut Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK og starfsmerki UMFÍ hlutu Guðmundur Jónasson formaður Umf. Heklu, Jóhannes Óli





Lárus Ingi Friðfinnsson matmaður héraðsþingsins og Guðríður matmaður HSK 2013.

Kjartansson, handknattleiksdeild Umf. Selfoss og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir, taekwondodeild Umf. Selfoss.

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ flutti kveðju frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ og lýsti ánægju sinni og stolti með að vera mættur á héraðsþing HSK. Gunnar fjallaði um að allar íþróttahreyfingar þurfi að standa saman og fór yfir helstu verkefni innan hreyfingarinnar. Úthlutunir úr afrekssjóði mættu vera meiri en það vantar fjármagn til verkefnisins. Sorglegt er að sjá gott afrekisfólk detta úr keppni vegana slæmrar fjárhagsstöðu. Undir ræðu sinni veitti hann Benóný Jónssyni, stjórnarmanni í frjálsíþróttaráði HSK og varaformanni FRÍ, silfurmerki ÍSÍ.

Unnar Brá Konnráðsdóttir 4. þingmaður Suðurlandshéðis færði kveðjur frá öllum þingmönnum kjördæmisins og lýsti ánægju sinni með að vera komin á héraðsþing HSK. Unnur hvatti þinggesti og aðra sem að íþróttahreyfingunni koma til að halda utan um börnin. Hún sagði að það tæki tíma að rétta af hag ríkisins en það væru bjartari tímar framundan og þá yrði íþróttahreyfingin ekki undanskilin.

Hafsteinn Þorvaldsson fyrrverandi formaður UMFÍ þakkar fyrir að vera boðið á héraðsþing HSK. Hann þakkaði góða skýrslu og sagðist stoltur af starfi HSK. Hann sagði frá því að hann byrjaði sinn keppnisferil hér á Borg árið 1946, hann væri orðinn 83 ára gamall og að allt lífið sé framundan. Hann nefndi það gríðarlega góða starf sem unnið var af félagsamtökum og Sveitarfélaginu Árborg í sambandi við landsmót UMFÍ.

Jón M. Ívarsson sagði að á ársþingi síðasta árs voru síðareglur samþykktar. Síðareglur varðandi almennar síðareglur, kurteisi og háttvísi.

Hádegisverður var í boði Grímsnes- og Grafningshrepps.

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, afhendir Ingibjörgu Harðardóttur sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps skjöld til þakklætis og viðurkenningar fyrir aðstöðu til að halda 92. héraðsþing HSK að Borg. Sleifarkeppnin fór fram í hádeginu undir stjórn Þrastar Guðnasonar, formanns Umf. Ingólfs, og vann Ólafur Elí Magnússon, með



Fulltrúar sérverðlaunahafa, ásamt formanni HSK.

hjálp konu sinnar, Ástu L. Sigurðardóttur, keppnina í ár.

Kjörbréfin voru borin undir atkvæði og þau samþykkt samhljóða. Síðan var ársreikningur borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

Skipaðir voru eftirtaldir formenn nefnda: Fjárhagsnefnd: Helgi Sigurður Haraldsson, Umf. Selfoss. Allsherjarnefnd: Valgerður Auðunsdóttir, Hestamannafélaginu Smára. Laga- og reglugerðarnefnd: Pétur Ingi Haraldsson, Umf. Laugdæla. Íþróttanefnd: Árni Þorgilsson, Golfklúbbi Hellu. Mælt var fyrir tillögum og nefndarstörf hófust.

Guðríður Aadnegard afhenti íþróttamönnum hvernar greinar viðurkenningar. Nöfn verðlaunahafa eru birt á bls.10 og 11 í ársskýrslu HSK. Íþróttamaður HSK 2013 er Guðmunda Brynja Óladóttir knattspyrnukona úr Umf. Selfoss. Þingfulltrúum, gestum og verðlaunahöfum boðið upp á kaffi og veitingar. Matmaður 2014 var valinn Lárus

Ingi Friðfinnsson úr Íþróttafélaginu Hamri. Lárus þakkaði fyrir sig kallaði fram konurnar í eldhúsinu og gefur þeim koss fyrir góðar veitingar.

Að loknum nefndarstörfum var gengið til kosninga. Jóhannes Óli Kjartansson kom fyrir hönd kjörnefndar með tillögum að nefndar- og stjórnarskipan HSK 2014. Voru þær samþykktar samhljóða.

Tillaga um kjör í nefndir borin upp í einu lagi. Samþykkt samhljóða. Tillaga um skoðunarmenn reikninga. Samþykkt samhljóða. Tillaga um stjórn og varastjórn. Samþykkt samhljóða.

Að loknum umræðum um önnur mál þakkaði þingforseti þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins samstarfið og gaf Guðríði orðið. Guðríður þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing, starfsmönnum þingsins fyrir góð störf og sleit 92. héraðsþingi HSK.

**Bergur Guðmundsson.**

*Í stjórn HSK voru eftirtalin kosin:*

**Formaður: Guðríður Aadnegard**

Grænumörk 9, Hverag. • 483 5098 • 897 4282 • gudridur@hveragerdi.is

**Gjaldkeri: Guðmundur Jónasson**

Bolöldu 3, Hellu • 868 1188 • broi1970@mi.is

**Ritari: Bergur Guðmundsson**

Starengi 17, Selfossi • 482 2006 • 864 3853 • bergursigrun@hotmail.com

**Varaformaður: Örn Guðnason**

Suðurengi 9, Selfossi • 564 6323 • 897 6323 • orngudna@simnet.is

**Meðstjórnandi: Fanney Ólafsdóttir**

Hurðarbaki, Flóahreppi • 486 3345 • 892 4155 • fanneyo@emax.is

**Varamenn:**

**Anný Ingimarsdóttir**

Vorsabæjarhjáleigu, Flóahreppi • 486 3487 • 861 8368 • anny@arborg.is

**Gestur Einarsson**

Fífutjörn 1, Selfossi • 779 1058 • gessiumfg@gmail.com

**Jóhannes Óli Kjartansson**

Austurvegi 60, Selfossi • 482 2731 • 663 3896 • jok28@simnet.is

**Íþrf. Hamri**

**Umf. Heklu**

**Umf. Selfoss**

**Umf. Selfoss**

**Umf. Vöku**

**Umf. Samhygð**

**Umf. Gnúpverja**

**Umf. Selfoss**



## Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði níu sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfundanna og mætingar stjórnarmanna.

Stjórnarfundurinn í apríl var haldinn á Hellu og fundurinn í september var haldinn á Laugarvatni. Aðrir stjórnarfundir voru haldnir í Selinu á Selfossi.

Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 20. mars. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki á starfsárinu.

Fundargerðir stjórnar eru á [www.hsk.is](http://www.hsk.is). Mætingu á stjórnarfundum má sjá í töflu hér neðan á síðunni.

## Fundað með forystu aðildarfélaganna

Á stjórnarfundum HSK eftir héraðsþing í mars 2014 var samþykkt að halda fundi víðsvegar um sambandskvæðið á komandi misserum. Á fundina verða boðaðar stjórnir aðildarfélaganna HSK, sem starfa í því sveitarfélagi þar sem fundirnir eru haldnir. Fundirnir er hugsaður sem samráðs- og upplýsingafundir félaganna og stjórnar HSK.

Ákveðið var að funda fyrst í Rangárþingi ytra og var fundurinn haldinn á Hellu 29. apríl 2014. Aðildarfélög HSK sem starfa í Rangárþingi ytra eru níu talsins. Annar fundur var haldinn á Laugarvatni 17. september 2014 með aðildarfélagunum sem starfa í uppsveitum Árnassýslu. 19 aðildarfélög HSK starfa í uppsveitum Árnassýslu.

Forysta HSK kynnti í upphafi fundanna helstu verkefni sambandsins og svo kynntu fulltrúar félaganna helstu verkefni sem unnið er að um þessar mundir.

Fjöldmörg mál voru rædd á fundunum og eftir fundina höfðu menn á orði að þetta hefðu verið góðir og upplýsandi fundir.

## Fundur stjórnar HSK með forystu UMFÍ

Að undanförmu hafa starfs- og stjórnarmenn UMFÍ heimsótt sambandsaðila sína og 19. febrúar 2014 komu þeir í heimsókn til HSK



Engilbert Olgeirsson mætti á fund sem UMFÍ boðaði til 7. febrúar 2014. Þangað mættu framkvæmdastjórn og forystufólk sambandsaðila UMFÍ og funduðu með starfsfólki UMFÍ. Ýmis mál voru rædd og var fundurinn gagnlegur.

og funduðu með stjórn og framkvæmdastjóra sambandsins.

Frá UMFÍ mættu þau Björg Jakobsdóttir, stjórnarmaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Sabína Halldórsdóttir landsfulltrúi UMFÍ. Örn Guðnason sat fundinn sem stjórnarmaður UMFÍ og HSK.

Kynnt var starfsemi HSK og voru líflegar umræður á fundinum um samstarf UMFÍ við grasrótina. Þau mál sem voru mest rædd á fundinum voru fjármál, sala á Þrastalundi, starfsmannamál UMFÍ, bílamál, húsnæði UMFÍ í Reykjavík og framtíð landsmóta. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með fundinn í fundarlok.

## Stefnumótunarfundur um framtíð landsmóta UMFÍ

Ungmennafélag Íslands, í samstarfi við HSK, boðaði til vinnufundar og stefnumótunarvinnu vegna landsmóta UMFÍ. Fundurinn var haldinn í Selinu á Selfossi 19. mars 2014. Á fundinum var óskað eftir álitum og hugmyndum fundargesta um hvernig landsmót UMFÍ, landsmót 50+ og unglingsmótin eiga að þróast og í hvaða farveg þau eigi að fara.

Góðar og gagnlegar umræður fóru fram á fundinum. Fundargerðin var skipt upp í hópa og var fjallað um landsmót UMFÍ, landsmót 50+ og unglingsmótin. Mest var rætt um landsmót og unglingsmót, en HSK er nýbúið að halda þessum mótum. Flestir sem sátu fundinn höfðu tekið virkan þátt í framkvæmd mótanna og höfðu því mikið til mála að leggja.

## Kynningarfundur um MOVE WEEK

Kynningarfundur um verkefnið "Move week" var haldinn í Selinu á Selfossi 14. ágúst 2014. Sabína Halldórsdóttir landsfulltrúi UMFÍ kynnti verkefnið á fundinum.

Hreyfivikan var svo haldin dagana 29. september – 5. október 2014 og tóku þrjú sveitarfélög og aðildarfélag sambandskvæðinu þátt, ásamt aðildarfélagunum og fleiri aðilum á viðkomandi stað.

## Sambandsráðsfundur UMFÍ

39. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn í Stjórnheimilinu í Garðabæ 11. október 2014.

### Starfsemi UMFÍ frá síðasta ársþingi

Í setningaræðu Helgu Guðrúnar Guðjónsdóttur, formanns UMFÍ, kom fram að niðurstöður 48. ársþings UMFÍ sem haldið var í Stykkishólmi 2013 hafi mótad starfsemi UMFÍ á liðnu starfsári.

Á umræddu þingi var m.a. samþykkt að selja veitingahúsið Þrastalund í Þrastaskógi og í mars sl. var gengið frá þeirri sölu. Fram kom að söluandvirði Þrastalundar var 82,5 milljónir króna. Fyrir skömmu komu í ljós leyndir gallar á húsnæðinu og ákvað stjórn UMFÍ að lækka söluverðið í samræmi við það.

### Mætingar á stjórnarfundum HSK 26. mars 2014 – 3. mars 2015

	26/3	29/4	4/6	14/8	17/9	29/10	16/12	3/2	3/3
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Bergur	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Örn	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Fanney	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Anný	x		x						x
Gestur	x				x	x			x
Jóhannes	x	x			x	x	x	x	
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x	x



Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn í Grindavík 10. maí 2014. Formaður HSK og varaformaður sóttu fundinn.

Á þinginu 2013 var samþykkt að fá heilbrigðis- og félagsmálaráðherra til samstarfs við UMFÍ til að vinna, ásamt öðrum félagasamtökum, að stofnum „Forvarnarmíðstöðvar“, frjálsra félagasamtaka og er það mál í vinnslu og standa vonir til að fljótlega verði gengið frá samningi um slíkan rekstur.

Stjórnir UMFÍ og ÍSÍ skipuðu fyrir ári síðan samstarfsnefnd til að skoða möguleika varðandi notendavænna viðmót á Felix, félagakerfi hreyfinganna, en kerfið heldur utan um íþróttaiðkendur á landinu og þykir einstakt í sinni röð á heimsvísu. Með breytingunni eru vonir bundnar við að eiginleikar Felix nýtist betur.

Formaðurinn sagði mikla þörf fyrir vitundarvakningu í samfélaginu varðandi lýðheilsu þjóðarinnar og að sífellt fleiri gerðu sér grein fyrir að bætt lýðheilsa eykur heilbrigði og fjármunir sparast þar sem færri þurfa að leita á náðir heilbrigðisþjónustunnar. Stjórn UMFÍ hefur því á liðnu starfsári horft til þess að útvíkka forvarnir yfir í lýðheilsu- og forvarnir.

Helga Guðrún fór í stuttu málið yfir þau fjölmörgu verkefni sem unnið er að innan hreyfingarinnar en þau eru í stöðugri þróun í takt við tíðarandann og þarfir samfélagsins. Í máli hennar kom fram mikilvægi sjálfbodaliðastarfsins sem er grundvöllur fyrir öllu starfi hreyfingarinnar en sjálfbodaliðar vinna frábær störf um allt land. Hún hvatti fundarmenn til þess að vera duglega að sækja í sjóði UMFÍ og nýta sér þá fjölbreyttu möguleika sem felast í Evrópu unga fólksins. Helga Guðrún lagði mikla áherslu á að fundarmenn stæðu vörð um Íslenska Getspá og legðu sig fram í baráttunni við að halda óbreyttu fyrirkomulagi varðandi lottó.

Á fundinum lá frammi greinargóð og vönduð ársskýrsla þar sem gerð er grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er að á vegum UMFÍ. Áhugasamir geta nálgast skýrsluna á skrifstofu HSK.

Helga Jóhannsdóttir, gjaldkeri UMFÍ, fór

yfir reikninga sambandsins ásamt Helga Gunnarssyni fjármálastjóra UMFÍ. Þar kom fram að tekjur aðalsjóðs og annarra sjóða umfram gjöld á árinu voru 37,9 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 432.666.452 kr. og bókfært eigið fé í árslok er 231.684.775 kr. Eignarfjárlutfall félagsins er 54%.

#### Störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ

Haukur Valtýsson, varaformaður UMFÍ, kynnti störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ frá 2013. Á þinginu í Stykkishólmi var eftirfarandi samþykkt: „Þingið beini því til stjórnar að skipa nefnd til að taka efnislega afstöðu til þess með því að fara í viðræður um skipulag íþróttahreyfingarinnar og skiptingu fjármuna innan hennar auk breytinga á lögum“. Vinnuhópurinn hefur haldið sjö fundi þar sem velt hefur verið upp ýmsum spurningum og leitað svara. Þær snúa m.a. að því, af hverju íþróttabandalögin vilji inn í UMFÍ, hvort málið snúist um að sækja fjármagn til UMFÍ, hvernig skiptingu lottós verði háttáð ef íþróttabandalögin koma inn, ætla þau að taka yfir völdin og hvaða jákvæða/neikvæða þætti geta aðildarfélög UMFÍ bent á við inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ. Eins og sjá má eru spurningarnar viðamiklar og mikil vinna lögð í að leita svara. Haukur fór á greinargóðan hátt yfir vel unnin störf vinnuhópsins. Fram kom í máli hans að til að fylgja störfum vinnuhópsins eftir þyrfti m.a. að funda með aðildarfélögum UMFÍ. Eins þurfa þróttabandalögin að eiga viðræður við ÍSÍ, skoða þyrfti breytta verkaskiptingu milli UMFÍ og ÍSÍ og viðræður íþróttaforstunnar og ríkisvaldsins þyrftu að eiga sér stað. Spannandi verkefni þarna á ferðinni og verður áhugavert að fylgjast með þróun mála.

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR og Kjartan Ásmundsson, mættu sem gestir á fundinum til að leggja orð í belg varðandi

aðildarumsókn íþróttabandalaga að UMFÍ. Í máli Ingvars kom fram að nokkuð er um liðið frá því að ósk íþróttabandalaga um inngöngu var fyrst lögð fram og fór hann í örstuttu máli yfir ástæður þess að þau sækja um inngöngu. Ingvar sagði öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf vera rekið um allt land. Ef ÍBR yrði hluti af UMFÍ sagði Ingvar að í fyrstu ætti starfið fyrst og fremst að snúast um að efla enn frekar faglega þáttinn þ.e. að gera íþrótt- og æskulýðsstarfið ennþá betra. Að mati Ingvars eru peningar og völd seinni tíma útfærsla. Kjartan hefur skrifað ritgerðina „Skipulag íþróttamála. Getur íþróttahreyfingin gert betur?“ Hann fór í örstuttu máli yfir hvernig starfsemi íþróttahreyfingarinnar gæti verið háttáð svo hún skili bestum árangri og væri betur í stakk búin til að takast á við kröfur nútímans um fjölbreytt íþrótt- og tólmundastarf. Áhugasömum er bent á að Ms. ritgerð Kjartans en hana má nálgast á skemman.is og hvetjum við alla sem láta sig íþróttamál varða að lesa hana.

#### Framtíð landsmóta UMFÍ

Á sambandsráðsfundi UMFÍ 2012 var samþykkt að halda stefnumótandi ráðstefnu varðandi framtíð landsmóta UMFÍ. Ráðstefna var síðan haldin á Húsavík í maí 2013 og í kjölfarið voru haldnir fundir vítt og breytt um landið. Fyrir sambandsráðsfundinum í Garðabæ lá tillaga er varðar breytingar á reglugerð um Landsmót UMFÍ. Helga Jóhannsdóttir og Ómar Bragi Stefánsson fóru yfir helstu niðurstöður af stefnumótunarfundum um landsmót UMFÍ og kynntu tillögur að breytingum. Ákveðið var að senda tillögurnar til stjórnar þar sem fundarmenn vildu lengri tíma til þess að fjalla um hana og kynna breytingarnar heima í héraði. Ljóst er, að fyrir marga er Landsmót UMFÍ mikið tilfinningamál og stíga þarf varlega til jarðar, þegar breyta á jafn gamalli hefð og landsmótum.

#### Samþykkt að halda Vetrarlandsmót UMFÍ

Nefndarstörf gengu vel og voru fjórlegar og málefnalegar umræður og allar tillögur samþykktar lítið breyttar utan einnar. Gaman er að geta þess að samþykkt var tillaga er lýtur að Vetrarlandsmóti UMFÍ. Stefnt er að því að halda fyrsta mótið á Ísafirði 5.–7. febrúar 2016, fyrir aldurshópinn 10–14 ára. Auk hefðbundinna skídagreina; alpa og göngu, verður keppt á snjóbrettum og freestyle skíðum. Nýjar keppnisgreinar sem allir gætu prófað verða stigasléðarallý og sundbolti. Tilvalið væri síðan að keppa innandyra í blaki, handbolta og jiujitsu þar sem þær greinar hafa ekki verið keppnisgreinar á undangengnum Unglingalandsmótum UMFÍ.

#### Bætt upplýsingaflæði

Undir liðnum önnur mál lofaði ritari UMFÍ að beita sér fyrir því að teknir yrðu saman minnis- og fréttapunktur af ýmsu er snertir innra starf UMFÍ og þeir sendir á forsvarsmenn sambandsaðila. Er það liður í



að auka upplýsingaflæði stjórnar út í grásrótina og er það fagnaðarefni.

Fram kom á fundinum að Sigurður Guðmundsson, landsfulltrúi UMFÍ, hefur látið af störfum og færum við honum bestu þakkir fyrir gott og skemmtilegt samstarf og óskum honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Fundurinn var í alla staði upplýsandi og málefnalegur og ekki síst skemmtilegur.

**Guðríður Aadnegard, formaður HSK  
Örn Guðnason, varaformaður HSK og  
ritari UMFÍ**

## Heimsókn forystu ÍSÍ

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Örvar Ólafsson verkefnastjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ heimsóttu Héraðssambandið Skarphéðinn miðvikudaginn 22. október 2014.

Heimsóknin hófst í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar þar sem Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Jóhannes Óli Kjartansson úr varastjórn HSK, Guðni Pétursson, bæjarritari, Ágústa Ragnarsdóttir úr bæjarstjórn Ölfuss og Hákon Hjartarson formaður Íþrótt- og æskulýðsnefndar Ölfuss tóku á móti hópnum. Í og við íþróttamiðstöðina er að finna 25 m útisundlaug og innisundlaug ásamt góðu útisvæði, íþróttasal, þöfimisal og heilsurækt ásamt hefðbundnu útisvæði fyrir knattspyrnu- og frjálslíþróttaiðkun. Eftir ítarlega skoðun á þessum glæsilegu íþróttamannvirkjum var golfvöllurinn skoðaður sem og svæði hestamanna.

Frá Þorlákshöfn lá leiðin til Hveragerðis og hófst heimsóknin þar á því að Hamarshöllin var skoðuð undir dyggri leiðsögn Guðríðar Aadnegard formanns HSK, Helgu Kristjánsdóttur skrifstofustjóra Hveragerðisbæjar, Guðmundar Baldurssonar bæjartæknifræðings og Guðmundar Jónassonar gjaldkera HSK. Hamarshöllin er fjölnota íþróttahöll með gervigrasvelli, níu holu þúttvelli og fjölnota íþróttagólf. Íþróttahöllin er upphituð úr tvöföldum dúk sem er borinn uppi af innri loftþrýstingi og loftþrýstingi á milli ytra og innra lags í útveggjum og þaki. Hópurinn skoðaði einnig Sundlaugina í Laugaskarði og íþróttahús Hveragerðis.

Að lokum var ekið til Selfoss en byrjað á því að kíkja á golfvöllinn þar sem Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafultrúi Árborgar og Örn Guðnason, varaformaður HSK, tóku á móti hópnum, ásamt Ástfríði Sigurðardóttur, formanni Golfklúbbs Selfoss, sem sagði frá því helsta úr starfi klúbbsins. Þaðan var haldið í Reiðhöll Hestamannafélagsins Sleipnis þar sem Magnús Ólason formaður tók á móti hópnum. Loks var farið á íþróttasvæðið á Selfossi þar sem Guðmundur Kr. Jónsson, formaður Umf.



## Kynningarfundur um Landsmót 50+

Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK hélt kynningarfund um Landsmót 50 í Selinu 4. júní 2014 vegna mótsins sem haldið var á Húsavík. Sigurður Guðmundsson þáverandi landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri mótsins kynnti sögu mótanna og mótshaldið í ár.

Selfoss, Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri og Sveinbjörn Másson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar, leiddu hópinn um svæðið. Farið var um knattspyrnusvæðið ásamt því að skoða íþróttahúsin og sundlaugarnar.

Eftir mannvirkjaskoðun á Selfossi var haldinn fundur með fulltrúum úr stjórn og varastjórn Héraðssambandsins Skarphéðins þar sem ýmis hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar voru rædd fram eftir kvöldi.

## Málþing um fjármál hreyfingarinnar

Héraðssambandið Skarphéðinn hélt málþing um fjármál hreyfingarinnar 29. október 2014 í Selinu á Selfossi. Yfirskrift málþingsins var „Sveitt að safna peningun“. Mjög góð mæting var á málþingið sem þótti takast vel. Góðar umræður urðu um ýmis mál er lúta að fjármögnun og fjármálum innan hreyfingarinnar.

Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafultrúi Árborgar og Örn Guðnason, varaformaður HSK og fyrrverandi framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, sögðu frá samstarfi íþróttafélaganna og sveitarfélagsins Árborgar. Hjá þeim kom m.a. fram að fyrir árið 2014 gerði sveitarfélagið þjónustusamninga við félögin fyrir rúmar 85 milljónir króna.

Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri getraunadeildar Íslenskra getrauna, sagði frá ýmsum möguleikum varðandi getraunastarfið og hvernig mætti nota það til fjáröflunar og uppbyggingar félagsstarfs.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, fór yfir ýmis áhugaverð atriði varðandi það hvernig félög ná sér í styrktar- og samstarfsaðila. Byggði hann það m.a. á reynslu UMFÍ af Unglingalandsmótunum.

Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri fimleikadeildar Umf. Selfoss, sagði frá fjáröflunarleiðum deildarinnar og öflugu

starfi sjálfbóðaliða við að halda henni gangandi.

Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, fór svo í lokin yfir helstu sjóði sem íþróttahreyfingin getur sótt styrki í.

## Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 14. nóvember 2014 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi ÍSÍ og verkefni á milli þinga. Guðríður Aadnegard formaður HSK var fulltrúi sambandsins á fundinum.

Sama dag var haldinn óformlegur fundur fulltrúa héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem fjallað var um sameiginleg hagsmunamál og mætti formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri HSK á fundinn. Þá sátu fundinn líka formaður og framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, en þeir mættu, ásamt forystu HSK, á opinn hádegisfund um skipulagsmál íþróttahreyfingarinnar, þann sama dag.

## Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu.

Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Tveir félagar úr röðum aðildarfélaga HSK eru formenn sérsambanda. Jason Ívarsson úr Umf. Samhygd er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson, glímukappi úr Umf. Laugdæla, er formaður Glimusambandsins.

Eitt sérsambandsþing var haldið á sambandssvæðinu, Landsþing Landssambands hestamannafélaga var haldið á Selfossi 17. - 18. október 2014.



**Samstarfsverkefni:**

**Félagsmiðstöðin Sel**

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

- Árni Þorgilsson frá HSK, formaður
- Hjördís Leósdóttir frá KS, gjaldkeri
- Aldís Eyjólfssdóttir frá SSK, ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 12. febrúar 2014 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn, til fundarhalda eða námskeiða. Framkvæmdir voru ekki miklar á árinu, innanhúss voru settar filmur í glugga í salnum til að dempa sólarljós inn í sal og utanhúss var gert við þakrennur og niðurföll að sunnanverðu.

Fjórðingur var í nýju stækkanlegu borði í sal og skjávarpa fyrir húsið.

Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Í ár var það kvenfélagið Framtíðin sem sá um skráningu áhalda í eldhúsi.

Helga Baldursdóttir lét af störfum sem ritari húsnefndarinnar á árinu og er henni þökkúð fyrir vel unnið og óeigingjarnt starf í nefndinni.

Aldís Eyjólfssdóttir tók við af Helgu sem fulltrúi SSK.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson

**Leikjanámskeið HSK**

Leikjanámskeið HSK voru haldin á þremur stöðum á sambandsvæðinu sumarið 2014.

Hvert námskeið stóð yfir í níu daga í 2 og 1/2 klst. í senn. Námskeiðin voru ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára.

Íþróttakennararnir Ólafur Guðmundsson og Guðni Sighvatsson sáu um að kenna á námskeiðunum, líkt og mörg undanfarin ár. Mikil áhersla var lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálssar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik og alls kyns þrautir.

**Námskeiðin sem haldin voru:**

- 2. - 13. júní kl. 9:00 - 11:30 Laugaland
- 6. - 20. júní kl. 09:00 - 11:30 Reykholt
- 6. - 20. júní kl. 13:00 - 15:30 Brautarholt



Þátttakendur á leikjanámskeiði á Laugalandi.

**HSK mót í greinum þar sem ekki eru starfandi nefndir**

Hér er greint frá HSK mótum í þeim greinum sem ekki er starfandi nefnd eða ráð á vegum HSK.

**HSK-mót í júdó Héraðsmót 14 ára og yngri**

Þann 9. desember 2014 fór yngri flokka mót HSK í júdó fram í íþróttahúsinu í gamla Sandvíkurskóla. Til leiks mættu 23 keppendur í tveim aldursflokkum, allir frá Umf. Selfoss. Þar tókust á ungir og efnilegir júdómenn og margar góðar viðureignir áttu sér stað og flott köst. Gaman var að sjá hvað margir foreldrar sáu sér fært að mæta og hvetja sína menn.

Úrslit mótsins eru á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).

**HSK mót fulloröðinna**

HSK mót í júdó 15 ára og eldri 2014 var haldið í júdósalnum á Selfossi 8.janúar 2015.

Nokkur forföll voru vegna meiðsla og veikinda. Alls voru 15 keppendur í þremur þyngdarflokkum auk opins flokks. Gaman var að sjá ungu keppendurna leggja þá eldri

og reyndari. Margar spennandi og flottar viðureignir sáust og óvænt úrslit. Þeir sem áhuga hafa á júdó og líkamsrækt eru hvattir til að prófa að mæta á júdóæfingu.

Úrslit mótsins eru á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).

**HSK-mót í taekwondo**

HSK mótið í taekwondo var haldið í Iðu á Selfossi 14. desember 2014. 42 keppendur mættu til leiks þrátt fyrir slæmt veðurútlit.

Keppt var í Poomsae, sparring og hinni sívinsælu þrautabraut. Einnig var sýninga-hópur taekwondodeildar Selfoss að frumsýna nýtt atriði sem vakti mikla lukku viðstaddra.

Það er skemmst frá því að segja að mótið gekk í alla staði frábærlega og allir keppendur stóðu sig með stakri þryði.

Stjórn taekwondodeildar Selfoss, sem sá um framkvæmd mótsins, þakkar öllum keppendum og fjölskyldum þeirra fyrir frábært mót. Úrslit mótsins eru á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).

**Stigakeppni félaga**

**Héraðsmót 13 ára og eldri**

- 1. Selfoss 45 stig

**Héraðsmót 12 ára og yngri**

- 1. Selfoss 118 stig
- 2. Dímon 24 stig
- 3. Þór 9 stig



Yngstu keppendurnir á héraðsmóttinu í júdó.



## Skila þarf Felixskýrslunni árlega

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila skýrslu inn eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

"Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ senda framkvæmdastjórn ÍSÍ starfsskýrslur síðasta árs í tölvuskra samkvæmt forriti sem ÍSÍ leggur til ásamt félaga- og iðkendatali síðasta starfsárs. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í íþróttþingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað."

Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttgreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttgreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sérsambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á.

### Starfsskýrslan skiptist í þrennt:

- Félagatal (félagar og iðkendur).
- Ársreikning fyrir síðastliðið ár.
- Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu í félaginu og deildum þess.

Ítarlegar leiðbeiningar um starfsskýrsluferlið eru á heimasíðu ÍSÍ en einnig getur starfsmaður Felix, Birgir Sverrisson, aðstoðað við starfsskýrsluskil. Hægt er að ná í Birgi í síma 514-4022 eða með tölvupósti á birgir@isi.is

Á árinu skiluðu 58 af 59 aðildarfélögum skýrslunni. Það félag sem skilaði ekki skýrslunni er ekki starfandi. 54 aðildarfélög skiluðu skýrslunni fyrir 15. apríl, en skila þarf fyrir þann dag til að lottógreiðslur félaga skerðist ekki.

## Getraunir – tekjulind og efling félagsstarfs

Íslenskar getraunir er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Allur hagnaður af starfsemi fyrirtækisins rennur til íþróttahreyfingarinnar. Rekstur fyrirtækisins

hefur gengið vel. Veltan aukist ár frá ári og hagnaður til hreyfingarinnar vaxið. Þetta er ekki sjálfgefin niðurstaða í rekstri Íslenskra getrauna. Ein stoðin undir reksturinn er samstarf Getrauna við íþróttafélögin í landinu um sölu á getraunaseðlum. Þetta samstarf hefur tekist víða mjög vel og standa íþróttafélögin undir sölu á yfir 50% af seldum getraunaseðlum ár hvert. Fyrir þessa vinnu fá félögin bæði áheiti sem eru 10% af andvirði hvers miða, og sölulaun sem eru 16% af andvirði hvers miða. Alls geta félögin sem sinna getraunastarfi fengið 26% af andvirði hvers miða sem seldur er í sinn hlut. Hafa mörg félög verulegar tekjur af sölu getraunaseðla. Fyrsta skrefið er að kynna getraunanúmer félagsins fyrir félagsmönnum.

HSK stóð fyrir góðri ráðstefnu síðastliðið haust sem bar heitið Sveitt að safna peningum. Þar flutti ég kynningu frá Getraunum um hvernig hægt er að nýta getraunastarfið til að afla fjár, en ekki síður hvernig getraunastarfið hefur komið í staðinn fyrir þingó, félagsvist og aðra leiki sem iðkaðir voru fyrr á árum til að skemmta fólki. Þannig hefur getraunastarfið komið í stað eldri leikja og eftt félagsstarfið innan hvers félags. Það meta margir meira en þær krónur sem safnast hverju sinni. Krónurnar eru bónusinn við öflugt félagsstarf.

Enn sem fyrr eru starfsmenn Íslenskra getrauna tilbúnir til að aðstoða félög við að koma upp getraunastarfi innan félagsins og veita áhugasömum aðilum allar nauðsynlegar upplýsingar.

**Pétur Hrafn Sigurðsson,  
deildarstjóri getraunadeildar.**

## Lottótekjur jukust um 16% milli ára

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2014 kr. 23.017.220 og hafa aldrei verið meiri. og hafa aldrei verið meiri. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189, árið 2010 kr. 14.942.890, árið 2009 kr. 12.790.362 og árið 2008 kr. 12.133.280. Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóíð út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna.



Framlag ÍSÍ árið 2014 var kr. 9.442.377 og frá UMFÍ kr. 13.574.843.

Breyting var gerð á lottóreglugerð HSK á héraðsþinginu í Aratungu í ár. Nú fá sérráð sambandsins í fyrsta sinn úthlutað úr lottópottinum.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8 % í Verkefnasjóð HSK, 20 % til HSK og 72 % til aðildarfélaga og sérráða.

### Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaðöllum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaðöllum.

### Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. erlendra leikja á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.



## HÓTEL ÖRK Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska

Hótel Örk í Hveragerði var á árinu kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska fréttablaðinu og hófst það samstarf á haustdögum 2005. HSK þakkar Hótel Örk fyrir samstarfið og væntir góðs árangurs af samstarfi við hótelið.

## Gönguverkefni HSK 2014

Héraðssambandið Skarphéðinn stóð fyrir sérstöku gönguverkefni í sumar, undir nafninu Fjölskyldan á fjallið. Verkefnið var unnið í samvinnu við Dagskrána sem birti vikulega upplýsingar um fjall vikunnar. Alls voru 16 fjöll á sambandssvæðinu í þessu verkefni.

Tilgangur verkefnisins var að hvetja fjölskyldur til að fara saman í léttar gönguferðir á fjöll á sambandssvæði HSK og vekja um leið athygli á almenningi þróttaverkefnum HSK og UMFÍ og gildi útiveru og hreyfingar ásamt samveru fjölskyldunnar.

HSK hefur tekið þátt í gönguverkefni UMFÍ frá 2002 og að jafnaði tilnefnt tvö ný fjöll á hverju ári, þar sem settir hafa verið upp póstkassar með gestabók á viðkomandi fjöllum. Það var gert í sumar og fjölmargir rituðu nöfn sín í bækur sem staðsettar voru á Fagrafelli í Rangárfingi og Dalafelli í Ölfusi.

Þátttakendur í verkefninu voru auk þess



Verðlaunahafar í Gönguverkefni HSK 2014, ásamt fulltrúum Intersport og HSK.

beðnir að skila inn þátttökueyðublaði þar sem setja átti upplýsingar um fjallgöngur á fjöllum 16, eitt eða fleiri.

Að loknu verkefninu voru þrjú þátttakendur verðlaunaðir fyrir þátttökuna, sem dregnir voru út úr hópi þátttakenda. Verðlaunaafhendingin fór fram í Intersport á Selfossi, en verzlunin gaf veglega vinninga í formi vöruúttekta. Þá fengu verðlaunahafar HSK treyju að gjöf frá HSK.

Sérstaka viðurkenningu fékk Sævar Jónsson á Snjallsteinshöfða, en hann gekk á öll fjöllin í sumar. Þátttökuverðlaun hlutu þær Aldís Sigfúsdóttir á Selfossi og Árný Gestsdóttir, Suður-Nýjabæ 2, Þykkvabæ.

Göngunefnd HSK þakkar Dagskránni á Selfossi og Intersport á Selfossi fyrir ánægjulegt samstarf og þakkar um leið göngufólkinu fyrir þátttökuna.

## Nítján vinnustaðir á sambandssvæðinu tóku þátt í „Hjólað í vinnuna“

Verkefnið „Hjólað í vinnuna“ var haldið í 12. sinn árið 2014. Nítján vinnustaðir á sambandssvæði HSK tóku þátt og vann Efnalaug Suðurlands til verðlauna í sínum flokki.

9.145 þátttakendur frá 567 vinnustöðum hjóluðu 734.946 kílómetra á þeim 15 dögum sem verkefnið Hjólað í vinnuna stóð yfir. Við það sparadist um 118 tonn af útblæstri CO<sub>2</sub>, og 70.500 lítrar af eldsneyti sem gera 17 milljónir króna og brenndar voru um 46 milljónir kaloría sé þessi vegalengd gengin en 25 milljónir kaloría sé þessi vegalengd hjóluð, sé miðað við 80 kg mann sem ekur á fólkabíl. Ferðamáti var í 89,1% á hjóli, 7% gangandi, 2,5% strætó/gengið og 0,7% hlaup.

Heildarúrslit má finna inn á [www.hjoladvinnuna.is](http://www.hjoladvinnuna.is).

## FSu í 3. sæti í „Hjólað í skólann“

Verkefnið Hjólað í skólann, sem er á vegum ÍSÍ, var haldið á árinu. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta meðal nemenda og starfsmanna framhaldsskólanna.

Fjölbrautaskóli Suðurlands var á meðal þátttökuskóla og varð í þriðja sæti í flokki skóla yfir 1.000 nemendur og kennara.

Nánari upplýsingar og úrslit um Hjólum í skólann er að finna á [www.hjolumiskolann.is](http://www.hjolumiskolann.is).



Frá göngu með póstkassann á Dalafell.



# Heildarstigatafla HSK 2014

Íþróttafélagið Dimon sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2014 og endurheimti þar með bikarinn eftir sjö ára sigurgöngu Umf. Selfoss. Dimon hlaut 194 stig, Selfoss varð öðru sæti með 162 stig og Garpur í þriðja sæti með 117,5 stig.

Röð félaga	Badminton, héraðsmót	Badminton, unglíngamót	Blak, héraðsmót kalla	Blak, héraðsmót kvenna	Blak, héraðsmót drengja	Blak, héraðsmót stúlkna	Blak, hraðmót kalla	Blak, hraðmót kvenna	Bordennis, héraðsmót	Bridds, tvímenningur	Bridds, tvímenningur eldri borgara	Frisíþróttir, héraðsmót innan.	Frisíþróttir, unglíngamót innan.	Frisíþróttir, aldursflokkamót innan.	Frisíþróttir, héraðsmót utan.	Frisíþróttir, unglíngamót utan.	Frisíþróttir, aldursflokkamót utan.	Glima, héraðsmót stúlkna	Glima, héraðsmót drengja	Glima, héraðsmót karla	Glima, héraðsmót kvenna	Íþróttir fallaðra, héraðsmót	Judo, héraðsmót 15 ára og eldri	Judo, héraðsmót 11 - 14 ára	Körfuknattleikur, héraðsmót 10. fl. dr.	Körfuknattleikur, héraðsmót 8. fl. dr.	Skák, héraðsmót 16 ára og yngri	Skák, sveitakeppni	Starfsíþróttir, héraðsmót	Sund, aldursflokkamót	Sund, unglíngamót	Sund, héraðsmót	Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri	Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri	stig samtals	
1. Íþr.f. Dimon	7	8	5	5	10	10	8	10	2	8	8	4	4	9	7	5	4	10	10	10	10		10	10			9	7	8	8	10	8	9	9	194	
2. Umf. Selfoss			6	6	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10					10	10					10	10	9	9	10	10	162		
3. Íþr.f. Garpur	8	7		6	8	8		8	8,5	8,5		4	4	8	6	8	6	9	8							9	8	8	7	8	8	10		117,5		
4. Íþr.f. Hamar	10	9	8	8			10	9	8,5	9																			9	8	10		107,5			
5. Umf. Þór	9	10									10	10	7	8	9	9										10							8	90		
6. Umf. Laugdale			7	9			7	8			8	7	6	6	8	8	7											6						79		
7. Umf. Hrunamanna			10	7			7		2	4,5		5	8	7												10								65,5		
8. Umf. Hekla				5			5	9	2			3		5,0														10	9	4	6			58		
9. Umf. Baldur Hr.								7		7		2	1,7	1,7	2,3	0,7	2,7	3	3	3,3							2,3	8							37,7	
10. Umf. Samhygð			9									2	1,7	1,7	2,3	0,7	2,7	3	3	3,3							2,3	5							36,7	
11. Umf. Vaka												2	1,7	1,7	2,3	0,7	2,7	3	3	3,3							2,3	7							29,7	
12. Íþr.f. Suðri											7												10						10							27
13. Umf. Gnúpverja									2	4,5					9	1												6							22,5	
14. Umf. Hvöt				3					6																										9	
14. Körfukn.f. FSu																																			9	
14. Umf. Biskupstungna								5																											9	
14. Umf. Skeiðamanna																																			9	
18. Umf. Eyfellingur																																			7	
19. Golfkl. Flúðir								7																												6,5
19. Golfkl. Selfoss																																			6,5	
21. Umf. Framtöin																																				6
22. Umf. Eyrarbakka									2																											2





## Ýmsar upplýsingar

# Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

### 1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

### 2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

### 3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

### 4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntöku- beiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

### 5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

### 6. gr.

Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein.

Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

### 7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1 - 200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401 - 600 þrjú fulltrúa o.s.fr. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

Lögmætt er héraðsþing ef helmingur sambandsfélaganna sendir fulltrúa til þess. Stjórn er heimilt að krefjast þess að tillögur sem leggja á fram á héraðsþingi hafi borist stjórninni viku áður en þingið hefst og stjórn er skylt að tilkynna það í þingboði.

Eigi má fulltrúi á héraðsþingi fara með nema eitt atkvæði. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa rétt kjörnir fulltrúar þeirra félaga, sem skuldlaus eru við sambandið þegar þingið fer fram.

### 8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnanda. Héraðsþing kys þrjú menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kunnu að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

### 9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukþing ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukþing skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukþings skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukþingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi

sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

### 10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

### 11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

### 12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykkrir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

### 13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambands- svæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritade á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

### 14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félögum.

### 15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskipta- banka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvalla- sýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

### 16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2010)



# Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2014

**Akstursíþróttafélag:**

Akstursíþr.f. Hreppakappa  
Torfæruklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson  
Helga Katrín Stefánsdóttir

Hlíðarhjalla 40, Kópavogi  
Marbakkabraut 15, Kópavogi

**Golfklúbbar:**

Golfkl. Ásatúns  
Golfkl. Dalbúi  
Golfkl. Flúðir  
Golfkl. Geysir  
Golfkl. Hellu  
Golfkl. Hveragerðis  
Golfkl. Kjðjobergs  
Golfkl. Selfoss  
Golfkl. Tuddi  
Golfkl. Úthlíð  
Golfkl. Þorlákshafnar  
Golfkl. Þverá  
Golfkl. Öndverðarness

Sigurjón Harðarson  
Páll Ólafsson  
Ragnar Pálsson  
Pálmi Hliðoversson  
Óskar Pálsson  
Auðunn Guðjónsson  
Jóhann Friðbjörnsson  
Ástfríður M. Sigurðardóttir  
Bjarni Magnússon  
Þorsteinn Sverrisson  
Guðmundur Baldursson  
Ragnar Borgþórsson  
Aðalsteinn Steinþórsson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi  
Ægissíðu 115, Reykjavík  
Rjúpnasölum 12, Kópavogi  
Breiðvangi 5, Hafnarfirði  
Öldugerði 20, Hvolsvelli  
Heiðmörk 50, Hveragerði  
Kjðjobergi, Grímsnesi  
Fagurgerði 10, Selfossi  
Fjóluhlíð 3, Hafnarfirði  
Melbæ 15, Reykjavík  
Lýsubergi 16, Þorlákshöfn  
Lautarsmára 37, Kópavogi  
Geitlandi 41, Reykjavík

**Hestamannafélag:**

Hestamannaf. Geysir  
Hestamannaf. Háfeti  
Hestamannaf. Ljúfur  
Hestamannaf. Logi  
Hestamannaf. Sleipnir  
Hestamannaf. Smári  
Hestamannaf. Trausti

Ólafur Þórisson  
Sjöfn Sæmundsdóttir  
Ægir Guðmundsson  
Einar Á.E. Sæmundsen  
Magnús Ólason  
Ingvar Hjálmarsson  
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Miðkoti, V-Landeyjum  
Klængsbúð 11, Þorlákshöfn  
Kröggólfsstöðum, Ölfusi  
Daltúni, Reykholti  
Grenigrund 7, Selfossi  
Fjalli 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Fossahvarfi 5, Kópavogi

**Íþróttafélag:**

Íþróttafélagið Dímon  
Íþróttafélagið Garpur  
Íþróttafélagið Gnýr  
Íþróttafélagið Hamar  
Íþróttafélagið Mílan  
Íþróttafélagið Mímir  
Íþróttafélagið Suðri

Ásta Laufey Sigurðardóttir  
Sigríður Arndís Þórðardóttir  
Halldór Hartmannsson  
Hjalti Helgason  
Birgir Örn Harðarson  
Fjölur Grétarsson  
Þórdís Bjarnadóttir

Króktúni 9, Hvolsvelli  
Þjóðólfsghaga 1, Holtum  
Brekukoti, Sólheimum  
Lyngheiði 22, Hveragerði  
Miðengi 17, Selfossi  
Heimavist ML, Laugarvatni  
Gauksrima 10, Selfossi

**Karatefélag:**

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

**Knattspyrnufélag:**

Knattspyrnuf. Árborgar  
Knattspyrnuf. Rangæinga  
Knattspyrnuf. Ægir

Hafþór Theodorsson  
Auður Erla Logadóttir  
Guðbjartur Örn Einarsson

Sogavegi 158, Reykjavík  
Laufskálum 1, Hellu  
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

**Körfuknattleiksfélag:**

Körfuknattl.f FSu

Víðir Óskarsson

Fosstúni 12, Selfossi

**Lyftingafélag:**

Lyftingafélagið Hengill

Einar Alexander Haraldsson

Arnarheiði 13b Hveragerði

**Skotfélag:**

Skotiþróttafélag Suðurlands  
Skotfélagið Skyttur

Ólafur Árni Másson  
Guðmar Jón Tómasson

Brandshúsum 3. Flóahreppi  
Drafarsandi 3, Hellu

**Ungmennafélag:**

U.B.H  
Umf. Ásahrepps  
Umf. Baldur  
Umf. Biskupstungna  
Umf. Dagsbrún  
Umf. Eyfellingur  
Umf. Eyrarbakka  
Umf. Framtíðin  
Umf. Gnúpverja  
Umf. Hekla  
Umf. Hrunamanna  
Umf. Hvöt  
Umf. Ingólfur  
Umf. Laugdæla  
Umf. Merkihvoll  
Umf. Njáll  
Umf. Samhygð  
Umf. Selfoss  
Umf. Skeiðamanna  
Umf. Stokkseyrar  
Umf. Trausti  
Umf. Vaka  
Umf. Þór  
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon  
Jakob S. Þórarinnsson  
Baldur Gauti Tryggvason  
Smári Þorsteinsson  
Jón Óskar Björgvinsson  
Ármann Fannar Magnússon  
Ívar Örn Gíslason  
Brynja Rúnarsdóttir  
Einar Gestsson  
Guðmundur Jónasson  
Erla Björg Arnardóttir  
Antonía Helga Guðmundsdóttir  
Þröstur Guðnason  
Margrét Harðardóttir  
Kjartan Magnússon  
Rúnar Guðjónsson  
Stefán Geirsson  
Guðmundur Kr. Jónsson  
Lára Jónsdóttir  
Gísli G. Friðriksson  
Auður Sigurðardóttir  
Guðmunda Ólafsdóttir  
Eyrún Hafþórsdóttir  
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli  
Áskoti, Ásahreppi  
Sunnuvegi 1, Selfossi  
Bjarkarbraut 3, Reykholti Biskupstungum  
Vorsabæ, A-Landeyjum  
Hrútafelli, Eyjafjöllum  
Brennu 1, Eyrarbakka  
Brekku, Þykkvabæ  
Hæli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Bolöldu 3, Hellu  
Högnastíg 14, Flúðum  
Klausturhólum, Grímsnesi  
Varghóli, Holtum  
Háholti 5, Laugarvatni  
Hjallanesi, Landsveit  
Gilsbakka 29a, Hvolsvelli  
Gerðum, Flóahreppi  
Urðarmóa 15, Selfossi  
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Tjarnarstíg 6, Stokkseyri  
Eystra-Seljalandi, V-Eyjafjöllum  
Seftjörn 20, Selfossi  
Brynjólfsbúð 6, Þorlákshöfn  
Neðri-Þverá, Fljótshlíð



## Gull- og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 11 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og sex hafa fengið silfurmerki sambandsins.

### Eftirtaldir hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlísson	Frá Akurey	2012
Lisa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014

### Eftirtaldir hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014

## Iðkendum félaga 12.650 í 24 greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendum hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttgreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2013, samkvæmt upplýsingum úr felixsskýrslum sem var skilað 2014. Einnig eru birtar tölur síðustu ára. Iðkendum á sambandssvæðinu fjölgaði um 9% á milli ára, eða um samtals 1.045. Iðkendum fjölgaði hlutfallslega mest í fimleikum, eða um 57,14%. Þá fjölgaði iðkendum um 25% í akstursíþróttun, 19,58% í körfuknattleik, 14,75% í handknattleik, 13,56% í knattspyrnu og 9,98% í glímu. Iðkendum fækkaði í nokkrum greinum, t.d. fækkaði iðkendum í kraftlyftingum um 28,76% á milli ára, eftir gífurlega fjölgun árið áður. Þríþraut, er samkvæmt innsendum Felixsskýrslum, ekki lengur iðkuð á sambandssvæðinu.

### Iðkendum í einstökum greinum innan HSK:

Íþróttgrein	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Golf	1.543	1.542	1.534	1.803	1.905	2.152	2.843	2.642	2.867	2.960
Hestaiþróttir	1.547	1.772	1.657	1.896	1.838	1.932	1.964	2.014	2.044	2.044
Knattspyrna	1.088	1.431	1.323	1.464	1.430	1.441	1.340	1.167	1.177	1.418
Almenningsíþróttir	184	194	352	623	493	551	1.252	1.240	1.210	1.308
Fimleikar	784	891	758	773	822	807	859	1.032	735	1.155
Körfuknattleikur	933	1.057	1.076	830	804	868	716	716	720	861
Frjálsar íþróttir	854	1.048	907	901	708	763	633	639	647	692
Handknattleikur	195	306	339	400	454	457	426	355	454	521
Sund	240	205	199	102	102	115	116	194	235	244
Blak	200	172	171	225	239	224	221	185	228	224
Skotfimi	133	133	228	132	131	131	77	135	187	186
Glíma	204	165	169	188	182	201	178	149	167	182
Taekwondo					87	100	134	115	180	144
Motocross				8	131	131	151	151	131	140
Badminton	164	142	109	152	166	148	135	117	130	131
Leiklist	120	98	144	140	102	93	103	93	104	98
Íþróttir fatlaðra	94	88	123	113	115	103	104	111	108	89
Kraftlyftingar					25	26	38	34	94	73
Borðtennis	103	100	90	96	106	100	97	67	60	59
Júdo	61	67	0	61	73	79	55	83	55	55
Bridds	0	33	37	37	37	37	37	32	31	30
Akstursíþróttir								9	16	20
Karate									11	11
Skógrækt		4	5	5	5	5	5	5	5	5
Þríþraut								9	9	
Hnefaleikar	20	0	20	20			13	13		
Skák	5	6	6	6	7	7	5			
Starfsíþróttir	10	23	37	28						
<b>SAMTALS</b>	<b>8.482</b>	<b>9.477</b>	<b>9.284</b>	<b>10.003</b>	<b>9.962</b>	<b>10.471</b>	<b>11.502</b>	<b>11.307</b>	<b>11.605</b>	<b>12.650</b>



## Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á [www.felix.is](http://www.felix.is), með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum, auk félagatalis eins félags sem skilaði ekki umræddri skýrslu árið 2014, þá fjölga félagsmönnum um 1.835 á milli ára eða um 10,36% og eru nú 19.558. Íbúum á sambandssvæðinu fjölgaði um 174 milli ára, sem er 0,93% fjölgun og eru nú 18.881 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2014.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn		alls	tekjur af lottói	getrauna-númer
	15 ára -	16 ára +			
Frjálsíþróttaráð HSK				426.202	
Glimuráð HSK				162.816	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	15	15	1.626	
Golfkl. Asatúns	1	276	277	144.918	830
Golfkl. Dalbúi	7	137	144	49.026	813
Golfkl. Flúðir	28	252	280	192.781	814
Golfkl. Geysir	9	41	50	76.519	
Golfkl. Hellu	13	103	116	93.081	852
Golfkl. Hveragerðis	31	315	346	197.161	812
Golfkl. Kiðjábbergs	20	320	340	128.222	797
Golfkl. Selfoss	44	402	446	230.881	808
Golfkl. Tuddi	26	21	47	87.019	
Golfkl. Úthlið	2	262	264	56.214	845
Golfkl. Þorlákshafnar	28	309	337	187.770	796
Golfkl. Þverá	0	61	61	5.677	867
Golfkl. Öndverðarness	41	479	520	136.935	798
Hestamannaf. Geysir	183	453	636	523.405	856
Hestamannaf. Háfeti	12	75	87	8.655	
Hestamannaf. Ljúfur	35	126	161	75.057	816
Hestamannaf. Logi	45	151	196	190.766	
Hestamannaf. Sleipnir	105	455	560	383.235	
Hestamannaf. Smári	91	215	306	284.238	
Hestamannaf. Trausti	6	105	111	71.451	842
Íþróttaf. Dímon	272	391	663	724.713	859
Íþróttaf. Garpur	56	244	300	241.348	855
Íþróttaf. Gnýr	1	64	65	56.219	
Íþróttaf. Hamar	390	1226	1616	1.683.480	810
Íþróttaf. Mimir	0	157	157	62.116	843
Íþróttaf. Suðri	5	100	105	68.863	827
Karatef. Suðurlands	0	12	12	45.035	
Knattsp.f. Árborgar	17	195	212	61.154	811
Knattsp.f. Rangæinga	291	378	669	581.547	866
Knattsp.f. Ægir	68	417	485	304.535	822
Körfuknattl.f. FSu	41	84	125	91.141	831
Skotf. Skyttur	0	57	57	51.746	
Skotíþr.félag Suðurlands	0	251	251	65.369	
Torfærúkl. Suðurlands	1	71	72	55.609	
UBH	0	189	189	70.452	860
Umf. Ásahrepps	2	49	51	9.909	853
Umf. Baldur Hr.	21	107	128	95.818	804
Umf. Biskupstungna	93	214	307	352.881	803
Umf. Dagsbrún	1	166	167	68.013	865
Umf. Eyfellingur	2	85	87	19.060	863
Umf. Eyrarbakka	61	206	267	151.888	820
Umf. Framtíðin	17	52	69	33.719	
Umf. Gnúpverja	34	342	376	194.056	802
Umf. Hekla	193	356	549	508.004	851
Umf. Hrunamanna	118	329	447	415.699	801
Umf. Hvöt	1	139	140	66.589	809
Umf. Ingólfur	0	109	109	59.878	850
Umf. Laugdæla	66	180	246	297.178	840
Umf. Merkihvoll	0	59	59	4.952	854
Umf. Njáll	0	85	85	0	864
Umf. Samhygð	18	98	116	98.258	807
Umf. Selfoss	1310	3115	4425	4.718.531	800
Umf. Skeiðamanna	17	267	284	101.640	799
Umf. Stokkseyrar	100	284	384	371.829	825
Umf. Trausti	0	89	89	13.217	862
Umf. Vaka	38	122	160	144.457	805
Umf. Þór	222	435	657	793.372	815
Umf. Þórsmörk	0	78	78	55.812	861
<b>Samtals</b>	<b>4.183</b>	<b>15.375</b>	<b>19.558</b>	<b>16.451.742</b>	



## Íþróttaiðkendum aðildarfélagum HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendum í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2013, sem skilað var á árinu 2014.

	Konur		Karlar		Bæði kyn		Alls
	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	0	11	0	11	11
Golfkl. Ásatúns	0	38	1	238	1	276	277
Golfkl. Dalbúi	3	46	3	83	6	129	135
Golfkl. Flúðir	5	112	22	140	27	252	279
Golfkl. Geysir	1	7	8	25	9	32	41
Golfkl. Hellu	3	38	10	65	13	103	116
Golfkl. Hveragerðis	12	88	19	136	31	224	255
Golfkl. Kiðjabergs	7	123	13	197	20	320	340
Golfkl. Tuðdi	12	2	14	19	26	21	47
Golfkl. Selfoss	9	129	35	271	44	400	444
Golfkl. Úthlið	0	42	2	65	2	107	109
Golfkl. Þorlákshafnar	9	111	19	198	28	309	337
Golfkl. Þverá	0	23	0	37	0	60	60
Golfkl. Öndverðarness	12	208	29	271	41	479	520
Hestamannaf. Geysir	102	191	81	262	183	453	636
Hestamannaf. Háfeti	9	25	3	50	12	75	87
Hestamannaf. Ljúfur	21	52	14	74	35	126	161
Hestamannaf. Logi	23	53	22	98	45	151	196
Hestamannaf. Sleipnir	64	190	41	254	105	444	549
Hestamannaf. Smári	50	95	41	118	91	213	304
Hestamannaf. Trausti	2	47	4	58	6	105	111
Íþróttaf. Dímon	238	28	222	19	460	47	507
Íþróttaf. Garpur	21	69	18	107	39	176	215
Íþróttaf. Gnýr	0	59	1	60	1	119	120
Íþróttaf. Hamar	291	668	273	594	564	1.262	1.826
Íþróttaf. Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	2	13	3	20	5	33	38
Karatef. Suðurlands	0	2	0	9	0	11	11
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	56	0	56	56
Knattsp.f. Rangæinga	58	1	75	17	133	18	151
Knattsp.f. Ægir	19	34	39	58	58	92	150
Körfuknattleiks f. FSu	0	0	36	31	36	31	67
Skotfélagið Skyttur	0	3	0	52	0	55	55
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	3	0	128	0	131	131
Torfæruklúbbur Suðurlands	0	0	1	19	1	19	20
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Ásahrepps	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Baldur Hr.	6	1	6	5	12	6	18
Umf. Biskupstungna	60	14	71	27	131	41	172
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	7	0	11	0	18	18
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	9	0	6	0	15	0	15
Umf. Gnúpverja	19	26	12	101	31	127	158
Umf. Hekla	73	5	50	9	123	14	137
Umf. Hrunamanna	37	93	61	109	98	202	300
Umf. Hvöt	0	7	0	60	0	67	67
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	49	50	54	44	103	94	197
Umf. Merkihvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Njáll*							
Umf. Samhygð	5	13	16	27	21	40	61
Umf. Selfoss	818	252	905	361	1.723	613	2.336
Umf. Skeiðamanna	4	10	6	12	10	22	32
Umf. Stokkseyrar	59	14	22	133	81	147	228
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Vaka	13	10	28	18	41	28	69
Umf. Þór	117	27	104	108	221	135	356
Umf. Þórsmörk	0	23	0	55	0	78	78
<b>Samtals</b>	<b>2.242</b>	<b>3.064</b>	<b>2.390</b>	<b>4.954</b>	<b>4.632</b>	<b>8.018</b>	<b>12.650</b>

\* Eitt félag skilaði ekki Felixsskýrslu



## Íþróttamaður HSK frá upphafi

Frá árinu 1964 hefur Íþróttamaður HSK verið valinn og frá árinu 1981 hefur Íþróttamaður ársins fengið til varðveislu í eitt ár í senn myndarlegan farandbikar sem nafnbótinni fylgir. Hefur nafn íþróttamannanna verið áletrað á bikarinn frá þeim tíma.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna



## Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfolki fyrir veitingar á þinginu. Lárus Ingi Friðfinnsson formaður körfuknattleiksdeildar Hamars var valin matmaður héraðsþingsins á Borg og mun hann velja matmann HSK á þinginu á Flúðum 2015.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshólmur	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðm. Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemenz Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshólmur	1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshólmur	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjóra Guðnad.	Borg
2001	Jón Andrésson	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þröstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
2011	Helgi S. Haraldsson	Hella	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
2013	Guðriður Aadnegard	Aratunga	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg

## Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturfærð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3-4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Ólafur Elí Magnússon Íþróttafélaginu Dímon, vann sleifarkeppnina 2014 og mun hann sjá um keppnina á héraðsþinginu á Flúðum 2015.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1969-70	Engin keppni	
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	1976	Rúnar Guðjónsson	Borg
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	1978-81	Engin keppni	
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	1985	Guðmundur Adólfsson	Heimaland
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	1987	Markús Ívarsson	Laugaland
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	1991	Kjartan Lárusson	Skógar
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	1993	Gunnar Sverrisson	Njálshólmur
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	1995	Kristinn Guðnason	Hella
1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg	1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
2002	Kári Jónsson	Flúðir	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt	2013	Þröstur Guðnason	Aratunga
2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg			



## Fréttapunktur frá ÍSí 2014



### Íþróttþing ÍSí

72. Íþróttþing ÍSí verður haldið í Gullhömrum í Grafarholti dagana 17.-18. apríl 2015. Við fráfall Ólafs E. Rafnssonar forseta ÍSí í júní 2013 tók Lárus L. Blöndal varaforseti við embætti forseta ÍSí, eins og lög ÍSí kveða á um og Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður tók sæti í stjórninni. Á þinginu í apríl 2015 verður kosið um forseta og stjórn ÍSí.

### Heimsóknir forseta ÍSí til íþróttahéraða

Haustið 2014 heimsóttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSí og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí, ásamt fylgdarliði, 13 íþróttahéruð um allt land, skoðuðu íþróttamannvirki og funduðu með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar í hverju héraði ásamt fulltrúum frá viðkomandi sveitarfélögum. Á árinu 2015 eru fyrirhugaðar heimsóknir í þau 12 íþróttahéruð sem ekki náðist að heimsækja síðastliðið haust.

### Heiðurshöll ÍSí

Knattspyrnumaðurinn Ásgeir Sigurvinsson og körfuknattleiksmaðurinn Pétur Guðmundsson voru útnefndir í Heiðurshöll ÍSí í hófi íþróttamanns ársins 2014. Alls er búið að útnefna 9 einstaklinga í Heiðurshöllina.

### Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2014 voru 82 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Núverandi ríkisstjórn hækkaði framlag til sjóðsins á fjárlögum Alþingis 2014 um 15 m.kr. eða í 85 m.kr. og sama upphæð er á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2015.

### Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010, 61,8 m.kr. fyrir árið 2011, 60,5 m.kr. fyrir árið 2012, 70 m.kr. fyrir árið 2013, 85 m.kr. fyrir árið 2014. Framlag fyrir árið 2015 er einnig 85 m. kr.

### Úthlutun styrkja

Á Íþróttþingi 2013 var ákveðið að fella niður Styrktarsjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna og sameina hann við Afrekssjóð ÍSí. Sú sameining átti sér stað 1. janúar 2014 og var því fyrsta úthlutun úr sameiginlegum Afrekssjóði ÍSí á árinu 2014. Til sérsambanda var úthlutað rúmlega 106 m.kr. en heildarúthlutun sjóðsins 2014 var rúmlega 111 m.kr.

### Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkrahjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí.

### Samningar við Ólympíufjölskyldu

Þann 28. desember 2013 voru undirritaðir samstarfssamningar á milli ÍSí og þeirra fjögurra fyrirtækja sem staðið hafa að Ólympíufjölskyldu ÍSí undanfarin ár. Það eru fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSí fram yfir Ólympíuleikana í Rió árið 2016. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði



Frá heimsókn forystu ÍSí á HSK svæðið.

almenningsíþróttaverkefnum og afrekssíþróttastarfi.

### Heimasíða ÍSí

Slóðin á heimasíðu ÍSí er sem fyrr [www.isi.is](http://www.isi.is) og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila, auk fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig á Fésbók, Twitter og Instagram.

### Skráningarkerfi ÍSí og UMFÍ

Á árinu 2014 var unnið að þarfagreiningu nýs skráningarkerfis ÍSí og UMFÍ. Þegar þarfagreining liggur fyrir verða teknar ákvarðanir um næstu skref.

### Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

### Fræðsluefni ÍSí

ÍSí hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, síðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt. ÍSí stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári.

### Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí á 1. stigi þjálfaramenntunarinnar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSí á landsvísi. Fjarnám á 1. 2. og 3. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn.

### Fyrirmyndarfélag ÍSí

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSí eru um 140 talsins. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Framundan er að opna möguleika íþróttahéraða til að sækja um gæðaviðurkenningu til ÍSí sem fyrirmyndarhéruð.

### Ólympísk verkefni

Á árinu 2014 sendi ÍSí þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikana í Sochi í Rússlandi og Sumarólympíuleika ungmenna í Nanjing í Kína. Á árinu 2015 mun ÍSí senda þátttakendur á Vetrar- og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar og einnig fyrstu Evrópuleikana en þeir fara fram í Baku í Azerbaidjan. Síðast en ekki síst verður ÍSí með stóran hóp þátttakenda á Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða að þessu sinni hér á Íslandi 1.-6. júní 2015.





Benóný Jónsson var sæmdur silfurmerki ÍSÍ á héraðsþingi HSK 2014.



Frá Felixnámskeiði á Selfossi.

### Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóða ólympíunefndinni. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands skipulagði í samstarfi við sambands- og samstarfsaðila sína heila viku af íþróttatengdum viðburðum og fékk einnig til liðs við sig nokkra ólympíufara. Ólympíuvikan 2014 tókst vel til og þakkar ÍSÍ öllum þeim sem tóku þátt í vikunni.

### Almenningsíþróttir

Mikil þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 4.-24. febrúar og grunn- og framhaldsskólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 4.-17. febrúar.

Hjólað í vinnuna stendur yfir í þrjár vikur eða frá 6. - 26. maí 2015 Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram í 26. sinn 13. júní 2015.

Hjólað í skólann fyrir framhaldsskólanemendur er haldið í viku í september 2015.

Göngum í skólann er haldið 2. sept -7. okt. 2015.

Hreyfitorg er nýtt verkefni sem fór í loftið í september 2013. Hreyfitorg er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu fyrir sig eða aðra (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitalboðum (þjónustuaðila). Kynntu þér málið á [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is).

Sjálfbóðaliðavefurinn „Allir sem einn“ er vefur sem var tekinn í notkun á síðasta Íþróttþingi ÍSÍ. Meginmarkmið með sjálfbóðaliðavefnum er að skapa vettvang fyrir sjálfbóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Slóðin á vefinn er [www.isi.is/sjalfboðaliðavefur](http://www.isi.is/sjalfboðaliðavefur).

### Norrænu lýðheilsuverðlaunin

Árið 2014 hlaut ÍSÍ Norrænu lýðheilsuverðlaunin fyrir að leggja sitt af mörkum til bættrar lýðheilsu á Íslandi. Verðlaunin eru veitt þeim einstaklingi, samtökum eða stofnun sem lagt hefur mikið af mörkum til bættrar lýðheilsu á Norðurlöndum.

Í rökstuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar segir m.a.: „Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur í meira en tvo áratugi haft mikil áhrif á lýðheilsu á Íslandi með því að leggja áherslu á að almenningur lífi heilbrigðu lífi. ÍSÍ hefur haft frumkvæði að áætlunum um

hreyfingu, lífsstíl og vellíðan almennings. Áætlanirnar, heilsu- og hvatningarverkefni, hafa haft mikil áhrif á fólk á öllum aldri og skilað góðum árangri hjá áhættuhópum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er verðugur handhafi Norrænu lýðheilsuverðlaunanna 2014 fyrir skilvirkt og kerfisbundið starf að lýðheilsuárum.“

### Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækjaíþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna. Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar, en þar er einnig góð aðstaða til fundarhalda. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfseminna.

### Lyfjamál

Alls voru tekin 80 sýni á árinu 2014, þar af 45 sýni í keppni eða um 56%. Lyfjapróf voru tekin í 13 íþróttgreinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 32 sýni fyrir aðra, þar á meðal á þremur alþjóðlegum mótum. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á [lyfjaeftirlit.is](http://lyfjaeftirlit.is).

### Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á árleg skil starfsskýrslna 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á [www.felix.is](http://www.felix.is). Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

### Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Sextánda Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi 1. - 6. júní 2015 og verður það í annað sinn sem leikarnir verða haldnir hér á landi. Á leikunum etja níu smáþjóðir kappi; Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó, San Marínó og Svartfjallaland. Gert er ráð fyrir því að heildarfjöldi keppenda verði um 800 en reikna má með 1.500 erlendum þátttakendum, að meðtöldu fylgdarfólki. Keppt verður í 11 íþróttgreinum og fer keppni í þeim að mestu fram í Laugardalnum. Áætluð þörf sjálfbóðaliða er ríflega 1.200 manns en skráning sjálfbóðaliða til verkefnisins hefur staðið frá því í nóvember 2014. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðu leikanna [www.iceland2015.is](http://www.iceland2015.is) og skrá sig til þátttöku í þessu spennandi verkefni.

### Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2014

Þann 3. janúar 2015 hélt ÍSÍ hóf sitt, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2014 var tilkynnt, í Gullhömrum í Grafarholti. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2014 lýst.



## Fréttapunktur frá UMFÍ 2014



### Vorfundur í Grindavík

Vorfundur UMFÍ var haldinn í Hópsskóla í Grindavík 11. maí en fundinn sóttu fulltrúar aðildarfélaga hreyfingarinnar. Kynntar voru niðurstöður stefnumótunarvinnu um framtíð landsmóta UMFÍ, kynnt þau tækifæri sem í boði eru í Evrópuverkefnum og þá var greint frá verkefninu „Move Week“. Heimamenn fóru síðan með gesti um íþróttasvæðið í bænum. Að því loknu var haldið námskeið í hvatningu, viðhorfum og mannlegum samskiptum.

### Sambandsráðsfundur UMFÍ í Garðabæ

39. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn 11. október í Garðabæ. Góð mæting var á fundinn og umræður líflugar. Á fundinum var m.a. samþykkt tillaga um að halda Vetrarlandsmót UMFÍ fyrir krakka á aldrinum 10-14 ára. Þá voru kynnt störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ og þá voru einnig kynntar tillögur að breytingum á Landsmóti UMFÍ sem unnar voru út frá niðurstöðum úr stefnumótunarfundum.

### Landsmót UMFÍ 50 + 2014 Húsavík

Dagana 20. – 22. júní var 4. Landsmót UMFÍ 50+ haldið á Húsavík. Mótshaldari að þessu sinni var Héraðssamband Þingeyinga HSB. Aðstaða til keppni á Húsavík var öll til fyrirmyndar. Þó nokkrar endurbætur voru gerðar á frjálsíþróttavellinum fyrir mótið sem ekki hafði verið haldið við í fjölmörg ár. Undirbúningur fyrir mótið stóð yfir í nokkra mánuði og gekk mjög vel. Keppt var í 18 keppnisgreinum og var þátttaka aðeins meiri en árið áður, eða rétt yfir 400 keppendur. Greinilegt er að áhugi er fyrir þessu móti sem á eftir að vaxa á næstu árum. Mikið var lagt uppúr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu. Keppendur og gestir skemmtu sér konunglega í blíðskaparveðri alla helgina og fóru gláðir og sælir til síns heima.

### Unglingalandsmót UMFÍ 2014 á Sauðárkróki

Óhætt er að fullyrða að 17. Unglingalandsmót UMFÍ hafi tekist vel í alla staði. Keppendur voru um 1.500 talsins og er það töliverð fjölgun frá mótinu sem var haldið á Sauðárkróki árið 2009. Mótssvæðin voru öll til fyrirmyndar enda lagði Sveitarfélagið Skagafjörður töliverða vinnu í að gera þau sem best úr garði. Mikið var lagt í afþreyingu á mótinu og tókst öll sú dagskrá afar vel. Fjölmargir frábærir tónlistarmenn tóku þátt í dagskránni ásamt öðru listafólki. Risatjald UMFÍ var á miðju afþreyingarsvæðinu sem nefnt var Landsmótsþorpið og þar skemmtu ungmennin sér frá morgni til kvölds. Mótssetning og mótsslit gengu einnig vel fyrir sig en aðeins var breytt út af fyrri venjum og reynt að taka tillit til óska ungmenna eins og mögulegt var.

### Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin dagana 9.-11. apríl á Ísafirði. Þema ráðstefnunnar var Stjórnsýslan og við – áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna. Að þessu sinni sóttu um sjöttu þátttakendur ráðstefnuna og þótti hún takast mjög vel.

### Sýndu hvað í þér býr

Námskeiðin Sýndu hvað í þér býr voru haldin á nokkrum stöðum um landið. Sýndu hvað í þér býr var haldið á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði og samkvæmt mati á ráðstefnunni þóttu námskeiðin góð. Ungmennaráð sveitarfélagsins í Garði kom á námskeið um miðjan apríl.

### Við erum öll fyrirmynd

Við erum öll fyrirmynd er verkefni sem miðar af því benda fólki á háttvísi þegar kemur að þátttöku barna í íþróttastarfi. Veggspjald hefur verið útbúið sem var kynnt á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki en það stendur til að útbúa efnið á álfplötur og koma þeim sem víðast út í hreyfinguna.



UMFÍ heiðraði fjóra einstaklinga á héraðsþingi HSK 2014.

### Forvarnarmál

Stýrihópur vegna forvarnardags Forsetans hóf undirbúning fyrir daginn sjálfan í byrjun maí. Fundir voru haldnir reglulega en Forvarnadagurinn sjálfur var haldinn 1. október. Stýrihópurinn lagðist í endurgerð á myndbandi sem kynnr fjöldahreyfingar sem koma að deginum sjálfum. Myndbandið var frumflutt á forvarnardaginn sjálfan.

### Stefnumótun Landsmóta

Eins og samþykkt var á síðasta sambandsþingi UMFÍ fór af stað fundarherferð eftir áramótin vegna stefnumótandi vinnu um framtíð Landsmóta UMFÍ. Á fundinum var kallað eftir álit og hugmyndum fólks úr hreyfingunni um hvernig mótin eigi að þróast og í hvaða farveg þau eigi að fara. Ágæt mæting var á fundina sem haldnir voru í öllum landsfjórðungum og komu fram ýmsar hugmyndir um framtíð móttanna. Fundurinn á Selfossi var haldinn 19. mars.

### Fundur með stjórnar sambandsaðila

Fundur með stjórnun aðildarfélaga UMFÍ voru haldnir víða um land á síðasta ári. Á fundinum var starfsemi félaganna og framtíðarsýn rædd. Ennfremur var farið yfir viðburði, tækifærin og annað tengdu starfinu. Vel tókst til með þessa fundi, starfið innan þessarra sambanda er mikið og er góður hugur í fólki á þeim stöðum sem heimsóttir voru. Fyrirhugaðir eru fundir með stjórnun sambandsaðila á næstu mánuðum.

### Skinfaxi

Auk fjögurra tölublaða af Skinfaxa á síðasta ári var ákveðið að gefa út að auki blöð í dagblaðsformi í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík og Unglingalandsmótið á Sauðárkróki. Blöðin voru prentuð í stærra upplagi en hefðbundin blöð og þeim dreift víðar, m.a. í byggðarlögum í nágrenni við landsmótsstaði. Í samvinnu við útgáfufund hafa breyttar áherslur við efnistösk og annað lítið dagsins ljós. Eftir sem áður verður lögð áhersla á að hafa blaðið líflégt með góðu efni úr hreyfingunni.

### Hreyfivika – Move Week

Hreyfivikan Move Week, sem fram fór dagana 29. september til 5. október, tókst mjög vel í alla staði og var almenn ánægja með verkefnið. Ungmennafélag Íslands náði markmiðum sínum því atburðir voru um 250 á landinu öllu og yfir 15.000 mans tóku þátt. Til samanburðar voru um 50 viðburðir á Íslandi í Hreyfivíkunni árið 2013 og markmiðið var að fjölga viðburðum um helming. Hreyfivikan fór fram með ýmsum hætti í 45 þéttbýliskjörnum á landinu og sneið hvert



Frá leiðtogasólarhring UMFÍ á Laugarvatni.

samfélag sér stakk eftir vexti. Hreyfivikan er hluti af „The NowWeMove 2012-2020“, herferð ISCA (International Sport and Culture Association), sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum til heilsubóta.

#### NSU

Aðalfundur NSU var haldinn í lok apríl í Noregi. Ungmennavika NSU fór fram í Noregi að þessu sinni á vegum Norsk Frilynt. Þema vikunnar að þessu sinni var leikhús, kvikmyndagerð og menning tengt norrænum glæpasögum. Sextán ungmenni allstaðar af landinu sóttu vikuna að þessu sinni og almenn ánægja var með ferðina. Leiðtogaskóli NSU var haldinn dagana 4.-10. ágúst sl. af Føroya Ungdómsráð, FUR og fór skólinn fram í Selstæd. Þema leiðtogaskólans í ár var nýsköpun, hugmyndavinna og efling ungs fólks á Norðurlöndum. Fimm ungmenni sóttu leiðtogaskólann í ár þar af tveir verðandi starfsmenn Ungmennabúða UMFÍ að Laugum.

#### Evrópa unga fólksins

Í upphafi árs 2014 var skrifað undir samning á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ungmennafélags Íslands um áframhaldandi rekstur Evrópu unga fólksins til ársins 2020. Ný áætlun Erasmus+ hófst í ársbyrjun. Á árinu 2014 úthlutaði Evrópa unga fólksins styrkjum til fjölbreyttra verkefna að upphæð 198 milljónum króna.

#### Ungmennaráð

Ungmennaráð UMFÍ er með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Þetta eru líflægir og skemmtilegir. Ráðið stóð fyrir Leiðtogasólarhring í byrjun nóvember fyrir uppenandi leiðtoga úr hreyfingunni.

#### Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV), samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar stóð fyrir góðu og öflugum starfi árið 2014. Eins og undanfarin ár var unnið að yfirmarkmiði ÆV, að tryggja enn betur öryggi og velferð barna og ungmenna í aðildarfélögum ÆV og treysta stóðir faglegs starfs. Markmið og tilgangur ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir.

#### Ganga.is

Ganga.is hefur staðið fyrir sínu undanfarin ár. Fjölmargir heimsækja vefinn á hverjum mánuði. Vefsíðan hefur að geyma fjölmargar gönguleiðir um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Á síðunni er einnig hægt að halda utanum eigin hreyfingu allt árið í tengslum við verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga!

#### Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga!

Verkefni Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert 5. júní og lýkur 15. september. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri.

#### Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem UMFÍ hefur verið með í nokkur ár. Verkefni hefur gengið mjög vel enda margir sem taka þátt í verkefninu ár hvert. Verkefnið gengur út á að sambandsaðilar tilnefna fjöll í verkefnið. Í ár voru tuttugu og eitt fjall í verkefninu.

#### Göngubókin Göngum um Ísland

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undanfarin ár. Bókin er alls 128 síður. Þar eru lýsingar á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið. Í bókinni er einnig er að finna 21 fjall. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik, t.d um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð.

#### Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var stafræktur á fjórum stöðum í sumar, Borgarnesi, Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og á Selfossi. Mjög góð þátttaka var á öllum stöðum í ár. Aldrei hafa t.d. fleiri mætt í skólinn á Selfossi eins og í sumar.

#### Eldri ungmennafélagar

Verkefnum tengd eldri ungmennafélögum er alltaf að fjölga. Greinilegt er að mikil þörf er á að sinna þessum hópi. Mikil vakning er í hreyfingu eldri ungmennafélaga sem má að einhverju leyti þakka landsmóti UMFÍ 50+. Nefnd eldri ungmennafélaga sinnir ýmsum verkefnum eins og t.d. útbreiðslu á hinum ýmsu íþróttgreinum fyrir eldra fólk.

#### Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum

Aldrei hefur aðsókn verið meiri í Ungmennabúðirnar en um vorið 2014 höfðu 1650 nemendur tryggt sér dvöl sem aldrei hefur gerst áður. Búast má við 2000 nemendum á yfirstandi starfsári.

#### Prastaskógur

Það er samdóma álit þeirra sem reglulega fara um skóginn að hann hafi sjaldan verið í eins góðu ástandi og einmitt núna. Vinnuhópur frá Landsvirkjun klippti greinar meðfram stígum auk þess sem rauðamöl var borin í þá, þar sem það átti við. Fimleikadeild Umf. Selfoss hreinsaði rusl við stíga og kringum hús. Félagar úr Vesturhlíð fjarlægðu „skógarvarðarhúsið“ úr skóginum og varð nokkuð rask af því, en búíð er að þrifa það svæði og koma í ásætlanlegt horf. Búíð er að bæta salernisaðstöðu og af framtíðarverkefnum má minnst á, að til stendur að grísa skóginn og gera braut með fram Soginu að tjaldstæðinu sem yrði fær hjólastólum.

#### Framtíðin

Framtíðin er leiðarvísir varðandi áherslur í þjálfun barna og ungmenna. Framtíðin byggist á hugmyndafræði þar sem grunnáhersla er á félagssálfræðilega þjálfun. Framtíðin er í grunninn ætluð þjálfurum félaga en er kynnt öllum sem koma að starfi félags. Síðastliðinn vetur var verkefnið prófað með UMF. Aftureldingu í Mosfellsbæ í samstarfi við Viðar Halldórsson.

#### Umhverfismál

Í umhverfisnefnd er m.a. verið að endurskoða umhverfisstefnu samtakanna. Hugmyndavinna er í gangi um umhverfisverkefni á landsvísu en í mörg horn er að líta þegar slík verkefni eru í vinnslu. Eins og jafnan tók UMFÍ þátt í degi íslenskrar náttúru sem haldinn er 16. september ár hvert og var stofnaður 2010. Eru einstaklingar, skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hvött til hafa daginn í huga í starfsemi sinni.



## Styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins

Íþróttanefnd ríkisins veitir árlega styrki til hinna ýmsu verkefna og er umsóknarfrestur til 15. október ár hvert. Alls bárust 107 umsóknir til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana að upphæð 123.097 kr. Styrkumsóknir um fræðslu- og útbreiðsluverkefni voru 52 að upphæð 11.427.490 kr. og umsóknir vegna íþróttarannsókna voru 13 að upphæð 27.494.491 kr. Styrkbeiðnir sem féllu utan ramma reglugerðar um íþróttasjóð voru 12 að upphæð 4.710.930 kr. Alls var úthlutað 15.515.000 krónum sem skiptast í fjóra flokka.

### Hér er yfirlit um 11 styrki sem veittir voru til aðildarféлага HSK.

Fimleikad. Umf. Selfoss	Löftgölf	300.000
Sunddeild Umf. Selfoss	Skráningarkerfi fyrir sund	40.000
Fimleikadeild Hamars	Áhaldakaup	200.000
Frjálsíþrótt. Umf. Selfoss	Kaup á íþróttahöldum	300.000
Umf. Hrunamanna	Efling á körfuknattleik fyrir yngstu iðkendur	50.000
Umf. Hekla	Frjálsíþróttahöld	50.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Uppbygging áhalda	300.000
Íþróttaf. Garpur	Innkaup áhalda	150.000
Umf. Laugdæla	Barna- og unglingsstarf UMFL	100.000
Umf. Hekla	Boltakaup	25.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna	50.000
<b>Samtals til aðildarféлага HSK</b>		<b>1.565.000</b>

## Ferðasjóður íþróttaféлага

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttaféлага. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Framlag til Ferðasjóðs íþróttaféлага á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2014 var 85 m.króna og áætlað er að sama upphæð verði til úthlutunar fyrir keppnisferðir ársins 2015. Rétt er að geta þess að nokkur þeirra féлага sem fengu styrk eru deildaskipt og því getur styrkur þeirra féлага runnið til fleiri en einnar deildar innan viðkomandi félags.

### Úthlutun til aðildarféлага HSK fyrir keppnisferðir 2009-2013:

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Glimuráð HSK	15.886	0	33.324	0	0	0
Golfkl. Hveragerðis	0	0	0	18.657	25.143	7.416
Golfkl. Selfoss	11.788	0	0	15.265	0	0
Golfkl. Þverá	0	0	0	0	7.894	0
Hestamannafélagið Geysir	0	0	26.348	0	0	0
Íþf. Dímon	58.430	0	7.654	35.284	35.685	14.169
Íþf. Garpur	0	0	0	22.125	0	0
Íþf. Gnýr	0	0	0	0	0	17.434
Íþf. Hamar	293.267	302.890	435.603	558.610	205.462	330.491
Íþf. Milan	0	0	0	0	0	22.212
Íþf. Suðri	0	0	0	0	0	81.323
Knattsp. Árborg	43.752	68.041	128.831	30.121	0	25.404
Knattsp. Rangæinga	241.285	81.693	11.242	125.860	124.000	109.716
Knattspyrnuf. Ægir	133.716	54.925	49.359	103.218	95.118	228.547
Körfuknattleiksf. FSu	107.598	114.924	65.268	114.987	92.133	151.187
Umf. Hekla	0	42.042	0	0	0	9.427
Umf. Hrunamanna	190.109	166.323	114.202	147.091	187.874	143.125
Umf. Laugdæla	68.153	89.719	89.082	95.405	110.553	65.123
Umf. Selfoss	1.465.496	911.543	1.203.083	1.316.099	1.598.042	1.615.501
Umf. Þór	95.271	27.087	86.624	154.938	91.218	77.705
<b>Samtals</b>	<b>2.724.751</b>	<b>1.859.187</b>	<b>2.250.620</b>	<b>2.737.660</b>	<b>2.573.122</b>	<b>2.898.780</b>

## Tvö ný félög sækja um aðild að HSK

Tvö ný íþróttafélög voru stofnuð á sambandssvæði HSK á árinu og hafa þau bæði sótt um aðild að HSK. Þetta eru Íþróttafélagið Milan og Lyftingafélagið Hengill. Svo skemmtilega vill til að þau voru stofnuð saman daginn. Stjórn HSK samþykkti á stjórnarfundum 17. september 2014 að veita félögum bráðabirgðaaðild að sambandinu. Formleg inntökubeiðni þeirra verður tekin fyrir á héraðsþingi 2015.

Íþróttafélagið Milan var stofnað á Selfossi 17. júlí 2014 og voru stofnfélagar 20, samkvæmt félagaskrá sem barst með umsókninni. Á stofnfundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins: Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Aron Valur Leifsson, meðstjórnandi, Atli Kristinsson, meðstjórnandi og Örn Þrastarson, meðstjórnandi. Félagið hefur þegar látið að sér kveða, en það tekur þátt í Íslandsmótinu í handknattleik.

Lyftingafélagið Hengill var stofnað í Hveragerði 17. júlí 2014 og voru stofnfélagar 60. Stjórn félagsins skipa þeir Einar Alexander Haraldsson, formaður, Ævar Svan Sigurðsson, varaformaður, Kristján Óðinn Unnarsson, ritari og Pétur Pétursson, gjaldkeri. Í varastjórn eru þau Heiðar Ingí Heiðarsson og María Rún Þorsteinsdóttir.

Félagið hefur hafið starfsemi og er með æfingar í ólympískum lyftingum í Crossfit Hengli í Hveragerði.



## Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2014 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagsshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 101 verkefni 2014 samtals að upphæð 11.494.000 kr. Af því fengu 24 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 2.226.000 kr. Eftirtalin verkefni hlutu styrk:

Félag	Verkefni	Styrkur
Golfklúbbur Hveragerðis	Efning barna- og unglingsstarfs	150.000
Hestamannafélagið Trausti	Dómaranámskeið	50.000
Íþróttafélagið Hamar	Námskeið í badminton	50.000
Íþróttafélagið Milan	Stofnunar nýs félags	100.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Þjálfaranámskeið	50.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Þjálfaranámskeið	50.000
Umf. Hekla	Íþróttaiðkun – útbreiðsla	100.000
Umf. Hekla	Heimasíða	40.000
Umf. Selfoss	Stefnumótunarvinnua	50.000
Umf. Selfoss	80 ára afmæli félagsins	100.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna 2014	100.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Námskeið	20.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Þjálfaranámskeið	90.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Dómaranámskeið	90.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Þjálfaranámskeið 1A FSÍ	36.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Fimleikaakademía	100.000
Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild	Námskeið	150.000
Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild	Stofnun Frjálsíþróttakademíu Suðurlands	150.000
Umf. Selfoss, handkn.deild	Gestaþjálfari	50.000
Umf. Vaka	Efning skákíþróttarinnar	50.000
Umf. Þór, fimleikadeild	Dómara- og þjálfaranámskeið	100.000
HSK, sögu- og minjanefnd	Heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á svæði HSK	250.000
HSK, gönguverkefni	Gönguverkefni HSK - Fjölskyldan á fjallið	150.000
HSK, frjálsíþróttaráð	Frjálsíþróttaskóli UMFÍ 2014	150.000
<b>Samtals</b>		<b>2.226.000</b>



Mesta breidd í prentverki - allt á einum stað



**prentmet**  
Suðurlands  
HRADÞJÓNUSTA

Eyravegi 25 • 800 Selfossi • Sími 482 1944  
selfoss@prentmet.is

Íslenskt  
af lífi og sál





## Nefndir skipaðar af stjórn:

### Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd, sem hefur það verkefni að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir Skarphéðins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Anný Ingimarsdóttir, formaður, varastjórn HSK, Ásta Laufey Sigurðardóttir, Íþr.f. Dímon, Lára Jónsdóttir, Umf. Skeiðamanna, Jóhannes Óli Kjartansson, handknattleiksnefnd HSK.

Á héraðsþingi árið 2014 lagði nefndin fram tillögu sína til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá í kafla um héraðsþingið á Borg og í skýrslum nefnda hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2014.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnar þær Brynja Hjálmtýsdóttir og Ásta Laufey Sigurðardóttir.



Valnefndin vegna kjörs á Íþróttamanni HSK var einróma í vali sínu á Dagnýju Brynjarsdóttur.

## Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á Íþróttamanni HSK og síðan hefur sérstök valnefnd kosið Íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK.

Eftirtaldir nefndarmenn mættu á fund nefndarinnar við val Íþróttamanns HSK 2014: Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Gestur Einarsson, Íþróttafréttamaður og varastjórn HSK, Ólafur Örn Oddsson, Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Rangárfings eystra, Þórir Haraldsson, fyrrverandi formaður Umf. Selfoss, Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi varaformaður HSK, Guðmundur Karl Sigurðórsson, Íþróttafréttamaður komst ekki á fundinn og mætti Ragnar í hans stað. Auk Ragnars er Anný Ingimarsdóttir, varamaður í nefndinni.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á Íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Valnefndin fundaði 24. febrúar 2015.

Fyrir síðasta héraðsþing lagði nefndin fram til umræðu hvort breyta ætti vali Íþróttamanns HSK, svo sem hvort velja skyldi bæði karl og konu eða raða Íþróttamönnum í þrjú efstu sætin. Þingið skilaði ekki af sér álit í þá veru að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur.

Valnefndin fór því yfir ofangreindar viðmiðanir og var sammála um að halda þeim óbreyttum.

#### Val á Íþróttamanni HSK 2014:

Íþróttamenn í 22 Íþróttagreinum voru

tilnefndir til kjörs á Íþróttamanni HSK 2014 og hafa aldrei verið fleiri. Fimm konur voru valdar Íþróttamenn sinna greina og 17 karlar.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið Íþróttamaður HSK árið 2014 hlyti Dagný Brynjarsdóttir knattspyrnukona úr Umf. Selfoss.

## Unglingalandsmótsnefnd HSK

### Þátttaka HSK á

### 17. Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Formaður: Jóhann Gunnar Friðgeirsson, Umf. Laugdæla, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, María Óladóttir, Umf. Selfoss.

Að þessu sinni var Unglingalandsmótið haldið á Sauðárkróki, en þar er frábær aðstaða fyrir keppendur og aðstandendur þeirra. Allt í göngufæri, skipulag til fyrirmyndar enda heimamenn með reynslu í að halda landsmót.

Við hjá HSK hófum undirbúninginn frekar snemma og keyptar voru peysur á keppendur strax í mars. Guðmundur Jónasson og María Óladóttir ásamt undirrituðum voru skipuð í nefndina. Guðmundur og María komu ný í hana og stóðu sig með mikilli þryði. Guðrún Tryggvadóttir var nefndinni ómetanleg stöð og stytta, bæði í undirbúningi og á mótinu sjálfu.

Allt gekk sinn vanagang við undirbúning mótsins. Peysur voru afhentar í Selinu og þeir einstaklingar sem ekki gátu nálgast þær fengu þær afhentar á mótisstað. UMFL lánaði samkomutjald eins og undanfarin ár og er

þeim hér með þakkað kærlega fyrir það. Guðrún Tryggvadóttir og Þórir Haraldsson, komu með jólaseríur með sér á mótisstað og var tjaldið skreytt með seríunum og HSK fánum. Stórt og flott kolagrill var fengið að láni á Sauðárkróki og var sameiginlegt grill á hverju kvöldi. Einnig var boðið upp á kakó og kex öll kvöldin. Tvíburabræðurnir Svanur og Þröstur mættu með gítarana í tjaldið og héldu uppi stemningu með baráttusöngvum HSK og fleiru skemmtilegu. Allir stefndu að því að ná góðum árangri á mótinu og það tókst vel þetta árið eins og áður.

Nefndin lagði kapp á að sigra í keppninni um hinn eftirsóttá „Fyrirmyndarbikar“. Þar gekk allt upp. Keppendur HSK og þeirra fylgdarfólk var til fyrirmyndar, jafnt innan vallar sem utan og fór svo að HSK vann umræddan bikar. Við getum verið ánægð og stolt af þeim árangri. Allt hjálpaðist að við að gera þessa helgi ánægjulega, veðrið var ljómandi gott og öll aðstaða góð. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem hjálpuðu til við að gera helgina skemmtilega og ánægjulega. Að lokum hvet ég alla HSK félagar til að mæta næsta sumar á 18. Unglingalandsmóti UMFÍ, sem haldið verður á Akureyri um verzlunarmannahelgina.

Jóhann Gunnar Friðgeirsson, formaður Unglingalandsmótsnefndar HSK.

## Verðlaunahafar HSK á Unglingalandsmótinu

Keppendur af sambandssvæði HSK stóðu sig frábærlega á Unglingalandsmótinu. Hér er greint frá öllum verðlaunahöfum HSK í einstökum greinum.

HSK átti auk þess keppendur í bogfimi, golfi, körfuknattleik og strandblaki, en keppendur í þessum greinum unnu ekki til verðlauna.



Glímt á Unglingalandsmóttinu.

Hugsanlega hafa fleiri unnið til verðlauna, s.s. í boltagreinum með liðum sem ekki voru skráð undir merkjum HSK. Ábendingar um fleiri verðlaunahafa af sambandsvæðinu eru vel þegnar á netfangið hsk@hsk.is.

**Frjálsíþróttir**

Keppendur HSK unnu alls 56 verðlaun, þar af 23 Unglingalandsmóts titla og settu auk þess fimm Unglingalandsmótsmet. Boðhlaupssveit HSK 12 ára stráka, hlupu á 56,91 sek. Viktor Karl Halldórsson, Kolbeinn Loftsson, Hákon Birkir Grétarsson og Dagur Fannar Einarsson, skipuðu sveitina. Tími sveitarinnar er einnig nýtt HSK met. Styrmir Dan Steinunnarson, 15 ára stökk 1,96m í hástökki, setti Íslandsmet og bætti tveggja ára landsmótsmet Sigþórs Helgasonar um 10 cm. Viktor Karl Halldórsson kastaði spjótinu 38,31 m og bætti sjö ára landsmótsmet Sindra Hrafns Guðmundssonar um 22 cm. Hjalti Snær Helgason, Selfossi, kastaði spjótinu 32,97 m og bætti 11 ára gamalt landsmótsmet Brynjars Gauta Guðjónssonar um 2,09 m. Að lokum jafnaði Hákon Birkir Grétarsson frá Selfossi tveggja ára landsmótsmet Daniels Inga Egilssonar, þegar hann hljóp 60 m grindina á 10,89 sek.

**Verðlaunahafar á móttinu:**

<b>60 m. hlaup stúlkur 11 ára</b>	
2. Sigrún Tinna Björnsdóttir	8,99
<b>60 m. hlaup piltar 12 ára</b>	
1. Viktor Karl Halldórsson	8,48
2. Hákon Birkir Grétarsson	8,59
<b>600 m. stúlkur 12 ára</b>	
2. Solveig Þóra Þorsteinsdóttir	1.55,24
3. Lára Björk Pétursdóttir	1.56,20
<b>600 m. piltar 12 ára</b>	
1. Dagur Fannar Einarsson	1.47,22
2. Máni Snær Benediktsson	1.48,46
<b>800 m. piltar 14 ára</b>	
3. Guðjón Baldur Ómarsson	2.28,76
<b>60 m. grind stúlkur 12 ára</b>	
2. Solveig Þóra Þorsteinsdóttir	11,79
<b>60 m. grind piltar 12 ára</b>	
1. Hákon Birkir Grétarsson	10,89
2. Kolbeinn Loftsson	11,65
3. Finnur Þór Guðmundsson	11,82



Knattspyrnuliðið Býflugurnar varð í 2. sæti í flokki 11-12 ára stúlkna.

**60 m.grind stúlkur 13 ára**

3. Helga Margrét Óskarsdóttir 10,71

**100 m. grind piltar 15 ára**

1. Styrmir Dan H Steinunnarsson 14,80

**4x100 m. boðhl. stúlkur 11 ára**

2. Sveit HSK 1 61,89

**4x100 m. boðhl. stúlkur 12 ára**

1. Sveit HSK 1 60,28

**4x100 m. boðhl. piltar 12 ára**

1. Sveit HSK 1 56,91

2. Sveit HSK 2 60,64

**4x100 m. boðhl. stúlkur 13 ára**

2. Sveit HSK 58,39

**4x100 m. boðhl. piltar 14 ára**

2. Sveit HSK 56,70

**4\*100 m. boðhl. piltar 15 ára**

3. Sveit HSK 51,60

**Hástökk stúlkur 11 ára**

1. Eva María Baldursdóttir 1,31

2. Sigrún Tinna Björnsdóttir 1,25

**Hástökk stúlkur 12 ára**

3. Solveig Þóra Þorsteinsdóttir 1,45

**Hástökk piltar 12 ára**

1. Kolbeinn Loftsson 1,54

2. Hákon Birkir Grétarsson 1,48

3. Máni Snær Benediktsson 1,42

**Hástökk piltar 14 ára**

1. Pétur Már Sigurðsson 1,68

**Hástökk piltar 15 ára**

1. Styrmir Dan H Steinunnarsson 1,96

**Hástökk piltar 16 - 17 ára**

2. Sveinbjörn Jóhannesson 1,78

**Langstökk stúlkur 11 ára**

1. Eva María Baldursdóttir 4,24

**Langstökk stúlkur 12 ára**

1. Solveig Þóra Þorsteinsdóttir 4,60

**Langstökk piltar 12 ára**

1. Kolbeinn Loftsson 4,72

2. Hákon Birkir Grétarsson 4,70

3. Viktor Karl Halldórsson 4,66

**Langstökk stúlkur 15 ára**

3. Harpa Svansdóttir 4,75

**Langstökk piltar 15 ára**

1. Styrmir Dan H Steinunnarsson 5,76

**Kúluvarp stúlkur 11 ára**

1. Una Bóel Jónsdóttir 7,61

2. Eva María Baldursdóttir 7,00

**Kúluvarp piltar 11 ára**

2. Hjalti Snær Helgason 8,41

**Kúluvarp stúlkur 12 ára**

1. Hildur Helga Einarisdóttir 9,70

3. Þóra Erlingsdóttir 8,68

**Kúluvarp stúlkur 13 ára**

1. Ragnheiður Guðjónsdóttir 11,34

**Kúluvarp piltar 12 ára**

2. Hákon Birkir Grétarsson 9,79

**Kúluvarp stúlkur 15 ára**

1. Harpa Svansdóttir 9,75

**Kúluvarp piltar 14 ára**

1. Stefán Narfí Bjarnason 11,23

2. Pétur Már Sigurðsson 10,90

**Kúluvarp piltar 16 - 17 ára**

1. Sveinbjörn Jóhannesson 15,44

**Spjót kast stúlkur 11 ára**

1. Una Bóel Jónsdóttir 19,87

**Spjót kast piltar 11 ára**

1. Hjalti Snær Helgason 32,97

**Spjót kast stúlkur 12 ára**

1. Hildur Helga Einarisdóttir 30,87

**Spjót kast piltar 12 ára**

1. Viktor Karl Halldórsson 38,31

2. Kolbeinn Loftsson 34,69

**Spjót kast stúlkur 13 ára**

2. Helga Margrét Óskarsdóttir 30,64

**Spjót kast piltar 15 ára**

2. Styrmir Dan H Steinunnarsson 42,60

**Spjót kast piltar 16 - 17 ára**

3. Sveinbjörn Jóhannesson 51,09

**60 m. grind stúlkur 12 ára**

2. Solveig Þóra Þorsteinsdóttir 12,01

**Glíma**

Sjö keppendur frá HSK unnu til verðlauna í glímu.

**13 – 14 ára Stelpur**

1. Laufey Ósk Jónsdóttir

**11 ára strákar**

1. Ólafur Magni Jónsson

2. Unnsteinn Reynisson



HSK fáninn dreginn að húni.

**12 ára strákar**

2. Finnur Þór Guðmundsson

**13 ára strákar**

1. Sölvi Svavarsson

**14 ára strákar**

1. Gústaf Sæland

2. Anton Breki Viktorsson

**Knattspyrna**

Nokkur lið voru skráð til leiks í knattspyrnu og komust þrjú þeirra á verðlaunapall. Stelpur í flokki 11 – 12 ára sem kölluðu sig Býflugurnar urðu í öðru sæti. Brynhildur Sif Viktorsdóttir, Fjóla Óladóttir, Glódís Ólöf Viktorsdóttir, Guðfinna Ósk Eiríksdóttir, Inga Matthildur Karlsdóttir, Íris Arna Elvarsdóttir, Íris Embla Gissurardóttir, Kristín Ósk Sigmundsdóttir, Sara Rós Sveinsdóttir og Þóra Björg Yngvadóttir voru í liðinu.

11 – 12 ára strákalið HSK varð í þriðja sæti. Aron Birkir Guðmundsson, Dagur Fannar Einarsson, Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson, Heiðar Óli Guðmundsson, Jón Vignir Pétursson, Tryggvi Þórisson, Unnsteinn Reynisson og Viktor Karl Halldórsson skipuðu. Auk þess spiluðu þeir UÍA strákar með liðinu.



HSK vann tvöfaldan sigur í 4x100 m boðhlaupi 12 ára pílta.



Kynslóðabilið brúað í söng í HSK tjaldinu á Unglingalandsmótinu.

Gullguttarnir í flokki 13 – 14 ára urðu í öðru sæti. Í liðinu voru Alexander Hrafnkels-son, Aron Emil Gunnarsson, Haukur Prastarson, Martin Bjarni Guðmundsson, Sölvi Svavarsson, Valdimar Jóhannsson og Þorsteinn Freyr Gunnarsson.

**Motocross**

Fjórir keppendur unnu til verðlauna í motocrossi. Gyða Dögg Heiðarsdóttir vann mx unglíngaflokk stúlkna, Ármann Baldur Bragason varð Unglingalandsmótsmeisari í 85cc flokki stráka 12-13 ára, Ólafur Atli Helgason varð annar í mx unglíngaflokki 14-18 ára og Elmar Darri Vilhelmsson varð annar í 85 cc flokki stráka.

**Skák**

Nokkrir keppendur frá HSK tóku þátt í skákkeppninni og unnu bræður til verðlauna. Aron Birkir Guðmundsson varð í öðru sæti með fimm vinninga í flokki 11 – 14 ára og Heiðar Óli Guðmundsson varð þriðji, einnig með fimm vinninga.

**Starfsíþróttir**

Keppt var í stafsetningu og upplestri á mótinu. Jakob Unnar Sigurðarson varð Unglingalandsmótsmeistari í stafsetningu í flokki 11 – 14 ára og Laufey Ósk Jónsdóttir varð þriðja í sama flokki.

**Sund**

HSK átti nokkra keppendur í sundi. Dagbjartur Kristjánsson vann til sjö verðlauna í flokki 13 -14 ára stráka. Hann varð þrefaldur Unglingalandsmótsmeistari, vann 50 m skriðsund á 30,15 sek, 100 m skriðsund á 69,85 sek og 50 m baksund á 42,84 sek. Hann varð annar í þremur greinum, í 100 m fjörsundi á 1:21,24 mín, í 50 m flugsundi á 35,09 sek og í 100 m bringusundi á 1,42,22 mín. Þá varð hann þriðji í 50 m bringusundi á 47,45 sek.

**Tölvuleikir**

Keppt var í fyrsta sinn í tölvuleikjum á Unglingalandsmóti. Keppt var í FIFA 14 og voru tveir í liði. Sex lið voru skráð frá HSK. Liðið Sterarnir skipuðu þeir Matthías Bjarnason og Gústaf Sæland og lentu þeir í öðru sæti.



Hildur Helga og Þóra á verðlaunapalli í kúluvarpi.





## Skýrslur nefnda og séráða HSK:

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.



Sigrún Sigurðardóttir sigurvegari í kvennaflokki með Ingvarri formanni nefndarinnar.



Sigurlið Hamars á héraðsmóttinu í badminton.

## Almennings- íþróttanefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, formaður, Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss, Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt. Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss.

### Bláskógaskokkið

Bláskógaskokk HSK fór fram 28. júní í bláskaparveðri stillu og hlýju. Hlaupnar voru 10 mílur (16,1 km) á gömlu leiðinni yfir Lyngdalsheiðina, frá Gjábakka að Laugarvatni. Einnig var boðið upp á 5 km hring á Laugarvatni. Þrjátíu og einn hlaupari tóku þátt, tuttugu og átta í 10 mílum og þrjú í 5 km. Sigrún Sigurðardóttir á Selfossi varð fyrst kvenna í 10 mílum á 71:46 mín og Óskar Jakobsson var fyrstur karla á 65:18 mín. Fyrst í 5 km hlaupi varð Sigríður Jónsdóttir á 26:40 mín.

## Badmintonnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri, Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór. Varamaður: Kristín Ólafsdóttir, Íþr.f. Hamri.

Badminton var iðkað hjá fjórum félögum innan vébanda HSK árið 2014, en þau voru Dímoni, Garpur, Hamar og Umf. Þór. Iðkendafjöldi var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku. Nokkur uppgangur virtist vera í badminton þetta árið

Þrjú leikmenn voru valdir í úrtakshópa unglíngalandsliðs Íslands í badminton, þau Axel Örn Sæmundsson, U17 ára, Berglind Dan Róbertsdóttir, U15 ára, og Jakob Unnar Sigurðarson, U13 ára, en þau æfa öll með

Umf Þór. Þau mættu á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið.

Badmintonnefnd HSK heldur tvö mót á ári undir nafni HSK, en þau eru unglíngamót HSK og meistaramót HSK. Unglíngamótið er fyrir börn og unglíngna að 19 ára aldri, en meistaramótið er fyrir alla aldursþópna. Það félag sem heldur móttin hverju sinni sér um fjármögnun og skipulag móttanna. Auk þess voru haldin tvenn stór barna- og unglíngamót innan vébanda HSK á árinu.

Í febrúar hélt Umf. Þór sitt árlega Þórsmót sem er mót fyrir börn og unglíngna. Þetta mót er svokallað byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á móttum yfir veturinn. Þátttakendur voru um 102 talsins og er það svipaður fjöldi og vanalega. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu eða alls frá 9 félögum og kom m.a. annars stór hópur frá Siglufirði. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka móttinu á settum tíma.

Í maí var meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 55 talsins frá fjórum félögum; Dímoni, Garpur, Hamri og Umf. Þór. Á móttinu var stigakeppni milli félaga þar sem keppt var um HSK-meistarátittilinn. Hamar bar með sigur úr bítum með 63 stig, Umf. Þór var í öðru sæti með 40 stig, Garpur í þriðja sæti með 22 stig og Dímon var í því fjórða með 9 stig.

Í nóvember hélt Hamar í fyrsta skipti Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglíngna. Það var byrjendamót, líkt og Þórsmótið, og voru þeir bestu á landinu því ekki gjaldgengir á því mótti heldur. Þátttakendur voru 72 talsins frá 7 félögum, en stór hópur frá Siglufirði forfallaðist örfáum

dögum fyrir mót vegna slæms veðurs. Mótið gekk þrátt fyrir það vel fyrir sig og náðist að ljúka móttinu á settum tíma. Bafmintonnefnd HSK óskar Hamarsmönnnum til hamingju með nýtt mót og vonar að það verði árviss viðburður í framtíðinni.

Í nóvember var 35. unglíngamót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 35 talsins frá fjórum félögum; Dímoni, Garpur, Hamri og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. Á móttinu var stigakeppni milli félaga, þar sem keppt var um HSK-meistarátittil. Þórsarar fóru með sigur af hólmi með 33 stig, Hamar var í öðru sæti með 26 stig, Dímon í þriðja sæti með 18 stig og Garpur í því fjórða með 9 stig. Þetta var í annað sinn sem Þór vinnur mótið en félagið vann stigakeppnina síðast árið 1994.

## Blaknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Gunnhildur Hinriksdóttir, Umf. Laugdæla, formaður, María Rósa Einarsdóttir, Íþf. Dímon, Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Íþf. Hamri. Varamaður: Kristján Geir Guðmundsson, Umf. Hrunamanna.

Blakstarf á vegum félaga innan HSK var með hefðbundnum hætti síðastliðið ár. Fyrsta mót ársins á vegum blaknefndar var seinni hluti héraðsmótsins í karla- og kvennaflokki árið 2013–14. Hjá körlunum voru spilaðar tvær umferðir þar sem allir spiluðu við alla og töldu báðar umferðir til lokastiga liðanna. Að loknum seinni hlutanum stóðu Hrunamenn uppi sem sigurvegarar og það í 15. sinn í röð. Mikil barátta var um annað sætið sem féll í skaut Samhygðar en þeir höfðu betra hrinuhlutfall en Hamar sem hafnaði í þriðja sæti.



Sameiginleg lið Heklu og Dímonar unnu HSK mótin í 1. og 2. deild.

**Lokaröð héraðsmóts karla 2013–14 var þessi:**

1. Hrunamenn	29 stig
2. Samhygð	21 stig
3. Hamar	21 stig
4. UMFL	13 stig
5. Selfoss	3 stig
6. Dímon	0 stig

Þátttaka í kvennablakinu var mikil og aftur var spilað í tveimur deildum í héraðsmótinu þar sem ellefu lið voru skráð til leiks, tvö þeirra drógu sig þó úr keppni í seinni hlutanum. Í báðum deildum var spiluð ein umferð, þar sem allir lékur við alla. Mikil barátta var um efsta sætið í 1. deildinni en lið Dímonar-Heklu 1 reyndist sterkast og var þetta í fyrsta sinn sem sameinað lið Dímonar-Heklu vann héraðsmeistaratitil í blaki. Stóllur þeirra í Dímoni-Heklu 2 unnu einnig titilinn í 2. deildinni.

**Lokaröð Héraðsmóts kvenna 2013–14:****1. deild:**

1. Dímon-Hekla 1	13 stig
2. UMFL 1	12 stig
3. Hamar 1	11 stig
4. Hrunakonur 1	6 stig
5. Garpur	2 stig
6. UMFL 2	1 stig

**2. deild:**

1. Dímon-Hekla 2	11 stig
2. Hvöt	9 stig
3. Hrunakonur 3	4 stig
4. Hamar 2	4 stig
5. Hrunakonur 4	2 stig

Sem fyrr var héraðsmót 2014 í blaki drengja og stúlkna haldið á Hvolsvelli og að vanda mættu lið frá Dímoni og Garpi. Í báðum flokkum stóð Dímon uppi sem sigurvegari og var þetta í 8. sinn í röð sem lið Dímonar vinnur stúlknakeppnina. Þess má geta að eingöngu lið frá Dímoni og Garpi hafa unnið stúlknakeppnina til þessa og drengjamegin er nafn liðs Dímonar einnig

mjög áberandi sem handhafi héraðsmeistaratítulsins allt frá því á síðustu öld.

**Lokaröð héraðsmóts drengja 2014:**

1. Dímon 9.–10. bekkur	4 lotur
2. Dímon 8. bekkur	2 lotur
3. Dímon 7. bekkur	0 lotur

**Lokaröð héraðsmóts stúlkna 2014:**

1. Dímon 9.–10. bekkur	5 lotur
2. Dímon 8. bekkur	4 lotur
3. Garpur	4 lotur
4. Dímon 7. bekkur	0 lotur

Hraðmót HSK var haldið á haustdögum 2014. Þar mættu til leiks fjögur karla-lið, tvö frá Hamri og eitt frá Laugdælum og eitt frá Dímoni. Hrunamenn gátu ekki tekið þátt vegna mannekle. Nýir og upprennandi blakarar í Hamri 2 gerðu sér lítið fyrir og unnu gamla reifi úr Hamri 1 og Laugdælum og ungir liðsmenn Dímonar voru nálægt 2. sætinu en töpuðu á stigahlutfalli. Kvennamegin voru sjö lið skráð frá Hamri, Dímoni, UMFL og Hrunamönnum. Þar fylgdi Dímon-Hekla 1 eftir héraðsmeistaratitli sínum frá vorinu og unnu hraðmótsmeistaratitilinn 2014.

**Lokaröð hraðmóts karla 2014:**

1. Hamar 2	6 stig
2. Hamar 1	3 stig
3. Dímon	3 stig
4. Laugdælir	0 stig

**Lokaröð hraðmóts kvenna 2014:**

1. Dímon-Hekla 1	11 stig
2. Hamar 1	10 stig
3. UMFL	7 stig
4. Hrunakonur 1	6 stig
5. Dímon-Hekla 2	4 stig
6. Hamar 2	3 stig
7. Hrunakonur 2	1 stig

Þegar þetta er skrifað er héraðsmót 2014–15 hálfnað þar sem fyrri hlutinn hefur þegar farið fram. Karlarnir spila eina umferð og svo einföld úrslit, en konurnar eru enn

skipaðar í tvær deildir og spilar hvor tvær umferðir. Liðunum hefur þó fækkað aðeins en blaknefnd þótti rétt að halda fyrirkomulaginu svona sökum nokkurrar nýliðunar hjá félögunum og svo flestir fengju leiki við lið af svipaðri getu. Að loknum fyrri hlutanum hjá körlunum er Hamar 1 með 6 stig, en þrjú lið eru jöfn með 3 stig í næstu sætum, Hrunamenn, Samhygð og UMFL. Þá hafa Hamar 2 og Dímon 0 stig. Kvennamegin situr Hamar 1 í efsta sæti í 1. deildinni með 8 stig, þá koma UMFL 1 með 6 stig, Dímon-Hekla 1 með 4 stig og Dímon-Hekla 2 með 0 stig. Í 2. deildinni eru Hrunakonur 1 efstar með 9 stig, þá Hamar 2 með 6, Hrunakonur 3 með 3 stig og UMFL 2 með 0 stig. Úrslit ráðast svo endanlega í seinni hlutanum sem verður spilaður seinnipart vetrar 2015.

Vert er að minnast á önnur stærri mót sem lið af HSK-svæðinu taka árlega þátt í. Til að mynda kepptu mörg lið af HSK-svæðinu í Íslandsmóti BLÍ 2013–14. Karlamegin börðust Hrunamenn og Hamar í 1. deildinni og urðu Hrunamenn Íslandsmeistarar í þeirri deild og Hamar í fjórða sæti. UMFL var skráð í 2. deildina og lentu þeir í 2. sæti. Hjá konunum voru Hrunamenn skráðir með lið í 2. og 5. deild sem lentu í 4. og 3. sæti. UMFL var einnig skráð með tvö lið, í 3. deild og 5. deild sem lentu í 3. og 5. sæti, Hamar náði 2. sætinu í 3. deildinni og vann sig upp um deild og Dímon-Hekla spilaði í 3. deildinni.

Það sem af er blaktímabilinu 2014–15 berjast Hamar og Hrunamenn enn í 1. deildinni í Íslandsmótinu og UMFL í 2. deildinni. Kvennamegin eru Hamar, Hrunamenn og UMFL í 2. deildinni, Dímon-Hekla í þeirri þriðju, Hrunamenn b í þeirri fjórðu og Hamar b í þeirri fimmtu – já gróskan er mikil.

Öldungamót BLÍ 2014 var haldið á Akureyri og þangað stefndu þrettán HSK-lið. Uppskeran var bara nokkuð góð: UMFL vann 5. deildina hjá körlunum og hjá konunum vann Dímon-Hekla 5. deildina, UMFL vann 6. deildina og Hrunamenn 13. deildina.

Það er alltaf gaman í blaki og aldrei óf seint að byrja.

**Gunnhildur Hinriksdóttir, formaður.**

## Borðtennisnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sigurjón Sváfnisson, Íþr.f. Dímoni, formaður, Guðni Sighvatsson, Íþr.f. Garpi, Ólafur Elí Magnússon, Íþr.f. Dímoni. Varamaður: Vilhjálmur Vilhjálmsson, Umf. Skeiðamanna.

**Héraðsmót 2014**

Héraðsmót HSK í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 14. nóvember 2014. Mótið í ár var það fertugasta frá upphafi, en héraðsmótið hefur verið haldið árlega frá árinu 1975. Alls mættu 47 keppendur til leiks á Hvolsvöll frá fimm aðildarfélögum sambandsins og var ýmist keppt í riðlum, eða allir við alla í einum



Góð tilþrif sáust á héraðsmóttinu í borðtennis.



Ómar og Gunnar Björn HSK meistarar, ásamt Garðari formanni briddsnefndarinnar.

riðli. Heimamenn í Dímon höfðu talsverða yfirburði í stigakeppni milli félaga og unnu stigabikarinn, líkt og undanfarin ár. Keppendur frá Heklu mættu sterkir til leiks í yngstu flokkunum og urðu í 2. sæti.

**Stigakeppni félaga:**

- 1. Íþróttafélagið Dímon 116,5 stig
- 2. Umf. Hekla 25,25 stig
- 3. Íþróttafélagið Garpur 8,75 stig
- 4. Umf. Eyfellingur 7 stig
- 5. Umf. Framtíðin 3,5 stig

**Briddsnefnd HSK**

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss, formaður, Ómar Olgeirsson, Íþr.f. Garpí, Kristján Hálfánarson, Íþr.f. Dímon. Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

**HSK mót í bridds 2014**

Híð árlega HSK mót í tvímenningi var haldið í Selinu á Selfossi 2. janúar og mættu nítján

pör til leiks. Spilaðar voru 11 umferðir með fjórum spilum á milli para, Monrad röðun, alls 44 spil.

HSK meistarar urðu þeir Ómar Olgeirsson og Gunnar B. Helgason. Keppnin var jöfn og spennandi fram á síðasta spil og skiptust efstu tvö pörin á að leiða mótið á meðan síðustu umferðinni stóð. Bridgefélag Selfoss sá um framkvæmd mótsins að venju.

Efstu pörin á móttinu:

- 1. 414,0 58,8 Ómar Olgeirsson og Gunnar B. Helgason Garpur/Hamar
- 2. 412,0 58,5 Sigfinnur Snorrason og Ríkarður Sverrisson Selfoss
- 3. 409,0 58,1 Björn Snorrason og Guðmundur Gunnarsson Hvöt/Self

**HSK tvímenningur fyrir eldri borgara:**

Tólf pör mættu á HSK tvímenning fyrir eldri borgara sem haldinn var í Selinu 15. mars

2014, en mótið var nú haldið í annað sinn. Keppendur verða að hafa náð 67 ára aldri til að geta tekið þátt.

Leikgleðin var í fyrirrúmi þó keppnisskapið sé oft til staðar, þó aldurinn færir yfir. Svavar Hauksson og Leif Österby frá Selfossi urðu HSK meistarar með 134 stig.

**Úrslit:**

- 1. Svavar Hauksson og Leif Österby Selfoss 134 stig
- 2. Karl Gunnlaugss og Vilhjálmur Pálsson GF/GOS 129 stig
- 3. Magnús Bjarnason og Örn Svavarsson Dímon 125 stig

**HSK mót í bridds 2013**

HSK mótið í tvímenningi 2013 var haldið í Tryggvaskála 3. janúar. Spilaðar voru 11 umferðir með 4 spilum á milli para, Monrad röðun, alls 44 spil. Tuttugu pör tóku þátt í móttinu. Sigurvegarar urðu Hrannar Erlingsson og Runólfur Þór Jónsson með 59,2% skor. Í öðru sæti urðu Brynjólfur Gestsson og Helgi Hermannsson með 59,1% skor og í þriðja sæti urðu Þröstur Árnason og Sigurður Vilhjálmsson með 55,9% skor.

**Fimleikanefnd HSK**

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Hólmfríður Fjóla Smáradóttir, Umf. Þór, formaður, Unnur Þórisdóttir, Umf. Selfoss, Rakel Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri. Varamaður: Freydis Órlygsdóttir, Umf. Biskupstungna.

Stefnt var að því að halda héraðsmót á haustdögum 2014, en því var frestað fram yfir áramót og því var ekkert HSK mót haldið í ár.

**Frjálsíþróttaráð HSK**

Stjórn frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Vöku. Gjaldkeri: Tómas Karl Guðsteinsson, Umf. Vöku. Meðstjórnendur: Benóný Jónsson, Íþróttafélaginu Dímon, Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, Jón Ágúst Reynisson, Íþróttafélaginu Garpí.

Aðalfundur ráðsins var haldinn 30. apríl. Lítillegar breytingar urðu á stjórninni á fundinum en Steinunn Emelía Þorsteinsdóttir hætti sem gjaldkeri ráðsins. Tómas Karl tók við gjaldkerastöðunni og nýr inn í ráði kom Jón Ágúst Reynisson. Jón Ágúst starfaði með okkur í sumar en flutti svo af landi brott í haust þannig að hann gat ekki starfað meira með ráðinu að þessu sinni. Á aðalfundinum kom fram að fjárhagsstaða frjálsíþróttaráðs hefur batnað til muna og þess vegna var ákveðið að lækka iðkendagjald ráðsins um 50% en það var hækkað á sínum tíma til að bæta fjárhagsstöðuna. Haustfundur frjálsíþróttaráðs fór svo fram 15. október og stjórnarfundir voru haldnir þegar tilefni þótti til. Á haustfundi ráðsins var skipað í 5 manna undirbúningsnefnd vegna MÍ 15–22 ára sem



haldið verður á Selfossi 2015 og sú nefnd fundaði einu sinni á árinu.

Í febrúar var haldinn kynningar- og umræðufundur vegna framtíðar frjálsra íþróttanna á Suðurlandi. Á haustfundi ráðsins 2013 var skipað í fimm manna starfshóp sem fékk það hlutverk að koma með tillögur að framtíðarskipulagi frjálsíþróttanna á svæðinu. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum á þessum kynningarfundum. Tillaga hópsins var sú að stofnaður yrði Meistarahópur HSK í frjálsum íþróttum með hliðsjón að niðurstöðum nefndarinnar. Málið var tekið fyrir á aðalfundi ráðsins og þar samþykkt formlega að fara út í þá vinnu og leita samstarfs við Umf. Selfoss um stofnun hópsins. Frjálsíþróttaráð og frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss funduðu um málið um sumarið en niðurstaðan varð sú að ekki væru nægar forsendur fyrir samstarfi af þessu tagi að þessu sinni. Meistarahópur HSK var því ekki stofnaður á þessum tímamarki.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var starfræktur á vegum frjálsíþróttaráðs HSK á Selfossi í sumar og er það í 6. sinn sem skólinn er haldinn hér á svæðinu. Ágústa Tryggvadóttir og Fjöla Signý Hannesdóttir tóku að sér framkvæmd skólans líkt og árið áður. Skólinn var haldinn 14.–18. júlí og enn og aftur var met þátttaka eða 38 krakkar á aldrinum 11–15 ára. Dagskrá skólans var mjög fjölbreytt. Má þar sem dæmi nefna kvöldvökur á hverju kvöldi og fjölbreytta hreyfingu, allt frá hefðbundnum frjálsíþróttæfingum, til sundsprells og ratleiks. Markmið skólans er að kynna og breiða út frjálsíþróttir á Íslandi. Fjölmargir þjálfarar og aðstoðarmenn aðstoðuðu við að gera skólann sem fagmannlegastan og skemmtilegastan. Margir góðir styrktaraðilar komu myndarlega að skólanum og þeim er hér með þakkað kærlega fyrir. Fyrirtækin eru MS, Landssamband garðyrkjufræðinga, Nettó, Hafnarves, Almarsbakari, Guðnabakari, Kjöttvinnslan Krás, Bónus, Kökugerð HP, Kjörís, Myllan, Nathan&Olsen, Dominos, Landsbankinn, Íslandsbanki, Rúmfatalagerinn, Selfossbíó, SS og svo Kristján Gestsson kartöflubóndi í Forsæti IV.

Keppt var undir merki HSK/Selfoss á meistaramótum á árinu og áttum við þátttakendur á öllum helstu frjálsíþróttamótum nema bikarkeppni fullorðinna utanhúss. Keppnislið HSK/Selfoss í flokki fullorðinna var því miður ekki mjög burðugt á árinu og af þeim sökum sendum við ekki lið á fyrrnefnda bikarkeppni. Þeim mun betri árangur náðist í yngri flokkum. Við náðum að verja Íslandsmeistaratitil okkar innanhúss í flokki 11–14 ára eftir ævispennandi keppni þar sem sigur náðist í síðustu keppnisgrein. Í þessum aldursflokkum er mikil breidd og margir þátttakendur en 79 keppendur frá HSK tóku þátt á mótinu. Á MÍ 11–14 ára utanhúss sem haldið var á Akureyri landaði keppnislið HSK/Selfoss svo öðru sætinu á eftir fjölmennu liði heimamanna. Unglingaliðið



Sigurlið Selfoss á aldursflokkamóti HSK utanhúss.

okkar er einnig mjög öflugt, en þrátt fyrir að vera ekki mjög fjölmenn þá eigum við nokkra unglunga í fremstu röð.

#### Hér eru úrslit HSK á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ unglunga innanhúss	
8. sæti	6 Íslandsmeistaratitlar
MÍ Fullorðinna innanhúss	
7. sæti	1 Íslandsmeistaratitill
MÍ 11–14 ára innanhúss	
1. sæti	13 Íslandsmeistaratitlar
Bikarkeppni fullorðinna inni	
8. sæti	1 bikarmeistaratitill
MÍ öldunga inni	
6. sæti	2 Íslandsmeistaratitlar
MÍ fullorðinna úti	
8. sæti	1 Íslandsmeistaratitill
MÍ öldunga úti	
3. sæti	11 Íslandsmeistaratitlar
MÍ unglunga úti	
7. sæti	7 Íslandsmeistaratitlar
MÍ 11–14 ára úti	
2. sæti	16 Íslandsmeistaratitlar
Bikarkeppni yngri úti	
4. sæti	2 bikarmeistaratitlar

Keppendur úr HSK tóku einnig þátt á fjölmörgum öðrum mótum á árinu en nánari mótaannáll mun birtast í ítarlegri skýrslu ráðsins sem gefin verður út á aðalfundi hans. Dugnaður HSK manna á keppnisvælinum hefur svo sannarlega skilað sér en 134 HSK-met voru sett árið 2014. Styrmir Dan Steinunnarson úr Þór setti flest HSK-met á árinu, en samtals setti hann 21 met. Næst komu Jónína Guðný Jóhannsdóttir Selfossi og Fannar Yngvi Rafnarsson Þór, en þau sett bæði átta HSK-met á árinu. Kristinn Þór Kristinsson Samhygd setti flest HSK-met í fullorðinsflokki, eða samtals fjögur met. Ólafur Guðmundsson, Selfossi, setti flest HSK-met í öldungaflokkum, en hann setti

samtals sjö HSK-met á árinu. Íslandsmetin hafa heldur ekki látið sig vanta. Kristinn Þór Kristinsson bætti Íslandsmetið í 600 m hlaupi innanhúss á Jólamóti ÍR. Kristinn Þór hljóp á 1:20,74 mín og bætti fimm ára gamalt Íslandsmet ÍR-ingsins Ólafs Albertssonar um 0,12 sekúndur. Styrmir Dan Steinunnarson marg bætti Íslandsmet í hástökki í flokki 15 ára piltar á árinu og Hákon Birkir Grétarsson bætti Íslandsmetið í 60 m grindahlaupi innanhúss og 80 m grindahlaupi utanhúss í flokki piltar 12 ára. Einnig bætti sveit 12 ára piltar í 4x100 m boðhlaupi Íslandsmet á MÍ 11–14 ára þegar þeir hlupu á 56,12 sek.

FRÍ gaf út nýjan landsliðshóp þrisvar sinnum á árinu og þrjú keppendur úr aðildarfélögum HSK komust í hópinn að þessu sinni. Þetta eru þau Kristinn Þór Kristinsson Umf. Samhygd, Fjöla Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss og Agnes Erlingsdóttir Umf. Laugdæla. Auk þess að vera valin í landsliðshóp var Agnes valin í Boðhlaupshóp FRÍ í 4x400 m boðhlaupi. Markmið hópsins er að komast með boðhlaupssveit fyrir Íslands hönd á stórmót í frjálsum íþróttum. Svo fór að Kristinn Þór var sá eini þeirra þriggja sem náði að keppa erlendis fyrir Íslands hönd, en eftir langt hlé átti HSK loksins keppanda á heimsmeistaramóti í frjálsum íþróttum. Kristinn Þór keppti á heimsmeistaramótinu innanhúss í Póllandi og var annar tveggja keppenda frá Íslandi. Kristinn Þór tók þátt í riðlakeppni 800 m hlaupsins á HM innanhúss og hljóp á tímanum 1:51.20 mín og bætti hann sig um 2/100 úr sekúndu. Kristinn hafnaði í 14. sæti í keppninni og setti HSK-met með þessari bættingu. Kristinn var einnig í liði Íslands í Evrópubikarkeppni landsliða sem fram fór í Tbilisi í Georgíu. Kristinn varð í 6. sæti í 800 m hlaupi á 1:51,61 mín. Þessi árangur hans var nýtt HSK-met í karlaflokki utanhúss.



Grindahlaup 14 ára stúlkna á aldursflokkaþóti HSK.

### Mót á vegum HSK 2014

Á árinu voru haldin 11 mót á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Mótahaldið krefst mikillar vinnu og það er hryggjarstykkið í starfsemi ráðsins ár hvert. Hér að neðan verður farið lauslega yfir þessi mót:

### Aldursflokkaþót HSK 11–14 ára innanhúss

Aldursflokkaþót 11–14 ára fór fram 18. janúar í Laugardalshöll. Rúmlega 100 keppendur tóku þátt á mótinu. Á mótinu urðu sigursælust, öll með fjögur gull, Pétur Már Sigurðsson Umf. Selfoss, Sólveig Þóra Þorsteinsdóttir Umf. Þór, Elín Eva Sigurðardóttir Íþrf. Dímoni og Helga Margrét Óskarsdóttir Umf. Selfoss. Margir krakkar kepptu þarna á sínu fyrsta mótinu og vonandi hefur mótinu orðið þeim hvatning til frekari afreka. Umf. Selfoss sigraði stigakeppnina á aldursflokkaþótinu örugglega með 251 stigi, íþróttafélagið Dímon varð í öðru sæti með

150 stig og Umf. Hrunamanna varð í þriðja sæti með 138 stig.

### Unglingamót HSK innanhúss

Unglingamót HSK fór fram samhliða Aldursflokkaþótinu þann 18. janúar í Laugardalshöll. Á mótinu voru einungis um 30 keppendur skráðir en oft hafa verið fleiri keppendur á því mótinu. Sigursælust á mótinu, með fimm verðlaun hvert, voru Harpa Svansdóttir frá Umf. Selfoss, Rökkvi Hjómur Kristjánsson Íþrf. Garpi og Fannar Yngvi Rafnarson frá Umf. Þór. Umf. Þór sigraði unglingsmótinu með 126 stigum, Umf. Selfoss varð í öðru sæti með 84 stig og Íþrf. Garpur var í þriðja sæti með 66 stig. Margar bætingar litu dagsins ljós á mótinu þó engin HSK-met hefðu verið slegin.

### Héraðsmót fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK var haldið mánudagskvöldin 13. og 20. janúar í Laugardalshöll. Umf. Þór í

Þorlákshöfn vann stigakeppni mótsins í fyrsta sinn. Á mótinu var 31 keppandi skráður en nokkrir gestir úr öðrum félögum fengu að taka þátt á mótinu með okkur. Af afrekum ber helst að nefna að Fannar Yngvi Rafnarson setti HSK-met í flokki 16–17 ára þegar hann vann 800 metra hlaupið með yfurburðum á 2:17,45 mín og bætti þar með átta ára gamalt met Hjartar Freys Sæland. Stigakeppni mótsins fór þannig að Þór hlaut 139 stig, Selfoss varð í öðru með 106 stig og Laugdælir í þriðja með 21 stig. Þetta var í fyrsta sinn sem Umf. Þór vann stigakeppni á héraðsmóti fullorðinna.

### Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri voru haldnir í íþróttahúsinu á Hellu 1. mars. Um 130 keppendur voru skráðir til leiks og mikið fjór var á mótinu. Átta ára og yngri kepptu í krakkafrjálsum en níu og tíu ára í hefðbundnum greinum frjálsra íþróttar. Að mótinu loknu fengu svo allir verðlaunapening fyrir þátttökuna í anda stefnu ÍSÍ.

### Vormót HSK

Vormót HSK fór fram á Selfossvelli 17. maí og markaði upphaf utanhústmabilsins. Sem fyrr var mótinu hluti af Prentmet mótaráði FRÍ en frjálsíþróttaráð HSK sá algerlega um framkvæmdina. Mótshaldarar og keppendur voru heppnir með veður þar sem það var logn og hiti allt mótinu og rigningin var í algeru lágmarki þrátt fyrir blautu spá. Þessar góðu aðstæður gerðu það að verkum að fjölmörg met voru slegin, landsmet, vallarmet, héraðsmet og persónuleg met. Þeir sem höfðu sigur í sínum greinum af okkar fólki voru annars vegar Styrmir Dan Steinunnarson, úr Umf. Þór, en hann stökk 1,84 m í hástökkinu sem þá var hans besti árangur utanhúss og hins vegar Teitur Örn Einarsson, Umf. Selfoss, sem sigraði kúluvarp pílta 16–17 ára með kasti uppá 12,24 m. Tvö HSK-met voru sett á mótinu en annað þeirra setti Ólafur Guðmundsson Umf. Selfoss í sleggjukasti í flokki 45–49 ára öldunga með kasti uppá 39,80 m. Hitt metið setti Jónína Guðný Jóhannsdóttir Umf. Selfoss í sleggjukasti í flokki 15 ára stúlkna með 4kg sleggju. Hún kastaði 25,83 m.

### Héraðsleikar HSK utanhúss

Rúmlega 70 krakkar á aldrinum 5–10 ára mættu til leiks á héraðsleika HSK í frjálsum íþróttum sem fóru fram í Þorlákshöfn laugardaginn 14. júní. Mótinu var hluti af íþróttahátíð HSK, sem nú var haldin í 30. sinn. Veðrið lék við keppendur sem sýndu öll góða takta í keppninni. Að mótinu loknu fengu allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna í anda stefnu ÍSÍ.

### Aldursflokkaþót HSK

Aldursflokkaþót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í Þorlákshöfn 14. júní. Til leiks var skráður 81 einstaklingur frá tíu félögum en keppendur voru á aldrinum 11–14 ára.



Sigurlið Umf. Þórs á unglingsmóti HSK innanhúss.



Styrmir setti 21 HSK met á árinu og nokkur Íslandsmet.

Aðstæður í Þorlákshöfn voru eins og best verður á kosið, nánast logn og sólarlaust allt mótið. Kolbeinn Loftsson frá Umf. Selfoss átti besta afrek einstaklings á mótinu en það fékk hann fyrir að stökkva 4,68 m í langstökki. Fyrir það fékk hann 991 FRÍ-stig. Stigahæsta stúlka mótsins var Helga Margrét Óskarsdóttir frá Umf. Selfoss með fullt hús stiga eða 30 stig. Jafnir sem stigahæstu piltar voru Kolbeinn Loftsson og Guðjón Baldur Ómarsson frá Umf. Selfoss með 28 stig. Heildarstigakeppni mótsins sigraði Umf. Selfoss örugglega með 431 stig. Í öðru sæti var Umf. Þór með 110,5 stig og í þriðja sæti var Umf. Laugdæla með 105,5 stig.

#### Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK fór fram dagana 18. og 19. júní á Selfossvelli. Alls voru 95 keppendur skráðir til leiks á mótinu en það er töluverð fjölgun frá síðustu árum. Taka skal þó fram að gestabáttaka er leyfð á mótinu. Veður var ágætt fyrri keppnisdaginn en kuldi og væta gerðu keppendum dálítið erfitt fyrir á síðari keppnisdegi. Heildarstigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 211 stig. Í öðru sæti lenti spútniklið Umf. Gnúpverja en þeir söfnuðu 110 stigum með liðsandann að vopni. Í þriðja sæti varð svo lið Umf. Þórs í Þorlákshöfn með 89 stig. Stigahæsti karl mótsins var svo Ólafur Guðmundsson frá Umf. Selfoss með 26 stig og stigahæsta konan var Fjóra Signý Hannesdóttir með 30 stig en hún sigraði allar sínar greinar. Besta afrek karla samkvæmt alþjóðastigatöflu átti Styrmir Dan Steinunnarson úr Umf. Þór en hann hlaut 755 stig fyrir að stökkva 1,85 m í hástökki. Verðlaun fyrir besta afrek kvenna átti Fjóra Signý en hún hlaut 820 stig fyrir að hlaupa 100 m grindarhlaup á tímanum 15,88 sek. Hið

árlega Jónshlaup var hlaupið á síðari keppnisdeginum en það er 5000 m hlaup kennt við Jón H. Sigurðsson, hlaupara úr HSK. Keppni í hlaupinu er opin öllum, óháð félagi og nú í ár var það Guðni Páll Pálsson úr USVS sem sigraði hlaupið á tímanum 16:31,15 mín og hlaut hann þar með bikarinn góða til varðveislu í eitt ár.

#### Miðsumarsmót HSK

Mótið var haldið 17. júlí og 24 keppendur voru skráðir til leiks. Um létt og skemmtilegt bætingamót var að ræða þar sem keppt var í nokkrum greinum. Keppendur voru bæði frá félögum innan HSK og viðar.

#### Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamótið fór fram á Selfossvelli 22. júlí. Á mótið voru aðeins skráðir níttján keppendur frá sjö félögum en gaman hefði verið að sjá fleiri á vellinum. Umf. Selfoss sigraði mótið með 115 stig, Umf. Þór varð í öðru sæti með 76 stig og í þriðja sæti varð Íþróttafélagið Garpur með 69 stig.

#### Meistaramót Íslands 15–22 ára

Stærsta verkefni frjálsíþróttaráðs á árinu var án efa að halda MÍ 15–22 ára á Selfossvelli dagana 26.–27. júlí. Í mörg horn var að líta í aðdraganda mótsins, en stærsta verkefnið var að fá sjálfbodaliða til starfa. Félögin innan frjálsíþróttaráðs áttu að sjá um að manna ákveðnar keppnisgreinar og í flestum tilfellum gekk það mjög vel. Þó komu upp nokkrir hnökror í starfsmannamálum á mótsdag sem mun vonandi ekki endurtaka sig í framtíðinni. Annað sem þurfti að huga að var gisting fyrir keppendur, aðstaða á mótstað, keppnisáhöld, veitingar fyrir starfsmenn og fleira. Góður árangur náðist í mörgum



Fannar Yngvi og Andrea Vigdís taka við viðurkenningu fyrir stigahæstu keppendur á unglíngamóti HSK.

greinum enda kjöraðstæður til keppni, þurrt, sól og hiti, ásamt meðvindi í spretthlaupum og stökkum. HSK/Selfoss átti tíu keppendur á mótinu sem öll stóðu sig með miklum sóma. Afrakstur helgarinnar hjá hópnum var 7 gull, 6 silfur og 6 brons.

Öll frekari úrslit móta má sjá á síðunni [www.fri.is](http://www.fri.is). Á öllum þessum mótum hjálpuðust félögin innan ráðsins að við að útvega starfsmenn, enda er það allra hagur að mótin gangi sem best fyrir sig, hvort sem um er að ræða mót í yngri flokkum eða fullorðinna. Það er von mín að samstarf félaganna og frjálsíþróttaráðsins muni eflast til muna á næstu misserum og það muni heyra til undantekninga ef vantar mannskap til starfa. Fyrir hönd frjálsíþróttaráðs HSK vil ég þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað okkur á einn eða annan hátt á árinu kærlega fyrir stuðninginn.

**Guðmunda Ólafsdóttir, formaður**

## Glimuráð HSK

Stjórn glímuráðs HSK skipuðu: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Samhygd. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/varaform.: Guðrún Inga Helgadóttir, Umf. Vöku. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi, Smári Þorsteinsson, Umf. Biskupstungna.

Glimustarfið á starfssvæði HSK var með líku sniði árið 2014 og undanfarin ár. Glimuráðið hélt þrjú mót á héraðsvísu auk Bændaglímu Suðurlands ásamt því að senda keppendur til leiks á mót Glimusambandsins. Helsti vaxtarbroddur glímunnar undanfarin ár hefur verið vaxandi erlend samskipti glímumanna við iðkendur þjóðlegra fangbragða í Evrópu og var árið 2014 engin undantekning hvað það varðar.

Alls iðkuðu 182 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ árið 2014. Af þeim hópi tóku 126 þátt í keppni og þar af 32 í keppni á mótum Glimusambandsins.

Aðalfundur glímuráðs HSK fór fram í Selinu á Selfossi miðvikudagskvöldið 12.



Marín Laufey, Evrópumeisatari í guren.

nóvember. Fimm félög sendu alls átta fulltrúa á fundinn þar sem farið var yfir starf ráðsins árið 2013 og línur lagðar með mótahald og annað starf. Hagnaður var af rekstri ráðsins og er lausafjárstaða þess góð. Í stjórn voru kosin Stefán Geirsson formaður, Guðni Sighvatsson gjaldkeri, Guðrún Inga Helgadóttir ritari og varaformaður og varamenn voru kosnir þau Jana Lind Ellertsdóttir og Smári Þorsteinsson. Meðal þess sem bar á góma á fundinum var að glímuráðið tæki að sér glímukynningar í skólum á svæðinu, búninga- og beltakaup og fleira.

Ólafur Oddur Sigurðsson Umf. Laugdælum var endurkjörin formaður Glímusambandsins á ársþingi GLÍ auk þess sem hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri GLÍ síðan 1. janúar 2009. Kjartan Lárusson var endurkjörin formaður Glímudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

#### Glímusýningar

Glímuráð HSK annaðist glímusýningu á Sunnlenska sveitadeginum sem fór fram á athafnasvæði Jötuns á Selfossi þann 3. maí. Þar sýndi vösk ungmenni úr Flóa og Holtum margvísleg glímubrögð undir stjórn Stefáns Geirssonar. Þetta voru þau Jón Gunnþór Þorsteinsson, Guðni Elvar Björnsson, Guðrún Inga Helgadóttir, Hanna Kristín Ólafsdóttir, Jana Lind Ellertsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Sóley Kristjánsdóttir.

#### Erlend samskipti

Margir glæsilegir sigrar unnust hjá glímufólki HSK á árinu 2014 á alþjóðlegum fangbragðamótum. Má þar nefna að Marín Laufey Davíðsdóttir varð Evrópumeistari í backhold og guren á Evrópumeistaramóttinu sem fram fór á Spáni í lok apríl. Hún var einnig kjörin besta fangbragðakona mótsins í mótslok. Guðrún Inga Helgadóttir varð skoskur meistari í backhold í -52 kg flokki þegar hún sigraði hálandaleikana Bridge of Allan. Annika Rut Arnardóttir sigraði opinn flokk kvenna á sama móti. Ólafur Oddur Sigurðsson sigraði opinn flokk karla í



Ólafur Oddur varð fyrsti maðurinn utan Bretlandseyja til að sigra hið sögufræga mót í Grasmere.

backhold á The Cowal Gathering, Bute Highland Games og svo varð hann fyrsti maður utan Bretlandseyja til að sigra hið sögufræga mót Grasmere í Englandi.

Hópur ungmenna hélt dagana 31. júlí til 4. ágúst á vegum GLÍ til Skotlands í keppnis- og æfingaferð undir farastjórn Ólafs Odds Sigurðssonar. Alls taldi hópurinn þrettán ungmenni og af þeim hópi komu sex úr röðum HSK. Þetta voru þau Eiður Helgi Benediktsson Garpi, Annika Rut Arnarsdóttir Garpi, Hanna Kristín Ólafsdóttir Umf. Baldri, Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Samhygd, Þorgils Kári Sigurðsson Umf. Vöku, Guðrún Inga Helgadóttir Umf. Vöku og Guðni Björnsson Garpi.

#### Mót á vegum HSK

##### Grunnskólamót HSK 2014

Grunnskólamót HSK í glímu fór fram í íþróttahúsinu í Reykholti 5. febrúar. Keppni hófst kl. 11:00 og stóð til 12:30. Verðlaunaaafhending fór fram að keppni lokinni. Alls sendu fjórir grunnskólar af sambandssvæði HSK 83 keppendur til leiks og voru keppendur á bilinu fjórir til tólf í hverjum aldurshópi. Glímt var á fjórum dýnulögðum völlum samtímis. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, og dómara og annað starfsfólk mótsins komu úr röðum HSK.

##### 5. bekkur stelpur

1. Sunna Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

##### 6. bekkur stelpur

1. Kolbrá Lóa Ágústsdóttir, Hvolsskóla

##### 7. bekkur stelpur

1. Sigurlín F. Arnarsdóttir, Laugalandsskóla

##### 8. bekkur stelpur

1.–2. Jana Lind Ellertsdóttir, Laugalandsskóla

1.–2. Sigríður Kjartansdóttir, Bláskógaskóla

##### 9. bekkur stelpur

1. Annika Rut Arnarsdóttir, Laugalandsskóla

##### 10. bekkur stelpur

1. Sóley E. Sigurgeirsdóttir, Bláskógaskóla

##### 5. bekkur stráka

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla

##### 6. bekkur stráka

1. Finnur Þór Guðmundsson, Bláskógaskóla

##### 7. bekkur stráka

1. Sindri Ingvarsson, Hvolsskóla

##### 8. bekkur stráka

1. Ágúst Aron Guðjónsson, Hvolsskóla

##### 9. bekkur stráka

1. Eiður H. Benediktsson, Laugalandsskóla

##### 10. bekkur stráka

1. Þorgils Kári Sigurðsson, Flóaskóla

#### Stigakeppnin:

Stigakeppni félaga er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

##### 5.–7. bekkur stráka

	stig
1. Bláskógaskóli	22
2. Hvolsskóli	18,5
3. Laugalandsskóli	10,5
4. Flóaskóli	4,5

##### 5.–7. bekkur stelpna

	stig
1. Hvolsskóli	21,5
2. Laugalandsskóli	15,5
3. Bláskógaskóli	4,5

##### 8.–10. bekkur drengja

	stig
1. Hvolsskóli	19
2. Bláskógaskóli	13
3. Flóaskóli	10
4. Laugalandsskóli	7,5



<b>8.–10. bekkur stúlkna</b>	<b>stig</b>
1.–2. Bláskógaskóli	18,5
1.–2. Laugalandsskóli	18,5
3. Hvolsskóli	12
4. Flóaskóli	5

#### Héraðsglíma HSK 2014

Héraðsmót HSK í glímu fór fram að Laugalandi í Holtum 6. mars. Alls mættu til leiks 51 keppandi frá fjórum félögum innan vébanda HSK. Keppnin hófst kl. 17:00 á keppni í barna- og unglingaflokkum en endað var á keppni í fullorðinsflokkum. Nú var glímt um Skarphéðinsskjöldinn í 90. sinn og Bergþóruskjöldinn í 13. sinn. Dómarar og annað starfsfólk komu út röðum HSK.

Stefán Geirsson sigraði í Skjaldarglímu Skarphéðins í 10. skipti en Marín Laufey hampaði fimmta sigrinum í glímuni um Bergþóruskjöldinn.

#### Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Stefán Geirsson, Þjótanda

#### Skjaldarglíma Bergþóru

1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Þjótanda

#### Unglingar 17–20 ára

1. Pétur Logi Pétursson, Dímoni

#### Strákar 16 ára

1. Þorgils Kári Sigurðsson, Þjótanda

#### Stelpur 15–16 ára

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir, Þjótanda

#### Strákar 15 ára

1. Eiður Helgi Benediktsson, Garpi

#### Stelpur 14 ára

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

#### Strákar 14 ára

1. Ágúst Aron Guðjónsson, Dímoni

#### Stelpur 13 ára

1. Sigurlín Franziska Arnarsdóttir, Garpi

#### Strákar 13 ára

1. Sindri Ingvarsson, Dímoni

#### Stelpur 12 ára

1. Kolbrá Lóa Ágústsdóttir, Dímoni

#### Strákar 12 ára

1. Finnur Þór Guðmundsson, Laugdælum

#### Stelpur 11 ára og yngri

1. Sunna Sigurjónsdóttir, Dímoni

#### Strákar 11 ára og yngri

1. Þorsteinn Guðnason, Dímoni

#### Stigakeppnin:

Stigakeppni félaga er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

#### Karlar 20 ára og eldri:

1. Dímon 12 stig  
2. Þjótandi 6 stig

#### Drengir 19 ára og yngri:

1. Dímon 66 stig  
2. Þjótandi 11 stig  
3. Garpur 10 stig  
4. Laugdælir 6 stig

#### Konur 17 ára og eldri:

1. Þjótandi 15 stig

#### Stúlkur 16 ára og yngri:

1. Dímon 42 stig  
2. Garpur 36 stig  
3. Þjótandi 6 stig



Stjórn Glímuráðs HSK eftir aðalfund 2014.

#### Bændaglíma Suðurlands 2014

Bændaglíma Suðurlands fór fram í 16. sinn í félagsheimilinu Þingborg í Flóahreppi 31. maí. Glíman var liður í árlegri vorhátið Flóamanna sem nefnast Fjör í Flóa og haldin var um þessa helgi. Til leiks mættu tvö lið glímukvenna úr HSK en bændur voru þær Marín Laufey Davíðsdóttir og Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir. Bændurnir kusu sér lið úr hópnunum en Marín vann hlutkesti og fékk að kjósa fyrr. Til leiks mættu níu stúlkur og voru því fimm í liði Marínar en fjórar í liði Brynhildar. Yfirdómari og glímustjóri var Stefán Geirsson bóndi í Gerðum. Hann kynnti keppendur og skýrði fyrirkomulag glímunnar fyrir áhorfendum sem voru allmargir. Kristinn Guðnason bóndi á Þverlæk lýsti keppninni fyrir áhorfendum og kom víða við í lýsingum sínum. Ritari var Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli.

Glíman gekk vel fyrir sig, glímt var snarplega og tekin falleg brögð. Bóndi sigurliðsins, Marín Laufey Davíðsdóttir veitti viðtöku Sigurðarbikarnum að glímu lokinni. Hann var gefinn árið 1987 af Ungmennafélagi Íslands í minningu Sigurðar Greipssonar glímukappa og skólastjóra í Haukadál.

#### Lið Marínar:

1. Marín L. Davíðsdóttir, Samhygð  
2. Guðrún Inga Helgadóttir, Vöku  
3. Hanna Kristín Ólafsdóttir, Baldri  
4. Sigurlín Arnarsdóttir, Garpi  
5. Hildur Jónsdóttir, Garpi

#### Lið Brynhildar:

1. Brynhildur H. Sigurjónsdóttir, Bisk.  
2. Sigríður Magnea Kjartansdóttir, Bisk.  
3. Annika Rut Arnarsdóttir, Garpi  
4. Dagný Rós Stefánsdóttir, Garpi

#### Úrslit:

#### Lið Marínar

Hildur 1-0  
Sigurlín 0-1  
Hanna ½ -½  
Guðrún 1-0  
Hildur 0-1  
Hanna 0-1  
Guðrún 1-0  
Guðrún 0-1  
Marín 1-0

#### Lið Brynhildar

Dagný sniðglíma h  
Annika sniðglíma v  
Sigríður jafnglími  
Annika sniðglíma h  
Sigríður sniðglíma h  
Sigríður hælkrókur h á h  
Sigríður hælkrókur h á h  
Brynhildur sniðglíma h  
Brynhildur hælkr u vinstri

#### Fjórðungsglíma Suðurlands 2014

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram á Laugalandi í Holtum 20. nóvember. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í flokkum 10 ára og yngri, 11, 12, 13, 14 og 15 ára en fullorðinsflokkar 16 ára og eldri kepptu á gólfi. Alls sendu fjögur félög þrjátíu keppendur til leiks en rétt til þátttöku eiga allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

#### Karlar 16 ára og eldri

1. Smári Þorsteinnsson, Umf. Biskupstungna

#### Konur 16 ára og eldri

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

#### Meyjar 14 ára

1.–2. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi  
1.–2. Laufey Ó. Jónsdóttir, Umf. Biskupst.

#### Piltar 13–14 ára

1. Sindri Ingvarsson, Dímoni

#### Stúlkur 13 ára

1. Sigurlín Franziska Arnardóttir, Garpi

#### Stelpur 12 ára

1. Birgitta Saga Jónsdóttir, Dímoni

#### Strákar 12 ára

1. Kristján Bjarni Indriðason, Dímoni







Karl Gunnlaugsson HSK meistari í flokki 70 ára og eldri.

## Golfnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Gylfi Birgir Sigurjónsson, Golfklúbbi Selfoss, formaður, Ingvar Jónsson, Golfklúbbi Þorlákshafnar, Sigríður Gunnarsdóttir, Golfklúbbi Selfoss. Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum.

### HSK mótið

HSK mótið var haldið í Þorlákshöfn 1. júní og var keppt í hefðbundum flokkum karla, kvenna og öldunga. Einnig var keppt í sveitakeppni milli klúbba. HSK meistari karla 2014 var Ragnar Sigurðarson, GOS. HSK meistari kvenna 2014 var Jórunn Lilja Andrésdóttir, GF. GOS sigraði í stigakeppni klúbba.

### Úrslit í flokkum

#### 1. flokkur karla

1. Ragnar Sigurðarson, GOS 75 högg

#### 2. flokkur karla

1. Óskar Gíslason, GP 85 högg

#### 3. flokkur karla

1. Halldór Morthens, GOS 95 högg

#### Konur

1. Jórunn Andrésdóttir, GF 121 högg

#### Öldungaflokkur karla 55 - 69 ára

1. Samúel Hreggviðss., GOS 84 högg

#### Öldungaflokkur karla 70+

1. Karl Gunnlaugsson, GF 87 högg

Aldursflokkamót barna og unglunga var ekki haldið þetta árið.

Fyrir hönd golfnefndar, Gylfi Birgir Sigurjónsson

## Handknattleiksnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, formaður, Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss, Örn Guðnason, Umf. Selfoss. Varamaður: Ágúst

Rósar Morthens, Umf. Selfoss.

Nefndin ákvað að halda héraðsmót karla milli jóla- og nýars, en því var aflýst vegna þátttökuleysis.

## Hestaíþróttarnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sigmar Ólafsson, Sleipni, formaður, Halldóra S. Jónsdóttir, Sleipni, Lovísa H. Ragnarsdóttir, Geysi. Varamaður: Ísleifur Jónasson, Geysi.

Nefndin sá um að velja hestaíþróttamann HSK, en engin héraðsmót voru haldin á árinu.

## Íþróttarnefnd eldri félagsmanna hjá HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss, formaður, Markús Ívarsson, Umf. Samhygð, Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dimon. Varamaður: Ásberg Lárenzinusson, Umf. Þór.

Nefndin hélt einn fundi á árinu og var aðalefni fundarins Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið var Húsavík. Þá hélt nefndin kynningarfund um Landsmót 50+ þar sem framkvæmdastjóri mótsins kynnti keppnisgreinar og fleira.

### Þátttaka HSK á 4. Landsmóti UMFÍ 50+ á Húsavík 20.–22. júní 2014

Mótið tókst í alla staði vel og ánægjulegt var að sjá hve margir keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt. Alls tóku um þrjátíu keppendur þátt í fjölmörgum greinum og hér er getið um þátttöku okkar fólks og verðlaunahöfum í einstökum greinum. Við setningu mótsins var ákvörðun stjórnar UMFÍ



Hjónin Guðni Guðmundsson og Margrét Þórðardóttir kepptu á Landsmóti 50+, ásamt Ásdísi dóttur sinni.

um mótsstað 2016 kynnt, en mótið verður haldið á Ísafirði. Meðal annarra umsóknarstaða var Hveragerði og Þorlákshöfn. Mótið árið 2015 verður haldið á Blönduósi.

### Yfirlit um þátttöku HSK fólks á Landsmóti 50+

#### Boccia

Guðjón Loftsson, Páll Vilhjálmsson, Bjarney Össurardóttir og Lilja Halldórsdóttir úr Hveragerði skipuðu sveit HSK. Álfheiður Einarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Ingimundur Ingimundarson voru í bocciasveit Selfoss. Sveitirnar unnu ekki til verðlauna.

#### Bogfimi

Gunnar Þór Jónsson fyrrverandi, varaformaður HSK, varð landsmótsmeistari í trissubogaflokki í bogfimi.

#### Bridds

HSK átti sveit sem varð í 9. sæti í sveitakeppni í bridds. Sveitina skipuðu þeir Brynjólfur Gestsson, Karl Þ. Björnsson, Sigurfinnur Snorrason og Sigurður Skagfjörð Ingimarsson.

#### Fjallahlaup

Ingvar Garðarsson varð í þriðja sæti í 7,6 km fjallahlaupi á 33:54 mín.

#### Frjálsíþróttir

Keppendur HSK unnu til fjölda verðlauna. Alls voru átta HSK-met sett á mótinu. Guðmundur Nikulásson vann fimm greinar í flokki 50–54 ára. Hann kastaði lóði 11,54 metra, sem er HSK-met í flokknum, hljóp 100 metra hlaup 14,36 sek í mótvindi, kastaði spjóti 31,96 metra, sem er bætning á eigin HSK-meti. Hann kastaði kringlu 35,80 metra og stökk 1,35 metra í hástökki. Þá varð hann þriðji í kúlu með 9,13 metra.



Guðmundur Nikulásson vann fimm greinar í flokki 50–54 ára á Landsmóti 50+.

Guðni Guðmundsson vann 100 m hlaup í flokki 80–84 ára á 29,77 sek sem er nýtt HSK-met. Hann varð annar í spjótkaсти, kastaði 9,48 metra og þriðji í kúluvarpi með 4,63 metra. Margrét Þórðardóttir, kona Guðna, vann 100 metra hlaupið í flokki 75–79 ára. Hún hljóp á 28,64 sek sem er HSK-met í aldursflokknum. Þá vann hún og setti HSK-met í spjótkaсти, kastaði 6,53 metra.

Kjartan Lárusson vann lóðkast, kastaði 8,24 metra í flokki 55–59 ára, sem er nýtt HSK-met í flokknum. Hann vann einnig langstökk, stökk 3,34 metra og varð þriðji í spjótkaсти með 17,13 metra.

Markús Ívarsson varð í öðru sæti í lóðkaсти í flokki 65–69 ára, kastaði 6,28m, hann varð þriðji í 100 m hlaupi á 20,80 sek á nýju HSK-meti í viðkomandi flokki. Hann vann langstöckið, stökk 2,77 metra. Ingvar Garðarsson vann 800 m hlaup í flokki 55–59 ára á 2:55,80 og bætti HSK-met Markúsar Ívarssonar um 0,3 sek. Hann varð annar í spjótkaсти, kastaði 20,04 metra og þriðji í kúluvarpi með 5,85 metra.

Hrafnkell Stefánsson varð landsmótsmeistari í kúluvarpi í flokki 55–59 ára með 10,87 metra og þá vann hann hástöckið með 1,20 metra. Tómas Jónsson vann kúluvarpið í flokki 80–84 ára með 8,78 m og varð svo annar í kringlukasti með 17,84 metra. Karl Gunnlaugsson varð þriðji í kringlukasti í sama aldursflokki með 14,25 metra.

#### Golf

Karl Gunnlaugsson varð í þriðja sæti í golfi í flokki 70 ára og eldri. Hann var með 23 punkta.

#### Hrútaðómar

Kjartan Lárusson varð í þriðja sæti í hrútaðómum.

#### Línudans

Lið frá HSK varð landsmótsmeistari í línudansi. Í liðinu voru Álfríður Einarsdóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Guðrún Guðnadóttir, Helga Guðmundsdóttir, Hjördís Þorsteinsdóttir, Hjörtur Þórarinsson, Jóhanna Guðmundsdóttir og Jón Þór Antonsson, sem sá um þjálfun liðsins.

#### Pútt

Guðjón Loftsson, Páll Vilhjálmsson, Lilja Halldórsdóttir og Bjarney Ösurardóttir tóku þátt í pútti.

#### Þönnukökubakstur

Helga Guðmundsdóttir varð í þriðja sæti í þönnukökubakstri.

#### Ringó

Lið HSK varð í öðru sæti í ringó. Í liðinu voru Ásta Laufey Sigurðardóttir, Guðmundur Nikulásson, Markús Ívarsson og Ólafur Elí Magnússon.



Áfram HSK!

#### Stígvélakast

Kjartan Lárusson tók þátt í stígvélakasti og var skammt frá því að komast á verðlaunapall.

#### Sund

Tómas Jónsson varð þrefaldur landsmótsmeistari í flokki 80 - 84 ára karla í sundi. Hann synti 50 metra baksund á 1:14,20 mín, 100 bringusund á 2:17,40 mín og 50 metra bringusund á 59,45 sek.

## Íþróttanefnd fatlaðra

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Þorbjörg Vilhjálmisdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, formaður, Guðrún Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný. Varamaður: Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra.

Íþróttanefnd fatlaðra hittist einu sinni formlega á árinu en var mun oftari í síma- og tölvusamskiptum. Nefndin hafði mikinn áhuga á að efla félagslega þáttinn með því að húa saman fótluðum íþróttamönnum sem æfa með mismunandi félögum innan HSK. Nokkrir viðburðir voru skipulagðir en af ýmsum ástæðum féllu þeir allir niður, því miður. Þar komu m.a. við sögu sumarfrí, óveður og jólasveinarnir.

Okkar fólk tók þátt í nokkrum fjálsíþróttamótum sem haldin voru á árinu bæði innan HSK og utanfélagsmótum. Líkt og undanfarin ár var Hulda Sigurjónsdóttir atkvæðamest, bæði hvað varðar árangur og fjölda móta.

Héraðsmót fatlaðra í fjálsfum var haldið á Selfossvelli 18. júní 2014 og var haldið samhliða héraðsmóti fullorðinna. Keppt var í langstökki, kúlu, kringlu og 200 m hlaupi.

**Þorbjörg Vilhjálmisdóttir, formaður.**



## Knattspyrnunefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Aldís Sigfúsdóttir, Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Garðar Sigfússon, Knattspyrnufélagi Árborgar, Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja. Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþf. Hamri.

Engin HSK-mót voru haldin á árinu.

## Körfuknattleiksnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri, formaður, Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna, Þorsteinn Darri Sigurgeisson, Umf. Heklu. Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi FSu.

Því miður náðist ekki að halda mót í öllum flokkum vegna mikilla anna hjá félögum við önnur körfuboltaverkefni.

### HSK mót í míkrobolta fyrir 1.–4. bekk

HSK mót í míkrobolta fyrir 1.–4. bekk voru haldin á Flúðum, Þorlákshöfn og í Hveragerði. Keppt var í 1. bekk drengja, 2. bekk drengja, 3. bekk drengja og 4. bekk drengja. Hjá stelpum kepptu 1.–2. bekkur og 3.–4. bekkur saman. Til leiks mættu körfuboltastelpur og körfuboltastrákar frá Hamri, Þór, Hrunamönnum, FSu og Bisk. Leikgleðin var í fyrirrúmi, stig ekki talin enda allir sigurvegarar.

### 8. flokkur karla

Mótið fór fram á Flúðum 8. maí. Hrunamenn urðu HSK meistarað sigur á Hamri.

### 10. flokkur karla

HSK mótið í 10. flokki karla í körfuknattleik var haldið í Þorlákshöfn föstudaginn 9. maí. Aðeins tvö lið mættu til leiks, Þór og FSu. Leikið var fjórir á móti fjórum, þar sem aðeins mættu fjórir leikmenn frá FSU. Þór vann 47:41 eftir hörkuleik. Fleiri lið voru skráð, en urðu að hætta við þátttöku vegna anna. HSK mót í þessum flokki hefur nú verið haldið í 34 skipti, en það var fyrst haldið árið 1977. Þetta er í sjöunda sinn sem Þór verður HSK meistari í þessum flokki, liðið vann sinn fyrsta titil árið 1992 og síðast varð það meistari árið 2010.

## Skáknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss, formaður, Guðni Ragnarsson, Umf. Dagsbrún, Skeggi Gunnarsson, Umf. Baldri. Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Baldri.

Skáknefnd HSK hittist óreglulega og fer yfir þau mál sem fyrir liggja og sinnir erindum er til hennar berast auk þess að halda Sveitakeppni HSK í skák sem fram fer árlega.



Nokkrir af verðlaunahöfum míkroboltamóts HSK.



Einbeittir skákmenn á héraðsmóti 16 ára og yngri.

### Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri

Héraðsmót HSK í skák var haldið í Grunnskólanum á Hellu 22. febrúar. Þrjátíu keppendur tóku þátt og komu þeir frá fjórum félögum. Keppnin fór val fram og var bæði jöfn og skemmtileg og er mót þetta vonandi komið til með að vera, sem er full þörf fyrir. Sérstaklega var keppnin í yngsta flokknum 10 ára og yngri skemmtileg og spennandi þar sem þrjú efstu menn urðu jafnir með fimm vinninga af sex mögulegum, var stigareikningur síðan látinn ráða niðurröðun keppenda.

#### Stigakeppni félaga:

- |             |         |
|-------------|---------|
| 1. Hekla    | 34 stig |
| 2. Dímon    | 8 stig  |
| 3. Garpur   | 7 stig  |
| 4. Þjótandi | 4 stig  |

### Sveitakeppni HSK í skák

Árleg sveitakeppni HSK í skák fór fram í Selinu á Selfossi 17. desember. Löng hefð er fyrir þessari keppni og leggja aðildarfélög alla jafna nokkuð á sig til að taka þátt. Í ár voru það sex sveitir sem tefldu fram keppendum.

#### Lokastaðan:

- |               |                |
|---------------|----------------|
| 1. Selfoss    | 15,5 vinningar |
| 2. Hekla A    | 14 vinningar   |
| 3. Baldur     | 13,5 vinningar |
| 4. Dímon      | 8 vinningar    |
| 5. Gnúpverjar | 6 vinningar    |
| 6. Hekla B    | 3 vinningar    |

Sigursveit Selfoss skipuðu: Magnús Matthíasson, Erlingur Jensson, Þorvaldur Siggason og Magnús Garðarsson.

**Magnús Matthíasson, formaður**



Frá keppni í jurtagreiningu á héraðsmóti HSK.

## Starfsíþróttanefnd

Starfsíþróttanefnd HSK árið 2014 skipuðu: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Vöku, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Umf. Vöku. Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi.

Starfsíþróttanefnd mætti á starfsíþróttþingi UMFÍ, en það var haldið í Borgarnesi laugardaginn 29. mars. Á þinginu sem var fæmennt en góðmennt var farið yfir verkefni starfsíþróttaráðs UMFÍ sl. tvö ár. Stjórnarkjör fór fram á þinginu og er skemmst frá því að segja að öll stjórnin var endurkjörin til tveggja ára. Í stjórninni sitja Halldóra Gunnarsdóttir HSP sem er formaður, Sigurður Aðalsteinson UÍA og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir UFA. Varamenn eru þær Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir HSK og Jóhanna Gunnlaugsdóttir UMSE. Gerðar voru lítilsháttar reglugerðarbreytingar í dráttarvélaakstri og pönnukökubakstri en ekki þótti ástæða til breytinga í öðrum greinum. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust á þinginu og allir sem þingið sátu voru sammála um mikilvægi þess að viðhalda keppni í þessum fjölbreyttu greinum sem starfsíþróttir eru.

Héraðsmót í starfsíþróttum var haldið í Aratungu laugardaginn 16. ágúst. Mótið var hluti af dagskrá hátíðarinnar Tvær úr Tungunum sem haldin var sama dag. Þátttaka var mjög góð, en hátt í 30 manns spreyttu sig í fuglagreiningu og jurtagreiningu. Þeir sem vildu gátu keppt saman í liði og voru nokkrir sem gerðu það. Verðlaunahafar urðu þessir:

### Jurtagreining:

1. Arnarholtshjónin  
Umf. Bisk. 19 jurtir réttar (af 20)
- 2.–3. Kolbrún Júlíusdóttir  
Umf. Vöku 18 jurtir
- 2.–3. Ingólfur Guðnason  
Suðra 18 jurtir

### Fuglagreining:

1. Ingólfur Guðnason  
Suðra 19+5 fuglar (af 20)

2. Rökkvi Hljómur Kristjánsson  
Garpi 19+4 fuglar
3. Haraldur Gísli Kristjánsson  
Garpi 18+3 fuglar

Alls komu keppendur frá átta aðildarfélögum HSK en úrslitin í stigakeppninni urðu þessi:

1. Íþróttafélagið Suðri 10,5 stig
2. Umf. Bisk 9,33 stig
3. Íþróttafélagið Garpur 9 stig
4. Umf. Vaka 7,5 stig
5. Umf. Laugdæla 3,33 stig
6. Umf. Samhygð 2 stig
7. Umf. Hekla 0,33 stig

Að lokum þakkar nefndin öllum þeim sem tóku þátt í starfi nefndarinnar á árinu, ekki síst heimamönnum í Biskupstungum fyrir góðar móttökur á héraðsmótinu. Megi starfsíþróttir halda velli innan sambandssvæðisins um ókomin ár.

### Fanney Ólafsdóttir, formaður starfsíþróttanefndar HSK



Sigurlið Hamars á héraðsmótinu í sundi.

## Sundnefnd

Nefndina skipuðu: Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir, Umf. Selfoss, formaður, Íris Judith Svavarsdóttir Íþróttafélaginu Hamri, Ingibjörg Erlingsdóttir, Íþróttafélaginu Dimon. Varamaður: Sigríður Runólfssdóttir, Umf. Selfoss.

Störf sundnefndarinnar voru mjög hefbundin á árinu 2014. Þrjú sundmót fóru fram á vegum Héraðssambandsins: aldursflokka-mót, héraðsmót og unglíngamót.

### Aldursflokka-mót

Aldursflokka-mót 13. maí, haldið í 25m útilaug á Hvolsvelli.

#### Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Umf. Selfoss 160 stig
2. Íþróttafélagið Hamar 98 stig
3. Íþróttafélagið Dimon 90 stig
4. Íþróttafélagið Garpur 12 stig
5. Umf. Hekla 6 stig
6. Umf. Hrunamanna 3 stig

Stigahæsta sund mótsins, 494 FINA stig, átti Laila Sicoli, Umf. Selfoss fyrir 100m skriðsund.

### Héraðsmót

Héraðsmót 3. júní, haldið í 25m útilaug í Þorlákshöfn.

#### Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Íþróttafélagið Hamar 87 stig
2. Umf. Selfoss 35 stig
3. Íþróttafélagið Dimon 27 stig

Stigahæsta sundkonan var Vilborg Óttarsdóttir frá Hamri sem vann sínar þrjár greinar og hlaut 18 stig. Stigahæsti sundmaðurinn var Dagbjartur Kristjánsson frá Hamri sem vann sínar þrjár greinar og hlaut 18 stig. Stigahæsta sund skv. stigatöflu FINA: Vilborg Óttarsdóttir, Hamri, fyrir 50 m flugsund, 325 stig.



Dímon vann stigakeppnina á unglingsmóti HSK í sundi.

**Unglingamót**

Unglingamót 9. nóvember, haldið í 16 m innilaug á Selfossi.

**Úrslit mótsins urðu sem hér segir:**

- 1. Íþróttafélagið Dímon 90 stig
- 2. Umf. Selfoss 87 stig
- 3. Íþróttafélagið Hamar 44 stig

Bætingabikarinn hlaut Björk Cagatin, Hamri, en hún bætti sig um 26,05 sek milli ára í 50 m bringusundi.

Almennt verður að segjast að árið 2014 var sundmönnum á HSK svæðinu gott. Gaman var að sjá mættu til leiks keppendur frá fleiri aðildarfélögum HSK á sundmótunum en verið hefur undanfarin sund ár og vonar nefndin að framhald verði á. Var ánægjulegt að afhenda Dímon á Hvolsvelli stigabikar Unglingamótsins annað árið í röð. Er mikil og stöðug vinna undanfarinna ára hjá sundfólki á Hvolsvelli að skila sér. Sundíþróttin er greinilega á uppleið en fjölgun hefur verið hjá félögum á sambandssvæðinu í hópi yngri iðkenda.

Að lokum þakkar nefndin fyrir allan þann stuðning sem sundíþróttin hefur fengið á sambandssvæðinu, sérstaklega starfsmönnum móta, þjálfurum, starfsmönnum sundlauga og síðast en ekki síst sundfólkinu sjálfu.


**Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir, formaður sundnefndar HSK**

**Sögu- og minjanefnd**

Nefndina skipa: Jóhannes Sigmundsson, Umf. Hrunamanna, formaður, Lisa Thomsen, Umf. Hvöt, Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna. Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttaf. Dímon.

Árið 2014 kom nefndin saman á fjóra bókaða fundi. Að venju gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Nefndin gerði það að tillögu sinni að Kristín Stefánsdóttir Umf. Vöku yrði útnefnd öðlingur ársins 2013. Kristín hefur um áratugaskeið keppt í jurtagreiningu með mjög góðum árangri, m.a. á landsmótum UMFÍ.

Á árinu var lokið við að binda inn þinggerðir Skarphéðins og ber að þakka Jóni M.Ívarssyni ótult starf í þeim efnum.



Lokið var við að binda inn þinggerðir HSK.

Nefndin heimsótti Héraðsskjalasafn Árnesinga og kynnti sér aðstæður þar, en lengi hefur verið unnið að því að þekkja fólk á myndum í eigu HSK og fleiri aðila.

Á fund nefndarinnar í desember komu Marteinn Sigurgeirsson og Kristinn Bárðarson vegna undirbúnings að gerð kvikmyndar um þátt Skarphéðins í landsmótum UMFÍ, þegar þau hafa verið haldin á sambandssvæði HSK. Fengist hefur styrkur til þessa verkefnis og verður unnið að framgangi þess máls á árinu 2015.

Á þingi HSK 2014 baðst Haraldur Júlíusson undan endurkjöri í sögu- og minjanefnd. Haraldur hefur um langt skeið verið formaður nefndarinnar og eru honum þökkud mikil og góð störf.

**F.h. nefndarinnar  
Jóhannes Sigmundsson, formaður**



Haraldur Júlíusson lét af formennsku í sögu- og minjanefnd eftir 20 ára farsælt starf.



## Skýrslur aðildarféлага HSK:



Heimir Sigurðsson #618 – Mynd frá Sverri Jónssyni – www.motosport.is.

## Akstursíþróttafélag Hreppakappa

Aðalfundur félagsins var haldinn 25. október 2014 þar sem engar breytingar urðu á stjórn félagsins. Hreppakappar voru nokkuð duglegir við að mæta til keppni á árinu 2014. Þar með hefur aðeins lifnað yfir starfinu sem hafði verið ansi rólegt undanfarin ár. Tvö tveggja manna lið fóru frá Hreppaköppum til þess að keppa í 6 klukkustunda þolakstri á Kirkjubæjarklaustri og náði annað þeirra finum árangri miðað við að enginn undirbúningur átti sér stað. En þeir Heimir Sigurðsson og Axel Arndal náðu 12. sæti í tvímenning og 20. sæti í heildarkeppninni, sem telst nokkuð gott þar sem hátt í 350 keppendur tóku þátt.



Þeir tveir ásamt Sigurjóni Snæ mættu svo til leiks í fyrstu umferð sumarsins í motocrossi sem haldin var á Selfossi. Þar tók Heimir sig til og náði 2. sæti í B-flokk. Heimir og Sigurjón skelltu sér svo norður á Akureyri til þess að taka þátt í annari umferðinni í motocrossinu þar sem Heimir tók aftur 2. sætið í B-flokk. Það gerði hann á lánshjólum sem hann var ekki vanur að keyra. Það kom til af því að hjólið hans var með gangtruflanir strax í tímatökum. Sigurjón og Heimir mættu einnig til þriðju umferðarinnar sem haldin var í Mosfellsbæ. Þar missti Heimir stjórn á hjóli sínu í tímatökum þar sem stökkið er niður brekku. Það varð til þess að hann féll niður brekkuna og þurfti að yfirgefa svæðið í sjúkrabil. Betur fór en á horfðist og endaði Heimir heima hjá sér lemstraður með brotið viðbein. Hann gekkst svo undir aðgerð á haustmánuðum þar sem viðbeinið var lagað og virðist una vel við í dag. Sigurjón mætti þá

einn til leiks í þær keppnir sem eftir voru og endaði 5. í heildarstigum yfir árið í B-flokk. Þess má þó geta að ekki er keppt til Íslandsmeistara í B-flokk. Í staðinn er regla sem segir að sigurvegari í stökum viðburði verði næst að skrá sig í meistaraflokk. Heimir náði ekki að falla undir þá reglu þetta árið en það er aldrei að vita hvað árið 2015 ber í skauti sér.

## Golfklúbbur Ásatúns

Á aðalfundi sem haldinn var í Golfskálanum Snússu í Ásatúni 19.01.2014 voru eftirtaldir kosnir í stjórn. Formaður: Sigurjón Harðarson. Aðrir í stjórn: Eiríkur Stefánsson, Guðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Sófússon, Gylfi Jóhannesson. Varamenn: Grímur Guðmundsson, Sigurður Kristinsson. Endurskoðendur: Sighvatur Halldórsson, Hörður Sigurjónsson.

Sumarstarfið hófst með vinnudegi 17. maí, og var farið yfir brautir og merkingar. Einnig var borið í stíga, settar nýjar holur og fánar, Guggugleðin haldin í framhaldi, en mótið var fámennst en góðmennt. Jónsmessumót var haldið 21.06.2014. Texas scramble. Sex sveitir voru skráðar til leiks og fór mótið vel fram í sémilegu veðri. Toppmótið var haldið um verslunarmanna-helgina, og tókst það mjög vel. Mótið var með sama sniði og 2013, spilað var 18 holu punktamót og ræst út á öllum teigum samtímis. Byrjað var með morgunverði kl 8.00 og ræst út á öllum brautum kl 9.00. Veitt voru verðlaun í bæði karla og kvennaflokki, og einnig besta skor. Það var Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf. sem sá um verðlaun, ásamt Ölgerðinni og Stillingu í Kópavogi, og hljóta þeir bestu þakkir fyrir það.



Sigurvegarar í Toppmótinu, þau Valgarð Már Jakopsson og Lilja Sigfúsdóttir.

Léleg aðsókn var á völlinn í sumar, og er hægt að kenna veðri þar mest um, þetta er annað árið í röð sem veðrið fer illa með okkur. Engar framkvæmdir voru á vellinum í sumar, aðrar en nauðsynlegt viðhald, sláttur og fleira í þeim dúr. Fjárfest var í hjartastuðtæki, sem sett var upp í golfskálanum.

Félagsgjald var 7.200 kr fyrir árið 2014 og er þá innifalinn einn hringur á vellinum. Ákveðið var að 1.000 kr. af félagsgjöldum gengju sem styrkur til golfvallarins, og eins var 150.000 kr. styrkur veittur til fræ- og áburðarkaupa. Félagar eru nú 260 og fækkaði um 40 á árinu. Formaður og gjaldkeri sóttu formannafund sem haldinn var í Borgarnesi í nóvember, einnig sótti formaður Formannamót GSÍ sem haldið var að loknu Íslandsmóti á velli GKG í Kópavogi.

**F.h. Golfklúbbs Ásatúns  
Sigurjón Harðarson, formaður.**

## Golfklúbburinn Flúðir

Aðalfundur GF var haldinn þann 28. febrúar 2014 í golfskálanum á Efra-Seli. Á fundinum var



m.a. stjórn GF endurkjörin en í henni sitja: Ragnar Pálsson, formaður, Edda Svavarsdóttir, varaformaður, Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir, gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson, ritari og Kristján Geir Guðmundsson, meðstjórnandi.

Selsvöllur var opnaður um mánaðarmótin apríl – maí, eftir risjótt tíðarfar undanfarinna mánaða. Veturinn var ekki hagstæður golfvellinum, enda mikil svell yfir hluta hans um veturinn, líkt og víða annarsstaðar á landinu, einkum þó á höfuðborgarsvæðinu. Þó voru kalskemmdir mun minni en óttast var í



Glaðbeittir kyflingar á 3. braut Selsvallar.

fyrstu. Lagfæringar voru gerðar þar sem því var við komið og tókust þær vel. Veðurfarið um sumarið var ekki gott, miklar rigningar sem orsökðuð bleytu á vallarsvæðinu og var aðsókn því minni en í meðalári.

Haldin voru 14 golfmót á vegum GF, innanfélagsmót og opin mót, auk þess sem Sveitakeppni GSÍ hjá drengjum 15 ára og yngri var haldið á Selsvelli 22. til 24. ágúst. Þátttaka í mótum var almennt góð, þrátt fyrir að veðurfar hafi á stundum ekki verið hagstætt.

Fjöldi félaga í GF var 2014 rúmlega 260 manns. Fjöldinn hefur dregist lítillega saman, eftir stöðuga fjölgun undanfarin ár, ca. 10-15% ár hvert. Líklegasta skýringin liggur í óhagstæðu veðurfari árin 2013 og sl. sumar. Vonast er eftir góðum sumrum á næstu árum sem vafalaust mun leiða til fjölgunar félaga.

Í sumar var boðið upp á golfæfingar fyrir börn og unglinga, 2svar í viku og voru leiðbeinendur þeir Árni Þór Hilmarsson og Karl Gunnlaugsson. Krakkarnir á svæðinu voru duglegir að mæta á æfingar og oft var mikið fjör í hópnum! Gert er ráð fyrir að boðið verði áfram upp á æfingar fyrir yngstu aldurshópana. Karen Sævarsdóttir, golfkennari og margfaldur Íslandsmeistari í íþróttinni, bauð upp á námskeið og einstaklingstíma á Selsvelli og var aðsókn almennt góð.

## Golfklúbburinn Geysir

Aðalfundur Golfklúbbsins Geysir var haldinn á KEX Hostel í Reykjavík 13. nóvember 2014. Engar breytingar urðu á stjórn eða nefndum frá fyrra ári.

Meistaramót GEY var haldið 24. og 25. júlí. Keppt var í fjórum flokkum og varð Pálmi Hlökkversson klúbbmeistari karla. Sigurvegari í II.flokk karla var Gylfi Geir Guðjónsson. Sigurvegari í III. flokki karla var Sigurður Sólmundarson eftir vafasama keppni

við sjálfan sig og sigurvegari í IV. flokki karla var Guðmundur Hjörvar Jónsson. Unglingaflokkinn vann Karl Jóhann Einarsson. Engin kona var skráð til leiks þetta árið. Veður spilaði stóran þátt í þessu móti og þurfti að hætta leik fyrir en áætlað var.

Keppt var í 4. deildinni í ár í Sveitakeppni GSÍ eins og öll hin árin, en þar verður nú breyting á. Miklar væntingar voru gerðar til sveitarinnar í ár, þar sem hún hefur aldrei verið mönnuð kyflingum með eins lága forgjöf. En allt kom fyrir ekki, sveitin lenti í fallsæti og spilar því í 5. deildinni að ári.

Ekkert mótahald utan meistaramótið var á vegum GEY þetta árið. Eins og hjá öðrum golfklúbbum setti veðrið strík í reikninginn í sumar. Ekki það að klúbburinn hafi svo sem staðið fyrir fjölda móta ár hvert í sögunni. Alltaf er spurning um hvort og hvenær eigi að halda mót og fyrir hvern. Klúbburinn er fámennur og frá félagsmönnum er lítill sem enginn þrýstingur á mótahald og völlurinn er ágætlega nýttur um helgar þegar helst væri von um almennilega skráningu í mót. Á vellinum eru síðan fjöldi einkamóta, en Haukadalsvöllur verður æ vinsælli meðal fyrirtækja og félaga- og vinnustaðahópa og fer þessum mótum því fjölgandi ár frá ári. Fyrirtækjagolf er orðið mjög vinsælt meðal

landans og var sérstaklega talað um það á formannafundi GSÍ.

Heimasíðan [www.geysirgolf.is](http://www.geysirgolf.is) hefur verið að taka breytingum og hefur Frímánn Baldursson alfarið séð um þau mál. Helstu breytingar þar eru að auka á myndefni, en minnka texta og fréttir. Var mat okkar að þegar innra starf klúbbsins eða mótahald er litið og fátt að fréttu, þá sé rétt að hafa frekar tímalaugar myndir, fremur en úreltar fréttir. Eins er síðan sett upp í nýrri uppfærslu af hugbúnaði og tekur því mið af snjallsímum, spjaldtölvum o.þ.h.

Á síðasta aðalfundi voru hugmyndir um að bæta þyrfti innra starf klúbbsins þ.e. auka félagsstarfið. Hugmyndir sem Edwin víðraði og fundarmenn tóku vel í. Það verður að segjast að ekki jókst nú starfið mikið þetta árið, en hver veit nema það verði einhver bót þar á í framtíðinni.

## Golfklúbbur Hellu

Aðalfundur Golfklúbbs Hellu var haldinn 13. nóvember, 18 manns mættu á fundinn.

Fundarstjóri var Þorsteinn Ragnarsson. Varaformaðurinn Árni Þorgilsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu, í hans stað kom Einar Long sem áður var meðstjórnandi og í hans stað kom Gísli Jafatsson. Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerðist á árinu, þakkaði Árna fyrir vel unnin störf svo og starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum og bauð nýja menn velkomna til starfa.

Stjórnina skipa: Formaður: Óskar Pálsson. Varaformaður: Einar Long. Gjaldkeri: Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir. Ritari: Bjarni Jóhannsson. Meðstjórnandi: Gísli Jafatsson. 1. varamaður: Guðný Rósa Tómasdóttir. 2. varamaður: Loftur Þór Pétursson.

Félagar í klúbbnum eru 101 sem er fækkun um 16 frá sl. ári. 21 félagi gengu úr klúbbnum og 5 nýir komu inn. Einn félagi úr klúbbnum og fyrrum gjaldkeri (1987-1992) og framkvæmdastjóri klúbbsins, Aðalbjörn Þór Kjartansson lést 10. maí sl. Annað árið í röð



Séð yfir 9. brautina á Haukadalsvelli.







Sigursveit Golfklúbbs Hveragerðis í Sveitakeppni GSÍ 3. deild. Efri röð frá vinstri: Fannar Ingi Steingrímsson, Jón Bjarni Sigurðsson (kylfusveinn), Guðjón Helgi Auðunsson, Birgir Rúnar Steinarsson Busk, Arnar Geir Helgason, (kylfusveinn), Erlingur Arthúrssón og Ólafur Dór Steindórsson. Í neðri röð frá vinstri: Auðunn Guðjónsson (líðsstjóri) og Elvar Aron Hauksson.

hópnum sjö unglingar. Hópurinn er ekki stór en hefur náð mjög góðum árangri. Æfingar voru undir stjórn Ingvars Jónssonar. Drengirnir náðu m.a. 7. sæti í sveitakeppni unglunga 18 ára og yngri í Þorlákshöfn og sýndu snilldar tilþrif. Fannar Ingi Steingrímsson var duglegur að æfa og keppa og náði mjög góðum árangri. Hann varð bæði Íslandsmeistari í holukeppni og högguleik í flokki 16 ára og yngri drengja. Þá tók hann þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ. Hann tók þátt í nokkrum mótum á Íslandsbankamótaröðinni, mótaröð unglunga og Eimskipsmótaröðinni, stigamótum GSÍ fullorðinna og var ávallt í fremstu röð. Í árslok 2013 var Fannar Ingi Steingrímsson útnefndur íþróttamaður Hveragerðis. Hann stóð svo sannarlega vel undir þeirri nafnbót á árinu 2014. Fannar Ingi var útnefndur kylfingur ársins hjá GHG 2014.

Þeir Pétur Sigurdór Pálsson og Björn Ásgeir Ásgeirsson fóru í Bandaríkjaferð sem þeir hlutu í háttvísi- og hegðunarverðlaun unglunga haustið 2013. Gestgjafinn var sá sami og undanfarin ár, Magnús Magnússon. Birgir Busk fór á námskeið í Snag golfi og var fjárfest í Snag búnaði. Bindum við vonir til að búnaðurinn og kunnátta Birgis nýtist á næstu árum, einkum til að efla barnastarf. Boðið var upp á golfæfingar fyrir félagsmenn undir stjórn Einars Lyng í júní og var þátttaka ágæt. Eftir meistaramót voru svo æfingar fyrir keppnisveitir í sveitakeppni GSÍ.

Karlasveit keppti í 3. deild á Selfossi og sigraði GHG deildina eftir sætan sigur á GOS í úrslitum. Sveitin keppti því í 2. deild næsta sumar og fer sú keppni fram í Vestmannaeyjum. Sveitin var að mestu skipuð ungum kylfingum og allir sýndu mikið keppnissskap og sigurvilja. Kvinnasveitin keppti í 2. deild á

Sauðárkróki og tryggði sér áframhaldandi þátttökurétt í deildinni, en gert er ráð fyrir að 2. deild kvenna fari fram á Gufudalsvelli næsta sumar. Í fyrsta sinn var skráð lið frá GHG í sveitakeppni eldri kylfinga, bæði í karla- og kvennaflokki. Keppni í 3. deild í eldri karlaflokki féll niður því aðeins var eitt lið skráð auk GHG. GHG tryggði sér keppnisrétt í 2. deild næsta sumar með skráningunni. Eldri sveit kvenna tók hins vegar þátt í 2. deild sem fór fram í Grindavík og endaði í 4. og neðsta sæti, reynslunni ríkari.

Ýmsir aðrir viðburðir voru á árinu, m.a. þorraflót, kvennakvöld, bændaglima, vinamót GHG og GHR o.fl. Aðalfundur ársins 2014 fór fram þann 17. desember.

**Auðunn Guðjónsson, formaður GHG**

## Golfklúbbur Kiðjabergrs



Aðalfundur GKB var haldin í Golfskála Kiðjabergrs 13. desember 2014. Í ár var stjórn Kiðjabergrs skipuð eftirtöldum. Formaður: Jóhann Friðbjörnsson. Gjaldkeri: Jenetta Bárðardóttir. Ritari: Þórhalli Einarsson. Meðstjórnendur: Gunnar Þorláksson og Snorri Hjaltason. Varamenn: Ágúst Friðgeirsson og Börkur Arnviðarson.

Haldnir voru 7 bókaðir fundir á árinu. Annað árið í röð var úrkomu með mesta mót þó aðallega frá lokum júní og nánast út júlí. Aukning var í komum á völlinn í maí og júní en mikil samdráttur í júlí sem hefur yfirleitt verið okkar besti mánuður. Aukning var í ágúst og september miðað við undangengin ár. Síðasti vetur var vægast sagt mjög erfiður

fyrir grasvelli nánast á öllu landinu vegna mikillar klakamyndunar. Svo var líka hjá okkur á brautum og flötum, þó aðallega á 3. og 4. braut og fyrstu, fjórðu, sjöundu og níundu flöt. Þó svo að veturinn hafi verið mjög erfiður þá opnuðum við völlinn fyrir félagsmenn sumardaginn fyrsta sem var fimmtudagurinn 24. apríl. Þá var búið að slá allar flatir í tvisgang og teiga. Ástand á flötum og teigum var mjög gott miðað við þann vetur sem var að líða. Formleg opnun var síðan 1. maí, var þá búið að slá allar brautir. Mjög góð aðsókn var að vellinum í maí enda var það umtalað að flatir hjá okkur væru líklega þær bestu á landinu á þessum vormánuðum. Fjöldi erlendra gesta var svipaður og sumarið 2013, komu þeir í nokkrum hópum og jafnframt sem einstaklingar, létu þeir veðrið ekki koma í veg fyrir góðan dag á vellinum. Fengum við mikið hrós frá þessum gestum fyrir glæsilegan og vel hirtan völl og í flestum tilfellum þann besta sem þeir höfðu spilað á í ferð sinni til Íslands. Fjöldi aðalfélaga er svipaður á milli ára, félaga fjöldi í dag er um 370 og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Það er alltaf eitthvað um að fólk hætti en það kom nýir í staðinn.

Mótastarf var með hefðbundum hætti, okkar helstu opnu mót voru Grand open opnunarmót, firmakeppni. Stóra Texas Scramble mótið, hjóna- og parkeppni, Gullmót Hansinu og síðan Styrktarmótið um verslunarmannahelgi. Þátttaka í mótum var svipuð og árið á undan en við höfum fækkað mótum mjög mikið undanfarin ár. Nú erum við eingöngu með þau mót sem hafa festi sig í sessi hjá okkur og er þátttaka í þeim mjög góð en nær uppselt var í þau öll. Klúbbmeistarar urðu þau Rúnar Óli Einarsson og Brynhildur Sigursteinsdóttir.

Nú í sumar skráðum við þrjár sveitir til keppni í Sveitakeppni GSÍ. Í 2. deild sem var haldin hér í Kiðjabergrs endaði okkar sveit í 6. sæti. Síðan skráðum við tvö lið til þátttöku í sveitakeppni eldri kylfinga, kvinnasveit í 2. deild sem haldin var í Grindavík. Þar unnu okkar konur glæsilegan sigur og leika því í 1. deild að ári. Karlasveitin átti að spila í 3. deild í Vestmannaeyjum en svo fór að aðeins tvö lið skráðu sig til leiks og spilar karlaliðið því í 2. deild á komandi sumri. Liðstjóri karla- og kvennaliðs var Snorri Hjaltason.

Mjög góð aðsókn var hjá hópum bæði stórum og smáum, sem héldu mót á vellinum fyrir sína viðskiptavinum og starfsmannafélög. Í mörgum tilfellum sáum við um að halda utanum mótahaldið hjá þessum hópum. Allir þessir hópar enduðu svo daginn í mat í skálanum.

Á komandi ári þarf að fara í ýmsar smáframkvæmdir á vellinum til að gera hann en betri. Þörf er á að gata flatir og sá í þær strax í vor. Haldið verður áfram að sá í og græða upp skemmdir eftir kal. Síðan eru víða sigdældir í brautum sem þörf er á að laga. Þörf er á að stækka eldhús þar sem gengið er



Tekið til hendinni á vinnudegi Golfklúbbs Kiðjabergs.

inn baka til og koma þar upp lagarstöðu og kælum og frysti fyrir veitingasölu.

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi klúbbsins á liðnu ári og jafnframt kynnt það sem helst er framundan á næsta ári. Það má segja að rekstur klúbbsins sé í góðu fari og ástand vallar gott. Þó svo að alltaf megi gera betur, er það stefna stjórnar að gera félagsmanninn ánægðan og stoltan af því að vera í klúbbum. Jafnframt gera góðan völl enn betri á komandi árum.

## Golfklúbbur Selfoss

Stjórn GOS 2014

skipuðu eftirtalin:

Ástfríður Sigurðar-

dóttir, formaður,

Helena Guðmunds-

dóttir, gjaldkeri,

Svanur Bjarnason,

ritari, Halldór Morthens og Axel Óli Ægisson,

meðstjórnendur

Sama stjórn var endurkosin á aðalfundi GOS sem haldin var 27. nóvember 2014. Félagafjöldi í GOS er 470 þar af eru 103 aukameðlimir. 76 hættu í klúbbum á tímabilinu og 73 nýir gengu til liðs við okkur. Samningur GOS við Golfklúbb starfsmannafélags Íslandsbanka (GOSÍ) var áfram í gildi á árinu en með honum komu alls 213 kylfingar í GOS, 117 fullgildir meðlimir og 96 aukafélagar. Fjöldi félaga í GOS stóð nokkuð óbreyttur á milli ára en slík þróun er staðreynd hjá klúbbum á landsvísi og er golfhreyfingunni nokkuð umhugsunarefni. Það er þó mikill og vaxandi kraftur í starfinu og félagslegum þáttum hjá GOS og á framkvæmdastjóri klúbbsins stóran þátt í þeirri þróun með til að mynda öflugu nýliðastarfi sem spurst hefur út til annarra klúbba og þykir mjög til eftirbreytni. Þá þykir einnig með ólíkindum hve kvennastarfi klúbbsins hefur tekið stökkbreytingum á skömmum tíma og er það mikið gleðiefni.



Aðstaða til iðkunar golfs innandyra á Eyrarbakka var tekin í notkun í lok síðasta árs og var hún dyggilega sótt af ungum sem eldri kylfingum. Hún nýttist vel til æfinga hjá börnum og unglingum, kvennanefndin stóð fyrir vikulegum æfingum í nokkra mánuði og þóttmót á laugardögum voru vel sótt og til enn frekari félagslegrar eflingar hjá klúbbum. Í lok mars var Fjölskyldudagur GOS á vellinum og þótti takast vel til. Ekki var farið í að dreifa bæklingum í sveitarfélaginu heldur valið að skrifa greinar til kynningar á golfinu almennt og starfsemi GOS ásamt því að auglýsa í héraðsblöðum í upphafi tímabilsins.

Tíðarferið lék ekki við okkur á þessu sumri frekar en því síðasta en þó var aðsókn á völlum mjög góð miðað við júlímánuður var mjög dapur og bauð uppá ca. 20 rigningardaga. Ástand vallar var í alla staði til fyrirmyndar þó oft væri blautt. Á árinu voru alls leiknir 9.777 hringir á Svarfólsvelli og skiptust þeir þannig að félagar áttu 3.866 en gestir 4.489 en 1.422 hringir voru spilaðir í mótum. Hringir alls árið áður voru 8.979 og var um aukningu að ræða í öllum fyrrnefndum hópum á þessu ári og aukning í heildarspili er því um 9%.



Sveitarfélagið Árborg skrifar undir kaupsamning við Lífeyrissjóð starfsmanna sveitafélaga.

Í fyrsta skipti gerði GOS afrekssamninga við unga og efnilega kylfinga og voru það þau Alexandra Eir Grétarsdóttir og Andri Páll Ásgeirsson sem hlutu þann heiður. Ásamt því að gera við þau samning hlutu þau einnig styrk úr afrekssjóði GOS og Árborgar. Háttvísibíkarinn er árlega veittur þeim kylfingi sem skarar fram úr á flestum sviðum golfsins og var það Máni Páll Eiríksson sem hlaut hann í ár. Kylfingur ársins er Alexandra Eir Grétarsdóttir og sá efnilegasti var valinn Aron Emil Gunnarsson.

Í ár var ákveðið að klúbburinn stæði, í fyrsta skipti í mörg ár, fyrir rekstri veitingasölnunnar og þykir það hafa tekist mjög vel. Samhliða var gerður hagstæður samningur við Mat og músík um mat fyrir hópa og fyrir starfsmenn í hádegi. Framan af sumri voru tveir starfsmenn ráðnir til veitingasölnunnar ásamt einum til vara en vegna brottresturs eins starfsmanns á miðju sumri kom varamaðurinn inn af fullum krafti og stóðu því tvær ungar stúlkur vaktina að mestu það sem eftir lifði sumars.

Það sem stendur uppúr á árinu er afar langþráð lausn á landamálum klúbbsins. Það var mikil gleðistund þegar fulltrúar Sveitarfélagsins Árborgar mættu hér til okkar ásamt fulltrúum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga þann 7. maí til þess að handsala kaup sveitarfélagsins á um 200 hektara landi og tryggja þannig golfklúbbum vallarstæði til langs tíma og um leið möguleika til skipulagðrar uppbyggingar en slíkt hefur í raun aldrei verið í boði vegna óvissu um framtíð vallarins. Nú eru spennandi tímar framundan og undirbúningur þegar hafinn. Málið hefur verið tekið upp með bæjarráði, samstarf er hafið við golfvallaarkitektinn Edwin Roald Rögnvaldsson og frumteikningar hafa þegar verið gerðar af fyrirhugaðri legu vallarins. Breytingar þessar voru kynntar á félagsfundum GOS nú á haustmánuðum. Framundan er vinna við deiliskipulag á svæðinu og er undirbúningur þeirrar vinnu hafinn. Ætlað er að það geti



legið fyrir eftir tæpt ár. Á meðan verður ekki unnt að fara í veigamiklar framkvæmdir en hægt að hefja undirbúning þeirra. Framtíðin er björt hjá okkur og vonandi sjá sem flestir félagar sér fært að leggja hönd á plóginn við breytingar og stækkun vallarins okkar.

## Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2014 var haldin 9. janúar. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu



sníði. Ein breyting var gerð á stjórn stjórn klúbbsins. Júlíus Hallgrímsson kom inn fyrir Alexander Högnason. Er stjórn GOT skipuð eftirtöldum mönnum: Forseti: Bjarni Magnússon. Varaforseti: Bogi Pétursson. Gjaldkeri: Magnús Már Þórðarson. Ritari: Marteinn Þorkelsson. Meðstjórnendur: Hilmar Hólmgeirsson, Óli Öder Magnússon og Júlíus Hallgrímsson.

Herrakvöld GOT var haldið 21. febrúar í Laugardalshöll. Var þetta í fimmta sinn sem klúbburinn heldur slíkt herrakvöld og að venju var uppselt. Framkvæmd kvöldsins tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfra augljós. Vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Sumarstarfið var í miklum blóma. Nokkur innanfélagsmót voru haldin, bæði stór og smá og einnig var spiluð Bikarkeppni GOT, sem heppnaðist vel. Var það Magnús Eggertsson sem fór með sigur úr bitum í þessi einstöku keppni og telst því vera bikarmeistari GOT 2014. Er þetta þriðja árið í röð sem Magnús vinnur þessa keppni, og er það einstakt afrek í sögu klúbbsins.

Deildarkeppni GSÍ 5. deild var haldin Þverárvelli í Fljótshlíð, í ágústmánuði. GOT sendi vaska sveit leikmanna ásamt aðstoðarmönnum og fylgdarliði til þátttöku. Tuddarnir unnu mótið með glæsibrag eins og við var að búast. Undirbúningur og allar móttökur á Þverárvelli sem og golfvöllurinn sjálfur voru frábærar, og eins ber að hrósa mótsstjórn sérstaklega fyrir gott starf, en öll framkvæmd mótsins tókst með miklum ágætum. Markmiðið eins og ávallt var að vinna þessa keppni og fara því upp um deild en það tókst að þessu sinni. En þótt markmið sveitarinnar hafi nánast öll náðst þá var umtalað að fágúð framkoma Tuddana, klæðnaður, þróðmennska, leikgleði og samskipti þeirra sin á milli, sem og við leikmenn annarra liða væri til fyrirmyndar. Stjórnin vill þakka öllum sem komu að og tóku þátt.

Meistaramót GOT var haldið 19. og 20. september á Selsdon park í nágrenni London Englandi. Eins og oft áður þá má segja að Golfklúbburinn Tuddi sé brautryðjandi á hinum ýmsum sviðum golfþróttarinnar, því



Kvennisveit GÚ á sveitakeppni GSÍ á Sauðárkróki í sumar.

það er okkur til efs að nokkru sinni fyrir hafa íslenskur golfklúbbur haldið sitt annað meistaramót á erlendri grund. Mótið sem slíkt var haldið með nokkuð hefðbundnu sníði, en undirbúningur, setning mótsins og keppnisfyrirkomulag var ekki eins og oft áður. Messufallið hafði slæm áhrif á svarta liðið. Rauða liðið sigraði örugglega þetta árið, og klúbbmeistari GOT 2014 er Þorsteinn Hallgrímsson.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 15. nóvember í veislusal Ferðafélags Íslands. Matarnefndin og skemmtinefndin stóðu sig frábærlega eins og áður en minna verður talað um afrek skreytinganevndarinnar. Fyrirverandi forsætisráðherra heiðraði okkur með nærveru sinni og barði okkur baráttuanda í brjósti. Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári.

**F.h stjórnar Golfklúbbsins Tudda,  
Bjarni Magnússon**

## Golfklúbburinn Úthlíð

Árið 2014 var heilt á litið ágætt til golfiðkunar. Það voraði óvenju snemma og völlurinn var frostlaus og í lok apríl. Fólk byrjaði því að spila snemma jafnvel þó ekki væri byrjað að slá völlinn reglulega fyrir en um miðjan maí. Veður var ágætt framan af, fyrstu vikurnar í júlí voru reyndar kaldar og blautar en síðan var ágúst mildur og sama er að segja um september og haustið í heild. Fjöldi félaga í klúbbum stóð nokkuð í stað á árinu enda fjölgaði þeim töluvert árið áður. Nokkuð margir eru áhugasamir að koma inn þannig að þá vonumst við eftir einhverri fjölgun næsta sumar. Stéttarfélög og fyrirtæki sem keyptu kort á völlinn svipað og undanfárin ár.

Á vinnudegi síðasta vor var svæðið í kring um nýja klúbbhúsið á golfvöllum lagað og gerður pallur fyrir vestan það. Ásýnd vallarins er allt önnur núna og gerir fyrstu upplifun þeirra sem koma að spila miklu betri. Afgreiðsla var í klúbbhúsi allar helgar

(kannski að undanskildum rigningardögum) og þess utan ef álag var mikið á virkum dögum. Utan þess var sala vallargjalda í Réttinni og einnig boðið upp á sjálfsafgreiðslu með posa í skálanum.

Hirðing vallarins gekk ágætlega og tíðarfarið var hagstætt fyrir grassprettu. Sjaldan var þurr í langan tíma samfelldt og þurfti nær ekkert að vökva flatirnar. Sláttuvélarnar eru orðnar lúnar og kostar mikla orku og talsverða peninga að halda þeim gangandi. Í vetur verða athugaðir möguleikar á því að kaupa nýja brautarslátturvél og gera upp flatarslátturvélina. Ljóst er að það kostar umtalsverða fjármuni en ekki verður undan því vikist mikið lengur.

Fyrsta mót sumarsins var SoHo market vormótið sem Jóna Lár og Sveinn Eyland sáu um í annað árið í röð af miklum glæsibrag. Mótið var mjög vel sótt. Yfir 60 keppendur tóku þátt í bliðskaparveðri. Texas Scramble miðsumarmótið var fyrstu helgina í júlí. Það gekk ágætlega og sömuleiðis meistaramótið tveim vikum síðar. Þessi mót guldu samt fyrir slakt verður. Hólmfríður Einarsdóttir varði meistaratitil kvenna en Magnús Ólafsson varð meistari í karlaflokki. Geirs goða mótið var á sínum stað í ágúst og svo lauk sumrinu með óvenju fjölmennri og skemmtilegri bændaglímu í september þar sem lið Friðbjarnar Björnssonar bar siguroð af liði Þorbjarnar á Slappastöðum eftir harða baráttu.

Kvennisveit GÚ tók þátt í Sveitakeppni GSÍ 2. flokki á Sauðárkróki og er það í fyrsta skipti sem klúbburinn sendi kvennisveit í keppnina. Sveitin komst í fjölmiðla fyrir skemmtilega framgöngu og flottan klæðaburð og ekki spillti fyrir að árangur sveitarinnar var ágætur jafnvel þó liðið kæmist ekki upp um flokk. Þá má geta þess að Ragnar Þór Ragnarsson og Hólmfríður Einarsdóttir sigruðu í hjóna- og parakeppninni þetta sumarið.

Að lokum er öllum félögum klúbbsins og samstarfsaðilum þakkað fyrir gott samstarf á árinu og væntum við þess að við getum áfram haldið áfram að byggja upp golfvöllum og golfklúbbinn í Úthlíð.

**Fyrir hönd stjórnar, Þorsteinn Sverrisson.**



## Golfklúbbur Þorlákshafnar



Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2014 sem kosin var á aðalfundi 21. janúar 2014 er þannig skipuð: Formaður: Guðmundur Baldursson. Varaformaður: Magnús Ingvason. Ritari: Ingvar Jónsson. Gjaldkeri: Marteinn Óli Skarphéðinsson. Meðstjórnandi: Sigríður Ingvarsdóttir. Varamenn: Magnús Joachim Guðmundsson og Hákon Hjartarson.

Eins og alltaf áður sér Golfklúbbur Þorlákshafnar um rekstur og uppbyggingu golfvallarins (Þorláksvallar) og er starfsemi klúbbsins því talsvert mikil og þá aðallega í kringum rekstur golfvallarins og golfskálans. Aðsókn að vellinum var heldur meiri árið 2014 en árið á undan þrátt fyrir votviðrasamt sumar. Á árinu var hafist handa við gerð tveggja nýrra brauta, samkvæmt áfanga 1 í áætlun þeirri sem samþykkt var á aðalfundi fyrir árið 2013. Framkvæmdir hófust 2. júní og stóðu með hléum yfir í þrjá mánuði. Áhersla var lögð á að móta og sá frægjum í þann hluta sem reiknað er með að þurfi hvað lengstan tíma í að komast á legg. Þá var fjárfest í sjálfvirku vökvunarkerfi fyrir þær tvær nýju flatir sem mótaðar voru og þeim búnaði komið fyrir. Fengnir voru verktakar til að annast ákveðna þætti framkvæmdanna, en að öðru leiti voru framkvæmdir í höndum vallarstarfsmanna og félaga. Edwin Roald golfvallahönnuður sá um hönnun, og var klúbbnum til ráðgjafar vegna þessa. Miklar væntingar eru gerðar til þessara breytinga og vonandi fer hann að heyrja sögunni til, allur sá sandburður sem á völlum hefur komið. Völlurinn er alltaf að verða betri og betri og hefur þegar skipað sér í flokk með betri völlum landsins þó ekki séu mörg ár liðin frá því hafist var handa við að byggja hann upp.

Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar

eru núna 320 og er það svipaður fjöldi og árið áður. Þónokkur mót voru haldin á árinu og tókust flest þeirra mjög vel. Þátttaka var yfirleitt góð en í einhverjum mótunum hefðum við viljað sjá fleiri þátttakendur. Sveitakeppni pilta 18 ára og yngri var haldin hér 22. til 24. ágúst. 15 sveitir tóku þátt í þessari keppni sem segir okkur að hátt í 100 keppendur voru á svæðinu þá daga sem mótið fór fram. Veður var ágætt þessa helgina og völluminn í góðu standi. Meistaramót Golfklúbbs Þorlákshafnar var haldið í júní og var sæmileg þátttaka þar. Keppt var í þremur flokkum karla og einum flokki kvenna. Klúbbmeistari í karlaflokkum var Svanur Jónsson og í kvennaflokkum Sigurbjörg Þ. Óskarsdóttir. Bændaglíma var okkar síðasta mót og var þátttaka þokkaleg.

Unglingastarfið gekk ekki nógu vel hjá okkur í sumar, en það átak sem í gangi hefur verið undanfarin ár hefur ekki skilað sér nægjanlega vel. Þátttaka var frekar dræm og ljóst að taka verður til hendinni sem fyrst. Með öflugum unglingastarfi leggjum við grunninn til framtíðar. Talsverð gróska hefur verið í kvennastarfinu undanfarin ár og markmiðið var að reyna að laða sem flestar konur til að taka þátt í golfþróttinni. Óhætt er að segja að bakslag hafi komið í þetta í sumar, færri konur að koma og spila saman. Ekki er gott að segja hver ástæðan er, en veðurfar sumarsins á vafalaust sinn þátt í þessu.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss óskaði eftir því að við tilnefndum kylfing ársins og tilnefndi stjórnin Svan Jónsson. Svanur er vel að þessum titli kominn, hann er einn öflugasti kylfingur klúbbsins ásamt því að vera virkur í félagsstarfi klúbbsins. Framundan er að koma starfi sumarsins í gang, og er hugur í mönnum að efla starfsemi klúbbsins ásamt því að gera Þorláksvöll enn betri. Stjórnin þakkar starfsfólki og félögum öllum fyrir ánægjulegt starfsár.

**Guðmundur Baldursson formaður GÞ.**



Golfvöllurinn að Hellishólum í Fljótshlíð.

## Golfklúbburinn Þverá

Árið 2015 var frekar rigningasamt fyrir golfíþróttina og var starfsemi Golfklúbbsins Þverá í lakara lagi miðað við fyrri ár. Þann 11. desember 2014 var haldin aðalfundur Golfklúbbsins Þverá. Víðir Jóhannsson formaður gaf ekki kost á sér áfram en hann er búinn að vera formaður í 10 ár. Eftirfarandi aðilar voru kosnir í stjórn: Ragnar Borgþórsson, formaður, Bryndís Laila Ingvarsdóttir, gjaldkeri, Baldur Baldursson, meðstjórnandi, Elías Viðisson, meðstjórnandi, Ólafur J. Lúðvíksson, meðstjórnandi, Víðir Jóhannsson, meðstjórnandi, Ívar Harðarson, meðstjórnandi.

Í Golfklúbbnum Þverá er mótanefnd, vallarnefnd, kvennanefnd, fræðslu- og aganefnd, forgjafarnefnd, unglínganefnd, skemmti- og ferðanefnd og fjáröflunarnefnd. Tók klúbburinn þátt í sveitakeppni karla í 5. deild árið 2014. Klúbburinn stefnir á sveitakeppni karla og kvenna á árinu 2015.

Kvennastarfið er í miklum uppgangi og hittast konur reglulega yfir sumarið á laugardagsmorgunum og spila golf saman. Einnig er svokallað nýliðastarf flest föstudagskvöld og laugardagskvöld yfir sumarið, þar sem þeir sem lengra eru komnir taka byrjendur með sér og spila saman. Þetta hefur reynst mjög vel og eru margir sem feta sín fyrstu spor í golfíþróttinni á Hellishólum í Fljótshlíð.

Miklar framkvæmdir hafa verið á liðnum árum í uppbyggingu á golfvellinum. Nú er svo komið að hann er komin á það stig að vera einn af betri golfvöllum landsins. Ekki er þörf á miklum framkvæmdum á árinu 2015 en þó verður farið í smávægilegar breytingar aðallega á teigum.

Í fyrsta skipi í sögu klúbbsins var tap af rekstri klúbbsins 2014 upp á kr. 1.325.202. Félagsgjöld klúbbsins fyrir árið 2015 eru í samræmi við aðra klúbba á Suðurlandi.

**F.h. Golfklúbbs Þverá,  
Víðir Jóhannsson meðstjórnandi og  
fráfarandi formaður.**



Frá framkvæmdum við nýja 2. braut á Þorláksvelli.




## Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn  
18. desember 2014. Stjórn  
Golfklúbbs Öndverðarness:

Formaður: Aðalsteinn  
Steinþórsson. Varaformaður:

Knútur G. Hauksson. Gjaldkeri: Guðlaug  
Þorgeirsdóttir. Ritari: Guðjón Snæbjörnsson.  
Meðstjórnandi: Hannes Björnsson.  
Varastjórn: Þórhalla Arnardóttir og Þórir  
Baldvin Björgvinsson.



Golfklúbbur Öndverðarness varð 40 ára á  
árinu. Forseti GSÍ Haukur Örn Birgisson  
mætti á aðalfund klúbbsins og óskaði honum  
til hamingju með 40 ára afmælið. Hann  
sæmði nokkra félaga heiðursmerki GSÍ fyrir  
áratuga sjálfboðastarf og vel unnin störf í  
þágu klúbbsins og golfhreyfingarinnar.  
Silfurmerki GSÍ hlutu Guðmundur E.  
Hallsteinsson og Knútur Kristinsson.  
Gullmerki GSÍ hlutu Hafdís Helgadóttir,  
Einar Einarsson og Örn Karlsson.

Guðmundur E. Hallsteinsson, formaður  
klúbbsins s.l. 7 ár og varaformaður áður í 3 ár,  
gaf ekki kost á sér til áframhaldandi  
stjórnarsetu. Klúbburinn hefur dafnað og  
vaxið undir hans stjórn og þökkuðu félagar  
honum með lófaklappi og húrrahrópum.  
Ennfremur gáfu Knútur Kristinsson og  
Ragnar Guðmundsson ekki kost á sér til  
áframhaldandi stjórnarsetu.

Stafsemi klúbbsins var hefðbundin  
síðastliðið ár. Veðrið síðasta sumar setti þó  
strik í reikninga klúbbsins og varð  
tekjusamdráttur milli ára, bæði af mótum og  
vallargjöldum. Þrátt fyrir það tókst fráfarandi  
stjórn að skila 1 milljón króna  
rekstrarafgangi.

## Hestamannafélagið Geysir

Aðalfundur Geysis var  
haldinn 19. febrúar 2014 í  
Árhúsum á Hellu. Stjórn:  
Ólafur Þórisson, formaður,  
Davið Jónsson, varafor-  
maður, Sigríður Th. Kristins-  
dóttir, gjaldkeri, Guðmundur Guðmundsson,  
meðstjórnandi, Guðrún Margrét Valsteins-  
dóttir, meðstjórnandi, Jón Páll Sveinsson,  
varamaður, María Svavarsdóttir, varamaður.



Vetrarstarfið var hefðbundið,  
reiðnámskeið haldin bæði á Hellu og í  
Hvolsvelli fyrir alla aldurshópa. Vetrarmótin  
voru á sínum stað, firmakeppnir haldnar um  
vorið bæði á Hellu og í Hvolsvelli. Mótaröðin  
Hófadynur var haldin og gekk vel. Landsmót  
var haldið á Hellu og fór úrtakan fyrir LM  
fram í byrjun júní á Gaddstaðflötum í  
samstarfi við hestamannafélögin Trausta,



Yngstu keppendurnir á vetrarmóti Geysis.

Loga og Smára. Æfingagæðingamót fyrir  
yngriflokkana héldum við í lok maí.  
Stórmótið um verslunarmannahelgina tókst  
vel. Suðurlandsmótið voru haldin í annað sinn  
í síthvoru lagi þ.e. yngri flokkarnir 16.-17.  
ágúst og WR mót 23.-24. ágúst. Opinn  
félagsfundur var haldinn í byrjun október þar  
sem línur voru lagðar fyrir komandi starfsár.  
Uppskeruhátíðin var svo haldin 22. nóvember  
og tókst frábærlega, metþáttaka, frábær  
matur og allir alsælir.

## Hestamannafélagið Logi

Starfsár Hestamannafélags-  
ins Loga árið 2014 var með  
nokkuð hefðbundnu sniði.  
Aðalfundur Loga var haldin í  
apríl og var nokkur breyting  
á stjórn samkvæmt reglum  
félagsins. Guðrún S.



Magnúsdóttir hætti sem formaður og einnig  
hættu Sigurlína Kristinsdóttir og Rúnar B.  
Guðmundsson í stjórn. Er þeirra störf  
þökkuð. Í stað þeirra voru Einar Á. E.  
Sæmundsen kjörin formaður, Sólon  
Morthens, Líney Kristinsdóttir og Marta  
Margeirsdóttir komu ný inn í stjórn en

Hólmfríður Ingólfsdóttir hélt áfram sem  
gjaldkeri. Stjórnin er því þannig skipuð í dag:  
Einar Á. E. Sæmundsen, formaður, Sólon  
Morthens, varaformaður, Hólmfríður  
Ingólfsdóttir, gjaldkeri, Líney Kristinsdóttir,  
ritari, Marta Margeirsdóttir, meðstjórnandi.

Mismunandi mót héldu stjórn og öðrum  
nefndum uppteknum frá vetrarbyrjun fram  
yfir verslunarmannahelgi. Undanfarin ár  
hefur Uppsveitadeildin sannað sig og náð  
miklum vinsældum í mótahaldi hestamanna-  
félaganna í uppsveitum Árnassýslu yfir  
veturinn. Mótin hafa verið haldin á  
föstudagskvöldum og hefur myndast góð  
stemning í kringum mótin sem jafnan eru vel  
sótt af heimamönnum sem styðja sín lið en  
einnig öðrum sem koma lengra að. Dómarar  
og aðrir sem eru lengra að komnir hafa hrósað  
skipulagningu og hestakosti og telja vel að  
þessum mótum staðið. Þessi keppni hefur  
hleypt nýju lífi í mótahald hestamanna-  
félaganna Loga, Smára og Trausta í  
uppsveitunum yfir veturinn og er reiðhöllinni  
á Flúðum mjög mikilvæg og hefur mótshaldið  
vakið athygli á henni. Vetrarmót Loga voru  
þrjú og voru haldin í Hrísholti en flytja þurfti  
eitt mótið í reiðhöllina vegna slægregra  
vallaraðstæðna. Firmakeppnin var á sínum  
stað í byrjun júní og er hún mikilvæg  
tekjulind fyrir félagið. Hestaþing Loga var  
haldið um verslunarmannahelgina og er ljóst



Frá hestaþingi Loga 2014.



að huga þarf að því hvernig efla megi það mót og fara til vega og virðingar aftur.

Æskulýðsstarfið hefur lengi verið í blóma hjá Loga og var árið 2014 ekki frábrugðið. Það hófst með uppskeruhátíð haustið 2013. Þar var dagskrá næsta árs kynnt og farið yfir líðandi starfsár ásamt því að veita Feykiskjöldinn. Í október heimsóttu yngri krakkarnir aftur Hrosshaga og var þar ýmislegt brallað. Farið var með unglíngana í ferðalag en farið var í heimsókn til Hauks og Röggu í Austurási og til Freyju í Votmúla og fræðst um hestabrautina. Uppsveitadeildin var að vanda haldin í Flúðahöllinni í samstarfi við Smára og Trausta og hafa æskulýðsnefndirnar ávallt séð um mótahaldið. Þetta er fjórða árið sem mótaröðin er haldin og krakkarnir taka stöðugum framförum. Sú nýbreytni var í ár að farið var í Fákasel að sjá hestaleikritið. Þetta verkefni var í samstarfi við æskulýðsnefndir Smára og Trausta og tókst það vel, góð mæting og allir voru ánægðir með þessa för. Kúrekanámskeið var haldið annað árið í röð enda verulega skemmtilegt námskeið fyrir alla aldurshópa. Síðan var Sólon Morthens með námskeið fyrir eldri krakkana en það námskeið var hugsað fyrir þá sem stefndu á keppni á árinu.

Annað mótahald má nefna: Vetrarmótin sem eru í samstarfi við Trausta, Firmakeppni Loga á vordögum, tölmtót Loga, Trausta og Smára sem var endurvakið í ár og haldið í Flúðahöllinni. Hestaþing Loga sem haldið er í Hrísholti um verslunarmannahelgina ár hvert. Á öllum þessum mótum átti Logi duglega krakka í barna- og unglíngaflokki ásamt því að ungmennaflokkurinn er einn sterkasti flokkurinn á okkar mótum. Síðan má ekki gleyma Suðurlandsmóti, Íslandsmóti og landsmótinu en þar voru Logakrakkar í öllum flokkum sem stóðu sig virkilega vel og enduðu tveir þeirra í úrslitum á Landsmóti. Stjórn Loga þakkar HSK samstarfið á liðnum árum og óskar því velfarnaðar á nýju ári.

Einar Á. E. Sæmundsen

## Hestamannafélagið Sleipnir

Aðalfundur fyrir árið 2013 var haldinn fimmtudaginn 30. janúar í Hlíðskjálfi. Á aðalfundinum voru eftirtaldir kjörnir í stjórn: Magnús Ólason, formaður, Karl Áki Sigurðsson, varaformaður, Linda Björk Ómarsdóttir, gjaldkeri, Íris Bóðvarsdóttir, ritari, Kjartan Ólafsson, meðstjórnandi, Viðja Hreggviðsdóttir, varastjórn, Stefán Ólason, varastjórn.

Félagar Sleipnis árið 2014 eru 587 og er enn aukning í félagafjölda frá fyrri árum. Haldin voru vetrarmót, firmakeppni, páskatölt, vormót og gæðingamót með úrtöku fyrir landsmót á Hellu á Brávöllum Selfossi.



Æskulýðsnefnd Sleipnis fór í fjörureið í Þorlákshöfn með dönsku krakkana í miðnæturför um Jónsmessuna.

Einnig voru haldnar skeiðkappreiðar af skeiðfélaginu og þóttu öll þessi mót takast einstaklega vel. Þrír félagar sóttu ársþing HSK sem haldið var á Borg í Grímsnesi en þeir voru Magnús Ólason, Kjartan Ólafsson og Linda Björk Ómarsdóttir. Sumarferð Sleipnis var um Landsveitina, um 60 félagsmenn tóku þátt og tókst ferðin mjög vel hjá ferðanefndinni. Hafi hún bestu þakkir fyrir sitt framlag.

Sleipnishestur vann B-flokk gæðinga á landsmóti annað skiptið í röð og nú var það Loki frá Selfossi sem það gerði. Óskum við eigenda hans til lukku með það afrek, einnig var annar Sleipnishestur í A-úrslitum B-flokks en það var Glódís frá Halakoti og óskum við þeim einnig til lukku með sinn árangur. Brynja Amble varð í 5. sæti í ungmennaflokk og óskum við henni til lukku með sinn árangur. Auk ofangreindra voru fjölmargir aðrir keppendur Sleipnis sem stóðu sig með miklum söma og komu vel fram fyrir hönd okkar félags.

Sleipnishöllin fékk enn meiri andlitslyftingu á árinu þar sem bygginganefndin og sjálfboðaliðar klæddu austur og vesturgöfl hússins með hvítu stáli. Einnig hefur salernisstaðan verið lagfærð og kaffiástaðan bætt mikið. Þessi framkvæmd gerði húsinu mikið auk þess að lokið var við uppsetningu hljóðkerfisins.

Í haust sem leið var haldið Landsþing LH á Selfossi. Þingið tókst ágætlega hvað aðkomu Sleipnis varðaði. Afmælisnefnd Sleipnis tók að sér að sjá um þingslitafagnaðinn sem var sameinaður afmælisárshátíð Sleipnis. Árhátíðin tókst glimrandi vel og voru 330 miðar seldir í matinn og fleiri komu á skemmtunina eftir borðhald. Afrefsfólk Sleipnis var heiðrað með bikarafhengingum. Eldri og nýir heiðursfélagar Sleipni voru kallaðir upp og heiðraðir með nýju barmmerki með tilvísun í eldra merki félagsins sem vísar í hinn áttfætta gæðing Sleipni.

Í lok þessa árs voru Hestamannafélaginu Sleipni veitt hvatningaverðlaun Árborgar fyrir

mikla aukningu í starfi félagsins og jákvæða ásýnd gagnvart bæjarfélaginu bæði þegar farið væri fyrir skróðgöngum og eins við að teyma undir börnum. Einnig fyrir góð samskipti við fulltrúa bæjarfélagsins og almennt í bæjarfélaginu. Nýjung í starfi sl. árs eru tengsl unglíngna Sleipnis og danskra unglíngna sem komu til Íslands í sumar. Farið var á landsmót og farið á bak með þeim í fjörinni ofl. Dönsku ungmennin taka síðan á móti sömu krökkunum næsta sumar og fara með þeim á Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Herning.

Magnús Ólason, formaður  
Hestamannafélagsins Sleipnis.

## Hestamannafélagið Smári

Aðalfundur Smára var haldinn 20. janúar 2014. Stjórn var kosin og hana skipuðu: Ingvar Hjálmarsson, formaður, Hulda Hrönn Stefánsdóttir, varaformaður, Bárna Måsdóttir, gjaldkeri, Lilja Össurardóttir, ritari, Aðalheiður Einarsdóttir, meðstjórnandi.

Starf félagsins var með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár og einkennist það af keppnum af ýmsu tagi. Vetrarmót, firmakeppni og gæðingamót, einnig uppsveitadeild fullorðinna og uppsveitadeild æskunnar. Flest allar þessar keppnir voru ágætlega sóttar og árangur prýðilegur. Brokk og skokk var haldið síðastliðið sumar og er þessi nýjung að festa sig í sessi sem vel sóttur viðburður. Sameiginlegt tölmtót Loga, Trausta og Smára var haldið síðasta vetur og tókst vel og er samstarf þessara félaga alltaf að aukast með tilkomu reiðhallarinnar á Flúðum sem hefur verið miklil innspýting í starf hestamanna í uppsveitunum. Landsmót hestamannafélaga var haldið síðasta sumar og





Eiríkur Arnarsson og Reisin frá Rútsstaða-Norðurkoti á Gæðingamóti Smára.

sendum við fríðan flokk keppenda sem stóð sig með prýði. Stjórn Smára sendir öllum þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

**Fyrir hönd stjórnar,  
Ingvar Hjálmarsson formaður**

## Hestamannafélagið Trausti

Haldnir voru sjö stjórnarfundir á starfsárinu. Auk hefðbundinna verkefna var aðalverkefnið að fullgera keppnisvöll félagsins á Laugarvatni í samvinnu við reiðvallarnefnd félagsins.



Þetta voru miklar framkvæmdir fyrir ekki stærra félag sem fölust í lengingu skeiðbrautar um 100 metra, hæðarjöfnun og lagningu yfirlags. Auk þess var borið ofan í tengibrautir vallarins. Eftir er endanlegur frágangur umhverfis völlinn og drenlaginir.

Gæðingamót Trausta var haldið á vellinum 26. júlí og síðan veglegt vígslubóðsmót þann 31. júlí. Formaður flutti ávarp og vígslubiskup Skálholtsstiftis, Kristján Valur Ingólfsson vígði völlinn og bað honum blessunar. Þá var vellinum gefið nafnið Þorkelsvöllur í minningu fyrsta formanns félagsins, Þorkels Bjarnasonar hrossaræktarráðunautar á Laugarvatni. Keppt var í tölta, sigurvegari Sigurbjörn Bárðarson á Jarli frá Miðfossu og 100 metra skeiði, sigurvegari Hera frá Þóroddsstöðum, knapi Bjarni Bjarnason. Markmið stjórnarinnar frá síðasta ári, að vallargerðin yrði svo langt komin að hægt yrði að vígja völlinn í júlí 2014, náðist og ber að fagna því.

Stjórnin tók þátt í samstarfi nágrannafélaga með sameiginlegum mótum, árshátíð og framkvæmd uppsveitadeildarinnar. Vetrarmót Loga og Trausta voru þrjú að venju, svo og tólmót Trausta, Loga og Smára og þrjú mót fóru fram í uppsveitadeild. Vallamótið, með tilheyrandi æskulýðsviku, reiðnámskeiði, reiðtúr og gistingu í Kringlumýri, fór fram 16. ágúst.



Hestamaðurinn Bjarni Bjarnason var valinn íþróttamaður Bláskógabyggðar.

Árshátíð Loga, Trausta og Smára var haldin 25. október í Aratungu. Traustamenn höfðu yfirumsjón og nutu aðstoðar sameiginlegrar skemmtinefndar félaganna.

Formaður tók sæti í undirbúningsnefnd landsmóts á Hellu og sat fundi hennar og vann þau verkefni sem honum voru falin. Formaður og ritari sátu viðburðaríkt átakþing LH á Selfossi í október og framhaldsaðalfund í Reykjavík í nóvember.

Árið var keppendum frá Trausta sérstaklega gjöfult og náðist frábær árangur í keppni bæði innanfélags og utan. Hér verður ekki allt upp talið en sérstaklega skal geta góðs árangurs Halldórs Þorbjörnssonar 19 ára frá Miðengi í keppni á árinu og svo Bjarna Bjarnasonar á Laugarvatni, landsmótsmeistara í 250 m skeiði og tvöfalda Íslandsmeistara, í 100 m. og 250 m. skeiði á Heru frá Þóroddsstöðum. Þau settu tvö Íslandsmet og eitt heimsmet í 250 metra skeiði sem er einstakur árangur. Bjarni var svo valinn íþróttamaður Bláskógabyggðar fyrir árið 2014.

Æskulýðsstarfið er sá þáttur félagsstafsins sem mestu skiptir og sannarlega getum við verið stolt yfir frábæru starfi sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum.

**F.h. aðalstjórnar Trausta,  
Guðm. Birkir Þorkelsson, formaður**

## Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 14. febrúar 2014. Þar voru veittar viðurkenningar til iðkenda og félagið bauð upp á kaffi og kökur í tilefni dagsins. Stjórn félagsins eftir fundinn er þannig skipuð:



Formaður: Ásta Laufey Sigurðardóttir. Gjaldkeri: Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir. Ritari: Magnús Ragnarsson. Meðstjórnendur: Anna Kristín Helgadóttir og Kristín Jóhannsdóttir. Varamenn: Þröstur Freyr Sigfússon og Theodóra Jóna Guðnadóttir.

Formenn deilda: Blakdeild: María Rósa Einarsdóttir. Borðtennisdeild: Sigurjón Sváfniðsson. Fimleikadeild: Ingibjörg Erlingsdóttir. Frjálsíþróttadeild: Eyrún María Guðmundsdóttir. Glimudeild: Ólafur Elí Magnússon. Sunddeild: Ingibjörg Erlingsdóttir.

Starf félagsins var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu. Tekið var þátt í fjölmörgum íþróttamótum bæði innan og utan héraðs. Starfsemi félagsins nær að halda utanum fjölda íþróttagreina, í félaginu starfa sex deildir, auk almenningsíþróttadeildar sem er byrja að fóta sig, fimm deildir tóku þátt í mótum með iðkendur, auk þess sem tekið var þátt í skák, badminton og bridgemótum. Framundan er að fimleikadeildin bætist í þennan hóp með sína iðkendur. Hjá félaginu æfa vel á annaðhundrað manns og taka flestir þátt í fleiri en einni grein sem eykur á fjölbreytileika þjálfunarinnar og styrkleika iðkenda. Frjálsíþróttadeildin hefur staðið fyrir leikjanámskeiði á sumrin og á þessu sumri voru námskeiðin þrjú tveggjavigna námskeið og þátttakan góð. Yfir vetrarmánuðina heldur félagið úti dagskrá í samvinnu við Hvolsskóla þar sem nemendur fara beint úr skóla á íþróttæfingar frá kl 13:00 - 17:00 og geta þau börn sem koma með skólabilum nýtt sér heimakstur kl: 15:00 eða 17:00 sem léttir mjög á foreldrum þeirra barna.



Sigurlíð Dímonar á héraðsmóti stúlkna í blaki.





Kvinnaliðið í blaki er með öflugasta starf fullorðinna og starfar í samvinnu með Umf. Heklu. Þær taka þátt í þriðju deild á Íslandsmóti og hafa staðið sig mjög vel, einnig taka þær þátt í öldungamóti og HSK mótum. Nokkrar æfingabúðir voru haldnar í borðtennis á Hvolsvelli í samvinnu við KR, HK og Umf. Heklu. Þátttakendur voru mjög ánægðir með hvernig til tókst. Félagið átti keppendur í sigurliði HSK á Meistaramóti Íslands í frjálsum 11 til 14 ára innanhúss.

Helstu fjáraflanir félagsins eru dósasafnanir á Hvolsvelli en gengið er í hús í hverjum mánuði, ásamt styrk þeim sem félagið fær frá sveitarfélaginu fyrir að halda utanum 17. júní hátíðarhöld, ruslatínslu meðfram þjóðvegnum frá Eystri-Rangá í vestri að Markarfljóti í austri, bingó, félagsgjöld og æfingagjöld. Félagið þakkar öllum þeim sem lögðu okkur lið á starfsárinu.

**Ásta Laufey Sigurðardóttir,**  
formaður Ípr.fél.Dímonar



Guðni Guðmundsson, Þverlæk, í jakkanum góða.

Því fyrirkomulagi að hafa æfingar annars vegar fyrir 10 ára og yngri og hins vegar 11 ára og eldri. Sumaræfingar voru haldnar á Brúarlundi og þrátt fyrir leiðindaveður var þátttaka ávallt góð. Innæfingar hófust aftur á Laugalandi í september og mæting á þessar æfingar er hreint ótrúleg. Metið í haust var 24 á yngri æfingunni og 25 á þeirri eldri, samtals 49 á einu kvöldi. Að sjálfsögðu var keppt á ýmsum mótum innanhúss og utan á árinu. Þar mátti sjá glæsileg tilþrif hjá mörgum af okkar framtíðarkeppendum! Áhuginn í eldri hópnum hefur aldrei verið meiri og vonandi mun það skila sér í mörgum og góðum bætingum í vetur. Knattspyrna var æfð einu sinni í viku og þátttaka mjög góð. Yngri iðkendur hefur fjölgað á meðan eldri iðkendur hefur fækkað. Einu sinni í viku var æft badminton, borðtennis og blak til skiptis. Þegar styttest í héraðsmótið í hverri grein var áherslan lögð á þá grein. Starf glímudeildar Garps var með líkum hætti og undanfarin ár. Glímuaefingar voru haldnar reglulega að Laugalandi auk þess sem eldri hópurinn sótti tíu samæfingar í Félagslundi í Gaulverjabæ. Keppendur frá Garpi tóku þátt í mörgum glímumótum á árinu bæði heima í héraði sem og á landsvísi. Alls kepptu 29 einstaklingar í glímu fyrir Garp á árinu, með góðum árangri.

Félagið stóð fyrir þöntun á merktum íþróttabolum fyrir Garpsfélaga sem félagið niðurgreiddi að hluta og einnig voru keypt ýmis frjálssípróttaáhöld, svo sem spjót, kúlur, kringlur, startblokkir, grindahlaupsgrindur og skutlur. Þá var einnig keyptur klæðnaður til notkunar í útkeyrsluþjónustu félagsins á aðfangadag, sem var vel nýttur þetta árið sem endranær. Í lok árs réðist stjórnin svo í að yfirfara lög félagsins, sem staðið höfðu óbreytt frá stofnun. Var það gert til að tryggja að lögin uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru til íþróttafélaga nú til dags.

Félagið hefur frá upphafi verið rekið nær eingöngu styrkjum frá sveitarfélagunum Rangárfingi ytra og Ásahreppi, ásamt fleiri framlögum og styrkjum og svo var einnig síðastliðið ár. Eru þeim færðar bestu þakkar fyrir hlýhug og gott samstarf. Guðna

Guðmundssyni á Þverlæk eru færðar sérstakar þakkar fyrir sitt rausnarlega framlag þetta ár sem undanfarin ár. Hann hefur um árabil, eins og frægt er orðið, safnað saman endurvinnanlegum drykkjarílátum og skilað inn til Endurvinnslunnar í nafni Garps. Guðni hefur komið upp söfnunarkössum í sveitarfélaginu merktum Garpi sem hann losar vikulega. Auk þess gengur hann langar vegalengdir með vegum innan sveitar og utan og nýtir þannig söfnunina sér einnig til heilsubóta. Þetta margþætta samfélagslega einstaklingsverkefni hefur fært íþróttafélaginu stórar fjárhæðir. Fyrir einhverjum árum útvegaði Garpur Guðna vindjakka með merki félagsins að framan og merki Endurvinnslunnar á bakinu. Þeim jakka er Guðni búinn að slíta upp til agna við vinnu sína fyrir Garp og óskaði hann á árinu eftir að eignast nýjan með samskonar merkingum. Haft var samband við Hjört Sigurðsson, viðskipta- og gæðastjóra hjá Endurvinnslunni, varðandi þá beiðni Garps að fá að nota merki Endurvinnslunnar á einn jakka og þann möguleika að fá styrk frá Endurvinnslunni við kaup á jakkanum. Svárið sem við fengum var einfaldlega: "Við munum hiklaust sjá um allan kostnað við þetta mál, bæði jakka og merkingu." Endurvinnslunni voru færðar bestu þakkar fyrir góðar undirtektir og rausnarlegan stuðning við verðugt málefni.

Stjórn Garps þakkar öllum félögum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum, sjálfbodaliðum og öðrum velunnurum kærlega fyrir gott samstarf á árinu 2014.

**Fyrir hönd stjórnar Garps,**  
**Sigríður Arndís Þórðardóttir.**

## Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn 3. apríl á Laugalandi í Holtum.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn, en Ásta

Hrönn Ásgeirsdóttir, sem gengt hafði stöðu ritara og Bjarni Bent Ásgeirsson, sem gengt hafði stöðu formanns gengu bæði úr stjórn. Í þeirra stað voru kosnar María Carmen Magnúsdóttir, ritari og Sigríður Arndís Þórðardóttir, formaður. Þá var Vilborg María Ísleifsdóttir kosin sem fulltrúi yngri iðkenda. Aðrir í stjórn eru Friðgerður Guðnadóttir, gjaldkeri og í varastjórn Harpa Rún Kristjánisdóttir og Jóhanna Hlökkversdóttir.

Starfsemi Garps var hefðbundin á árinu. Boðið var upp á innæfingar í frjálsum íþróttum, glímu, fótbolta, borðtennis og blaki. Þátttaka var góð í öllum greinum. Aðalþjálfarar voru þeir Guðni Sighvatsson, sem sá um þjálfun í fótbolta, borðtennis og blaki, Haraldur Gísli Kristjánsson sem sá um þjálfun í frjálsum íþróttum og Kristinn Guðnason, sem sá um glímuþjálfun. Auk þeirra komu þau Jóhanna Hlökkversdóttir og Rökkvi Hljómur Kristjánsson að þjálfun frjálssíprótta og María Carmen Magnúsdóttir að þjálfun ýmissa greina í forföllum. Árangur iðkendanna á mótum hefur verið prýðilegur.

Á páskabingóí grunnskólans voru nokkrir Garpar heiðraðir sem skarað höfðu fram úr í stökum íþróttagreinum á árinu 2013. Glímumaður ársins var Jana Lind Ellertsdóttir, blakmaður ársins var Sigþór Helgason og frjálssípróttaáhrifa ársins var Sigurlín Franziska Arnarsdóttir. Íþróttamaður ársins 2013 hjá Garpi var Jana Lind Ellertsdóttir.

Í frjálsum hófst árið 2014 með hefðbundnum þriðjudagsæfingum á Laugalandi og var mætingin mjög góð. Haldið var



## Íþróttafélagið Gnýr

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var ekki fyrir en þriðjudaginn 9. desember 2014. Kosningar í aðalstjórn:

Formaður: Halldór Hartmannsson.

Varafor-maður: Eyþór

Jóhannsson. Gjaldkeri: Valgeir F. Backman.

Ritari: María K. Jacobsen. Varamaður:

Guðrún Rósálin Jóhannsdóttir.

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Það var margt í gangi á árinu eins og leikfimi, tækjasalur, boccia, sund, gengið, hlaupið, hjólað og dansað. Þjálfari á íþrótt- og bocciaæfingum er Emilía Jónsdóttir íþróttakennari. Um 10 manna hópur æfir leikfimi og 25 manna hópur æfir boccia 1-2 sinnum í viku. Vinamót Suðra og Gnýs var haldið á Selfossi og mikil stemning var á hópunum, allir eru sigurvegarar á þessum mótum. Farið var á





María K. Jacobsen fylgist vel með stigatöflu.

bocciamót á Seyðisfirði og áttum við yndislega daga með frábærum keppendum. Eftir langar og strangar bocciaæfingar í lok tímabils var ákveðið að breyta hressilega til og halda heimsmeistaramót einstaklinga á Sólheimum þar sem skipt var í tvær deildir. Allir spiluðu á móti öllum og tók mótið tvær vikur en bara var keppt á æfingatímum. Þetta var einstaklega spennandi og skemmtilegt mót.

Sundlaug Sólheima var ekki mikið notuð þetta sumar enda verður leiðinlegt. Eyþór Jóhannsson hefur þó verið að fara í sundkennslu á Selfoss og á fótboltaæfingar. Dans var ekki æfður sérstaklega þetta ár en við vorum að venju nokkrum sinnum með diskótek sem kom aldeilis hreyfingu á hópinn, í umsjón íþróttakennaranna. Tækjasalur íþróttaleikhússins er mikið notaður. Badminton, körfubolti og fótolti voru æfðir óskipulega en erlendir sjálfboðaliðar eru einstaklega duglegir að safna í lið, sérstaklega í útifótbolta.

Sólheimahlaupið fer fram á hverju ári, nú laugardaginn 27. september og gátu einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km. Hægt var að ganga, hlaupa eða hjóla. „Frískir Flóamenn“ veita framfarabikarinn á sama tíma. Gísli Halldórsson fékk bikarinn 2013. Að auki voru Kristjání Má Ólafssyni afhent hvatningaverðlaun fyrir einstakan vilja til að halda ótrauður áfram að heilsa að skáta síð og brosa þrátt fyrir áfall sem leiddi til þess að hann er kominn í hjólastól. Áfram “Diddi Lói” þú ert skáti númer eitt.

Skátafélag Sólheima telst til íþróttastarfs á Sólheimum og voru kvöldvökur og samverustundir þónokkrar á árinu, og farið var á skátaping og nokkrir heimsóttu Úlfjótuvatn. Við erum einstaklega heppin að eiga góða nággranna, skátafélög eins og Fossbúa Selfossi, Strók í Hveragerði og svo Ægisbúa frá Reykjavík. 24. febrúar í tilefni Baden Powels var skátamessa í Sólheimakirkju og fengu þeir félagar Kristján Már Ólafsson og Erlendur Pálsson

Þórshamarinn úr bronsi fyrir vel unnin störf.

Leikfélagsstarfið telst einnig til Íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni. Á árinu settum við upp Lorca og skógarakonan í leikgerð Eddu Björgvinsdóttur. Leikfélagið var í samstarfi við AFANIAS frá Madrid. Spánverjarnir túlkuðu íslenska náttúru og áhrif krafta hennar í mögnuðu dansverki og Sólheimahópurinn túlkaði menningu með því að nýta verk og persónu Federico Garcia Lorca. Frumsýning var á sumardaginn fyrsta ásamt nokkrum sýningum. Þá var sýnt í Þjóðleikhúsinu og að lokum í Míra leikhúsinu í Madrid, Spáni. Fullt var út úr dyrum á öllum sýningum þetta einstaka leikár.

Svartapétursmótið fór fram 27. september og vann hún Guðrún Rósálinndóttir spilið þriðja árið í röð. Stór hópur fór í jeppaferð með 4x4 og Selnum Selfossi 19. September. Já þessi ferð er bara fyrir “jeppakalla og kellingar”! eins og einhver sagði.

Í sumar var íþrótt- og leikjanámskeið fyrir öll börn í sveitafélaginu. 10 börn að meðaltali sóttu námskeiðið sem stóð í 11 vikur alla virka daga. Sumarnámskeiðin eru styrkt af sveitafélaginu. Stjórnandi leikjanámskeiðsins var Hólmfríður Frostadóttir. Á námskeiðinu er boðið upp á ýmsa fræðslu. Farið er í fjölbreytta leiki inni og úti, boltaleiki á túni, náttúruskoðun, gönguferðir og aðra útivist. Dagskráin er einnig stundum innandyrna, þá er leirað hjá Ingibjörgu, kerti gerð hjá Erlu í kertagerðinni, íþróttaleikhúsið heimsótt ofl. Einnig er pappírshátagerð og farið í lækinn, flugdrekagerð, fatasund, þrautabraut, flóðahringur, bíó í Sesseljuhúsi og margt fleira.

Kvennahlaup Sólheima og Sjóvár er ávallt á sínum stað og verður fjölmennara með hverju ári. Hér hefur verið stiklað á stóru yfir árið 2014 og er margt þó ónefnt.

**Fh. Íþróttafélagsins Gnýs,  
Valgeir F. Backman**

## Íþróttafélagið Hamar

Þann 23. febrúar 2014 var aðalfundur í stjórn Hamars. Á aðalfundinum var eftirfarandi stjórn kosin: Hjalti Helgason, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, gjaldkeri, Álfhildur Þorsteinsdóttir, með-stjórnandi, Valdimar Hafsteinnsson, meðstjórnandi.



Formenn deilda eru: Badminton: Þórhallur Einisson. Blakdeild: Össur Björnsson. Fimleikar: Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir. Knattspyrna: Þorsteinn Ragnarsson. Körfubolti: Lárus Ingi Friðfinnsson. Sunddeild: Íris Judith Svavarsdóttir. Skokkhópur: Anton Tómasson.

Á aðalfundinum var Ragnar Ágúst Nathanaelsson, körfuknattleiksmaður, krýndur íþróttamaður Hamars. Á aðalfundi eru einnig heiðraðir íþróttmenn deilda. Eftirtaldir aðilar voru heiðraðir fyrir afrek sín á árinu: Badminton: Hrefna Ósk Jónsdóttir. Blak: Ásdís Linda Sverrisdóttir. Fimleikar: Kolbrún Marín Wolfram. Knattspyrna: Björn Metúsalem Aðalsteinnsson. Körfubolti: Ragnar Ágúst Nathanaelsson. Sund: Dagbjartur Kristjánsson. Skokkhópur: Jón Gísli Guðlaugsson.

Hveragerðisbær er eftir sem áður aðal bakhjarl Hamars. Á milli aðila er í gildi samstarfssamingur sem leggur grunninn að starfi Hamars. Segja má að samningurinn sé rauði þráðurinn í starfinu, enda spannar hann mjög vítt svið. Samninginn má nálgast á [www.hamarsport.is](http://www.hamarsport.is).

Árið 2014 var með miklum ágætum hjá deildum Hamars. Sem fyrr heldur iðkenda fjöldi áfram að aukast en einhverjar sveiflur eru þó alltaf innan hvernar deildar. Hamarshöllin heldur áfram að sanna gildi sitt og nálgast mannvirkið það óðfluga að vera fullnýtt. Íþróttafélög af Suðurlandinu hafa verið duglega við að nýta sér húsið, einnig er talsvert um að félög af höfuðborgarsvæðinu noti mannvirkið. Knattspyrnudeildin hefur verið ötul við að nýta þau tækifæri sem felast í Hamarshöllinni. Stór yngriflokkamót hafa verið haldin á vegum deildarinnar nokkrum sinnum sl. ár. Sem dæmi má nefna „Jólamót Kjörís“ en þátttakan á því var svo mikil að ekki dugði minna en tvær helgar undir mótið. Fjöldi þátttakenda var um 800. Þetta styrkir fjárhagslega grundvöll deildarinnar til muna svo ekki sé talað um ánægju og yndisauka iðkenda.

Sú hefð hefur myndast í Hveragerði að deildir Hamars taka virkan þátt í bæjarhátíðum, oftast er það í tengslum við fjáraflanir. Má þar nefna kaffisamsæti í Grunnskólanum, ball á Hótel Örk og ýms sala sem fer fram viðsvegar um bæinn.

Eitt af verkefnum Hamars er að bjóða upp á leikja- og ævintýranámskeið fyrir börn yfir sumartímam. Hefur þetta mælst mjög vel



Skokkhópur Hamars á góðri stund eftir vel heppnað Reykjavíkumaraþon.

fyrir hjá foreldrum. Námskeiðið er starfrækt í samstarfi við Hveragerðisbæ og er hluti af þjónustusamning milli bæjarins og félagsins. Síðastliðið sumar sá Bjarni Rúnar Lárússon um námskeiðið og gerði það með miklum sóma. Íþrótt og fjölskyldudagur Hamars var haldinn í þriðja sinn á árinu. Þetta er nýjung í starfinu sem hefur mælst vel fyrir en viðburðurinn er haldinn í Hamarshöllinni. Þar er foreldrum og börnum þeirra boðið að kynna sér starf deildanna með því að ræða við þjálfara og prufa á staðnum hinar ýmsu íþróttgreinar. Í kjölfarið bjóða allar deildir iðkendum að æfa frítt fyrstu 3 vikurnar á hverri haustönn. Með þessu móti geta iðkendur mátað sig í hinum ýmsu greinum á meðan valin er grein sem hentar hverjum og einum.

Eftir að heimasíða Hamars var endurnýjuð árið 2013, hefur notkun hennar aukist til muna. Deildirnar hafa verið duglegar að setja inn fréttir af starfi sínu. Hægt er að skrá iðkendur inn á síðunni, en Hamar er með samning við Nori skráningarkerfið varðandi innheimtu æfingagjalda. Hamar rekur heilsurækt/líkamsrækt í Laugaskarði. Reksturinn heyrir undir aðalstjórn Hamars. Laugasport er sér rekstrareining, þar eru í framkvæmdarstjórn Valdimar Hafsteinsson og Kent Lauridsen. Síðastliðin 3 ár hafa farið fram margvíslegar umbætur á rekstri Laugasports. Aðstæður þróuðust þannig að fleiri aðilar en Laugasport fóru að bjóða upp á hópatíma í líkamsrækt í Hveragerði. Í framhaldi af því tók stjórn Laugasport ákvörðun um að hætta með hópatíma, enda er það ekki markmiðið að vera í samkeppni við aðra aðila sem bjóða upp á svipaða þjónustu. Þess í stað ákvað Laugasport að efla tækjasalinn og þjónustu þar tengda. Þetta hefur mælst vel fyrir og hefur aðsókn í tækjasal aukist til muna.

Íþróttafélagið Hamar þakkar öllum þeim

sem lagt hafa félaginu lið með einum eða öðrum hætti. Áfram Hamar!

**Hjalti Helgason formaður**

## Íþróttafélagið Mílan

Stjórn IF Mílan skipuðu árið 2014 Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Aron Valur Leifsson, ritari, Örn Þrastarson, varaformaður og Atli Kristinsson, meðstjórnandi.



Sumarið 2014 komu upp hugmyndir um að stofna nýtt handknattleiksfélag í Árnessýslu. Í fyrstu þótti þetta vera fjarlægur draumur en eftir að hafa fundað nokkrum sinnum um málið var orðið ljóst að hugmyndin væri vel framkvæmanleg. Tildrög hugmyndarinnar voru þau að á Selfossi hefur síðustu 5-10 árin verið gífurlegt brottfall úr handknattleik af mönnum 16 ára og eldri. Ástæða þess að þessir menn hafa hætt er sú að fæstir hafa tíma

til þess að æfa 10x í viku vegna anna í einkalífinu s.s. skóla, vinnu eða fjölskyldulífi. Þegar þessir einstaklingar fara að mæta sjaldnar æfingar ná þeir ekki að halda sæti sínu í liðinu og hætta að lokum iðkun handbolta.

Þegar komið var í ljós að hugmyndin um að stofna nýtt handknattleiksfélag var framkvæmanleg var farið að tala við stráka sem verið höfðu viðloðandi handbolta í nokkur ár. Innan þessa hóps voru bæði gamlar kempur og ungir strákar sem hafa ekki fengið að spreyta sig með Umf. Selfoss. Í stuttu máli sagt voru allir hrifnir af hugmyndinni og fyrsta æfing var boðuð 13. júlí. Þangað mættu margir strákar og í framhaldi af því var boðað til stofnfundar félagsins sem fram fór þann 17. júlí 2014 á Kaffi Krús á Selfossi. Þar var liðið formlega stofnað og stjórnin skipuð. Ein æfing var tekin fyrir verslunarmannahelgi og eftir hana var farið á fullt. Nú eru um 35 strákar í æfingahóp en aðsóknin var svo mikil að loka þurfti fyrir inngöngu nýrra félaga. Í vetur hefur skipulagið verið þannig að æft er tvo daga í viku og svo er yfirleitt einn leikur í viku. Þetta fyrirkomulag hefur mælst mjög vel fyrir þar sem meirihluti liðsins eru vinnandi menn með fjölskyldur. Þjálfaramálum er þannig háttað að Atli Kristinsson og Örn Þrastarson sjá um þjálfun liðsins sem spilandi þjálfarar.

Liðið var skráð til keppni á Íslandsmóti í handbolta og leikur þar í fyrstu deild. Í deildinni eru níu lið og er spilið þreföld umferð. Það eru 24 leikir í allt og þarf stóran hóp til að ráða við það leikjaálag. Fyrsti leikur var á móti Hömrúnum frá Akureyri þann 20. september og hann vannst. Liðið þótti spila mjög vel þrátt fyrir að hafa ekki æft mikið. Fyrstu leikirnir gengu vel og liðið stóð vel í stóru liðunum. Kostnaðurinn við að stofna lið og taka þátt í Íslandsmóti er gríðarlegur og var ákveðið í upphafi að láta menn borga æfingagjöld. Þannig væru leikmenn að borga hluta af kostnaðinum sjálfir þrátt fyrir að það dygði skammt. Ákveðið var að tala við fyrirtæki og fá styrki. Það gekk vonum framár



Liðið sem tók þátt í fyrsta leik Mílnunnar á Íslandsmóti.



og fljótlega var búið að safna fyrir keppnisbúningum og æfingasetti. Einnig var farið í aðrar fjáraflanir sem gengu vel. Auk þess fékk félagið góðan styrk frá Sveitarfélaginu Árborg, ÍSÍ og Verkefnasjóði HSK.

Stjórn félagsins og leikmenn hafa það á orði að árið 2015 verði ár IF Milan og er stefnan að gera enn betur á næsta tímabili, ráða jafnvel þjálfara og taka þátt í bikarkeppni.

## Íþróttafélagið Mímir

Árið hefur verið annarsamt í íþróttafélaginu Mími. Það hefur allt iðað að íþróttalífi hjá félaginu. Skipulagðir tímar hafa verið fjórum sinnum í viku í íþróttahúsinu og það hefur verið vel mætt í þá. Þessir tímar eru fyrir alla sem eru í félaginu og fólkið er að nýta sér þá vel.



Haldnar hafa verið nokkrar bekkjakeppnir í ýmsum íþróttum. Þriðji bekkur hefur verið sigursæll á þessum mótum. Fyrsta mót tímabilsins var handboltamót sem þriðji bekkur vann með yfirburðum. Haldin voru þrjú fótoltamót sem voru haldin inni, á gervigrasvellinum og svo á grasvellinum. Þriðji bekkur vann tvö þeirra en fjórði bekkur stóð í þeim á einu mótinu. Körfulbolta mót og annað handboltamót voru haldin og var þar mikil spenna.

Hið árlega ML-tröll var haldið og vann gamli formaðurinn hann Einar Ágúst og hjá stelpunum var það Alexandra Rán. Mikil spenna var í keppninni og allir stóðu sig með þryði. Aðalfundur félagsins var haldinn 21.



Frá bekkjarkeppni Mímis í handbolta.



Keppendur Suðra á Íslandsmóti í lyftingum 2014. Stigahæsta lið mótsins.

janúar í matsalnum í Menntaskólanum að Laugarvatni. Þar unnu Albert Ingi Lárusson og Emil Sigurbjörnsson. Vonandi heldur gott starf áfram eins og það hefur verið.

## Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldin 25. mars 2014. Á þeim fundi var kosið í stjórn og ný stjórn er Þórdís Bjarnadóttir, formaður, Harpa Dís Harðardóttir, gjaldkeri, Katrín Ýr Friðgeirsdóttir, ritari, María Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi, Sigrún Elfa Reynisdóttir, meðstjórnandi.



Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir fékk afhentan farandbikar því hún var kjörin íþróttamaður ársins 2013 og peningastyrk frá félaginu að upphæð 100.000 kr. Í lok fundar gaf vinur okkar hann Svanur Ingvarsson okkur frábæra og nýtsamlega gjöf. Það eru stólar fyrir boccíaboltana sem henta vel þeim sem eiga erfitt með að beygja sig niður eftir þeim.

Þjálfari í sundi var Vilhjálmur Þór Gunnarsson á vorönn og á haustönn var Sigurlín Garðarsdóttir þjálfari. Enginn fór á sundmót frá Suðra á þessu ári. Fjölgun er í sundi hjá okkur. Á haustönn voru 12 að æfa sund en aldursdreyfingin er frá 9 ára til 58 ára. Við vorum með samning við F.Su og fengum ungan mann af íþróttabraut til að aðstoða við sundþjálfun.

Boccia er enn sem fyrr langvinsælasta íþróttgrein félagsins. Farið var á öll stærstu mót ársins, t.d. Íslandsmótið í sveitakeppni, Hængsmótið á Akureyri og Íslandsmót í einstaklingskeppni á Seyðisfjörð. Sömuleiðis vorum við með okkar árlega vinamót við Gný á Sólheimum en þetta árið buðum við þeim

félögum okkar hingað á Selfoss. Þjálfarar í boccia á vorönn: Ófeigur Ágúst Leifsson, Þórdís Bjarnadóttir, Erna Ríkarðsdóttir og Ingvar Kristjánsson. Á haustönn voru Ófeigur, Þórdís og Erna Ríkarðsdóttir.

Því miður tókst ekki að finna fjálsíþróttþjálfara sumarið 2014 en sem betur fer er gott samstarf á milli félaga og deilda innan HSK. Við fengum því að senda eina unga konu til Ólafs Guðmundssonar á æfingar en hún fór að keppa í fjálsfum íþróttum á Special Olympics s.l haust. Það er okkar von að við munum finna þjálfara næsta sumar og geta sent þá okkar fólk á öll þau flottu mót sem í boði eru.

Knattspyrna var æfð í sumar og fram á haust. Farið var á Íslandsleika Special Olympics í knattspyrnu sem haldin voru í Keflavík, ekki fór svo að okkar fólk fengi verðlaunasæti í þetta skipti. Knattspyrnuþjálfari var Katrín Ýr Friðgeirsdóttir.

Sjöunda árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar tóku þátt í því og bættu sig í íþróttinni.

Æfingar í lyftingum héldu áfram þetta árið sem Ástmundur Sigmarsson í Kraftbrenzlunni á heiðurinn að þjálfari. Kraftafólkið okkar mætti svo á Íslandsmót á Akureyri og Hulda Sigurjónsdóttir setti þar nokkur Íslandsmet. Suðri var þar með 6 keppendur, 3 konur og 3 karla og var stigahæsta liðið. Við erum mjög stolt af okkar fólki og sjáum að kraftlyftingar eiga vel heima í okkar hópi.

Haustið 2014 fóru tveir frá Suðra á Special Olympics leikana í Belgíu. Það voru þau Birgir Örn Viðarsson sem keppti í boccia og Valdís Hrönn Jónsdóttir sem keppti í fjálsfum. Guðrún Hulda fór á Opna ítalska mótið og Opna þýska mótið en þar lenti hún í öðru sæti í kringlukasti og þriðja sæti í kúluvarpi.



Við endurtókum kókusölu til fjáröflunar fyrir Hængsmótið á Akureyri. Jólakortasalan gekk vel eins og síðustu ár.

Undirbúningsvinna til að efla félagið og fá til okkar fleiri yngri iðkendur fór vel af stað. Funduðu stjórnarmenn með fulltrúum Árborgar um það hvernig við gætum nálgast fötluð börn sem flosna úr íþróttum. Margar góðar hugmyndir komu fram en því miður vantar alltaf fólk í störfín. Á meðan skortur er á húsnæði og þjálfurum þá er lítið hægt að gera.

Haustið 2014 var fundur með ÍF (Íþróttasambandi fatlaðra) til að fara yfir hvað væri á döfinni hjá félaginu, framtíðarsýn, örðugleikar ef einhverjir væru, fjárhag félagsins og nýliðun. Á fundinn mættu Sveinn Áki Lúðvíksson formaður ÍF, Anna Karólína Vilhjálmisdóttir framkvæmdastjóri fræðslu- og útbreiðslusviðs og Special Olympics á Íslandi, Ólafur Magnússon framkvæmdastjóri afreks og fjármálasviðs ÍF, Ófeigur Ágúst Leifsson þjálfari Suðra, Þórdís Bjarnadóttir formaður Suðra og Þorbjörg Vilhjálmisdóttir fyrrverandi formaður Suðra. Við í Suðra létum fulltrúa ÍF vita af áhyggjum okkar er kemur að yngri iðkendum á svæðinu. Við höfum ekki húsrúm til að bjóða upp á aldurskiptar æfingar fyrir iðkendur en það teljum við mikilvægt til að yngri iðkendur komi á æfingar. Sömuleiðis höfum við áhyggjur af stuðningi/liðveislu fyrir þau börn sem vilja byrja að æfa, en þau börn sem eru að æfa með Suðra mæta ekki með liðveislu með sér og þurfum við því að vera vel mönnum. Við ræddum einnig um það hvernig við gætum náð til þeirra barna sem flosna úr íþróttum með ófötludum. Þessi fundur var innihaldsgóður og þótti okkur í Suðra margt koma fram sem getur nýst okkur við áframhaldandi uppbyggingu á félaginu.

Við höfum haldið samstarfi við F.Su, Sverri Ingibjartsson íþróttakennara, þar sem við höfum fengið þjálfara og aðstoðarmenn í sund gegn því að þeir fái einingu í skólanum. Við erum alltaf í góðu sambandi við önnur félög og njótum góðs af því. T.d. erum við með tvær boccia-rennur að láni (kannski eilífðu láni), önnur er frá Serpu og hin frá ÍFR. Við þökkum öllum þeim fjölmörgu sem hafa stutt félagið á einn eða annan hátt fyrir ómetanlegan stuðning. Við vonumst til þess að samstarf okkar við UMFS og deildir innan félagsins muni aukast á komandi misserum. Það er mikilvægt til að halda uppi öflugu íþróttastarfi að samvinna sé á milli félaga og deilda.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja. Fjölmargar reynslusögur styðja það mál. Nú stefnir stjórnin á að gera Suðra að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Vonumst við til að ná því markmiði fyrir



Knattspyrnumenn úr Árborg skoruðu á Kára Stein Reynisson í Brúarhlaupinu, þar sem hann hljóp einn gegn tíu manna boðhlaupssveit Árborgar. Kári Steinn sigraði með yfirburðum.

árslok 2015. Allir sem hafa áhuga á að vera með okkur í starfi og leik eru velkomnir.

**Þórdís Bjarnadóttir, formaður Suðra**

## Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur félagsins fór fram þann 26. febrúar í Selinu. Stjórn hélt óbreytt frá árinu áður en hana skipuðu Hafþór Theodórsson, formaður, Guðjón Bjarni Hálfðánarson, varaformaður, Már Ingólfur Másson, ritari, Grétar Magnússon, gjaldkeri, Jakob Björgvin Jakobsson, meðstjórmandi, Ársæll Jónsson, varamaður og Einar Þorgeirsson, varamaður.

Úr stjórninni gekk hinn mikli félagi okkar, Einar Karl Þórhallsson. Hann, eins og aðrir Árborgarar, getur hinsvegar ekki slitið sig frá félaginu og þeim félagsskap sem það stendur fyrir. Hann var því með okkur allt sumarið og tók þátt í hinum ýmsu verkefnum og spilaði m.a. stórt hlutverk í Sumar á Selfossi hátíðinni.

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá á vegum KSÍ á árinu. Fyrsta mót ársins var Lengjubíkarinn þar sem Árborg lék í C-deild. Félagið lenti í 2. sæti í sínum riðli og komst ekki áfram. Minnstæðast við Lengjubíkarinn þetta árið var að formaður kom inn á í síðasta leik riðilsins og átti stórleik. Hann fékk samt ekki náð fyrir augum þjálfarans í Íslandsmótinu. Árborg féll úr leik í 1. umferð Borgunar-bikarsins eftir ævintýra lélega vítaspyrnu-keppni á móti Víði úr Garði. Við förum ágætlega af stað í Íslandsmótinu þar sem við náðum í einn sigur

og tvö jafntefli í fyrstu þremur leikjunum. Svo hallaði aðeins undan fæti og aðeins hlaust eitt stig úr næstu fimm leikjum. Stjórnin ákvað að halda trausti við þjálfarann, þrátt fyrir óþarfa leikbann, sem náði svo að sigla skútunni úr briminu og í 4. sætið. Besti leikur sumarsins fór fram á aðalvelli þann 21. ágúst á móti Skínanda. Þann leik unnum við 4-0 og ætlum við að byggja á þeim leik fyrir komandi tímabil.

Stærsta fjáröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Hátíðin vex stöðugt í sniðum og er nú orðin eitt af stóru númerunum í menningarlífinu á Selfossi. Einnig hafði félagið umsjón með íþróttavelli á Eyrarbakka líkt og fyrri ár.

Á lokahófi félagsins var vængmaðurinn öflugi Tómas Sjöberg Kjartansson kosinn leikmaður ársins. Markakóngur ársins var Hartmann Antonsson. Bjartasta vonin var Trausti Eiríksson og félagi ársins var enginn annar en stórvinur okkar Einar Karl Þórhallsson. Þjálfarateymið var einnig heiðrað fyrir góð störf og mun Guðjón Bjarni Hálfðánarson þjálfari liðið áfram árið 2015.

**Með von um frábært fótboldasumar, Hafþór Theodórsson**

## Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 26. febrúar og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum. Í stjórn félagsins sitja nú:

Formaður: Auður Erla Logadóttir. Gjaldkeri: Sigþrúður Jónunn Tómasdóttir. Ritari: Rósa Hlín Óskarsdóttir. Meðstjórmenndur: Jón Þorberg Steindórsson og





Það var fjór hjá þessum KFR stelpum á Síamótinu í Kópavogi í sl. sumar.

Friðrik Sölvi Þórarinnsson. Varastjórn: Tinna Erlingsdóttir og Ásgeir Jónsson.

Heimasíða: kfrang.is

Facebook: Knattspyrnufélag Rangæinga

Þjálfarar hjá félaginu 2014 voru þeir Lárus Viðar Stefánsson, Ólafur Örn Oddsson, Þórður Vilberg Guðmundsson, Andri Freyr Björnsson, Karítas Tómasdóttir og Guðmundur Garðar Sigfússon. Framkvæmdastjóri var Ólafur Örn Oddsson.

Samstarf okkar við ÍBV hefur gengið vel og hafa allir okkar iðkendur fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.-3.flokki undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Hnátumóti, Shellmóti í Vestmannaeyjum, Pæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurálmóti á Akranesi, Olísmóti á Selfossi, Rey-Cup í Reykjavík, VÍS móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum. 3. flokkur kk. og kvk. fóru á Gothia Cup sem haldið var í Gautaborg og skemmtu sér konunglega.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Hellu, 30. september og þar var rífað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6 flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki kk. og kvk. Á hátíðina mættu rúmlega 150 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum, Rangárþingi eystra, Sláturfélagi Suðurlands, Rangárþingi ytra, Hestheimum, Landsbankanum og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbæðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

**F.h. stjórnar KFR,  
Auður Erla Logadóttir formaður.**

## Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 9. nóvember 2014. Í stjórn félagsins eru: Formaður: Guðbjartur Örn Einarsson. Varaformaður: Sveinn Jónsson. Gjaldkeri: Dagbjört Hannesdóttir. Ritari: Júlíus Steinn Kristjánsson. Meðstjórnandi: Þór Emilsson. Yfirþjálfari: Garðar Geirfínnsson.

Starf félagsins hófst að venju í byrjun janúar eftir stutt jólafrí. Boðið var upp á æfingar fyrir alla flokka. Eldri flokkar, 5. og eldri, tóku þátt í Faxaflóamótum, en þeir yngri sóttu smærri mót. Samstarf var áberandi þar sem unnið var með Selfossi og Hamri í eldri flokkum beggja kynja.

Félagið hélt Lýsismótið laugardaginn 3. maí. Mótið heppnaðist vel og er orðinn fastur liður í þeim mótum sem í boði eru á vormánuðum. Fastur kjarni liða mætir á mótið en mörg önnur mót eru í boði á sama tíma. Boðið var upp á keppni fyrir 6. flokk karla og kvenna og 7. flokk karla. Gestir mótsins voru ánægðir með framkvæmdina og hefur mótið alla möguleika á að vaxa og dafna.

Sumarið er aðalkeppnistímabil fótboldans og var þetta sumar engin undantekning hjá yngri flokkum Ægis. Iðkendur frá félaginu fóru vítt og breytt um landið og meira að segja út fyrir landsteinana. Sumardagskrá hófst í byrjun júní. Auk knattspyrnuæfinga allra flokka bauð félagið upp á leikjanámskeið og smíðavöll sem nutu mikilla vinsælda sem fyrr. Okkar yngstu iðkendur í 8. flokki stigu sín fyrstu skref á Intersportmótinu í Mosfellsbæ. Það er ósvikin skemmtun að horfa á þessa snillinga spila fótbolta.

7. flokkur karla hélt á Smábæjarleikana á

Blönduósi. Strákarnir voru flottir innan vallar sem utan. Flokkurinn endaði svo sumarið á Intersportmótinu. Stelpurnar í 7. flokki voru svo sannarlega flottar í sumar. Þær tóku þátt í Síamótinu og náðu í silfur þar. Svo spiluðu þær á Intersportmótinu í lok sumars.

6. flokkur karla hélt á Smábæjarleikana á Blönduósi og komu heim með háttvísisverðlaun KSÍ. Í samvinnu við Hamar tóku þeir þátt í Pollamóti KSÍ og enduðu síðan sumarið á Intersportmótinu, einnig í samstarfi við Hamar, þar sem strákarnir voru að spila flottan fótbolta. 6. flokkur kvenna tók þátt í Síamótinu og komu stelpurnar heim með gull eftir glæsilegt mót. Hnátumót KSÍ var spilað í hávaðaroki í Vogum en sumarið enduðu stúlkurnar á Intersportmótinu og kláruðu flott sumar með stæl.

5. flokkur karla spilaði í samstarfi við Hamar og tefldi flokkurinn fram þremur liðum á Íslandsmótinu. Árangur liðsins í sumar var góður og voru liðin að spila betur eftir því sem leið á mótið. Hápunktur sumarsins var án efa N1-mótið á Akureyri en þangað fórum við með tvö lið. Strákarnir stóðu sig vel, A lið okkar kom heim með gull og B liðið var nálægt úrslitum. Strákarnir fóru einnig á Olís-mót á Selfossi en þar var komið að B liðinu og lyfta bikar. Flott sumar hjá strákunum.

4. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum á Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss og Hamar. Liðin spiluðu fint mót og varð fótboldtinn betri eftir því sem leið á mótið. A liðið endaði um miðja deild en B liðið í efri hlutanum.

3. flokkur kvenna lék í samstarfi við Selfoss og tefldi flokkurinn fram tveimur liðum. Bæði lið áttu flott mót, A liðið endaði um miðja deild en B rétt neðan við miðju. 3. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum á Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss og Hamar. Strákarnir áttu fint mót, A liðið endaði um miðja deild en B liðið var hársbreidd frá því að fara í úrslit. Hápunktur sumarsins var síðan ferð liðsins á Gothia Cup. Tæplega 30 leikmenn ásamt þjálfurum og liðsstjórnur héldu til Sviþjóðar þar sem við tefldum fram tveimur liðum. Strákarnir stóðu sig vel innan vallar sem utan og mótið hin mesta skemmtun.

Meistaraflokkur tefldi fram liði í 2. deild annað árið í röð og markmiðið var að sjálfsögðu að tryggja stöðu sína í deildinni. Liðið var mikið breytt frá síðasta tímabili en Alfreð Elías Jóhannsson sá um þjálfunina líkt og undanfarin ár.

Verkefnið var ærið þetta sumarið en mikið af löngum ferðalögum settu svip sinn á útileikina. Árangur liðsins var með ágætum fyrri part tímabilsins en aðeins færri stig komu í hús í seinni hlutanum. Niðurstaðan voru 7 sigrar, 3 jafntefli og 12 töp. Liðið endaði í 9. sæti með 24 stig en það er besti árangur meistaraflokks á Íslandsmóti.

Í lok sumars var haldið lokahóf meistaraflokks karla og allra yngri flokka þar



Iðkendur í 8. flokki Ægis stigu sín fyrstu skref á Intersportmótinu.

sem farið var yfir tímabilið og veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur. Nýtt tímabil hófst svo um miðjan september. Starf félagsins var með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á æfingar fyrir alla flokka auk þess sem samstarfsmál voru áberandi. 5.–7. flokkar störfuðu með Hamri en eldri flokkar beggja kynja voru í samstarfi við Selfoss og Hamar. Fyrir júl sóttu lið félagsins mót í Reykjaneshöll og Hamarshöll.

## Lyftingafélagið Hengill

Samkvæmt 9. gr. laga félagsins skal stjórn þess skipuð fjórum mönnum sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Núverandi stjórn félagsins var kosin á stofnfundi félagsins þann 17.



júlí s.l. og heldur kjöri uns ný stjórn verður kosin á komandi aðalfundi, þann 18. mars 2015. Stjórnina skipa: Einar Alexander K. Haraldsson, formaður, Kristján Óðinn Unnarsson, ritari, Pétur Pétursson, gjaldkeri, Ævar Svan Sigurðsson meðstjórnandi, Heiðar Ingi Heiðarsson, varamaður, María Rún Þorsteinsdóttir, varamaður.

Lyftingafélagið Hengill var stofnað sumarið 2014 eftir að iðkendur ólympískra lyftinga á Suðurlandi kepptu á sumarmóti Lyftingasambands Íslands undir merkjum Lyftingafélags Reykjavíkur. Þátttaka Sunnlendinga á mótinu gerði það ljóst að mikill áhugi var á íþróttgreininni á svæðinu og tóku nokkrir áhugasamir iðkendur sig saman og hófu viðræður um þörf á félagi lyftingamanna og -kvenna sem leiddu til stofnun félagsins á stofnfundi þann 17. júlí 2014.

Strax í upphafi var gríðarlegur áhugi meðal áhugamanna um íþróttina og yfir 70 manns gengu í félagið strax á fyrstu vikunum eftir stofnun þess. Mikil gróska hefur verið hjá félaginu frá stofnun en lyftingaæfingar á

vegum félagsins eru haldnar á hverjum sunnudagsmorgni og virkir iðkendur eru um og yfir 20 manns. Samstarfssamningur er í gildi milli félagsins og CrossFit Hengils, en skv. samningnum útvegar CrossFit Hengill félaginu aðstöðu og búnað til æfinganna ásamt þjálfara.

Tvö innanhúsmót voru haldin á árinu, stofnmót í október og nýjársmót í janúar og var þátttaka á báðum mótunum til mikillar fyrirmyndar. Frá því að félagið fékk bráðabirgðaaðild að HSK og ÍSÍ hafa verið haldin tvö mót á vegum Lyftingasambands Íslands, haust og jólamót. Ekki tókst að senda keppendur á haustmótið en á jólamótinu kepptu fjórir iðkendur undir merkjum félagsins og þar af sigraði einn sinn þyngdarflokk ásamt því að hinir stóðu sig mjög vel.

**F.h stjórnar Lyftingafélagsins Hengils, Kristján Óðinn Unnarsson, ritari**

## Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur félagsins var haldinn 4. mars 2014. Stjórn félagsins var endurkjörin, en ritari og gjaldkeri skiptu um hlutverk: Formaður: Guðmar Jón Tómasson. Varformaður: Jón Þorsteinnsson. Gjaldkeri: Magnús Ragnarsson. Ritari: Guðni RK Vilhjálmsson. Meðstjórnandi: Haraldur Gunnar Helgason. Varamaður: Kristinn Valur Harðarson. Varamaður: Árni Páll Jóhannsson.

Á árinu var gert heilmikið í uppbyggingu. Fyrstu skipulögðu æfingarnar voru haldnar um sumarið í leirdúfskoti. Tvö mót voru haldin en voru það innafélagsmót í leirdúfu. Voru mótin kölluð skeet-létt og voru þau hugsuð sem létt æfing fyrir skeet greinina. Voru mótin vel sótt. Stefnt verður á frekari uppbyggingu svæðisins og aukna möguleika á ástundum fleiri greina.



Keppendur á fyrsta Skeet-létt mótinu hjá skotfélaginu Skyttum.

## Torfærklúbbur Suðurlands

Aðalfundur TKS vegna stafsársins 2014 var haldinn 22. febrúar. Stjórn T o r f æ r u k l ú b b s



Suðurlands er eftirfarandi: Formaður: Helga Katrín Stefánsdóttir. Varaformaður: Stefán Hansen Daðason. Gjaldkeri: Sigfús Þór Sigurðsson. Ritari: Elva Björg Stefánsdóttir. Meðstjórnandi: Þorsteinn Jónsson.

Skráðir félagsmenn eru 80 og hefur farið fjölgandi með bættu félagsstarfi og fleirri keppnum. Samkomur hafa verið mánaðalega á vegum klúbbsins. Ljóst er að mikill uppbygging hefur verið í klúbbum 2014 og vonandi heldur hann áfram að vaxa og dafna með hjálp góðviljaðra manna og frábærra félagsmanna sem ávallt eru tilbúnir að leggja fram vinnu sína fyrir ekki meira en klapp á bakið.

Stjórnin lagði mikla vinnu í að bæta keppnishald á árinu með því að hjálpa við teikningu á brautum og bættu dómgæslu. Farið var á fjöldann af námskeiðum til að bæta keppnishaldið enn betur.

Klúbburinn hélt tvær keppnir á árinu. Fyrri var í samstarfi við Flugbjörgunarsveitina á Hellu. Sú keppni var haldin í maí og það var mikill spenningur fyrir þá keppni. Það mættu 20 bílar til keppni og sú tala hélt sér allt keppnistímabilið. Hörð barátta var um fyrstu sætin í öllum flokkum. Mikill fjöldi áhorfenda kom, talið var að hafi farið uppí 2000 manns enda vinsælt keppnissvæði.

Seinni keppnin var haldin í Jósepsdal í Bolöldu þann 11. júlí. Sú keppni fór fram með mikilum tilþrifum, við fengum ekki besta veður til að halda keppni og það sýndi sig á áhorfendafjöldanum. Þeir voru um. Keppnin var ein sú glæsilegasta sem haldin hefur verið í mörg ár. Mikið hefur verið talað um þessa keppni og vill klúbburinn þakka öllum þeim sem hjálpuðu til. Viljum við þakka félagsmönnum og öðrum áhugamönnum um akstursíþróttir kærlega fyrir samstarfið á árinu.

**F.h. Torfærklúbbs Suðurlands, Helga Katrín Stefánsdóttir**



Frá keppni Torfærklúbbs Suðurlands sl. sumar í Jósepsdal.

## UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn 27. desember 2014. Í stjórn félagsins eru: Formaður: Guðmann Óskar Magnússon. Gjaldkeri: María Rósa Einarasdóttir. Ritari: Ólafur Elí Magnússon. Varamaður: Helgi Jens Hlíðdal. Varamaður: Jón Gísli Harðarson.



Gjaldkeri félagsins fór með gömul gögn frá félaginu til Einars Magnússonar sem skráði þau inn í Héraðsskjalasafn Rangæinga til varðveislu.

Fyrir hönd félagsins,  
Guðmann Óskar Magnússon



Allt að verða klárt fyrir generalpufu þorrablót Baldurs.

## Umf. Baldur

Í stjórn árið 2014 sitja Baldur Gauti Tryggvason, formaður, Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Gunnhildur Gísladóttir, ritari, Svanhvít Hermannsdóttir, gjaldkeri, Jón Gautason, meðstjórnandi, Birgitta Kristín Bjarnadóttir varamaður, Anton Þór Ólafsson, varamaður.



Árið hefur að venju verið nokkuð hefðbundið, enda erum við ekki mikið fyrir að brjóta upp gamlar og góðar hefðir. Starfsárið 2014 hófst með því að kveðja jólin á þrettándagleði í Þingborg, var það gert þann 4. janúar. Er ávallt fin mæting á þessa samkomu, þar sem kveikt er í brennu, spilað bingó og farið í léttu leiki. Kvöldið eftir, eða þann 5. janúar var aðalfundur félagsins haldinn í Þingborg. Umtalsverðar breytingar urðu á stjórn félagsins en alls gáfu 3 stjórnarmeðlimir ekki kost á sér til áframhaldandi starfa.

Að sjálfsögðu fór janúar að mestu í það að undirbúa hið stórskemmtilega þorrablót sem haldið var þann 8. febrúar. Að þessu sinni

fékkst engin nefnd úr Sandvíkurhreppnum og sá Umf. Baldur því alfarið um framkvæmd blótsins í þetta sinn. Heppnaðist það feiknarlega vel og stóðu ungmennafélagarnir sem að stærstu leiti eru undir 20 ára aldri, sig gríðarlega vel við allan undirbúning. Að halda þorrablót af þessari stærðargráðu, í kringum 210 manns, er ekki hrist framúr erminni einn, tveir og þrír. Mikil og vönduð vinna er lögð í að búa til annál, bæði myndband sem og leikrit á sviði með öllu því markverðasta sem gerst hefur í sveitinni árið á undan. Þá sjá ungmennafélagar um alla matseld sjálfir, engin aðkeypt veisluþjónusta er fengin í þann þátt. Allt hráefni er verslað af aðilum í héraði ef hægt er og síðan fer heill dagur í að undirbúa matinn, skera í sneidar, raða í trog og skreyta salinn. Allt saman gríðarlega skemmtilegt og eru ávallt nægilega margar hendur sem vilja hjálpa við þetta verk.

Haldinn var árlegur hreinsunardagur í Einbúa, félagssvæði okkar við Oddgeirshóla í vikunni fyrir 17. júní. Er það árlegt að koma saman og slá og hirða svæðið svo það líti vel út á þjóðhátíardaginn. Þó svo við séum frekar hrifin af gömlum og góðum hefðum

verður stundum að breyta til og prófa nýja hluti. Fyrsti nýi hluturinn sem prófaður var þetta árið var að halda 17. júní hátíðlegan í samvinnu við hin ungmennafélögin í Flóahrepp, Samhygd og Vöku. Einnig komu öll 3 kvenfélögin í Flóahreppi að framkvæmd hátíðarinnar sem átti að halda í Einbúa en vegna vætutíðar var hún flutt inn í Þingborg. Mæltist þetta fyrirkomulag vel fyrir og er klárt að framhald verður á því.

Umf. Baldur tók þátt í hverskóns mótum á vegum HSK undir merkjum Þjótanda. Þá voru þessi hefðbundnu mót, Þingborgarmót og Flóamót haldin. Félagið stóð fyrir leikjavöldum í Einbúa og frjálssíþróttaæfingum með Samhygd og Vöku í Þjórsárverri. Áveitan var gefin út mánaðarlega í samstarfi við Samhygd, Vöku og Flóahrepp.

Í haust var síðan haldið málþing um framtíð ungmennafélaganna þriggja í Flóahreppi. Málþingið var gott og komu fram góðar vangaveltur um framtíðina. Samþykkt var á þinginu að vinna að því að stofna nýtt félag í sveitinni sem tæki yfir hlutverk þessara þriggja félaga.

Minnum að lokum á facebooksíðu okkar undir nafninu Ungmennafélagið Baldur. Og að lokum vill stjórn Umf. Baldurs þakka öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum fyrir árið með ósk um gott nýtt starfsár.

Fh. hönd stjórnar Umf. Baldurs,  
Baldur Gauti Tryggvason

## Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Aratungu 20. mars 2014. Í annað skipti funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi íþróttadeildar, þá leikdeildar og loks aðaldeildar. Stjórn félagsins skipa Smári Þorsteinsson, formaður, Elfa Björk Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Oddur Bjarni Bjarnason, ritari, Dagný Rut Grétarsdóttir, varastjórn, Þórey Helgadóttir, varastjórn. Formenn deilda: Leikdeild: Íris Blandon. Íþróttadeild: Agla Þyri Kristjánsdóttir.



Leikdeild félagsins setti upp leikritið Barið í brestina eftir Guðmund Ólafsson í upphafi ársins. Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrði hópnun, en hann hefur stýrt sjö uppsetningum félagsins frá árinu 2004. Um 1400 manns mættu í Aratungu á alls 13 sýningar sem er met hjá félaginu og er óhætt að segja að sýningin hafi slegið í gegn og mikið var hlegið.

Sveitahátíðin Tvær úr Tungunum var haldin í og við Aratungu 16. ágúst og tók félagið virkan þátt í henni. Eysteinn Bridde var með opna fótboltaæfingu sem var vel sótt og svo





Leikhópurinn úr sýningunni Barði í brestina.

stóð félagið fyrir skemmtun og dansleik í Aratungu um kvöldið.

100 ára saga félagsins kom út árið 2013 og var því verkefni fylgt eftir í sumar þegar félagið setti upp þrjú söguskilti með sögu félagsins. Eitt skilti var sett upp við skógræktarreit félagsins við Faxa, annað við íþróttamiðstöðina í Reykholti og það þriðja við Aratungu þar sem saga hússins er rakin.

Í nóvembermánuði fengu Ungmennafélag Biskupstungna og ritnefnd félagsins menningarverðlaun Bláskógabyggðar 2014. Ungmennafélagið fyrir 100 ára sögu félagsins og ritnefndin fyrir 34 ára útgáfu af málagnifélagsins Litla – Bergþór en ritnefndin gaf út tvö tölublöð á árinu eins og undanfarin ár. Litli – Bergþór er fyrir löngu orðið eitt helsta kennileiti sveitarinnar og hefur ritnefnd þess fært sveitungum fréttir, fróðleik, viðtöl, úrlit íþróttamóta auk mynda sem hafa gert blaðið enn veglegra.

Íþróttadeildin hélt úti öflugum íþróttastarfi að vanda. Fjölbreyttar æfingar eru í boði og finna allir eitthvað við sitt hæfi. Sundnámskeið var haldið fyrir yngstu kynslóðina og var það Guðbjörg Bjarnadóttir sem sem sá um það eins og undanfarin ár. Leikjanámskeið var haldið í sumar og var það Ólafur Guðmundsson sem sá um kennsluna.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

**Fyrir hönd Ungmennafélags Biskupstungna, Smári Þorsteinsson, formaður.**

## Umf. Dagsbrún

Stjórn Umf. Dagsbrúnar er þannig skipuð: Jón Óskar Björgvinsson, formaður, Hlín Albertsdóttir, gjaldkeri, Hildur Ragnarsdóttir, ritari.

Starf ungmennafélagsins



snýst um nokkra árlega viðburði í Austur-Landeyjum, þorrablót, skötuveislu, leikjanámskeið og jólaball fyrir börn og fullorðna.

Þorrablótíð var fyrstu helgina í þorra í Gunnarshólma og tókst vel til. Árlega er kosinn 11 manna skemmtinefnd sem sér um skemmtun og aðra aðstoð við þorrablótíð. 200 manns mættu og fór blótíð vel fram.

Skötuveisla var haldin í Gunnarshólma á Þorláksmessu og er þessi nokkra ára síður orðin stór og góður viðburður fyrir okkur sveitungum. Í ár mættu um 50 fullorðnir ásamt 15 börnum og gæddi fólk sér á skötu og saltfisk í góðum félagskap.

Jólaball fyrir börn og fullorðna var haldið 28. desember s.l og mættu um 40 börn og fullorðnir á þessa fjölskylduskemmtun.

Fundað var með kvenfélagi og búnaðarfélagi í gamla A-Landeyjahreppi um að gera minnisvarða um sjómennsku á fyrri tíð í Landeyjum. Svo höfum við virka Facebook-síðu þar sem við söfnum myndum af starfi félagsins <https://www.facebook.com/umfdagsbrun>

Þetta er allt það helsta úr starfi félagsins 2014.

**Fyrir hönd stjórnarinnar, Jón Óskar Björgvinsson**

## Umf. Eyfellingur

Aðalfundur félagsins var haldinn 18. mars 2014, engin breyting varð á stjórn félagsins. Stjórn félagsins skipa: Ármann Fannar Magnússon, formaður, Magðalena K. Jónsdóttir, gjaldkeri, Helga Haraldsdóttir, ritari.

7. júní kom góður hópur félagsmanna saman og hreinsaði gömlu Seljavallarlaug. 17.júní skemmtun var haldin við gamla félagshúsið Dagsbrún, þar sem farið var í marga leiki og eftir það var komið saman í



kaffi á veitingahúsinu Gamla fjósinu.

Á aðfangadag aðstoðuðum við jólasveina að heimsækja börnin í sveitinni og 9. janúar 2015 var brenna og flugeldasýning við Skógafoss. Þá er það helsta upptalið sem gerðist á síðasta starfsári Umf. Eyfellingar.

## Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur UMFE var haldin

21. janúar 2014 í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka. Kosíð var til stjórnar: Ívar Gíslason, formaður, Helga Kristín Böðvarsdóttir, gjaldkeri, Karen Dröfn Hafþórsdóttir, ritari, Jessica Dahlgren, Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, Halla Guðlaug Emilsdóttir.



Farið var yfir skýrslu og reikinga fyrir árið og var hún samþykkt af öllum. Rennt var yfir starfseminu á árinu og farið yfir það sem betur má fara, þjálfaramál, fjölda barna á æfingum sem því miður fer fækkandi og aðra starfsemi sem við höfum haft í boði.

Hópslaupið sem við höfum haldið árlega tókst vel og var góð mæting í öll hlaupin. Ákveðið var að halda því áfram með sama fyrirkomulagi. Verðlaunaafhending fer alltaf fram á 17. júní hátíðarhöldunum. Fyrirhugað er einnig að halda félagsvist sem verður auglýst í Dagskránni þegar búið er að ákveða dagsetningu.

Fótboltinn verður áfram í boði fyrir 4. til 6. bekk einu sinni í viku. Verðum við því miður að fella niður boltatímama fyrir 1. til 3. bekk vegna dræmrra þátttöku.

**Fyrir hönd stjórnar, Helga Kristín Böðvarsdóttir**

## Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélagsins Framtíðarinnar 2014: Formaður: Brynja Rúnarsdóttir. Ritari: Lilja Guðnadóttir. Gjaldkeri: Birna Guðjónsdóttir. Meðstjórnendur: Hrefna Huld Helgadóttir og Gyða Árný Helgadóttir.



Þrátt fyrir fámenni hefur ungmennafélagið haldið úti öflugri starfsemi. Segja má að smæð ungmennafélagsins okkar sé „akkelisarhæll“ er varðar árangur í keppnisíþróttum og þá sérstaklega hópíþróttum en að sama skapi erum við félagslega sterk, því börnin okkar leika sér saman og styðja hvort annað þrátt fyrir aldursmun þeirra, getu og þroska.

Yfir vetrartímamann er hittst vikulega og margt brallað á leikjakvöldum. Á leikjakvöldum er markmiðið að stunda hreyfingu saman í leik sem hentar öllum aldri.



Þátttakendur á einu af boltakvöldum félagsins ásamt Björk leiðbeinanda.

Umsjónarmenn leikjakvöldanna voru Björk Grétarsdóttir, Ingi Björn Kristjánsson og Bjarnveig B. Birkisdóttir. Að auki hafa okkar börn æft með Umf. Heklu og KFR í þeim íþróttum sem þeim hentar. Haldið var Zumba námskeið sem var vel sótt. Bæði börn og fullorðnir tóku þátt og liðkuðu sig saman í dansi. Sigdís Oddsdóttir leikskólakennari var fengin til að fræða okkur um dásendir stjörnuhiminsins. Mjög ánægjulegt og fræðandi. Arndís Kristín Konráðsdóttir hélt nokkur námskeið í krakkajóga og gongslökun sem var vel sótt. Jóga styrkir og liðkar bæði hug og líkama. Diego Pinero (Clay Iceland) kom og hélt leirnámskeið fyrir krakkana og útbjuggu krakkarnir skemmtilegar figúrur.

Við tókum þátt í Leikjanámskeiði HSK í samstarfi við Íþróttafélagið Garp og fóru þá börnin okkar á Laugaland. Á hverju ári hefur ungmennafélagið staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum ásamt Kvenfélaginu Sigurvon. Dagurinn byrjaði á Kvennahlaupi ÍSÍ en mætingin var fremur dræm í hlaupið. Á eftir voru grillaðar pylsur í Oddsparti og fjölgaði þar í hópnum. Farið var í leiki eftir pylsuátið og síðan var haldið heim til að klæða sig í betri fötin og svo var mætt í íþróttahúsið þar sem hátíðarhöldin fóru fram. Mikið fjölmenni tók þátt í afar skemmtilegri hátíðardagskrá. Tekin var fram lest sem krakkarnir þreyttust seint á að ferðast í, þrátt fyrir rigningu og kulda. Í ár fékkst styrkur frá sveitafélaginu sem gerði okkur kleift að leigja leiktæki sem krakkarnir gátu leikið sér í s.s. hoppukastala, klifurvegg og fleira. Dagurinn verður í minnum hafður enda vel heppnaður.

Birkir Hreimur Birkiðsson tók þátt í boðtennismóti HSK í nóvember sl. og keppti fyrir hönd Umf. Framtíðarinnar og varð í 3.-4. sæti.

Aðal fjáröflun okkar er bingó á sumardaginn fyrsta, einnig fáum við að hirða umbúðir af gosdrykkjum sem falla til í íþróttahúsinu. Sveitafélagið hefur ekki styrkt

rekstur ungmennfélagsins undanfarin ár.

Búningamál. Í ljósi þess hversu fá við erum þá er enn mikilvægara að við séum sýnileg bæði þegar iðkendur eru í keppni og einnig fyrir börnin sjálf, að við erum öll í sama liði og erum stolt af því. Undirbúið var að fá styrki frá fyrirtækjum á svæðinu sem tókst vel og munu búningarnir verða afhendir iðkendum snemma á nýju ári.

Eins og áður hefur komið fram þá erum við ekki mörg í Umf. Framtíðinni og því getum við ekki sett saman lið í hópíþrótt. Þá er mikilvægt að styrkja og hvetja einstaklingana í hópnum okkar sem er mjög fjölhæfur og nýta fjölmenni annara íþrótt- og ungmennafélaga í grennd við okkur til að þeir einstaklingar sem vilja stunda hópíþróttir geti það með góðu móti. Það er draumur okkar að börnin geti stundað íþróttir eftir skóla og þeim ekið í Þykkvabæinn að þeim loknum. Varðandi fjáraflanir þá er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að fá styrki til starfsins frá sveitafélaginu og gerum við okkur vonir um að svo verði á komandi ári.

**Birna Guðjónsdóttir og Gyða Á. Helgadóttir**

## Umf. Gnúpverja

Aðalfundur félagsins var haldinn 23. mars 2014 og Petrína Þórunn Jónsdóttir gekk úr stjórn og í hennar stað kom Helga Kolbeinsdóttir sem er ritari, aðrir í stjórn eru Einar Gestsson formaður, Ingvar Þrándarson gjaldkeri. Íþróttamaður ársins var kjörinn Kolbeinn Loftsson en hann hlaut þau fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum. Fékk hann farandbikar og skjöld í verðlaun.



Gnúpverjar sigruðu í stigakeppni karla á héraðsmóti fullorðinna í frjálsum.

Starf félagsins á árinu hefur verið nokkuð gott. Félagið hefur boðið upp á körfubolta-æfingar, frjálsíþróttæfingar og íþróttaskóla fyrir börn á árinu. Æfingar fyrir 1.- 4. bekk einu sinni til tvisvar í viku yfir vetrartímann. Þjálfarar voru þau Einar Gestsson, Arnór Þrándarson og Bente Hansen. Fengum svo til liðs við okkur Bryndísi Evu Óskarsdóttur til að vera með æfingar í frjálsum yfir sumartímann og tókst það mjög vel. Þátttaka var góð og fór hún með þónokkuð mörg börn á Héraðsleika og aldursflokkamót HSK í Þorlákshöfn í sumar og voru allir ánægðir að sjá svo mörg börn skráð frá UMFG. Fjárfest var í grindum, spjótum, skutlum og boðhlaupkeflum sem kemur starfinu til góða. Aðsæður eru nokkuð góðar á vellinum í Árnesi en næsta skref er að bæta hástökkasæstöðu.

Gnúpverjar komu sterkir inn á Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum í sumar og sigruðu í stigakeppni karla. Er þetta í fyrsta sinn sem Gnúpverjar verða héraðsmeistarar í frjálsum íþróttum. Frábær andi var í liðinu sem gerði sigurinn vísan enda bræður og frændur þarna komnir saman. Þetta var í fyrsta skiptið í mörg ár sem Ungmennafélag Gnúpverja fjölmennti á héraðsmót hjá fullorðnum og má það að mestu þakka Marínó Fannari Garðarssyni frá Minni-Mástungu. Skúli Gunnarsson (Minna-Hofi) var næst stíghæsti keppandi mótsins einu stigi á eftir hinum fornfræga manni Ólafi Guðmundssyni! Jón Arnar Magnússon kom og keppti með sínu gamla liði og var liðinu innanhandar og var mikill stuðningur var í því.

Ungmennafélagið er aðili að Brokk og skokk deginum hér í hreppnum ásamt Hestamannfélaginu Smára, UMFSkeið og Ungmennafélagi Hrunamanna. Fór keppnin fram þann 24. júní og var þátttaka mjög góð. Það má sjá allt um Brokk og skokk á facebook síðu Brokk og skokk.

Ungmennafélagið hefur líka stuðlað að skákkennslu fyrir börn og hefur Úlfhéðinn Sigurmundsson séð um það. Gnúpverjar sendu líka lið á Skákmót HSK, í liðinu eru Úlfhéðinn Sigurmundsson, Arnór Hans Þrándarson, Ingvar Þrándarson og Tryggvi Steinarson.

Jólasveinar á vegum ungmennafélagsins sáu um að færa börnum gjafir fyrir jólin.

**Helga Kolbeinsdóttir ritari.**



## Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 2. apríl 2014 í Grunnskólanum á Hellu, fundarstjóri var Guðmundur Jónasson. Á fundinn var þökkaleg mæting og sköpuðust miklar umræður á fundinum um starfið innan félagsins. Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Stjórn Umf. Heklu er óbreytt og er hún skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður: Guðmundur Jónasson. Varaformaður: Guðriður Tómasdóttir. Gjaldkeri: Hulda Karlsdóttir. Ritari: Guðbjörg Arnardóttir. Meðstjórnandi: Ásgeir Jónsson. Varamenn: Erna Sigurðardóttir og Kristinn Scheving.



Kvinnalið Dímónar/Heklu urðu HSK meistara í flokki A og B liða á árinu.

Rúmlega 20 krakkar á grunnskólaaldri iðka körfubolta yfir veturinn tvisvar sinnum í viku í íþróttamiðstöðinni á Hellu, og er þjálfari liðsins Þorsteinn Darri Sigurgeirsson. Tekið var þátt í Héraðsmóti HSK í flestum flokkum. Farið var með stráka- og stelpulið á Nettómót í körfubolta í Reykjanesbæ. Meistaraflokkur karla þátt í annarri deild KKÍ og var gengi þeirra misjafnt.

Leikjánaðmskeið var haldið í júní í samvinnu við sveitarfélagið. Að venju stóð það yfir í 3 vikur í júní og síðan var bætt við 2 vikum í ágúst. Þátttakendur voru rúmlega 50 talsins þegar mest var í júní, í ágúst var þátttakan 15-20 krakkar. Almenn ánægja var með námskeiðið meðal barna og foreldra. Námskeiðið var styrkt af sveitarfélaginu sem gerði það að verkum að hægt var lækka þátttökugjöldin verulega. Umsjónarmenn voru Þórunn Inga Guðnadóttir, Rúnar Hjálmarsson og Erla Sigríður Sigurðardóttir.

Frjálsíþróttamót var haldið í janúar fyrir krakka 11-14 ára í íþróttahúsinu á Hellu þar sem krökkum í sýslunni var boðin þátttaka og heppnaðist það vel. Héraðsleikar HSK innanhúss 10 ára og yngri á var haldið á Hellu í byrjun mars og var þátttaka fin og tókst mótið vel. Þökkaleg þátttaka var í öðrum frjálsíþróttamótum á vegum HSK og unnust þar nokkur verðlaun. Félagið stóð fyrir frjálsíþróttæfingum á íþróttavellinum fyrripart sumars þar sem mæting var oftast þökkaleg og á köflum góð. Þjálfari var Rúnar Hjálmarsson.

Meistaraflokkslið kvenna í blaki undir merkjum Heklu og Dímónar var starfandi á árinu eins og undanfarin ár og tóku þær þátt í fjölda móta og gekk bærilega. Urðu þær héraðsmeistarar í sínum flokkum (A og B lið) og A-liðið vann sína deild á Öldungameistaramóti Íslands. Einnig voru skipulagðar blakæfingar á fimmtudögum fyrir krakka 11-16 ára, þjálfari (beggja liða) er Ingibjörg Heiðardóttir.

Hekla stóð fyrir Héraðsmóti HSK í skák 16 ára og yngri í apríl þar sem vannst fjöldi verðlauna og vann félagið stigabikarinn og varð héraðsmeistari. Þá hélt félagið Rangæingamót í skák 16 ára og yngri á Hellu

um miðjan nóvember þar sem mættu rúmlega 20 þátttakendur frá Heklu, Dímóni og Þjótanda, þar varð Hekla sigursælust. Vetrarmót var haldið í skólanum á Hellu. Farið var með sveit á Íslandsmeistaramót í sveitaskák 14 ára og yngri þar sem sveitin varð í 14. sæti af 21. sveit. Hekla var með A og B sveit á Héraðsmóti HSK í skák fullorðinna um miðjan desember. Hekla átti sveit sem tók þátt í Héraðsmóti HSK í bridge í byrjun janúar og varð sveitin í neðsta sæti.

Borðtennisiðkun er mikil í skólanum á Hellu í góðu samstarfi við Dímón, þar sem krakkar frá okkur sækja æfingar á Hvolsvöll en þar hefur verið byggð upp mjög góð aðstaða til borðtennisiðkunar. Í upphafi árs sóttu iðkendur frá okkur æfingabúðir á Hvolsvelli á vegum Borðtennissambands Íslands. Fjöldi krakka mættu á Héraðsmót HSK sem haldið var á Hvolsvelli í nóvember þar sem við eignuðumst tvo héraðsmeistara. 3 keppendur tóku þátt í Íslandsmóti í apríl þar sem Þorgils Gunnarsson varð Íslandsmeistari í flokki 11 ára og yngri, Aron Birkir Guðmundsson varð í 3.-4. sæti í sama flokki. Kepptu krakkar frá okkur á hinum ýmsu borðtennismótum á árinu og náðist finn árangur. Krakkar mættu á aldursflokkamót HSK í júní og vann Heiðar Óli Guðmundsson gull í flokki 12-13 ára.

Skipulagðar sundæfingar voru tvisvar í viku fyrrihluta ársins sem voru þökkalega sóttar, þjálfari er Lára Hrund Bjargardóttir. Handboltaæfingar voru tvisvar í viku fram á vor og var þökkaleg mæting á þær æfingar, þjálfari er Þórunn Ósk Þórarinsdóttir.

Taekwondoæfingar í samvinnu við Taekwondoodeild Umf. Selfoss voru í gangi á árinu. Æft var tvisvar í viku og er hópnun skipt í tvennt, 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Um 35 krakkar og fullorðnir hafa verið að mæta að jafnaði og hefur þetta gengið mjög vel. Fullt af krökkum fór í beltapróf á árinu. Farið var á nokkur mót innan héraðs sem utan.

Fimleikaæfingar voru einu sinni í viku fyrir tvo aldurshópa og voru rúmlega 40 krakkar sem tóku þátt í þessum æfingum, þjálfarar eru Steinunn Lúðvígsdóttir og Margrét Lúðvígsdóttir.

Umf. Hekla sá um skipulagningu á samfelli skólustarfs og íþróttar fyrir nemendur í 5.-10. Bekk. Í samfellunni var félagið með körfubolta, frjálsar íþróttir, sund, skák, zumba og hreysti. Þátttakendur eru rúmlega 60 talsins.

Félagið sá um framkvæmd á Kvinnahlaupi ÍSÍ á Hellu og var þátttaka góð, tæplega 100 konur. Félagið tók þátt í kostnaði við komu fyrirlesarans Sigurður Ragnar Eyjólfssonar fyrrum landsliðsþjálfara og atvinnumanns í fótbolta í samstarfi við foreldrafélög grunnskólanna og íþróttafélög í Rangárþingi. Þar var fjallað um heilbriggt líferni og mikilvægi þess að setja sér markmið til að ná árangri í lífinu, alls mættu rúmlega 50 manns á fyrirlesturinn í safnaðarheimilinu á Hellu.

Helstu fjárafilanir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Einnig eru leigð út bingóspjöld. Á árinu fengust styrkir vegna starfs félagsins úr Verkefnasjóði HSK og úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFI. Á árinu styrkti félagið meistaraflokk félagsins í körfubolta karla um 50.000 kr. Einnig styrkti félagið Raket Nathalie Kristinsdóttur til þátttöku í Evrópumótinu í hópíþróttum sem haldið var í Reykjavík. Haldið var áfram að kaupa keppnisbúninga á árinu. Keyptar voru dýnur til fimleikaiðkunar frá Umf. Selfoss. Félagið tók á árinu í notkun heimasíðu, slóðin er [www.umfhekla.is](http://www.umfhekla.is)

Félagsmenn í Umf. Heklu eru um 530 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri. Félagið sendi 3 aðila á Héraðsþing HSK að Borg í Grímsnesi um miðjan mars. Guðmundur Jónasson, Kristinn Scheving og Jón Guðmundsson. Þar var Umf. Heklu afhentur Unglingabikar HSK, Guðmundi Jónassyni formanni Umf. Heklu var afhent



starfsmerki UMFÍ, Björgvin Guðmundsson var útnefndur skákmaður HSK og Viðar Steinarsson var útnefndur starfsíþróttamaður HSK.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Sauðárkróki í sumar þar sem Umf. Hekla átti 3 keppendur og unnu þeir til nokkurra verðlauna.

## Umf. Hrunamanna

Boðað var til aðalfundar félagsins 30. mars, á honum var kjörinn nýr gjaldkeri, Valdís Magnúsdóttir, að öðru leyti var stjórnin endurkjörin og er hún því skipuð eftirtöldum: Formaður: Erla Björg Arnardóttir. Gjaldkeri: Valdís Magnúsdóttir. Ritari: Halldóra Hjörleifsdóttir. Meðstjórnendur: Samúel U. Eyjólfsson, Jón Viðar Finnsson og Óskar Rafn Emilsson.



Á fundinum var ýmislegt rætt m.a. um samstarfssamning UMFH og Hrunamannahrepps sem var undirritaður á vordögum. Starfið innan deilda félagsins gekk vel og verður hér stiklað á stóru yfir það helsta.

Innan blakdeildar starfa eingöngu meistaraflokkar. Karlaliðið varð deildarmeistarar 1. deildar Íslandsmótsins annað árið í röð og HSK meistarar. Kvinnaliðið heldur áfram sínu öflugra starfi, þær æfa tvisvar í viku og mæta reglulega á mót. Framfarir eru greinilegar og vegna mikils iðkendafjölda á æfingum er beðið með spennu eftir að vinnu við stækkun íþróttahússins ljúki.

Briddsdeildin stendur fyrir góðu starfi. Sami kjarni manna og kvenna á besta aldri hittist einu sinni í viku yfir vetrartímann og spilar af kappi. Mót eru haldin á vegum deildarinnar auk þess sem félagar taka þátt í öðrum mótum.

Starf fimleikadeildar hefur ekki verið neitt vegna þess hve illa hefur gengið að ráða þjálfara til starfa.

Starf frjálsíþróttadeildar er nú öflugt sem aldrei fyrr. Iðkendum fjölga ört og áhuginn er mikill hjá iðkendum og eldri frjálsíþróttahetjur sveitarinnar fá ósk sína uppfyllta um öflugt starf. Árangur ársins var að auki frábær. Nokkrir Íslandsmeistaratitlar féllu í skaut Hrunamanna og félagið setti lit á þær keppnir sem deildin tók þátt í.

Knattspyrnudeildin sendi lið í Íslandsmót í 4. og 5. flokki karla. 4. flokkur karla varð Íslandsmeistari í 7 manna bolta og 5. flokkur karla vann að auki sína deild á Olismóti Selfyssinga. Starfið var öflugt yfir sumartímann, en iðkendum hefur fækkað yfir vetrartímann.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram á sömu braut. Fjöldamörg lið í yngri flokkum tóku þátt í Íslandsmótum ásamt fleiri mótum sem



9. flokkur kvenna komst í bikarúrslit og hlaut silfur.

haldin eru af hinum og þessum félögum. Vegna fækkunar barna í sveitarfélaginu ákvað deildin að fara í samstarf með nokkrum félögum til þess að geta haldið úti fleiri liðum. Hefur þetta samstarf gefið góða raun. Samstarf er við Hamar, Þór, Ármann og FSu. Tveir leikmenn Hrunamanna léku sína fyrstu landsleiki á árinu. Þær Ragnheiður Björk Einarsdóttir og Þórdís Jóna Kristjánsdóttir voru valdar í U-15 ára landsliði Íslands og léku með þeim á móti í Kaupmannahöfn. Þá var Árni Þór Hilmarsson, yfirþjálfari deildarinnar, ráðinn til starfa sem aðstoðarþjálfari hjá U-18 ára landsliði kvenna. Það lið tók þátt í Norðurlandamóti og Evrópumóti.

**Flúðum, 1. febrúar 2015**  
**Stjórn UMFH**

## Umf. Hvöt

Aðalfundur Ungmennafélagsins var haldinn 17. desember 2014. Í stjórn eru Antonía Helga Guðmundsdóttir, formaður, Hörður Óli Guðmundsson, gjaldkeri og Guðgeir Gunnarsson, ritari.

Árið hófst með hinu árlega þorrablóti sem haldið var 31. janúar. Haldnar voru körfuboltaæfingar og kvennaleikfimi tvisvar í viku yfir vetrartímann. Um sumarið var ákveðið að hafa leikjamorgna þar sem að foreldrar myndu mæta með börnin og leika með þeim en það var mjög léleg mæting og því datt það upp fyrir. Nokkrir félagar tóku sig saman og



gengu upp Seyðishólana og Mosfell og ætlum við að reyna aftur fjallgöngu næsta sumar.

Um haustið byrjuðu körfuboltaæfingar og kvennaleikfimin aftur. Fótuboltaæfingar voru haldnar fyrir 1.-5. bekk og efsta árgang leikskóladeildar á laugardögum.

## Umf. Ingólfur

Aðalfundur var haldinn á Varghóli 30. desember og var ekki þétt setinn. Öll fráfarandi stjórn var endurkosin: Formaður: Þröstur Guðnason. Gjaldkeri: Kristinn Guðnason. Ritari: Þórhalla Guðrún Gísladóttir.



Varastjórn: Daníel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir og Ágúst Ómar Eyvindsson.

Starf félagsins var nú ekki margbrotið þetta árið. Formaður mætti á héraðsþing á Borg í Grímsnesi 8. mars. Því miður varð ekkert úr göngudegi þetta árið en tekst vonandi á komandi ári.

Félagið sótti um styrk til skiltagerðar við skógræktarreit félagsins og sundlaugarreit úr Umhverfissjóði UMFÍ. 100.000 kr. fengust úr Minningarsjóði Pálma Gíslasonar. Farin var árleg ferð leikskólubarna og starfsfólks með Olgeir í Nefsholti á Geimstöðinni í skógræktareitinn að velja og sækja jólatré fyrir jólahátíðina.

**Þröstur Guðnason.**



Frá árlegri ferð leikskólabarna til að ná í jólatré í skógrættarreit Umf. Ingólfs.



UMFL bauð upp á æfingar í krakkablaki haustið 2014 fyrir nemendur í 5.-10. bekk.

## Umf. Laugdæla

Starfsemi UMFL var í föstum skorðum með félags- og íþróttastarf fyrir alla aldurshópa samfélagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 14. apríl 2014 þar sem 22 félagsmenn voru mættir. Sigurbjörn Árni Arngrímsson hætti störfum sem formaður og Margrét Harðardóttir tók við af honum. Pétur Ingi Haraldsson hætti störfum sem gjaldkeri, Eva Hálfánardóttir tók við af honum. Helga Kristín Sæbjörnsdóttir ritari sat áfram í stjórn. Í varastjórn voru kjörnir til eins árs þeir Pétur Ingi Haraldsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörin þau Kjartan Lárusson og Kristrún Sigurfinnsdóttir og Eyrún M. Stefánsdóttir var kosinn sem varamaður. Formaður blak- og frjálsíþróttanefndar voru endurkjörnir og gegna þeim hlutverkum áfram Gunnhildur Hinriksdóttir og Lára Hreinsdóttir. Benjamín Freyr Oddsson hætti sem formaður Körfuknattleiksnefndar og tók Emilía Jónsdóttir við af honum. Emilía Jónsdóttir



hætti sem formaður fimleikadeildar og tók við Helga Kristín Sæbjörnsdóttir. Í skemmtinefnd hættu störfum Jóhann Gunnar Friðgeirsson, Heiða Björg Hreinsdóttir, Guðmundur Böðvarsson og Kristrún Sigurfinnsdóttir, Pálmi Hilmarsson og Erla Þorsteinsdóttir voru endurkjörin og með þeim voru kjörin Bryndís Á. Böðvarsdóttir. Eyjólfur Óli Jónsson hætti störfum sem formaður knattspyrnunefndar og tók við af honum Sverrir Steinn Sverrisson. Gunnhildur Hinriksdóttir og Bryndís Ásta Böðvarsdóttir sáu um útgáfu ársskýrslunnar sem jafnframt er tölublað af Laugdælingi og Bryndís hefur einnig haldið utan um facebook síðu félagsins, <https://www.facebook.com/UngmennafelagLaugdæla>.

Íþróttastarf á vegum félagsins var með hefðbundnu sniði og var ágætlega sótt. Á haustönn var boðið upp á íþrótaskóla fyrir krakka frá 4 ára til 9 ára og hefur hann verið vel sóttur. Einnig var komið af stað krakkablaki fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Árangur var að venju nokkuð góður. Laugdælir áttu einn landsliðsmann í frjálsíþróttum, Agnesi Erlingsdóttur auk þess sem Sveinbjörn Jóhannesson var í landsliði

Íslands í körfuknattleik í flokki 16 ára og yngri. Sveinbjörn er kominn í 20 manna úrtökuhóp fyrir U- 18 landslið Íslands fyrir næsta ár.

Æfingar voru í blaki karla og kvenna og tóku báðir hópar þátt í Íslandsmóti BLÍ. Körfuknattleikur var iðkaður og í boði voru æfingar fyrir minnibolta, unglingsflokk og í mfl. karla og kvenna en síðarnefndu flokkarnir taka þátt í Íslandsmótum og Bikarkeppni KKÍ. Karlarnir spiluðu í undanúrslitum 2. deildar Íslandsmótsins síðastliðið vor og töpuðu naumlega. Að hausti var haldið áfram með minniboltaæfingar fyrir yngstu aldurshópana en starfsemi mfl. Karla og kvenna hætti þar sem það var frekar fámenn en góðmennt á æfingum í báðum flokkum. Knattspyrna er stunduð hjá félaginu meðal barna á grunnskólaaldri og frjálsíþróttir í öllum aldursflokkum. Í sínum aldursflokkum urðu Íslandsmeistarar Sveinbjörn Jóhannesson (kúluvarp), Finnur Þór Guðmundsson, Lára Björk Pétursdóttir (í 4x100 m. boðhlaupi með sveit HSK) og Þóra Erlingsdóttir í kúluvarpi.

Íþróttamaður UMFL 2013 var Hreinn Heiðar Jóhannesson, frjálsíþróttamaður og fékk hann þá viðurkenningu afhenta við 17. júní hátíðarhöld félagsins. Þar voru einnig viðurkenningar veittar ungum og efnilegum í hverri íþróttagrein sem stunduð er fyrir starfsárið 2013-2014. Eldhugi starfsársins var Sölvi Arnarsson fyrir að hafa boðið upp á æfingar í fyrir nemendur í 1. -10 bekk í körfuknattleik.

Félagið stóð fyrir gerð tveggja strandblakvalla á Laugarvatni síðastliðið sumar að frumkvæði Péturs Inga Haraldssonar og mæddi verkið mest á honum sem og á Eyjólfri Óla Jónssyni og Rúnari Gunnarssyni. Verkið var allt unnið í sjálfböðvinnu ungmennafelaga og styrktu ýmsir aðilar það ýmist með tækjaláni eða fjárstyrk. Er öllum sjálfböðaliðum og styrktaraðilum þakkað fyrir mikið átak sem skilaði sér í glæsilegri aðstöðu til þess að stunda strandblak.

Félagstarfið skipar einnig ríkan þátt í starfi UMFL. Félagið hélt sitt árlega þorrablót fyrir tæplega 300 manns um miðjan febrúar og sá um 17. júní hátíðarhöldin í Laugardal að venju. Einnig fjölmenntu Laugdælir á Unglingalandsmót UMFI og má segja að það sé orðin sumarútilega fjölskyldunnar. Félagið lánaði HSK einnig samkomutjald sitt á unglingsalandsmótið. Eitt tölublað af Laugdælingi, fréttabréfi félagsins, leit dagsins ljós á árinu og innihélt það ársskýrslu félagsins.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð var eins og áður helsti styrktaraðili félagsins þetta árið og ber að þakka þann stuðning sem sveitarfélagið sýnir félaginu. Önnur fyrirtæki hafa líka stutt við bakið á félaginu og eins og alltaf er sjálfböðastarfið talsvert, sérstaklega í kringum þorrablótið og mótahald félagsins.



Fjáraflanir félagsins hafa skilað sér vel auk þess sem farið er sparlega með allt.

Félagið tekur virkan þátt í starfi HSK, UMFÍ og ÍSÍ auk fjölda sérsambanda þess síðastnefnda. Ungmennafélagsandinn er í okkur öllum, það sýnir starf félagsins.

Með kveðju til allra Skarphéðinsmanna nær og fjær frá Laugdælum, Íslandi allt,

**Margrét Harðardóttir, formaður UMFL**

## Umf. Merkihvoll

Í stjórn sitja: Formaður: Kjartan G. Magnússon. Gjaldkeri: Ólafía Sveinsdóttir. Ritari: Anna B. Stefánsdóttir.



Starfsemi Umf. Merkihvols var á árinu 2014 sem hér segir: Félagið skipulagði og sá um 17. júní hátíðarhöld að Brúarlundi, sem voru vel sótt samkvæmt venju. Félagið sá um rekstur félagsheimilisins Brúarlundar. Tveir stjórnarfundir voru haldnir en ekki aðalfundur.

**Kv. Kjartan G. Magnússon.**

## Umf. Samhygð

Stjórn félagsins skipuðu árið 2014: Stefán Geirsson, formaður, Huguín Geirsdóttir, gjaldkeri, Margrét Valdimarsdóttir, ritari, Anný Ingimarsdóttir, meðstjórnandi, Jökull Baldursson, meðstjórnandi.



Aðalfundur var haldinn í Félagslundi sunnudaginn 26. janúar. Sjö félagar mættu til fundarins. Stjórn var endurkosin óbreytt, fjárhagur félagsins stóð vel og fundarmenn tóku virkan þátt í fundarstörfum þar sem framtíð félagsins og starf þess skipaði aðalsess. Samhygð, Baldur og Vaka stóðu að opnu málþingi í Félagslundi um framtíð ungmennafélagsstarfs í Flóahreppi 13. október. Þar var kynnt starf félaganna og hugmyndir um sameiningu reifaðar.

Skírdagsbingó var haldið að vanda í Félagslundi 17. apríl. Yfir 20 manns komu á bingó þar sem spilað var um páskaegg að venju. Haustballið var haldið í 4. október og var ágætlega sótt. Jón Skeiðungur Bjarnason spilaði fyrir dansi. Sama dag var haldið kaffisamsæti í Félagslundi þar sem útnefndir voru fimm heiðursfélagar í Umf. Samhygð en það eru þeir Sigurður Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson, Markús Ívarsson, Helgi Stefánsson og Jón M. Ívarsson. 17. júní hátíðarhöld fóru fram í Þingborg í samstarfi við nágrannafélögin í fyrsta sinn í tilefni af 70 ára lýðveldisafmæli. Á aðfangadag fóru tveir jólasveinar í umsjón Samhygðar um sveitina



Heiðursfélagar Samhygðar.

og glöddu æskufólk með gjöfum og söng. Áveitan hélt áfram göngu sinni í samvinnu við Baldur og Vöku en hún er gefin út mánaðarlega.

Sameiginlegt keppnislið Baldurs, Samhygðar og Vöku, Þjótandi sendi keppnislið á héraðsmót í frjálsum íþróttum, glímu og skák og gat sér góðan orðstír. Frjálssíþróttæfingar voru haldnar sameiginlega með Vöku og Baldri í Þingborg. Flóahlaupið fór fram 5. apríl. 102 hlauparar mættu til leiks og hlupu ýmist 3, 5 eða 10 km. Kári Steinn Karlsson setti nýtt brautarmet í 10 km hlaupi þegar hann rann Vorsabæjarhringinn á 31:13 mín. Samhygðar og Vökumót var haldið á Selfossi í annað sinn 24. ágúst. Vaka sigraði með 146 stigum gegn 101 stigi Samhygðar. Flóamót fyrir grunnskólabörn var haldið 5. september við Þjórsárver. Kristinn Þór Kristinsson millivegalengdarhlaupari keppti víða á árinu og setti met, hæst bar ferð hans á HM innanhúss í vetur sem leið.

Glímuæfingum stjórnaði Stefán Geirsson í Félagslundi einu sinni í viku og í Þjórsárveri fyrir yngri iðkendur frá og með haustinu. Á glímuvellinum bar það hæst að Stefán Geirsson og Marín Laufey Davíðsdóttir urðu skjaldarhafar Skarphéðins og Bergþóru. Marín Laufey gerði góða ferð á EM í keltnesku fangi og sigraði bæði í backhold og gouden í sínum þyngdarflokki.

Starf Umf. Samhygðar var að mestu með hefðbundnu sniði á árinu 2014. Samstarf við nágrannana í Vöku og Baldri verður sífellt meira og horfir margt í átt til sameiningar þessara félaga á næstu misserum. Að lokum þakkar stjórnin öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn í starfi Samhygðar fyrir förnfýsi og dugnað á árinu.

**Stefán Geirsson, formaður.**

## Umf. Selfoss

Guðmundur Kr. Jónsson tók við formennsku í félaginu af Kristínu Báru Gunnarsdóttur á aðalfundi félagsins þann 10. apríl. Auk hans sitja í framkvæmdastjórn Sveinn Jónsson,



varaformaður, Hallur Halldórsson, gjaldkeri, Viktor S. Pálsson, ritari, Hródný Hanna Hauksdóttir, meðstjórnandi. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Þóra Þórarinsdóttir, formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður frjálssíþróttadeildar, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, formaður handknattleiksdeildar, Þórdís Rakel Hansen, formaður júdódeildar, Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar, Magnús Ragnar Magnússon, formaður mótokrossdeildar, Sigríður Runólfssdóttir, formaður sunddeildar og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins.

Hjá aðalstjórn félagsins starfar Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Hansínu Kristjánsdóttur sem er bókari félagsins í hálfu stöðugildi. Þá starfa í fullu stöðugildi hjá deildum félagsins Olga Bjarnadóttir sem er framkvæmdastjóri fimleikadeildar og yfirþjálfari deildarinnar, Sveinbjörn Músson er framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og vallarstjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2014 voru Þórdís Rakel Hansen og Trausti Eiríksson. Þá var Gunnar Rafn Borgþórsson ráðinn í fullt starf á haustmánuðum sem þjálfari meistaraflokks kvenna og yfirþjálfari knattspyrnudeildar ásamt því að sinna sérverkefnum. Flestar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara í mismunandi stöðuhlutfalli.

Eins og undanfarin ár eru innan Umf. Selfoss eru starfandi átta deildir: fimleikadeild, frjálssíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótokrossdeild, sunddeild og taekwondo-deild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild og fimleikadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Knattspyrnudeild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallarstjórn, jólasveinanefnd og minjaverndarnefnd og í lok árs var stofnuð þorrablótsnefnd.



Selfyssingar fagna góðum árangri í bikarkeppni ásamt fjölda stuðningsmanna sinna á Laugardalsvelli.

Í gildi er þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallarsvæðisins sem gilda til ársloka 2015. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnudeild um rekstur íþróttavallarsvæðisins en það er íþróttavallarnefnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Mótokrossdeild sá áfram um rekstur og uppbyggingu mótokrossbrautar. Júdódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Taekwondodeild er með starfsemi sína í æfingasal á annari hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnlækjarskóla en þar er fimleikadeildin einnig til húsa á jarðhæðinni. Handknattleiksdeildin er með alla sína aðstöðu í íþróttahúsi Vallaskóla. Þá rekur félagið skrifstofu, sem opin er allt árið, og félagsheimilið Tíbrá við Engjaveg 50. Félagshimili okkar er því miður ekki stærra en svo að fimleikadeild og knattspyrnudeild þurfa að leigja skrifstofuástöðu fyrir sína starfsmenn utan Tíbrá. Þá þurfa yfirþjálfarar annarra deilda að skaffa sér aðstöðu sjálfir.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Nettómótið, Bikarmót FSÍ, Vormót FSÍ og Minningarmót Magnúsar Arnars Garðarsonar auk árlegrar jólasýningar í desember. Frjálsíþróttadeild hélt 45. Grýlupottahlaupið í apríl og maí og Brúarhlaupið á nýjum tíma í byrjun ágúst. Handknattleiksdeild hélt tvö Landsbankamót á vordögum og Ragnarsmótið í september.

Júdódeild stóð fyrir HSK-mótum í desember. Knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið í febrúar, SS-mótið í júní og Olismótið í ágúst. Mótokrossdeild hélt bikarmót í júní á vegum MSÍ. Sunddeild hélt Íslandsbanka/Jötunn véla mótið í febrúar. Taekwondodeild hélt bikarkeppni TKÍ í október.

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 10. apríl 2014. Í glæsilegri ársskýrslu kom m.a. fram að heildartekjur félagsins árið 2013 voru riflega 286 milljónir og varð lítilsháttar hagnaður af rekstri félagsins. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2013 fékk afhentar viðurkenningar, en það voru júdómaðurinn Egill Blöndal og knattspyrnukonan Guðmunda Brynja Óladóttir. Þá var fékk handknattleiksdeildin UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir eflingu kvennahandbolta og öflugt starf yngri flokka og Guðna Andreassen bakara var veittur Björns Blöndals bikarinn sem veittur er þeim einstaklingi sem unnið hefur félaginu vel.

Líkt og undanfarin ár sá félagið um rekstur Íþrótt- og útivistarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum 5-10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Haldin voru fjögur tveggja vikna námskeið frá 10. júní til 1. ágúst. Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum. Knattspyrnudeild starfrækti fótboltaskóla, fimleikadeildin var með sumaræfingar, fimleikadeildin var með þrjú námskeið í upphafi sumars. Íþróttaskóli barnanna var starfræktur á vegum fimleikadeildarinnar í tíu vikur tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin. Þá er

ónefnt ungbarnasund, Guggusund, á vegum sundeildar en boðið var upp á fjölda námskeiða fyrir ungabörn og upp að skólaaldri.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur eflst jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu náði sínum besta árangri frá upphafi í Pepsi deildinni auk þess að komast alla leið í úrslitaleik Borgunarbikarkeppninnar á Laugardalsvelli þann 30. ágúst. Á meðan hélt meistaraflokkur karla sjó í 1. deildinni. Meistaraflokkur kvenna í handknattleik bætti árangur sinni í Olís deildinni og leiðin liggur áfram upp á við haustið 2014. Meistaraflokkur karla lék áfram í 1. deild og var hársbreidd frá því að komast upp í Olísdeildina. Hjá yngri flokkunum í handbolta vannst Íslandsmeistaratitill í 5. flokki karla og 3. flokkur karla varð bæði deildar- og bikarmeistari. Í fimleikum bar það hæst að blandað lið unglinga náði þriðja sæti á Norðurlandamótinu auk þess vann fimleikafólk til fjölda verðlauna og hampaði Íslandsmeistaratitli í hópfimleikum í 2. og 4. flokki kvenna og yngri flokki karla. Í einstaklingsíþróttum vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistaratitla, frjálsíþróttafólk steig 26 sinnum á pall sem Íslandsmeistarar, júdómenn urðu þrefaldir Íslandsmeistarar auk þess að ná góðum árangri á Norðurlandamóti, tveir mótokrosskappar urðu Íslandsmeistarar.



Daniel Jens Pétursson og Ingibjörg Erla Grétarsdóttir urðu Íslands- og Norðurlanda-meistarar í taekwondo auk þess sem fimm einstaklingar hömpuðu Íslandsmeistaratitli.

Eins og fyrri ár var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðs-verkefna bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sérsambanda ÍSÍ. 33 einstaklingar kepptu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess var fjöldi einstaklinga valinn á landsliðsæfingar og í úrvalshópa. Handknattleikskonan Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir bættist í hóp A-landsliðsfólks Umf. Selfoss þegar hún tók þátt í leik gegn Makedóníu í undankeppni HM í desember. Þá voru níu Selfyssingar valdir í landslið Ísland á Evrópumótinu í hópímleikum í október, þar af tveir í A-landslið kvenna.

Fjöldi ungmenna úr Umf. Selfoss tók þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina.

Á Héraðsþingi HSK var Þóri Haraldssyni formanni framkvæmdanefndar landsmótanna á Selfossi veitt gullmerki HSK fyrir störf innan HSK. Einnig var Jóhannesi Óla Kjartanssyni í handknattleiksdeild Umf. Selfoss og Bjarnheiði Ásgeirsdóttur í taekwondodeild Umf. Selfoss veitt starfsmerki UMFÍ.

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var 30. desember 2014 voru taekwondomaðurinn Daniel Jens Pétursson og knattspyrnukonan Guðmunda Brynja Óladóttir útnefnd íþróttamaður og íþróttakona Árborgar 2014. Á héraðsþingi HSK í mars 2014 var jafnframt tilkynnt að Guðmunda Brynja hefði verið valin íþróttamaður HSK 2014.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 15 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 10 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sveitarfélagsins Árborgar sem fundar mánaðarlega og er í starfshópi um framtíðarskipulag frístundaheimila í Árborg. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, ÍSÍ, UMFÍ, HSK, sérsambanda og fleiri aðilum.

Jólasýning fimleikadeildar og Brúarhlaup frjálsíþróttadeildar eru tvö dæmi um fasta liði í öflugu starfi félagsins. Getraunastarf skipar fastan sess í starfi félagsins þar sem að á hverjum laugardegi hittist hópur fólks í félagsheimilinu Tíbrá og tippar yfir kaffibolla og góðu meðlæti frá Guðnabakaríi. Stuðningsmannaklúbbar eru starfræktir í handknattleik og knattspyrnu en auk þess er gríðarmikið sjálfbóðaliðastarf unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

**Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss.**



Systkinin í Norðurgarði á Viðavangshlaupi Skeiðamanna.

## Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 8. apríl. Í stjórn eru: Formaður: Lára Bergljót Jónsdóttir. Gjaldkeri: Ágúst Guðmundsson. Ritari: Sigríður Ósk Jónsdóttir.



Í febrúar voru haldin 3 spilakvöld í Brautarholti, spiluð var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Góð mæting. Hjónaball var haldið 22. mars og var vel sótt. Sumardaginn fyrsta, þann 24. apríl, var viðavangshlaup, hressing og opin sundlaug.

Leikjanámskeið var haldið í júní. Ólafur Guðmundsson sá um námskeiðið og þátttöku var mjög góð. Í janúar-maí stóð ungmennafélagið í samstarfi við Umf. Gnúpverja fyrir íþróttæfingum í samfelli við skólustarfið. Það var í boði fyrir 6-9 ára börn og var vel sótt. Í september-desember var einnig íþrótt- og tólmstundanámskeið í boði fyrir sama aldurshóp, í samstarfi við Umf. Gnúpverja og skólann.

**Lára B. Jónsdóttir, formaður**

## Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur haldinn 12.01.2015. Stjórn skipa: Gísli G Friðriksson, formaður, Hulda Gísladóttir, gjaldkeri, Valdimar Gylfason, ritari, Guðmundur Valur Pétursson, meðstjórnandi, Kristinn Grétuson, meðstjórnandi.



Starf félagsins var bæði viðburðaríkt og skemmtilegt á árinu. Fimleikarnir voru á sínum stað okkur öllum til sóma og í þakklætisskyni tókum við okkur til og söfnuðum fyrir fimleikataekjum með útgáfu dagatals þar sem nokkrir hugdjarfir og skítkaldir sveinar beruðu sig mismikið í desembermánuði fyrir myndatökur.

Jólasýning fimleikadeildarinnar var á sínum stað, einnig hjálpuðum við jólasveinunum að tendra á jólatrénu og á aðfangadag fengu þeir okkur til að hjálpa sér að koma pökkum til barna. Við prófuðum líka að hafa vikulegan hitting með fólki úr ferðaþjónustugeiranum við ströndina til að sjá hvort við gætum gert eitthvað til þess að styrkja þau í sínu starfi og úr því varð hugmyndabolti sem við gáfum yfir til stjórnar sveitafélagsins til úrvinnslu.

Fótboltinn gekk vel undir stjórn Hilmars og fíkrúðu þeir sig upp deildina. Kraftlyftingarnar voru einnig á fljúgandi siglingu undir stjórn Rósu sem gerði það gott á árinu. Við byrjuðum í haust á að þreifa okkur áfram með körfuboltann.

Við vorum með sviðaveislu sem vel var mætt á, þar mættu rithöfundar sem lásu upp úr verkum sínum. Við vorum með menningarviðburð í samstarfi við Sveitafélagið Árborg þar sem sögð var saga ungmennafélagsins frá stofnun í máli og myndum. Duglegt fólk úr kraftlyftingadeildinni tók sig til og flutti starfssemi sína úr 30m2 kennslustofu í nýtt ca 150m2 hús og verður það ábyggilega til bóta.

Að venju vorum við með stranda- og kvannahlaup auk þess að taka þátt í



Meistaraflokkur Umf. Stokkseyrar í knattspyrnu.





bryggjuhátiðinni sem er þriggja daga bæjarhátið. Á árinu flutti Kristinn (Boris) í burtu og til þess að fylla skarð hans fengum við til liðs við okkur Örvar Hugason og Hönnu Siv Bjarnadóttir og bjóðum við þau velkomin. Auk þess er kraftlyftingadeildin og fótboltinn með sér stjórnir. Þær leiða Unnar Hjaltason kraftlyftingadeild og Hilmar Þór Jónsson fótboltann.

**Fyrir hönd Umf. Stokkseyrar, Gísli Gíslason Friðriksson**

## Umf. Trausti

Aðalfundur var haldinn 6. mars. Stjórnina skipa: Auður Sigurðardóttir, formaður, Guðmundur Jón Viðarsson, ritari, Fríða Björk Hjartardóttir, gjaldkeri.



Árið byrjaði með þrettándabrennu við Seljalandsfoss og stórglæsilegri flugeldasýningu. Fjöldi manns mætti á svæðið og var öllum boðið í kaffi og konfekt að Heimalandi eftir sýningu.

17. júní var haldinn hátiðlegur með Kvenfélaginu Eygló. Þar var m.a boðið upp á kaffihlaðborð, markað, hoppukastala og útileiki ásamt þessu hefðbundna, fjallkonu og hátiðarræðu. Kvennahlaup ÍSÍ var að vanda við Seljalandsfoss og var þátttaka góð í ár.

Svo í lokin má geta þess að nokkrir ungir menn í sveitinni æfa körfubolta einu sinni í vikur yfir vetrarmánuðina á Heimalandi, tveir af þeim tóku þátt í hrepparík á kjótsúpuhátið sem haldin er ár hvert á Hvolsvelli, þeir unnu þessa keppni með glæsibrag. Að lokum óska ég öllum árs og friðar, og þakka fyrir það liðna.

**F.h. Umf. Trausta, Auður Sigurðardóttir formaður.**

## Umf. Vaka

Í stjórn Umf. Vöku árið 2014 sátu: Guðmunda Ólafsdóttir, formaður, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri, Erla Björg Aðalsteinsdóttir, ritari.



Aðalfundur félagsins var haldinn 2. janúar að venju, og þær breytingar urðu á stjórninni að Helga Björg Helgadóttir sagði af sér sem ritari og Erla Björg Aðalsteinsdóttir var kosin í hennar stað. Stjórnarfundir voru haldnir í lok hvers mánaðar og á fundina mættu auk stjórnar, formenn allra nefnda félagsins.

Árið hjá Umf. Vöku var að vanda fjölbreytt og skemmtilegt. Samstarfi okkar við nágrennfélögin Baldur og Samhygd var fram haldið með útgáfu Áveitunnar auk þess sem íþróttæfingar félaganna voru haldnar sameiginlega. Á undanförunum árum hafa



Keppnislið Þjótanda á héraðsleikum HSK innanhúss.

félögin þrjú haldið uppi æfingum í frjálsum íþróttum og glímu en í vor bættist í flóruna þegar haldið var af stað með skákæfingar. Þær æfingar hófust fyrir frumkvæði Ágústar Valgarðs Ólafssonar í Forsæti en hann hefur séð um að þjálfar krakkana og fara með þeim á mót með góðum árangri. Í öllum þremur íþróttageirinum sem æfðar eru á félagssvæðinu var, eins og síðustu ár, keppt undir merkjum Þjótanda sem er sameiginlegt keppnislið ungmennafélaganna þriggja. Íþróttafólkið okkar stóð sig allt vel og hæst ber árangur glímufólksins en Guðrún Inga Helgadóttir og Þorgils Kári Sigurðsson fóru bæði erlendis til þess að keppa með landsliði Íslands í glímu á árinu og gekk þeim mjög vel. Leikjanámskeið var einnig haldið sameiginlega við Þjórsárver í sumar og Örvar Rafn Hlíðdal, íþróttakennari, sá um námskeiðið sem var mjög vel sótt.

Helstu viðburðir félagsins tókust mjög vel svo sem þrettándagleðin og skótuveislan auk þess sem 83 hlupu víðavangshlaupið á sumardaginn fyrsta. Á 17. júní var í fyrsta sinn haldin sameiginleg skemmtun fyrir alla íbúa Flóahrepps en að henni stóðu sameiginlega öll ungmenna- og kvenfélögin í Flóahreppi. Hátiðin var vel heppnuð og búast má við að þetta nýja fyrirkomulag sé komið til að vera. Auk þessa stóru viðburða voru haldnir ýmsir smærri svo sem páskabingó, hjólarall, gönguferð og ungmennafélagsreiðtúr. Á hátiðinni Fjör í Flóa stóð félagið fyrir ljósmyndamaraþoni í fyrsta sinn og það mæltist mjög vel fyrir meðal þátttakenda.

Á vordögum funduðu formenn félaganna þriggja og byrjuðu að ræða það sem lengi hafði legið í loftinu en það var sá möguleiki að sameina ungmennafélögin í Flóahreppi eða auka samstarfið á einhvern hátt. Ákveðið var að halda málþing um þetta efni og var það gert

um miðjan október. Málþingið var vel heppnað þrátt fyrir að gaman hefði verið ef mætingin hefði verið betri. Á þinginu var skipt í umræðuhópa þar sem rætt var um þessar hugmyndir og hvernig fólk sæi fyrir sér ungmennafélagsstarfið í framtíðinni. Niðurstaða málþingsins var sú að fundargestir voru hlynntir nánara samstarfi eða sameiningu félaganna en vildu þó að stigið yrði varlega til jarðar. Ákveðið var að formenn félaganna myndu halda áfram að vinna að þessum málum auk þess sem auglýst var eftir fólki sem hefði áhuga á að koma að þessum málum. Framtíð ungmennafélagsstarfs í Flóahreppi stendur á krossgötum um þessar mundir og það verður gaman að taka þátt í frekari mótun þess. Með bestu óskum um gleðilegt nýtt ár.

**Guðmunda Ólafsdóttir, formaður**

## Umf. Þór

Árið 2014 var viðburðaríkt og skemmtilegt hjá deildum Ungmennafélagsins Þórs og mikil gróska innan félagsins almennt. Ef stíkláð er á stóru yfir starf hvernar deildar fyrir sig ber þetta hæst:



Íðkendafjöldi Badmintondeildar Þórs hélt nokkuð stöðugur. Árið 2014 voru þrír íðkendur valdir í úrtökuhópa fyrir unglíngalandslið Íslands í badminton. Krakkarnir tóku þátt í nokkrum mótum yfir árið þar sem þau stóðu sig með stakri þrýði og unnu mörg til verðlauna. Meistaramót HSK var haldið í Þorlákshöfn og endaði Badmintondeild Þórs í öðru sæti í heildarstigakeppninni. 35. unglíngmót HSK fór fram á árinu og var haldið í Þorlákshöfn.



Á því móti náðu okkar krakkar að landa sigri í heildarstigakeppninni og verða HSK meistarastrunglinga.

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið mjög vel á árinu og var meistarastrunglingur Þórs í 6. sæti í lok Íslandsmóts KKÍ. 11. flokkur drengja, Þórs/Grindavíkur, urðu Íslands- og bikarmeistarar vorið 2014. Þór á 4 stelpur sem leika með Njarðvík í 7. flokki og fögnuðu þær Íslandsmeistaratitli síðastliðið vor. Emil Karel Einarsson keppti síðastliðið sumar með U20 ára liði Íslands á Norðurlandamóti í Svíþjóð. Einnig átti Þór A-landsliðsmann í fyrsta skipti, Ragnar Ágúst Nathanaelsson. Þá voru fjögur ungmenni valin til æfinga í unglingslandsliðshópum.

Vorönnin fimleikadeildar hófst 8. janúar og var skáning svipuð og árið á undan eða u.þ.b. 90 iðkendur í fimleikum og um 15 iðkendur í litla íþróttaskólanum. Iðkendur í hópnum T1 fóru á Reykjavík International Games í janúar, Íslandsmót unglinga í hóp fimleikum á Selfossi og einnig fóru nokkrir hópar á HSK mót sem haldið var á Selfossi. Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir var ráðin sem yfirþjálfari á haustönninni og mikil gróska í deildinni almennt.

Árangurinn Frjálsíþróttadeildar Þórs hefur ekki látið á sér standa á árinu. Hæst ber árangur Styrmis Dan Steinunnarsonar sem margbætti Íslandsmeiði í hástökki 15 ára bæði innanhúss og utan. Hann ásamt nokkrum öðrum Þórsurum bættu fjölmörg HSK met. Iðkendur tóku þátt í HSK mótum í öllum aldurshópum og iðkendur 11-22 ára tóku þátt í Meistararamótum Íslands innanhúss og utan. Þá varð Eva Lind Elíasdóttir Íslandsmeistari í kúluvarpi 18-19 ára stúlkna.



Sigurlið Þórs á unglingsmóti HSK í badminton.

## Umf. Þórsmerk

Aðalfundur Umf. Þórsmerk-ur 2014, var haldinn 15. mars og var þá eftirfarandi stjórn skipuð: Formaður: Árni Sigurpálsson. Ritari: Ólafur Rúnarsson. Gjaldkeri: Sigurður Steinarsson. Meðstjórn: Páll Eggertsson og Ólöf G. Eggertsdóttir.

Í upphafi árs var haldinn hinn árlegi álfadans ungmennafélagsins í blíðviðri og var margt manna saman komin og víða að. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli sá



um flugeldasýningu sem þótti heppnast vel.

Haldin voru þriggja kvölda spíllakvöld, þar sem spíluð var félagsvist og voru þau auglýst um allt hérað. Vinningar voru veglegir en þátttakan hefði mátt vera betri. Félagið sá að venju um hátíðarhöld vegna 17. júní ásamt kvenfélaginu í Fljótshlíð, að Goðlandi.

Hluti af fjáröflun félagsins hefur verið sláttur á Hlíðarendakirkjugarði eins og undanfarin ár. Á aðfangadag brugðu svo nokkrir félagar sér að venju í jólasveinabúning og heimsóttu börnin í sveitinni, með gjafir og gleði í farteskinu.

**F.h. Umf. Þórsmerkur,**  
**Árni Sigurpálsson formaður.**



Svanur og Þórdís með stólana fyrir bocciaboltana sem Svanur gaf félaginu.

*Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru  
Golfklúbburinn Dalbúi,  
Hestamannafélagið Háfeti,  
Hestamannafélagið Ljúfur, Karatefélag  
Suðurlands, Körfuknattleiksfélag FSu,  
Umf. Ásahrepps og Umf. Njáll.*



Keppnisgleðin var í fyrirrúmi á HSK móti eldri borgara í brídds.



## Myndir úr starfinu



Stuð á leikjanámskeiði í Brautarholti á Skeiðum.



Þátttakendur á fyrsta lyftingamóti Hengils. Verðlaunahafar mótsins eru í efri röðinni.



Bjarki Bragason á Ökrum í Grímsnesi við þingsetningu héraðspings á Borg 2014.



Tíu Selfyssingar, sem voru í landsliðum Íslands á EM í hópímleikum í október, voru heiðraðir að loknu móti.



Ungir verðlaunahafar á héraðsmóttinu í taekwondo.



# Arion appið

– alltaf við höndina

Með appinu ert þú bara nokkrar sekúndur að taka stöðuna, millifæra á þekktu viðtakendur, borga reikninga og fylla á GSM Frelsi, svo nokkuð sé nefnt.

Sæktu Arion appið í App Store eða Google Play

Arion hraðþjónusta

– hafðu það eins og þú vilt

 Arion banki

